26

Eldpipar í Heiðmörk

36

Áskoranir skapa tækifæri

50–51

Loksins Landsmót

Bændablaðið

12. tölublað 2022 ● Fimmtudagur 23. júní ● Blað nr. 613 ● 28. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Margrét Helga Guðmundsdóttir við dúntínslu á Flötuflögu í Skáleyjum á Breiðafirði. Skálanes í baksýn. Samkvæmt skráningu Æðarræktarfélags Íslands eru æðarbændur á landinu rúmlega 380 og staðsettir um allt land, að söndunum á Suðurlandi undanskildum. Ekki er annað að heyra á æðarbændum en að fuglinn hafi skilað sér vel í vor og að útlitið í greininni sé gott, enda verð fyrir dún að hækka eftir samdrátt í sölu og verðlækkanir undanfarinna ára.

*– Sjá nánar bls. 28–30.* Mynd / Helga María Jóhannesdóttir

Alvarleg staða í matvælaframleiðslu á Íslandi:

# Fæðuöryggi að veði

**Meira þarf til en boðaðan stuðning ríkisins til að afkoma í sauðfjárrækt verði viðunandi og ekki verði hrun í greininni á komandi hausti, að mati Trausta Hjálmarssonar, formanns Deildar sauðfjárbænda.**

Miðað við uppreiknaðar rekstrarniðurstöður ársins 2021 batnar afkoma sauðfjárbænda ekki á milli ára. „Við áætlum að breytilegur kostnaður sé að hækka um 40% milli ára, sem gerir 15% hækkun á heildarkostnaði.

Í raun er framlegð að lækka á milli ára, þar sem aukinn stuðningur stjórnvalda og boðuð hækkun afurðaverðs nær ekki að vega upp kostnaðarhækkun ársins,“ segir Trausti.

Viðbrögð fimm formanna búgreina við skýrslu spretthóps matvælaráðherra er heilt yfir jákvæð. Samkvæmt henni munu allir bændur sem hljóta jarðræktarstyrki og landgreiðslur fá 65% álag.

„Á síðasta ári voru framleidd 9.244 tonn af alifuglakjöti í landinu. Það þarf 2 tonn af fóðri til að framleiða 1 tonn af kjöti og því má gefa sér að það hafi þurft um 18.500 tonn fóðurs til framleiðslunnar. Skýrslan segir fóðurverð hafa hækkað um 30% undanfarna mánuði. Sú hækkun hefur í för með sér u.þ.b. 630 milljóna kr. hækkun á fóðurreikning alifuglaræktarinnar á ársgrundvelli,“ segir Guðmundur Svavarsson, formaður Deildar kjúklingabænda, en sá stuðningur sem lagt er til alifuglaræktar verður 25% af þeim kostnaðarauka sem búgreinin hefur orðið fyrir vegna fóðurverðshækkunar.

Ingvi Stefánsson, formaður Deildar svínaræktar, tekur í sama streng og gleðst yfir að grein hans hafi ekki gleymst. „Þær fjárhæðir sem spretthópurinn leggur til að fari til svínaræktarinnar mun bæta okkur um fjórðung af því fjárhagstjóni sem greinin hefur orðið fyrir á undanförnum misserum og munar vissulega um minna.“

Hann fagnar enn fremur að auknum fjámunum verði varið í jarðræktarstyrki, enda sé það lykillinn í því að efla fæðuöryggi.

Axel Sæland, formaður garðyrkju -deildar BÍ, segir tillögur spretthóps vera að uppfylla þau skilyrði sem garðyrkjubændur náðu að koma inn í stjórnarsáttmálann. „Sem er vel, en þetta eru samt kröfur sem við erum búin að vera að berjast fyrir í mörg ár og því smáskrítið að þessi aðferð verði notuð til að ná því markmiði.

Þetta er einskiptisaðgerð og þarf því aftur að fara að berjast fyrir þessu réttlætismáli.“

Hann bendir enn fremur á að betra hefði verið að setja fjármagn beint til bænda í lífrænni ræktun í stað þess að auka fjármagn til aðlögunar að lífrænni framleiðslu þar sem fjármagnið sem sett var í aðlögun gekk ekki út á síðasta ári.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður búgreinadeildar kúabænda, NautBÍ, fagnar tillögum spretthóps en bendir á hnökra í útfærsluatriðum.

„Nautakjötsframleiðslan stóð mjög veik fyrir umræddar aðfanga hækkanir, nautgripabændur hafa gengið svo langt í hagræðingu í eigin rekstri að þeir hafa gengið á eigin launalið.“

Hún segir að horfa þurfi til varanlegra lausna til að skjóta tryggari stoðum undir allar greinar landbúnaðarins.

*– Sjá nánar bls. 2 og 4.*

## Hvert er umfang hestamennsku?

**Útflutningstekjur vegna sölu íslenskra reiðhrossa eru á pari við útflutningstekjur annarra útflutningsafurða hrossa, þ.e. þegar tekin eru saman verðmæti hins umdeilda PMSG og kjöts.**

Tekjur vegna útflutnings 3.256 hrossa árið 2021 voru rúmir 2,25 milljarðar króna. Á meðan voru útflutningstekjur vegna afurða hrossa, sem ekki eru nýtt sem reiðhross, 2 milljarðar króna.

Hins vegar er starfsemi í kringum reiðhross gríðarstór og í henni felast ótvíræð verðmæti. Starfsemin felur m.a. í sér ræktun hrossa, útgerð stóðhesta, tamningu og þjálfun hrossa, hrossasölu innanlands sem utan, hestaferðamennsku og reiðkennslu.

Einnig er þá ótalið afleidd starfsemi, s.s. framleiðsla reiðtygja og annars búnaðar, hestasýningar, íþróttamót og aðrir viðburðir, dýralæknaþjónusta, hestaflutningar og ótal margt fleira.

Heildræn yfirsýn á umfangi greinarinnar er hins vegar ekki til staðar. Vægi atvinnugreinar byggir á upplýsingum um áhrif og arðsemi hennar og því er hagsmunaaðilum í hestamennsku vandi búinn þegar vinna á að framgangi starfseminnar á einn eða annan hátt.

*– Sjá nánar á bls. 20.*

## Misræmis gætir í innflutningstölum

**Árin 2020 og 2021 voru flutt inn yfir 1.000 tonn af unnum kjötvörum, hvort ár, frá ESB inn til Íslands.**

Aftur á móti nam innflutningur samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands 430,5 tonnum árið 2020 og 534 tonnum árið 2021.

Það er meðal þess sem kemur fram í aðsendri grein Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings Mjólkursamsölunnar.

„Tollfrjáls kvóti fyrir unnar kjötvörur í tollskrárnúmeri 1602 samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og ESB nemur 400 tonnum fyrir þennan vöruflokk. Á þetta misræmi var reyndar þegar bent árið 2020 en árið 2019 sást viðlíka munur á þessum upplýsingum, eða 645 tonnum meira flutt út frá ESB en inn til Íslands af unnum kjötvörum,“ segir Erna meðal annars.

Í greininni kemur fram að á síðustu þremur árum hafa tollayfirvöld gefið út 114 bindandi álit um tollflokkun vara úr landbúnaðarköflum tollskrár, sem höfundur hefur fengið aðgang að. Vinna að greiningu þeirra beinist fyrst og fremst að mjólkurafurðum. Nýlegur dómur Landsréttar staðfestir þó að pottur sé víðar brotinn varðandi tollflokkun landbúnaðarvara.

*– Sjá nánar á bls. 54.*

FRÉTTIR

## Alvarleg staða í matvælaframleiðslu á Íslandi:

# Sérstakur stuðningur upp á 2,5 milljarða króna

## – Heildarkostnaður nemur 0,07% af áætlaðri landsframleiðslu

**Spretthópur matvælaráðherra skilaði af sér skýrslu þann 14. júní sl. sem inniheldur tillögur til sérstaks stuðnings til landbúnaðar upp á tæpa 2,5 milljarða króna til að mæta gífurlegum kostnaðarauka í matvælaframleiðslu.**

Samkvæmt skýrslunni hækkar rekstrarkostnaður landbúnaðarins árið 2022 um 8.900 milljónir vegna hækkana á áburði, kjarnfóðri, olíu og rúlluplasti. „Þar af hækkar áburður um 3.000 milljónir, fóður um 4.500 milljónir og olía og plast um 1.400 milljónir. Nú þegar hefur verið komið til móts við hækkun á áburðarkostnaði sem nemur 650 milljónum. Áætlað er jafnframt að hækkanir á afurðaverði, sem þegar eru komnar fram, muni skila um 3.600 milljónum í auknum tekjum á þessu ári. Eftir stendur kostnaðarauki upp á 4.650 milljónir.

Þar að auki er hér ekki horft til þess að flestir aðrir kostnaðarliðir hækka verulega milli ára.“

Heildarkostnaður við þær aðgerðir sem Spretthópurinn leggur til er 2.461 milljón króna en það er 0,07% af áætlaðri landsframleiðslu í ár. Tillagan tónar við þann stuðning sem yfirvöld í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa boðað í sínum sértæku aðgerðum en umfangið á árinu 2022 samsvarar frá 0,06–0,08% af landsframleiðslu landanna.



Rekstrarkostnaður við framleiðslu landbúnaðarvara árið 2022 hækkar um 8,9 milljarða kr. Til að bregðast við þessu leggur Spretthópur til að ríkið veiti 2,5 milljarða í sérstakan stuðning. Áætlað er að hækkanir á afurðaverði muni skila 3,6 milljörðum í auknar tekjur til landbúnaðarframleiðslu. Eftir standa rúmir 2 milljarðar af óbrúuðum vanda, sem bændur, afurðafyrirtæki, verslunin og neytendur þurfa að horfast í augu við. Mynd / Odd Stefán

### *Tillögur til aðgerða á yfirstandandi ári*

Tillögur til aðgerða á þessu ári eru í sex liðum og fela í sér að greitt verði 65% álag á jarðræktarstyrki og landgreiðslur, 50% álag á gæðastýringargreiðslur í sauðfjárrækt, 75% álag á nautakjötsframleiðslu, 20% álag á holdakýr, 12% álag á mjólkurkýr og 30% álag á framlög til geitfjárræktar. Þá verði greitt 25% álag á beingreiðslur C til garðyrkju og 45% álag á jarðræktarstyrki til útiræktaðs grænmetis ásamt því að 45% álag verði greitt á framlag til aðlögunar að lífrænni framleiðslu. Þá verði varið 450 milljónum króna til að mæta að hluta hækkun fóðurverðs hjá svína-, alifugla- og eggjaframleiðendum.

Einnig leggur hópurinn til að stjórnvöld komi á fót vakthópi um fæðuöryggi með aðild lykilráðuneyta og stofnana ásamt helstu hagaðilum, svo sem fulltrúum bænda, neytenda, atvinnulífsins, launamanna o.s.frv. Stjórnvöld eigi að tryggja að fjárheimildir verði til staðar ef grípa verður í samstarfi við innflytjendur áburðar og fóðurs til sérstakra ráðstafana til að tryggja stöðu landsins hvað varðar áburðar- og fóðurstöðu út þetta ár og á hinu næsta.

Það er mat hópsins að mikil þörf sé fyrir endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu og eru í því fólgnir umtalsverðir hagsmunir bæði neytenda og bænda. Hópurinn leggur því til að veitt verði tímabundin heimild í lögum, t.d. til fjögurra ára, fyrir sláturleyfishafa og frumvinnslu afurðastöðva í kjötvinnslu til samstarfs um sameiningu eininga, samninga sín í millum og verkaskiptingu. „Samtökum fyrirtækja í þessum geira verði gert að skila til stjórnvalda fyrir haustið áætlun um hvernig þau hyggist nýta slíkar samstarfs- og hagræðingar heimildir og áætlaðan langtímaávinning neytenda og bænda,“ segir í skýrslunni.

### *Tillögur til lengri tíma*

Auk tillagna til aðgerða á yfirstandandi ári leggur hópurinn áherslu á átta atriði sem huga þurfi að til lengri tíma. Þar er meðal annars lagt til að gerðar verði reglulegar úttektir í því skyni að tryggja að nægar birgðir séu til í landinu og skilgreina lágmarksbirgðir af matvælum og aðföngum til matvælaframleiðslu.

Þá sé æskilegt að stjórnvöld, í samstarfi við garðyrkjuna, innleiði fullnægjandi hvata til að skapa vaxtarumhverfi í grænmetisframleiðslu því þar séu augljósir möguleikar. Þá skuli settur stóraukinn kraftur í að efla innlenda kornrækt til manneldis, fóðrunar og fóðurgerðar.

„Ríkið bjóði fram stuðning til fjárfestinga í nauðsynlegum innviðum svo sem til svæðisbundinna söfnunar- og kornþurrkunarstöðva, stuðli að því að einhvers konar áhættudreifingar- eða tryggingakerfi gegn uppskerubresti komist á fót og tryggi nægan stuðning við ræktun á hvern hektara til þess að fleiri sjái sér fært að hefja kornrækt og eigi möguleika á markaðsfærslu framleiðslunnar“, segir í skýrslunni.

Markvisst verði unnið að því að gera landið minna háð innfluttum áburði, með því að greiða fyrir áformum um innlenda áburðarframleiðslu sem og að framleiðsluaðferðir sem notast ekki við tilbúinn áburð, s.s. lífræn ræktun, njóti ríkulegs stuðnings.

Fjárfesta þurfi í grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum í jarðrækt. Þá þurfi að samþætta aðgerðir á sviði loftslagsmála og í þágu fæðuöryggis með markvissum hætti þannig að unnið sé að báðum markmiðum samhliða. Einnig er snert á skipulagsmálum. „Möguleikar til matvælaframleiðslu og mikilvægi matvælavinnslu þurfa að hafa forgang þegar línur eru lagðar um landnýtingu og staðarval fyrir atvinnustarfsemi.“

Loks er lagt til að unnin verði fæðuöryggisáætlun fyrir Ísland. */ghp*




**Í skýrslunni má sjá verðþróun landbúnaðarvara á neytendamarkaði sl. ár. Það endurspeglar hins vegar ekki misjafna hækkun rekstrarkostnaðar einstakra greina. Verð eggja hefur hækkað mest en verð á mjólk og fuglakjöti hefur einnig hækkað talsvert meira en sem nemur hækkun almenns matvöruverðs, sem var 6,2% hér á landi. Verð lamba- og svínakjöts hækkaði í samræmi við almennt verðlag síðastliðna tólf mánuði en nautakjöt litlu minna. Grænmeti hefur nær ekkert hækkað í verði á tímabilinu.**




## „Viðnámsþróttur þjóða byggir á öflugri innlendri matvælaframleiðslu“

**Stjórn Bændasamtakanna telur skýrslu og tillögur Spretthóps mikilvægan áfanga. Með þeim sé ríkisstjórn að leggja áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu.**

„Hópnum var gert að skoða verð á helstu aðföngum sem hafa hækkað gríðarlega í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu en litlar líkur eru á að þær hækkanir gangi til baka á næstu mánuðum, eða jafnvel misserum, með tilheyrandi áhrifum á fæðuöryggi og matvælaverð til neytenda.

Stjórn Bændasamtaka Íslands telur þetta vera mikilvægan áfanga og að með þessum aðgerðum sé ríkisstjórnin að leggja áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu, að viðhalda framleiðslugetu landbúnaðarins og draga úr þörf á verðhækkun landbúnaðarafurða til neytenda.

Á þessum viðsjárverðu tímum höfum við verið rækilega minnt á mikilvægi og viðkvæmni fæðuöryggis í heiminum.

Viðnámsþróttur þjóða byggir á öflugri innlendri matvælaframleiðslu. Hana þurfum við að vernda og efla.

Verkefni Bændasamtaka Íslands er ekki nærri því lokið þar sem margar búgreinar komu veikar inn í þessar verðbreytingar og við þurfum að halda áfram að vinna að lausnum fyrir þær. Þess vegna þurfi einnig að horfa til þeirra tillagna sem snúa að starfsskilyrðum landbúnaðarins til framtíðar og má þar m.a. nefna samræmingu og sameiningu afurðastöðva um verkefni“, segir í tilkynningu frá stjórn Bændasamtakanna.

# SUMARIÐ ER TÍMINN

SaMASZ



MEGA CUT
verð frá:
kr. 4.159.000 án vsk án framsláttuvélar



**Samasz diskasláttuvélar KDT260**
Vinnslubreidd: 2,6 metrar
**Kr. 1.390.000.- án vsk**
**Samasz diskasláttuvélar KDT300**
Vinnslubreidd: 3 metrar
**Kr. 1.590.000.- án vsk**
**Samasz diskasláttuvélar KDT341**
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
**Kr. 1.890.000.- án vsk**



**Samasz framsláttuvél**
KDF340 Vinnslubreidd: 3,4 metrar
**Kr. 2.360.000.- án vsk**
**KDF341S með knosara**
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
**Kr. 2.790.000.- án vsk**



**Samasz diskasláttuvél XT390**
Vinnslubreidd: 3,9 metrar
**Kr. 3.290.000.- án vsk**



**Samasz rakstravél Z-780**
Vinnslubreidd: 7,8 metrar
**Kr. 3.390.000.- án vsk**
**Samasz rakstravél Z2-840**
Vinnslubreidd: 8,4 metrar
**Kr. 3.790.000.- án vsk**

TIKI KERRUR



CS200 L
Burðargeta 750 kg
200 x 125 cm
**Kr. 239.800 án vsk.**



CP-350 R
Burðargeta 750 kg
350 x 150 cm
**Kr. 394.400.- án vsk.**



**CP275R**
Heildar burðargeta 750 kg
275 x 138 cm
**Kr. 348.900 án vsk.**



**Bílaflutningakerra** AP-2600DRB
Heildar burðargeta 2750 kg
Stærð 418 x 245 cm
**Kr. 987.000 án vsk.**



600 kg. **Kr. 169.800.- án vsk.**
800 kg. **Kr. 189.700.- án vsk.**
1000 kg. **Kr. 199.900.- án vsk.**
1200 kg. **Kr. 239.800.- án vsk.**
1600 kg. **Kr. 248.200.- án vsk.**



**Metal Fach Rúllugreip**
**Kr. 274.315,- án vsk.**

Palmse Trailer



**Palmse PT3925 rúlluvagn**
Burðargeta 14 tonn. Lengd 9.22 m
**Kr. 2.690.000.- án vsk**
**PT3925** með vökvahliðum
Burðargeta 19 tonn
**Kr. 3.980.000.- án vsk**



**Palmse PT150 sturtuvagn**
Burðargeta 13 tonn
**Kr. 2.490.000.- án vsk**



**Palmse PT190**
Burðargeta 15 tonn
**Kr. 3.590.000.- án vsk**

Búvís
Sími 465 1332
www.buvis.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 2014 2015-2016 2017


Héraðsprent

**FRÉTTIR**

# Verkefninu ekki lokið


Trausti Hjálmarsson.

**„Það var ánægjulegt að sjá þessa niðurstöðu spretthópsins. Hún skiptir landbúnaðinn miklu máli.**

Hækkanir síðustu mánuðina eru fordæmalausar og staða bænda er orðin mjög erfið,“ segir Trausti Hjálmarsson, formaður Deildar sauðfjárbænda.

Greiðslur til sauðfjárræktarinnar þýða um 120 kr./kg í aukið álag á gæðastýringu á þessu ári. Þess ber að geta að framkvæmdin er ekki útfærð og einingaverðið liggur ekki fyrir. Trausti bendir einnig á boðaða 23% hækkun Sláturfélag Suðurlands á afurðaverði.

Miðað við uppreiknaðar rekstrarniðurstöður ársins 2021 er afkoman þó ekki að batna á milli ára, segir Trausti.

„Við áætlum að breytilegur kostnaður sé að hækka um 40% milli ára, sem gerir 15% hækkun á heildarkostnaði. Í raun er framlegð að lækka á milli ára, þar sem aukinn stuðningur stjórnvalda og boðuð hækkun afurðaverðs nær ekki að vega upp kostnaðarhækkun ársins. Það er ljóst að meira þarf til að afkoma í sauðfjárrækt verði viðunandi og ekki verði hrun í greininni á komandi hausti.“

Verkefninu sé því engan veginn lokið.

„Við munum áfram vinna að því að bæta afkomu bænda. Það er líka mikilvægt að horfa til tillagna hópsins varðandi aðgerðir til framtíðar. Það eru allir sammála um að það sé hægt að ná miklum ávinningi með hagræðingu í afurðageiranum. Í þessari stöðu ber okkur skylda að leita allra leiða til að hagræða innan allrar virðiskeðjunnar frá bónda til neytanda.“

*/ghp*

# Jákvætt að tekið sé tillit til smærri framleiðenda


Guðmundur Svavarsson.

**Guðmundur Svavarsson, formaður Deildar kjúklingabænda, fagnar því að stjórnvöld bregðist nú við alvarlegu ástandi í landbúnaði, vegna gríðarlegrar hækkunar aðfanga til landbúnaðarframleiðslu.**

„Þetta er skref í rétta átt til að viðhalda framleiðslugetu bænda og fæðuöryggi þjóðarinnar. Einnig stuðlar þetta að minni hækkunarþörf út á markað til neytenda.

Á síðasta ári voru framleidd 9.244 tonn af alifuglakjöti í landinu. Það þarf 2 tonn af fóðri til að framleiða 1 tonn af kjöti og því má gefa sér að það hafi þurft um 18.500 tonn fóðurs til framleiðslunnar.

Skýrslan segir fóðurverð hafa hækkað um 30% undanfarna mánuði. Sú hækkun hefur í för með sér u.þ.b. 630 milljón kr. hækkun á fóðurreikning alifuglaræktarinnar á ársgrundvelli.

Stuðningur til greinarinnar upp á 160 milljónir kr. er því u.þ.b. 25% þess kostnaðarauka sem orðið hefur í greininni vegna fóðurverðshækkunarinnar einnar og sér. Þá eru ótaldar aðrar hækkanir aðfanga, t.d. flutningar, olía, umbúðir, laun og fjármagnskostnaður.

Þótt það þjóni kannski ekki hagsmunum þeirra sem stærri eru í greininni og að almennt ætti jafnræði að ríkja finnst mér jákvætt að sjá að við úthlutun á að taka sérstakt tillit til minni framleiðenda.“

*/ghp*






## Viðbrögð fimm búgreinadeilda við skýrslu spretthóps:

# Varanlegri lausnir brýnar

**Segja má að þrír af sex liðum í tillögum spretthóps til aðgerða á þessu ári snerti nauta- og kúabændur.**

Fyrsta tillaga leggur til að greitt verði 65% álag á jarðræktarstyrki og landgreiðslur og deilist því á milli flestra búgreina. Í öðrum lið skýrslunnar koma fram tillögur að álagsgreiðslum sem snúa beint að nautgriparæktinni, bæði kjöti og mjólk. Sjötta tillaga snýr að endurskipulagningu og hagræðingu í slátrun og kjötvinnslu. Að sögn Herdísar Mögnu Gunnarsdóttur, formanns búgreinadeildar kúabænda, NautBÍ, hafa bæði mjólkur- og nautakjötsframleiðendur fundið verulega fyrir fordæmalausum aðfangahækkunum síðustu misseri.


Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Hún fagnar því tillögum um stuðning. „Fyrir nautakjötið er annars vegar lagt til að aukið álag sé greitt á nautakjötsframleiðslu og hins vegar verði greitt álag á gripagreiðslur fyrir holdakýr. Túlkun fólks hefur verið örlítið mismunandi um hvernig eigi að hátta álagsgreiðslunum á nautakjötið en það er skoðun okkar í stjórn búgreinadeildar nautgripabænda að viðbótar álagsgreiðslur UN gripa eigi ekki að einskorðast við þá gripi sem hljóta sláturálag nú heldur verði álagið greitt á alla UN gripi sem koma til slátrunar þar sem að aukinn framleiðslukostnaður kemur við alla nautakjötsframleiðendur. Við höfum nú þegar sent ráðuneytinu erindi þess efnis. Verði farin sú leið reiknast okkur til, miðað við fjölda UN sláturgripa síðasta árs, að greiðslur vegna tillagna spretthópsins verði um 14.000 kr. á hvern UN grip og að miðað við áætlaðan fjölda holdakúa aukist greiðslur á hverja holdakú um 9.800 krónur á þessu ári.“

Þá reiknast Herdísi til að miðað við tillögur spretthópsins og áætlaðan fjölda mjólkurkúa 2022 verða aukagreiðslur á hverja mjólkurkú um 7.600 kr.

„Út úr skýrslunni má lesa að hópurinn telji mjólkurframleiðsluna betur stadda en kjötgreinarnar, m.a. vegna þeirrar sérstöðu sem greinin býr við með opinbera verðlagningu. Ég hef sagt það áður en ítreka nú aftur að það er kúabændum nauðsynlegt að verðlagsnefnd starfi eftir lögum og nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að nefndin fundi og ákveði lágmarksverð til bænda með reglubundnum hætti. Ráðherra og ráðuneyti matvæla verða því að tryggja að verðlagsnefnd starfi eðlilega til að koma til móts við kúabændur.“ Stuðningurinn sem lagður er til dugi þó ekki alla leið og bændur þurfa að fá skilaboð úr fleiri áttum.

„Við þurfum að horfa til varanlegri lausna til að skjóta tryggari stoðum undir allar greinar landbúnaðarins. Nautakjötsframleiðslan stóð mjög veik fyrir umræddar aðfangahækkanir, nautgripabændur hafa gengið svo langt í hagræðingu í eigin rekstri að þeir hafa gengið á eigin launalið. Það er því lítið svigrúm til að takast á við aðfangahækkanir, hvað þá til frekari uppbyggingar og fjárfestingar. Á sama tíma hefur fagmennska og þróun íslenskrar nautakjötsframleiðslu verið á mikilli uppleið síðustu ár auk þess sem eftirspurn eftir úrvals nautakjöti eykst jafnt og þétt. Ef við horfum á stöðuna út frá þessari hlið eru að vissu leyti falin tækifæri fyrir bændur og uppbyggingu á landsbyggðinni í því að breikka íslenska matvælaframleiðslu og gefa í í íslenskri nautakjötsframleiðslu.

Það gefur að mínu mati augaleið að nautakjötsframleiðslan ætti að fá aukinn og varanlegri stuðning en hún fær nú í dag, án þess að þurfa að bíta þann stuðning af öðrum,“ segir Herdís.

Jafnframt telur hún að sjötta tillaga skýrslunnar leggi stoð að varanlegri lausnum í íslenskri matvælaframleiðslu.

„Þar er lagt til að kjötafurðastöðvum verði veitt heimild til samstarfs með það að markmiði að ná fram hagræðingu innan geirans. Ef rétt er að málum staðið ætti slík aðgerð að geta skilað bændum sanngjarnara verði og neytendum lægra verði líkt og gerðist við sameiningu mjólkurafurðastöðva á sínum tíma. Aukið hagræði innan sláturafurðastöðva ætti að gera þeim kleift að standa betur í samkeppni við erlendar og mun stærri afurðastöðvar. Þannig ættu einnig aukin tækifæri að opnast til að bæta og auka við vöruþróun ásamt því að nýting allrar afurðakeðjunnar gæti orðið betri.“

*/ghp*

# Bætir fjórðung af fjárhagstjóni svínabænda


Ingvi Stefánsson.

**„Þær fjárhæðir sem spretthópurinn leggur til að fari til svínaræktarinnar mun bæta okkur um fjórðung af því fjárhagstjóni sem greinin hefur orðið fyrir á undanförnum misserum og munar vissulega um minna.**

Það gleður okkur þó mest að sjá að greinin gleymist ekki alfarið eins og oft hefur verið þegar stjórnvöld hafa orðið að bregðast við krísuástandi í landbúnaði,“ segir Ingvi Stefánsson, formaður Deildar svínaræktar hjá BÍ.

„Einnig er mjög ánægjulegt að sjá tillögur um auknum fjármunum verði varið í jarðræktarstyrki. Það er auðvitað lykillinn í því að efla fæðuöryggið. Síðast en ekki síst líst okkur mjög vel á þær aðgerðir sem spretthópurinn leggur til að verði komið á til lengri tíma litið. Allar eiga þær það sammerkt að stuðla að auknu fæðuöryggi sem hlýtur að vera lykilatriði í íslenskum landbúnaði á 21. öld.“

*/ghp*

# Nýliðun nauðsynleg


Axel Sæland.

**„Spretthópurinn er í raun að uppfylla þau skilyrði sem garðyrkjubændur náðu að koma inn í stjórnarsáttmála,“ segir Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar BÍ.**

„Fjármagnið sem sett er í ylræktina fer í niðurgreiðslu á dreifingu rafmagns og verður væntanlega til þess að 95% hlutfallið næst. Sem er vel, en þetta eru samt kröfur sem við erum búin að vera að berjast fyrir í mörg ár og því smáskrítið að þessi aðferð verði notuð til að ná því markmiði. Þetta er einskiptisaðgerð og þarf því aftur að fara að berjast fyrir þessu réttlætismáli.“

Axel bendir á að A og B hluti garðyrkjunnar fái enga innspýtingu. „Það er mjög miður því þar eru styrkir til grænmetisframleiðslu sem ætlaðir eru til þess að tryggja neytandanum betra verð.

En það fjármagn er eins og annað, föst fjárhæð, og rýrnar því mjög þessi misserin sökum verðbólgu og hvetur ekki til aukinnar framleiðslu þar sem bændur fá í raun minna fyrir hvert framleitt kg. Útiræktin fær einnig fjárauka sem er í stjórnarsáttmála og er í raun orðin gríðarlega mikilvægt sökum áburðar- og olíuverðshækkana,“ segir Axel.

En til að sporna við fækkun ræktenda þurfi meira til. „Skapa þarf umhverfi sem er hvetjandi fyrir nýja ræktendur að koma inn í, þar sem tækifærin eru augljós. Nægt landrými, góður jarðvegur, sama og engin efnanotkun og hreint vatn. Betra hefði verið að setja fjármagn beint til bænda í lífrænni ræktun og styðja þannig við þá í stað þess að auka fjármagn til aðlögunar að lífrænni framleiðslu. Í dag eru fáir bændur í aðlögun og potturinn gekk ekki út á síðasta ári og var fjármagnið því fært milli ára. Það er vitað mál að það er kostnaðarsamara að vera í lífrænni ræktun og uppskera er enn í dag minni á hektara en í venjulegri ræktun. Því hefði ég talið rétt að styrkja beint við þá bændur sem eru komnir með lífræna vottun.

Eins og Steingrímur J. Sigfússon sagði í viðtali eftir að skýrslan kom út, þá horfa stjórnvöld mikið til garðyrkjunnar sem framtíðarbúgreinar hér á landi og því er nauðsynlegt að skapa rétta umhverfið til að fá bændur til að rækta meira, tryggja kynslóðaskipti og fá nýja ræktendur inn í greinina.

Auðvitað er það framtíðarmúsík en hún raungerist ekki nema unnið sé í henni,“ segir Axel.

*/ghp*




BLUE LAGOON ICELAND · Arion banki · KS · ICELANDAIR · LANDSTÓLPI · BOLI · SS fremst fyrir bragðið · 66° NORTH · olís

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (24. tölublöð) kostar þá kr. 12.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 8.000 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0318 – **Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
**Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Sími smáauglýsinga:** 563 0300 – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## SKOÐUN

# Skýr framsetning

**Flækjustig háir oft fjölmiðlaumræðu um mikilvæg fyrirbæri, eins og fæðuöryggi. Í fæðuöryggi felast marglaga tengingar ólíkra þátta, umfangið er mikið og erfitt getur reynst að ná utan um það í einfaldri grein sem ætluð er að upplýsa á skýran máta.**

Manninum er tamt að vilja flokka og einfalda til þess að skilja. Um leið og búið er að klæða flókin fyrirbæri í einfaldan búning ná þau loks flugi. Plast er eitt dæmi. Margir leggja sig fram við að minnka plastnotkun, sem er vel. Skilaboðin um afleiðingar plastmengunar eru orðin skýr. Hún varð til að mynda rótgróin eftir birtingu mynda af villtum fugli með bjórkippuplast fast utan um hálsinn.

Undirstaða fæðuöryggis veltur á grundvallarþáttum frumframleiðslunnar. Í tilfelli íslenskrar landbúnaðarframleiðslu felst það í þeim aðföngum sem bóndinn þarf til að vinna úr landgæðum sínum mat í einhvers konar mynd. Sú er staðan að landbúnaðurinn er háður eldsneyti, áburði, fóðri, sáðvöru og ýmsum framleiðslutækjum, svo sem rúlluplasti – sumsé aðföng sem koma að utan.

Skýrsla spretthóps um stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi hefur það, fram yfir margar skýrslur um málefnið, að vera vel framsett. Það skiptir nefnilega sköpum hvernig efni eru lögð á borð. Mestu skiptir að fólk meðtaki. Í tilfelli skýrslunnar er hún skorinort og samantektir fela í sér upplýsingar sem auðvelt er að skilja. Tölur tala sínu máli.

Í sem fæstum orðum er niðurstaða skýrslunnar sú að það kostar 8,9 milljörðum krónum meira að framleiða sama magn af landbúnaðarvörum og í fyrra.

Innan þessarar tölu eru eftirfarandi upplýsingar; áburðarverð hefur hækkað um 3 milljarða kr., fóður um 4,5 milljarða kr. og olía og plast um 1,4 milljarða kr. Til að bregðast við þessum hækkunum hefur ríkið nú lofað um 2,5 milljörðum í sérstakan stuðning. Áætlað er að hækkanir á afurðaverði muni skila 3,6 milljörðum í auknar tekjur. Eftir standa rúmir 2 milljarðar kr. af óbrúuðum vanda, sem bændur, afurðafyrirtæki, verslunin og neytendur þurfa að horfast í augu við.

Enn önnur lýsandi framsetning, sem sýnir stöðu landbúnaðarframleiðslu hér á landi, er samantekt sem BÍ sauðfjárbændur birtu á Facebook-síðu sinni á dögunum. Þar sést að það kostar sauðfjárbóndann 2.000 kr. að búa til 1 kg af kjöti. Þrátt fyrir boðaðan stuðning ríkis í samræmi við tillögur spretthóps og þrátt fyrir að hækkað afurðaverð sé sett inn í myndina, þá slagar verð til bóndans rétt í 1.600 kr. fyrir kílóið. Semsagt; bóndinn mun þurfa að borga með framleiðslunni sinni 400 kr. fyrir hvert kíló að óbreyttu. Þetta er ekki nýlunda, tekjur í sauðfjárrækt hafa ekki svarað kostnaði í nokkur ár. Forsendur sauðfjárbúskapar eru brostnar skv. skýrslu Byggðastofnunar um stöðu búgreinarinnar.

Svo stefnir jafnvel í að það verði raunveruleg vöntun á nautakjöti í búðir líka. Þar hafa fjölmargir bændur ákveðið að minnka verulega eða jafnvel hætta framleiðslu í ár vegna þess að framleiðslan einfaldlega borgar sig ekki. Horfir í að framleiðslan muni ekki mæta áætlaðri eftirspurn. Það verður ekki til nóg.

Þótt alifugla- og svínabændur fagni stuðningi sem lagt er til í skýrslu spretthóps undirstrika forsvarsmenn þeirra að hann svari einungis fjórðungi af kostnaðarauka við framleiðslu þeirra.

Í einfaldaðri útgáfu getum við því gert ráð fyrir litlu íslensku kjöti í búðum í náinni framtíð. Mörgum gæti þótt það vel – við getum bara borðað eitthvað annað. En málið er bara flókið og afleiðurnar svo margar. Bjórkippuplast þeirrar dæmisögu gæti nefnilega birst okkur sem landsbyggð í niðurníðslu, næringarsnauðu og búfjárlausu landi og þjóð með brostið fæðuöryggi. */ghp*

# Af mönnum og matvælum

**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



**Þann 20. júní síðastliðinn voru fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands viðstödd afhendingu Embluverðlaunanna í Osló. Um er að ræða norræn matarverðlaun sem voru stofnuð af norrænu bændasamtökunum og eru styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.**

Verðlaun eru veitt fyrir ýmsa flokka en í ár voru sjö aðilar tilnefndir af Íslands hálfu í jafnmörgum flokkum.

Þau sem hlutu tilnefningu að þessu sinni voru Jökla rjómalíkjör, Nordic Wasabi, Gunnar Karl Gíslason, Brúnastaðir ostagerð, Matartíminn, Dominique Plédel Jónsson og Vestmannaeyjar.

Það var ánægjulegt að fylgjast með og fá að taka þátt í þessari hátíð. Þrátt fyrir að engin verðlaun féllu okkur í skaut að þessu sinni þá fylgir tilnefningunum umtalsverð viðurkenning á þeim frábæru og metnaðarfullum verkefnum í íslenskri matvælaframleiðslu sem sprottin eru af nýsköpun þar sem fjölbreytileikinn er mikill.

Sú staðreynd að Ísland hafi hlotið tilnefningar í öllum flokkum er einnig mikil hvatning til allra þeirra sem eru í vöruþróun á Íslandi. Þetta veitir okkur einnig innsýn inn í hvað aðrir eru að gera og myndun nýrra tengsla veitir okkur öllum veganesti inn í framtíðina. Til hamingju öll sem voruð tilnefnd og höldum áfram að setja fleiri stoðir undir vöruþróun og nýsköpun í íslenskri matvælaframleiðslu til framtíðar.

### *Mataræðisráð*

Unnið er að mataræðisstefnu fyrir öll Norðurlöndin en þetta er stefna sem unnin er af Norrænu ráðherranefndinni. Í tengslum við Embluverðlaunin var haldið málþing um þróun og stöðu þessarar stefnu fyrir öll Norðurlöndin en fyrirhugað er að leggja fram nýja stefnu í júní 2023.

Eldri stefna er um 10 ára gömul og við endurskoðunina hefur verið mikið rætt um að auka vægi grænmetis og annarrar fæðu á kostnað kjötafurða. Ég tel mjög mikilvægt að við komum sjónarmiðum okkar á framfæri við þessa vinnu. Það kom fram á málþinginu að horfa til hefða og sögu í mataræði hverrar þjóðar en ekki síður að horfa til sjálfbærni og kolefnisspora af þeim matvælum sem sett verða fram í þessari ágætu stefnu.

Starfsumhverfi matvælaframleiðenda er misjafnt milli landa þar sem útflutningur sumra landa af landbúnaðarvörum er 75% af framleiðslu viðkomandi lands, líkt og raunin er í tilfelli Dana. En við erum á svipuðum stað og Norðmenn sem eru einungis að horfa á innanlandsneyslu.

Það er ánægjulegt að sjá að sjálfbærni er tekið með í reikninginn og gefur okkur tækifæri til að gera enn betur en þegar er gert.

### *Spretthópurinn*

Nú liggur fyrir niðurstaða svokallaðs spretthóps sem skipaður var af matvælaráðherra. Þar eru ýmsar tillögur lagðar fram og það sem mest hefur verið rætt um er beinn stuðningur á grundvelli fjármuna sem koma á þessu ári. Þær eru ekki síður ánægjulegar tillögurnar sem settar eru fram sem eru verkefni komandi ára.

Hópurinn leggur fram tillögur í átta liðum sem fjalla meðal annars um neyðarbirgðarhald, eflingu jarðræktar sem kornafurða og grænmetis, auknar jarðræktarrannsóknir, lífræna ræktun og fæðuöryggi landsins.

Mikilvægt er að unnið verði áfram með þessar tillögur og að þær raungerist fyrr en seinna, enda um að ræða mikilvægar aðgerðir sem munu nýtast okkur til framtíðar.

Ég vil koma á framfæri að þessi stuðningur skiptir máli þótt mikið beri á milli þeirra gríðarlegu kostnaðarhækkana í aðföngum og þeim stuðningi sem veittur er. Að lokum vil ég hrósa starfshópnum fyrir skelegga vinnu á mjög stuttum tíma og fínum tillögum sem ráðherra hefur gert að sínum. Þá vil ég þakka sérstaklega fyrir þá vinnu sem unnin var af hendi Bændasamtakanna en þar fóru fyrir Vigdís og Unnsteinn.

Í þessari vinnu fundum við þó fyrir því að nauðsynlegt er að efla hagtölusöfnun innan samtakanna og stendur til að efla þá þekkingu á næstunni.




Frá Embluverðlaununum. Mynd / Espen Solli

## GAMLA MYNDIN



**Myndin frá Tilraunastöðinni á Sámsstöðum í Fljótshlíð, neðan við Fljótshlíðarveg, sennilega haustið 1935, í kornakri, virðist vera hafraakur kominn að uppskeru. Svartklæddi maðurinn með kúluhattinn er Metúsalem Stefánsson, búnaðarmálastjóri frá 1926-1935, og þar með forystumaður Búnaðarfélags Íslands á þeim árum. Klemens Kristjánsson, fyrsti tilraunastjórinn á Sámsstöðum, kom þangað 1927 og var þar til 1967. Hann endurvakti kornrækt hér á landi og er sennilega gráklæddi maðurinn til vinstri í akrinum.**

LÍF&STARF











**Hér að ofanverðu má sjá landsmenn fagna lýðveldisdegi okkar Íslendinga. Fánaberar, forseti, forsætisráðherra, og skrúðbúnar freyjur. Í tilefni dagsins er svo varla meira við hæfi en að gæða sér á þjóðarréttinum, einni með öllu.**
Myndir / Ragnar Th/Höfuðborgarstofa og aðsent.

# 17. júní 2022

**Þessi opinberi þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga var fyrst haldinn sem almennur þjóðmenningardagur á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar þann 17. júní árið 1911, en hann var valinn stofndagur lýðveldisins árið 1944 á Þingvöllum.**

Þar var forseti Íslands kjörinn í fyrsta skipti og fluttir þeir þjóðhátíðarsöngvar er við þekkjum svo vel, „Land míns föður“ eftir Jóhannes úr Kötlum við lag Þórarins Guðmundssonar og „Hver á sér fegra föðurland“ eftir Huldu, við lag Emils Thoroddsen. Höfðu þessi lög bæði hlotið fyrsta sæti í samkeppni er haldin var við þetta tilefni.

Áætlað hafði verið að Fjallkonan, íslensk kona í skautbúningi og tákngervingur landsins, myndi flytja ávarp og hylla fánann, en ekki varð úr því fyrr en árið 1947 er Alda Möller leikkona hlaut þann heiður. Var dagurinn þó ekki lögskipaður sem frídagur almennings fyrr en árið 1971, en fram að því voru tilmæli frá ríkisstjórninni þess efnis að vinnuveitendur gæfu hjúum sínum frí þann dag. /SP

## Bændablaðið *Sumarútgáfur*

- Næsta Bændablað, sem kemur út fimmtudaginn 7. júlí, mun verða í veglegra laginu af tilefni Landsmóts hestamanna. Upplag verður aukið og því dreift á hátíðinni.
- Bændablað mun koma út þann 21. júlí og síðan 25. ágúst.
- Ekki verður af útgáfu þann 11. ágúst vegna sumarlokunar og orlofs starfsmanna.
- Skrifstofur Bændablaðsins verða því lokaðar frá 22. júlí næstkomandi til 12. ágúst.
- Eftir sem áður verður haldið úti fréttaflutningi á vefsíðu blaðsins, www.bbl.is, í allt sumar.
- Veffang Bændablaðsins er bbl@bondi.is

***- Með kveðju, Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.***

## MÆLT AF MUNNI FRAM 300

Við síðustu þáttarskil varð ein vísa afgangs. Karl Kristjánsson, alþingismaður Þingeyinga, fékkst dálítið við vísnagerð, enda umvafinn hagyrðingum á Húsavík. Einhverju sinni hafði hann þau orð uppi, að sér þættu ljóð og lausavísur Egils Jónassonar á Húsavík daufari en oft áður. Karl var sem kunnugt er fæddur á bænum Kaldbak á Tjörnesi, en stundum kenndur við býlið Rauf í sömu sveit. Fossinn Mígandi fellur í landi Raufar. **Egill Jónasson** brást skjótt til varnar ummælum Karls:

*Þó að ljóð mín þyki dauf*
*þeim mun enginn týna,*
*meðan nokkur migu- rauf*
*minning geymir þína.*

Í „bleytutíð“ með Bakkusi, áttu þeir tal saman, Stefán Hilmarsson, bankastjóri Búnaðarbankans (1925–1991), og **Hjörtur Kristmundsson** kennari (1907–1983). Stefán var að sönnu sonur Hilmars Stefánssonar bankastjóra við sama banka. Hjörtur kvartaði sáran yfir peningaleysi. Stefán taldi létt úr að bæta, ef hann leitaði bara til sín. Nokkru síðar leitar svo Hjörtur fyrirgreiðslu hjá bankanum, en fékk afgerandi neitun. Þá orti Hjörtur:

*Stefán á eina ættarfjöður,*
*því er 'onum búinn staður,*
*en það er eitt að eiga föður,*
*- annað að vera maður.*

**Hálfdan Kristjánsson** orti þessa mögnuðu meiningu:

*Ég vil rækta engi og tún*
*svo allur grænki balinn,*
*mér ef byggir menjarún*
*mannfjölgunardalinn.*

**Hálfdan Ármann Björnsson** (1933–2009) var fæddur í Hraunkoti í Aðaldal, en bjó sínu búi lengst á Hjarðarbóli í sömu sveit. Hálfdan var ágætur hagyrðingur, eða skáld væri réttara að segja, og gaf út nokkrar ljóðabækur. Úr bókinni *Fjóshendur* eru næstu stökur teknar:

*Bundinn lögum ljóðaarfs,*
*í leit að svari spurnar,*
*undir kúm í erli starfs*
*orti ég Fjóshendurnar.*

Sveitarómantík nefnast tvær næstu vísur:

*Hún kærir sig ekkert um kvennaverk,*
*en körlunum skákar með hraði*
*og geislar af orku, svo ung og sterk,*
*og ilmar af sauðataði.*

*Á hestbaki allvel unir sér*
*og örvast þá roði vara.*
*En fegurst hún samt í fjósinu er,*
*þegar flórinn hún er að skara.*

Bundinn átthögunum var Hálfdan alla tíð:

*Hvert sem gjóstur burt þig ber,*
*um borg og hrjóstur svarðar,*
*ilmur brjósta bestur er*
*blíðrar fósturjarðar.*

Nýársdagur 1984:

*Svífur þöndum vængjum von*
*að veröld batna megi.*
*Einn hefur bjartan ennþá son*
*alið Nótt með Degi.*

Og svona til að létta undir með deginum, hverfum þá til nútíðar með **Þórarni Eldjárn** og nýútkominni ljóðabók hans, *Allt og sumt*. Fyrst verður fyrir vísa er skáldið nefnir „Hér og nú“:

*Í núvitund ég nýt mín hér,*
*nota tækifærin.*
*Morgundagur enginn er,*
*ennþá síður gærinn.*

*Það er enginn litur jafn ljótur,*
*jafn lítið höfundarvænn,*
*jafn algjör ánægjubrjótur*
*og öfundargrænn.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR



Frá afhendingu verðlaunanna í Osló. Mynd / Espen Sollli

### Embluverðlaunin:

# Danir og Norðmenn sigursælastir

**Norrænu matvælaverðlaunin Embla voru afhent við hátíðlega athöfn í menningarhúsinu DogA í Osló þann 20. júní sl.**

Óhætt er að segja að Danir og Norðmenn hafi verið sigursælir í ár en hvort land um sig fékk þrenn verðlaun, auk þess sem Svíar unnu í einum flokki.

*Sigurvegarar í ár*

Norrænn mataráfangastaður: **Kvitnes gård, Noregi**

Norræn matvæli fyrir börn og ungmenni: **Geitmyra Credo, Noregi**

Norrænn matarfrumkvöðull: **Undredal stølsysteri, Noregi**

Norrænn matur fyrir marga: **The Junk Food Project, Danmörku**

Norrænn matvælamiðlari: **Det Grønne Museum, Danmörku**

Norrænn matvælalistamaður: **Brännlands Cider, Svíþjóð**

Norrænn matvælaframleiðandi: **Fredriksdals Kirsebærvin, Danmörk**

*Bændasamtök standa að baki Emblunni*

Sjö afar frambærilegir matvælafulltrúar voru tilnefndir fyrir Íslands hönd að þessu sinni sem voru Jökla, Nordic Wasabi, Gunnar Karl Gíslason, Brúnastaðir ostagerð, Matartíminn, Dominique Plédel Jónsson og Vestmannaeyjar.

Sex norræn bændasamtök, þar á meðal Bændasamtök Íslands, standa að baki norrænu matvælaverðlaununum Emblunni, sem haldin er annað hvert ár og styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Markmiðið er að lyfta norrænni matarmenningu og skapa aukinn áhuga á henni utan svæðisins.

*/ehg*


Söfnin á Eyrarbakka



Hvernig væri að leggja leið sína á Eyrarbakka og heimsækja söfnin?

**Húsið** er heillandi og sögufrægt kaupmannsheimili þar sem sögð er meira en 200 ára gömul saga verslunar og menningar. **Sjóminjasafnið** hýsir hið merka árskip Farsæl og undraveröld fugla og eggja er í **Eggjaskúr**. Í litla alþýðuhúsinu **Kirkjubæ** er sýning um byltingartímana þegar rafljós kom í hús og fólk eignaðist útvarp og gúmmístígvél.




Ratleikur um allt safnasvæðið er í boði fyrir alla fjölskylduna.




**Opið alla daga í sumar frá kl. 11–18.**
sími 483 1504 • info@byggdasafn.is
**www.byggdasafn.is**

BYGGÐASAFN ÁRNESINGA



Óásættanlegt er fyrir kúabændur að ekki sé hægt að kalla saman fund verðlagsnefndar til að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

### Verðlagsnefnd búvara:

# Óstarfandi vegna formannsleysis

**Formaður verðlagsnefndar búvöru sagði af sér eftir síðasta fund nefndarinnar, 30. mars síðastliðinn. Nefndin hefur ekki fundað síðan þá en samkvæmt lögum skal verðlagsgrundvöllur kúabúa reiknaður fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember. Nefndarmenn voru skipaðir til tveggja ára.**

Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður NautBÍ, segir að síðasti fundur verðlagsnefndar búvara hafi verið haldinn 30. mars síðastliðinn þegar verðlagsgrundvöllur fyrir marsmánuð var tekinn fyrir. Verðlagsgrundvöllur kúabúa er uppreiknaður fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember, þegar teknar eru fyrir kostnaðarbreytingar sem hafa átt sér stað frá því að síðasti grundvöllur var reiknaður.

*Formaðurinn segir sig frá störfum*

„Til stóð að halda fund verðlagsnefndar 26. maí til að taka fyrir verðlagsgrundvöllinn í júní en þegar nefndarmenn óskuðu eftir fundartíma tilkynnti formaðurinn, Friðrik Már Baldursson, prófessor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, nefndinni að hann hefði sagt sig frá störfum í nefndinni.

Í framhaldinu tilkynnti starfsmaður matvælaráðuneytisins að fundum nefndarinnar yrði frestað þar til nýr formaður yrði skipaður eða þar til nefndin yrði endurskipuð í september næstkomandi.“

*Óvissa um greiðslur til kúabænda*

Herdís segir frestun fundarins bagalega og skapi óvissu um greiðslur til kúabænda en samkvæmt búvörulögum skal nefndin halda fund óski nefndarmenn eftir því og samkvæmt því ræður ráðuneytið því ekki hvenær nefndin fundar.

„Verðlagsnefnd búvöru hafði stefnt að því að funda í lok maí til að taka fyrir júnígrundvöllinn enda sjaldan verið jafn nauðsynlegt að nefndin fundi með reglubundnum hætti og um þessar mundir.

Eins og flestir vita hafa gríðarlegar aðfangahækkanir í kjölfar heimsfaraldursins og stríðsins í Úkraínu reynst landbúnaðinum erfiðar en áður hafði versnandi rekstrarstaða kúabúa þegar verið okkur áhyggjuefni.


**Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður búgreinadeildar nautgripabænda, NautBÍ.** Mynd / H.Kr

Það skiptir bændur miklu máli að verðlagsnefnd búvara starfi eðlilega og að lágmarksverð til bænda sé ákveðið með reglubundnum hætti og þar sé tekið mið af þróun framleiðslukostnaðar hverju sinni.

Það er því óásættanlegt fyrir kúabændur að ekki sé hægt að kalla saman fund verðlagsnefndar og von mín að matvælaráðherra bregðist hratt og vel við þeirri stöðu sem upp er komin svo að nefndin geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum.“

*BÍ vill nýjan formann strax*

Bændasamtök Íslands hafa farið fram á að matvælaráðuneytið skipi þegar í stað nýjan formann nefndarinnar sem og að boðað verði strax til fundar þar sem verðlagsgrundvöllur fyrir júnímánuð er tilbúinn.

Herdís segir að í svari frá ráðuneytinu 8. júní segi að unnið sé í málinu og að formaður verði ekki skipaður fyrir 10. júní. „Ráðuneytið mun þó reyna að hraða skipuninni eins og unnt er.“

Að sögn Herdísar hefur ekkert heyrst frá ráðuneytinu eftir það.

Í búvörulögum segir að formaður verðlagsnefndar búvöru sé skipaður af matvælaráðherra og sama gildir um varaformanninn, en svo virðist sem skipun varaformanns hafi gleymst.

*/VH*

## Skipun fulltrúa verðlagsnefndar

**Verðlagsnefnd búvara er skipuð og starfar skv. ákvæðum búvörulaga. Nefndin er skipuð sex mönnum og ákveður afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu.**

Samtök launþega tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skal annar þeirra tilnefndur af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hinn af stjórn Alþýðusambands Íslands.

Stjórn Bændasamtaka Íslands og stjórnir búgreinasamtaka, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt 4. grein búvörulaga og starfa fyrir búgreinafélög þeirra afurða sem verðlagðar eru hverju sinni, tilnefna tvo fulltrúa í nefndina sameiginlega. Skal annar þeirra tilnefndur til að fjalla eingöngu um verðmyndun til framleiðenda. Skal hann víkja úr nefndinni fyrir fulltrúa samtaka afurðastöðva í nefndinni þegar fjallað er um verðmyndun hjá afurðastöðvum.

Samtök afurðastöðva fyrir búvörur tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Skulu þeir tilnefndir þannig að í nefndinni starfi hverju sinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni. Annar þessara fulltrúa skal tilnefndur til að starfa aðeins í nefndinni þegar nefndin fjallar um verðmyndun hjá afurðastöðvum og kemur í stað fulltrúa framleiðenda sem víkur sæti.

Matvælaráðaherra tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og er hann formaður hennar. Einnig tilnefnir ráðherra fulltrúa minni vinnslufyrirtækja mjólkur sem áheyrnarfulltrúa í nefndina og hefur hann tillögurétt.

Varamenn eru tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert. Hagstofa Íslands er verðlagsnefnd til aðstoðar.

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*
*Ókeypis heimsending af www.eylif.is*



## Árni Pétur Aðalsteinsson

### Er sannfærður um að Active JOINTS gerir mikið gagn fyrir mig

Ég hafði verið lengi með verki í líkamanum, sérstaklega slæmur í hnjánum og prófað ýmis fæðubótarefni og verkjalyf í gegnum tíðina. Læknirinn var búinn að gefa það út að lítið væri í þessu að gera annað en að fara í liðskiptaaðgerð á hnjám, en þá var mér bent á að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf.

Þegar ég hafði tekið það inn í þrjár vikur fór ég að finna verulegan mun á mér, ég átti miklu auðveldar með að stíga fram úr rúminu og ganga upp tröppur, sem áður hafði valdið mér miklum verkjum. Ég fór erlendis í 2 vikur og gleymdi að taka **Active JOINTS** með mér og fann verulegan mun á mér, en þegar ég hóf inntökuna aftur þá var það uþb. 2 vikur sem ég var orðinn betri aftur.

Það er ótrúlegt að finna hvað þessi **Active JOINTS** hefur gert mikið fyrir mig. Nánast öll óþægindi eru farin í hnénu og ég er með vellíðunar tilfinningu innra með mér sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Ég er sannfærður um að **Active JOINTS** er að gera mikið gagn fyrir mig.

Ég mæli svo sannarlega með **Active JOINTS** frá Eylíf.

Árni Pétur Aðalsteinsson

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel. Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík. Ólöf Rún Tryggvadóttir er stofnandi vörulínunnar Eylíf, en hugmyndin að henni kom til vegna þess að hana langaði að setja saman þau frábæru hráefni sem eru framleidd á á Íslandi á sjálfbæran hátt frá náttúrulegum auðlindum á Íslandi og auka þannig aðgengi fólks að þessum gæðahráefnum. Framleiðslan fer fram á Grenivík og þróun varanna er í samstarfi við sérfræðinga frá Matís.
„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum. Öll framleiðsla Eylífar fer fram á Grenivík.
„Við vitum öll að heilsan er dýrmætust því er svo mikilvægt að gæta vel að henni og fyrirbyggja ýmis heilsuvandamál. Heilbrigð melting er grunnurinn að góðri heilsu, þess vegna vildum við hjá Eylíf bjóða upp á hágæðavöru fyrir meltinguna, **Happier GUTS**" segir Ólöf Rún.

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

### Hreint óerfðabreytt hráefni Íslensk framleiðsla

### Heilsan er dýrmætust

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



## Ragnar Þór Alfreðsson

### Líður betur og er ánægður með Stronger LIVER frá Eylíf

Mér var bent á að prófa **Stronger LIVER** frá Eylíf og ákvað ég að slá til. Ég hef verið í eftirliti hjá lækninum mínum vegna heilsufarsins og fer reglulega í tékk og blóðprufur.

Eftir að hafa notað **Stronger LIVER** í nokkra mánuði þá kom í ljós að blóðprufan kom óvenjulega vel út, öll gildin fyrir lifrina voru mun betri en áður. Þetta kom mér skemmtilega á óvart og hef ég verið mjög ánægður með vöruna því að mér líður vel af því að nota hana.

Því get ég sagt með sanni að ég mæli með **Stronger LIVER** frá Eylíf og ætla að halda áfram að nota vöruna.

Ragnar Þór Alfreðsson,
trésmiður

### Nýjasta varan frá Eylíf er Stronger LIVER sem inniheldur fjögur íslensk hráefni:

- *Kítósan* er unnið úr rækjuskel, sem eru náttúrulegar trefjar og hefur staðfesta virkni
- *Kalkþörungar* sem eru mjög kalkríkir og innihalda 74 stein- og snefilefni frá náttúrunni, margar rannsóknir staðfesta virkni þess.
- Íslenski kísillinn frá *GeoSilica* sem hefur reynst vel og rannsóknir staðfesta virkni þess.
- *Íslensk hvönn* sem eru vel þekkt fyrir sína góðu áhrif á meltinguna í gegnum tíðina
- Við styrkjum blönduna með öflugri blöndu af kólín, mjólkurþistli og C vítamíni.

Kólín stuðlar að viðhaldi eðlilegarar starfsemi lifrar og að eðlilegum fituefnaskiptum.

Athugið að ekki má taka D vítamín eða önnur fituleysanleg vítamín á sama tíma. Látið líða ca 2 klst á milli.



**Þórdís S. Hannesdóttir**

Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** frá Eylíf það hefur reynst mér mjög vel. Ég hef alltaf verið með lata þarmastarfsemi og hef verið að prófa ýmislegt í gegnum tíðina til að laga meltinguna en var bara hætt að hugsa um þetta því ekkert virtist koma að gagni og ég hugsaði bara „ég er bara svona og lítið við því að gera".

Ég var svo heppin að kynnast **Happier GUTS** nýlega eftir ábendingu um að þetta virkaði vel, en ég var búin að vera í langri hvíld frá öðrum bætiefnum. Ég ákvað ég að prófa **Happier GUTS** sem ég sé ekki eftir, því eftir ca 2ja mánaða notkun fann ég gríðalegan mun á mér, allt annað líf en áður. Ég mæli eindregið með **Happier GUTS** því það hefur hjálpað mér mjög mikið.




EYLÍF

FRÉTTIR



Rakel segir ótrúlegt að sjá hvað köfun er innbyggð í eðli unganna.



Hlaupaæfing í fjörunni.

Myndir / Rakel Steinarsdóttir



Snyrting í fjörunni og snattast í kringum Rakel Steinarsdóttir ungamömmu.

## Æðarungar í eldi:

# Ungamamman á Ökrum

**Rakel Steinarsdóttir, ábúandi og ungamamma á Suðurbænum Ökrum á Mýrum, er að reyna fyrir sér með uppeldi á æðarungum sem hún klekur úr eggjum í útungunarvél.**

Hugmyndin er að koma upp æðavarpi í kringum hús Rakelar eða á landskikka sem liggur við sjó.

„Ég fékk egg hjá bændum í nágreni við mig og það hefur gengið vonum framar að unga þeim út og ég er kominn með 35 unga í garðinn og þeim á eftir að fjölga ef allt gengur að óskum.“

Útungunarvélin er í forstofunni hjá Rakel og eftir að ungarnir klekjast út sér hún um uppeldið.

„Ég fer með unganna í göngutúr niður að sjó þar sem ég leyfi þeim að synda og svo gef ég þeim að borða þannig að ég hef gengið þeim í móðurstað og það er ótrúlegt hvað ungarnir eru ólíkir innbirgðs og hver og einn hefur sinn sérstaka karakter.

Rakel segir að sem stendur hafi hún ekki aðgang að öðru landi undir varpið en garðinn í kringum íbúðarhúsið sitt. „Ég er að leita að hentugu svæði fyrir varpið í framtíðinni og vil gjarnan heyra í hverjum þeim sem gæti aðstoðað mig í að finna hentugan skika við sjó.“

Að sögn Rakelar venjast ungarnir á ákveðið heimasvæði í sumar og í haust fara þeir út á sjó með öðrum æðarfuglahópum. „Vonandi skila sumir þeirra sér aftur heim næsta vor. Fuglarnir verða kynþroska á öðru eða þriðja ári og ég geri ráð fyrir að unga úr fleiri eggjum á næsta og þar næsta ári til að byggja um varpstofn.

Að þeim tíma liðnum geri ég mér svo vonir um að einhverjir fugla geri sér hreiður annað hvort í garðinum hjá mér eða á skika sem mér áskotnast.“ /VH

## Rannsóknir:

# Arfgerðargreiningar íslenskra nautgripa

**Undirbúningur fyrir upptöku erfðamengisúrvals í íslenskri nautgriparækt er svo gott sem kominn á lokastig.**

Ætlunin er að skipta hefðbundnu kynbótamati út fyrir nýtt erfðamat í haust en grunnurinn að erfðamati liggur í arfgerðargreiningum nauta, kúa og kvígna. Umsjónarmenn verkefnisins eru Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur í nautgriparækt hjá RML og Sæmundur Sveinsson, fagstjóri í erfðafræði hjá Matís.


TIL SÖLU Verslunin Árborg Árnesi



Um er að ræða húsnæði og rótgrólnn rekstsur sem hefur verið í sömu fjölskyldunni s.l. 34 ár.

Um er að ræða mjög gott og vel við haldið hús alls 190 fm sem stendur í alfaraleið á 2,503 fm malbikaðri lóð með góðri eldsneytis- og þjónustuaðstöðu fyrir umferð um svæðið.
Verslunin þjónar mjög stóru svæði, þ.e. Árnesi og nágrenni ásamt ógrynni sumarhúsa og lögbýla, bílaumferð ferðamanna, þjónustu-,og atvinnubifreiða.
Í nágrenninu er tjaldsvæði Árness og sundlaug með mikilli umferð sumarið um kring sem nýta sér verslun og þjónustu verslunarinnar.
Það styttist í að Þjórsárbrúin verði að veruleika sem mun mjög líklega auka umferð og viðskiptin ásamt frekari uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal

Reksturinn samanstendur af veitingasölu, grilli, fjölbreyttri matvöruverslun með allar helstu nauðsynjar ásamt bensín og olíusölu með samningi við N1



Ólafur B. Blöndal

Löggiltur fasteigna-
fyrirtækja- og skipasali
s. 690 0811
olafur@gimli.is

GIMLI
FASTEIGNASALA


### *Sýnataka og greining hafin*

Að sögn Guðmundar hófust sýnatökur úr kvígum í vetur þegar sýni voru tekin um leið og gripur er einstaklingsmerktur. „Sýni sem þannig verða til er safnað af mjólkurbílunum um allt land og þau síðan send til MS að Bitruhálsi í Reykjavík. Þangað sækir starfsfólk Matís sýnin og framkvæmir á þeim erfðagreiningar.

Sæmundur segir að starfsfólk faghóps í erfðafræði á Matís hafi nú þegar hafið greiningar í þessum sýnum. „Í vor kom greiningartæki til landsins en fram til þess hafa sýni verið send til Danmerkur til greiningar.“

Stefnan er að Matís greini átta til níu þúsund sýni á ári þannig að um er að ræða umfangsmikið og viðvarandi verkefni.

### *Mikil hagræðing að greina innanlands*

Umsjónarmenn verkefnisins segja að ekki þurfi að fjölyrða um hagræði þess að framkvæma greiningar innanlands. „Þegar erfðamengisúrval kemur til framkvæmda liggur fyrir að greina þarf bæði fljótt og vel sýni úr þeim nautkálfum sem hugsanlega á að kaupa til sæðistöku.

Það ferli þarf að taka eins stuttan tíma og mögulegt er en taka þarf sýni úr kálfunum, greina þau og reikna erfðamat áður en ákvörðun um kaup er tekin.

Með því að arfgerðargreiningarnar fari fram hjá Matís sparast dýrmætur tími sem annars hefði farið í að senda sýnin utan með tilheyrandi kostnaði.

Erfðaefni allra greindra einw wv staklinga verða geymdir í frysti á Matís og hægt að grípa til þeirra ef ástæða þykir til að greina þau frekar í framtíðinni, t.d. með heilraðgreiningum.

Sá tækjabúnaður sem Matís fjárfesti í getur jafnframt nýst til stórfelldra erfðagreininga í öðrum búfjárstofnum, s.s. hrossum og sauðfé,“ segir Sæmundur.




**Arfaðgerðagreinir. Á innfeldu myndunum má sjá Sæmund Sveinsson fagstjóra í erfðafræði hjá Matís til vinstri og Guðmund Jóhannesson, ráðunaut í nautgriparækt hjá RML til hægri.** Mynd af Arfaðgerðagreini / Matís

### *Gott samstarf við MS*

Greining sýna er að komast í fullan gang enda sýni farin að berast frá bændum. Innan RML og Matís er mikil ánægja með þetta samstarf.

Guðmundur segir að ekki megi gleyma hinum mikilvæga hlekk sem söfnun sýnanna er og að þar hafi Auðhumla og MS sýnt verkefninu ákaflega mikla velvild sem þakka ber fyrir.

„Með söfnun sýna með mjólkurbílunum hefur okkur tekist að koma á einu skilvirkasta söfnunarkerfi DNA-sýna í heiminum en víðast annars staðar senda bændur þessi sýni með póstþjónustunni.“

/VH

limtrevirnet.is

# STEINULLAR-EININGAR

## Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk framleiðsla með stuttum afhendingartíma.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- CE vottaðar steinullareiningar samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVírnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR



Fjaðrárgljúfur. Mat umhverfisráðuneytisins er að verndarþörf á svæðinu sé talsverð vegna mikils ágangs ferðamanna en hægt sé að ná markmiðum verndar án þess að ríkið gangi inn í kaupin. Mynd / Erla Þórey Ólafsdóttir

Umhverfisráðuneytið:

# Fjaðrárgljúfur selt einkaaðilum og verður friðlýst

**Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Hveraberg ehf. kaupandi jarðarinnar Heiði í Skaftárhreppi hafa undirritað með sér samkomulag.**

Samkomulagið kveður á um að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið fellur frá forkaupsrétti jarðarinnar og kaupandinn lýsir sig samþykkan því að vinna að friðlýsingu svæðisins, enda telja aðilar hagsmunum gljúfursins best borgið með friðlýsingu.

Kaupverð jarðarinnar er 280 milljónir króna og ætla nýir eigendur að reisa þar þjónustumiðstöð, bæta bílastæði og hefja innheimtu bílastæðagjalda.

Í tilkynningu vegna friðlýsingarinnar segir að í apríl síðastliðnum hafi ráðuneytinu borist erindi þar sem óskað var afstöðu ríkissjóðs til nýtingar forkaupsréttar vegna sölu jarðarinnar Heiði en hluti Fjaðrárgljúfurs, sem er á náttúruminjaskrá, er innan jarðarinnar.

Eigendur annarra jarða sem Fjaðrárgljúfur er hluti af hafa lýst sig viljuga til að vinna að friðlýsingu gljúfursins.

*Forkaupsréttur gildir áfram*

Samkvæmt lögum um náttúruvernd hefur ríkissjóður forkaupsrétt að jörðum og öðrum landareignum sem eru að hluta eða öllu leyti á náttúruminjaskrá.

Mat ráðuneytisins er að verndarþörf á svæðinu sé talsverð vegna mikils ágangs ferðamanna en hægt sé að ná markmiðum verndar án þess að ríkið gangi inn í kaupin. Með friðlýsingu svæðisins og samkomulagi við nýjan eiganda verður vernd svæðisins og nauðsynleg uppbygging sameiginlegt verkefni ríkisins og nýs eiganda.

Forkaupsréttur ríkisins hvílir áfram á jörðinni komi hún aftur til eigendaskipta.

*Gjöld renna til uppbyggingar*

Innheimta gjalda skal ekki verða til þess að skerða eða tálma frjálsa för einstaklinga, sem ekki nýta bílastæðið um hið friðlýsta svæði, eða grannsvæði þess samkvæmt reglum náttúruverndarlaga um almannarétt. Innheimta og ráðstöfun gjalda sem tekin kunna að verða vegna lagningar vélknúinna farartækja skulu alfarið renna til uppbyggingar þjónustu, reksturs og innviða fyrir þá sem ferðast um svæðið.

Í tilkynningunni er haft eftir Guðlaugi Þór Þórðarsyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra:

„Það er ánægjulegt að samkomulag hafi náðst við kaupanda Fjaðrárgljúfurs um vernd svæðisins og eðlilegt að ríkið og eigendur standi saman að uppbyggingu þessarar náttúruperlu sem ferðamenn njóta þess að heimsækja.“ /VH










Hönnun Byggðastofnunar, sem sést hér bæði að framan og aftanverðu, var í höndum Arkitektastofunnar Úti og inni ehf., ásamt VSB Verkfræðistofu, en samið var við byggingarverktakann Friðrik Jónsson ehf. um smíðina.

Nýbygging húsnæðis Byggðastofnunar:

# Veruleg lækkun á rekstrarkostnaði

## – Hönnun og smíði fjármögnuð á eigin reikning stofnunarinnar

**Samkvæmt skilamatsskýrslu Framkvæmdasýslu ríkisins, var að beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytisins, árið 2014, unnin frumathugun vegna húsnæðismála Byggðastofnunar**

Hafði stofnunin verið flutt til Sauðárkróks árið 2001 og verið í leiguhúsnæði að Ártorgi 1 síðan. Kom athugunin til vegna þess að leigusamningur húsnæðisins var að renna út og auk hækkunar á húsaleigu þótti það húsnæði ekki henta stofnuninni lengur. Þarfagreining var unnin og var niðurstaða málsins að byggja skyldi 700 m² húsnæði að Sauðármýri 2 á Sauðárkróki.

Arkitektastofan Úti og inni ehf. og VSB Verkfræðistofa tóku að sér hönnunina og samið var við byggingarverktakann Friðrik Jónsson ehf. um smíðina. Að auki var haldin lokuð samkeppni án forvals um listskreytingu hússins í samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM), Byggðastofnun og arkitekt hússins en tillaga Rósu Gísladóttur var þar hlutskörpust og kosin til útfærslu.

*Almenn ánægja með húsnæðið, lausar starfsstöðvar og opin rými*

„Við erum gríðarlega ánægð með húsið,“ segir Arnar Már Elíasson, forstjóri Byggðastofnunar.

„Það var sérstaklega byggt með þarfir Byggðastofnunar í huga, 30 starfsstöðvar í alls 1000 m². Starfsmenn Byggðastofnunar eru í dag 25, þar af eru þrír aðilar ráðnir óstaðbundið. Á Sauðárkróki erum við því alla jafna um tuttugu manns. Hérna eru því lausar starfsstöðvar fyrir aðra aðila sem kjósa að vinna óstaðbundið um tíma undir verkefninu „Störf óháð staðsetningu“. Stofnunin hefur einmitt tekið saman yfirlit í mælaborði á heimasíðunni okkar yfir lausar starfsstöðvar víða um landið. Í mælaborðinu er hægt að skoða Íslandskortið, velja hvaða byggðarlag sem er, hvort og hvar lausar starfsstöðvar séu og hvernig aðstaðan sé á hverjum stað fyrir sig.

Þar er svo einnig að finna upplýsingar um hvernig kaffi- og fundaraðstaða sé, hvernig nettengingin er og þar fram eftir götunum.

Í nýja húsinu eru starfsstöðvar að mestu leyti í opnum rýmum, auk þess sem að hér er eitt stórt fundarrými, auk tveggja fundarherbergja að venjulegri stærð. Þrjú næðisrými eru í húsinu, en þar er aðstaða fyrir einn aðila til að sinna tímabundnum verkefnum sem þarfnast næðis eins og fjarfundum eða öðru. Á vinnustöðvum þar sem opin rými eru allsráðandi er nauðsynlegt að hafa svona næðisrými til taks.




Á mælaborði vefsíðu Byggðastofnunar er að finna yfirlit yfir lausar starfsstöðvar hérlendis og hvort þar sé fundaraðstaða, nettenging o.s.frv.

BYGGÐASTOFNUN

**Byggðastofnun tók í notkun núverandi merki sitt í byrjun árs 2014 og var hönnun þess í höndum Guðmundar Bernharðs Flosasonar, grafísks hönnuðar auglýsingastofu Hvíta hússins. Merkið vísar lauslega í útlínur Íslands, auk þess sem mislangir sólargeislar þess eru skírskotun til uppbyggingar sprotafyrirtækja sem eru komin mislangt í þróun sinni. Litur sólarinnar við sólarupprás er aðallitur merkisins og tengir þá við nýtt upphaf og bjartan dag sem er að renna upp.**

*Tæplega 800 milljóna heildarkostnaður og mun lægri rekstrarkostnaður*

Heildarkostnaðurinn við bygginguna og það sem henni viðkom var tæplega 800 milljónir,“ heldur Arnar áfram, „en árlegur húsnæðiskostnaður Byggðastofnunar lækkaði við þessa breytingu. Kostnaðurinn við að vera hér í glænýju húsnæði er sem sagt lægri en þegar við leigðum í Ártorginu samkvæmt nýjum rekstrartölum, en byggingin var alfarið fjármögnuð af stofnuninni sjálfri og er því í eigu hennar.

*Rafbílamenning*

Fyrir utan húsið eru síðan tvær tengistöðvar fyrir rafbíla og mun þeim væntanlega fjölga á næstu árum, en eins og er starfa hér þrír eigendur rafbíla.

Stofnunin sjálf á þrjá bíla, einn þeirra er svokallaður hybrid en hinir nýta jarðefnaeldsneyti eingöngu enn sem komið er.

Ég geri ráð fyrir því að næst þegar stofnunin uppfærir bílaflotann verði það með rafmagnsbílum,“ segir Arnar að lokum. „Þannig við stefnum í þessa átt og sjáum fyrir okkur að fjölga rafstöðvunum hér hjá okkur fyrir utan.“ /SP

# Betri lýsing í fjósum eykur nyt kúa

Ljósgjafinn og Reykjafell hafa tekið höndum saman um að þjónusta bændur við að nútímavæða lýsingu í fjósum til að auka nyt kúa og bæta líðan þeirra og heilsu. Rannsóknir sýna að rétt dag- og næturlýsing eykur nyt umtalsvert.





## Mjólkurkýr og dægursveiflur

Náttúruleg birta er langt í frá alltaf eins og það er, því í raun hvorki mönnum eða dýrum eðlislægt að fara snögglega úr engri birtu í fulla og kalda birtu. Venjulegur sólríkur sumardagur víðast hvar á jörðinni byrjar frá nóttu til dagsbirtu á um einni klst. og er fyrst í mjúkri birtu. Þegar kemur fram undir hádegi er birtan orðin mun kaldari, en mýkist svo aftur keyrir niður við sólarlag. Með skjákerfinu og dagbirtustillanlegum og dimmanlegum lömpum getum við búið til svona dægursveiflur fyrir kýr.

**Dæmi um stillingu fyrir mjólkurkýr:**
Það byrjar að birta af degi kl. 5:00 og fyrst er litur birtunnar hlýr og ljósmagnið keyrir upp í fullan styrk á einni klst. Litur lýsingarinnar kólnar svo eftir því sem líður á morguninn og er kominn í kalda birtu um kl. 11:00 og helst þannig til kl. 14:00. Eftir það fer lýsingin að mýkjast hægt og rólega aftur til kl. 20:00, en þá fer ljósstyrkur að dimmast niður á einni klst. og kl. 21:00 tekur við dauf næturlýsing til næsta morguns.

## Rétt dag- og næturlýsing eykur nyt kúa umtalsvert

Tilraunir með lýsingu sem gerðar hafa verið erlendis sýna að með réttu fyrirkomulagi má auka mikið nyt kúnna. Þessum tilraunum er það sammerkt að hæstri nyt skila mjólkurkýr við daglýsingu í 16-18 klst. og næturlýsingu í 6-8 klst. Dagsnytin getur aukist um 8-10% (2-3) kg á dag óháð því hver nytin er fyrir. Næturlýsing þarf að vera í a.m.k. 6 klst. svo að þessi áhrif náist fram.

## Sólarhringnum stýrt með fullkomnu skjástýrikerfi

Rétt lýsing skiptir verulega miklu máli varðandi nyt hjá kúm. Sólarljós eykur framleiðslu á D-vítamíni og skiptir líka máli varðandi framleiðslu á melatóníni, en styrkjur þess í blóði hefur mikil áhrif á frjósemi, atferli og vöxt hára.

Með notendavænu skjákerfi er á auðveldan hátt hægt að stilla lýsinguna í fjósinu fyrir hina ýmsu hópa. Þannig má auka vellíðan kúnna bæði á geldskeiði og á mjólkurskeiði. Mjólkurkýr eru þannig með eina sólarhringsstillingu og geldkýr með aðra. Hægt er að flýta eða seinka sólarhringnum, allt eftir hvað hentar hverjum bónda best.



**Mælt er með daglýsingu sem hér segir:**
- Mjólkurkýr, 16 klst.
- Geldkýr, 8 klst.
- Kvígur í uppeldi, 12-16 klst.

**Tillaga að styrk lýsingar í fjósum, lux:**
- Mjaltagryfja, mjólkurhús, meðhöndlunarstíur, 150-200 lux
- Fóðurgangar, 150 lux.
- Legusvæði, básar, biðpláss, 100-150 lux
- Næturlýsing, 2-4 lux

*Sérfræðingar Ljósgjafans sjá um áætlanagerð og uppsetningu. Sendið fyrirspurnir á ljósgjafinn@ljósgjafinn.is*

FRÉTTIR

## Hundar og kettir frá Úkraínu í einangrun á Íslandi:

# Ströng skilyrði og allt í boði ríkisins

**Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu í lok febrúar flúði fjöldi fólks til nærliggjandi landa í Evrópu.**

Mörg höfðu gæludýr sín meðferðis og flest ef ekki öll ESB-ríki brugðust strax við með því að veita undanþágur frá innflutningsskilyrðum gæludýra. Matvælastofnun fékk strax töluvert af fyrirspurnum vegna þessa og að beiðni matvælaráðuneytis var málið skoðað og áhættan á innflutningi gæludýra frá Úkraínu metin. Í framhaldi af því var ákveðið að heimila innflutning gæludýra í eigu flóttafólks frá Úkraínu með ströngum skilyrðum. Úr varð að sett var á laggirnar sérstök einangrunarstöð með öllu sem því fylgir og formleg starfsemi er nú hafin.

Hrund Hólm er deildarstjóri hjá Matvælastofnun hjá inn- og útflutningsdeild, sem annars vegar fer með eftirlit með innflutningi dýra, dýraafurða, plantna og ýmissa annarra vara og hins vegar vottar íslenskar afurðir og dýr, sem fluttar eru utan.



Sex gæludýr frá Úkraínu eru nú þegar komin í einangrun á Kjalarnesi, meðal annars þessi köttur. Myndir /Aðsendar



Hrund Hólm, dýralæknir og deildarstjóri hjá Matvælastofnun, stýrir verkefninu.



Þessi hundur frá Úkraínu er líka kominn í einangrun en hann er hér með starfsmanni í fullum smitvarnaklæðum. Myndir /Aðsendar

*Einangrunin er á Kjalarnesi*

„Einangrunarstöðin er á Kjalarnesi og þar munu dýrin dvelja í þrjá til fjóra mánuði en eingöngu verður um ketti og hunda að ræða. Hefðbundin einangrun hunda og katta sem fluttir eru til landsins er tvær vikur. Í þeim tilfellum hafa dýrin verið undirbúin í sínu heimalandi, þ.e. þau hafa verið bólusett og undirgengist ýmsar sýnatökur og meðhöndlanir. En í tilfelli dýranna frá Úkraínu þá hefur slíkur undirbúningur ekki farið fram,“ segir Hrund.

*Hundaæði*

Hrund segir skilyrði vegna hundaæðis vega þyngst hvað lengd einangrunar varðar, þ.e. þar kemur til þriggja mánaða biðtími eftir að bólusetning og mótefnamæling fer fram.

„En við erum einnig á varðbergi gagnvart öðrum sjúkdómum. Hérlendis er mjög lítið um smitsjúkdóma í dýrum og er það bæði vegna landfræðilegrar einangrunar en líka vegna strangra innflutningsreglna, sem hér gilda. Þannig að auk hundaæðis þá gilda sérstök skilyrði um nokkra aðra sjúkdóma en mjög mikil áhersla er á sníkjudýr og í hefðbundinni einangrun þá greinast nánast í hverjum mánuði sníkjudýr, sem við viljum alls ekki að nái fótfestu hér á landi. Þá höfum við tækifæri til að bregðast við og meðhöndla,“ segir Hrund.

*Tugþúsundir deyja af hundaæði á hverju ári*

Hundaæði er banvænn veirusjúkdómur sem á uppruna sinn að rekja til leðurblaka en smitar margar spendýrategundir og þar á meðal menn. Sjúkdómurinn finnst í öllum heimsálfum nema í Ástralíu og Suðurskautslandinu en er algengastur í Asíu og Afríku. Hrund segir að árlega látist um 55.000-70.000 manns af hundaæði á heimsvísu.

„Hundar eru valdir að langflestum tilfella af hundaæði í fólki og helsta smitleiðin er með biti. Meðgöngutíminn er frá nokkrum dögum og upp í allt að 6 mánuði og einkenni eru frá taugakerfi og geta verið margvísleg en leiða að lokum til öndunarstopps og dauða. Hægt er að meðhöndla þá sem verða fyrir biti en of seint er að hefja meðhöndlun ef einkenni eru komin fram. Hundaæði er sá sjúkdómur sem mest áhersla er lögð á, á heimsvísu, þegar kemur að skilyrðum vegna flutnings hunda og katta á milli landa,“ segir Hrund.

*Toppaðstaða fyrir dýrin*

Þegar Hrund er spurð út í aðstöðuna á einangrunarstöðinni er hún fljót til svars.

„Þar er allt í toppstandi enda er aðstaðan góð og samræmi við reglugerðir þar að lútandi. Tilgangurinn með einangrun er að smit berist ekki út í umhverfið og ef eitthvert smit kemur upp, þá sé hægt að fyrirbyggja að það dreifist. En þó aðaláherslan sé á smitvarnir þá er velferð dýranna ekki síður mikilvæg. Hvert dýr hefur sitt herbergi og útiaðstöðu og mikil áhersla lögð á að starfsfólkið verji góðum tíma með hverju dýri alla daga. Svona löng einangrun er álag fyrir dýrin og því er mikilvægt að gera það sem hægt er til að létta þeim lífið.“

Pláss er fyrir fjóra ketti og tuttugu og tvo hunda í einu á stöðinni.

*Fyrstu dýrin komin til landsins*

Fyrstu dýrin frá Úkraínu komu til landsins í síðustu viku og fóru þau strax í einangrun en um var að ræða sex dýr. Hrund segir að stöðin muni svo fyllast á örfáum vikum.

„Það er erfitt að segja til um hvernig þetta þróast en þeim sem leita til stofnunarinnar hefur verið bent á að hefja undirbúningsferlið áður en þau senda dýrin til Íslands þar sem það getur stytt dvölina töluvert. Það hefur verið fróðlegt og skemmtilegt að taka þátt í þessu verkefni enda er það lærdómsríkt átaksverkefni og skemmtilegt að sjá það verða að veruleika, enda hafa margir lagt á sig mjög mikla vinnu til þess að koma þessu á laggirnar,“ segir Hrund.

/MHH




# Ný nöfn á sameinuðum sveitarfélögum

**Ný sameinuð sveitarfélög eru að taka til starfa um þessar mundir og flest hafa haldið fyrstu fundi sína og samþykkt ný nöfn.**

Nýtt sveitarfélag sem varð til þegar Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur voru sameinuð fær heitið ***Þingeyjarsveit***. Fyrir lá niðurstaða ráðgefandi skoðanakannana sem gerðar voru á meðal íbúa þar sem meirihluti þátttakenda valdi heitið Þingeyjarsveit.

Heitið Þingeyjarsveit er að upplagi samheiti nokkurra hreppa sem sameinuðust á tímabilinu 2002–2008 og fær nú víðari merkingu með aðkomu Mývetninga.

Þá fékk sameinað sveitarfélag Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar nafnið ***Húnabyggð***. Alls völdu 443 íbúar sem tóku þátt í könnun á nafni á nýju sveitarfélagi það nafn. Færri völdu Blöndubyggð og Húnavatnsbyggð sem einnig var valið um.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur hafa sameinast í eitt og á fyrsta fundi nýja sveitarfélagsins var samþykkt að nafn þess verði ***Skagafjörður***. Könnun var gerð meðal íbúa áður en ákvörðun var tekin og meirihlutinn valdi nafnið Skagafjörður, næstflestir Sveitarfélagið Skagafjörður og mun færri nafnið Hegranesþing.

Sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar hefur komið saman í fyrsta sinn og voru á þeim fundi lagðar fram hugmyndir að nafni sem bárust í samráðsgátt, en samþykkt að vísa nafngiftinni til frekari vinnslu bæjarráðs.

/MÞÞ


GLEÐILEGT HEYSKAPAR SUMAR
Eigum gott úrval af nýjum heyvinnutækjum, varahlutum og rekstrarvöru á lager
KRAFTVÉLAR
PÖTTINGER
MOVICAT 402
www.poettinger.at
Kraftvélar • Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Lög um landhelgi standa í vegi fyrir minni mengun

## – Íslenska kvótakerfið er umhverfisvænt

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is






**Mynd 1. Heildarlosun á CO2 frá sjávarútvegi og matvælaiðnaði hefur verið ríflega helmingi minni á undanförnum árum en hún var undir lok síðasta áratugar. Langstærsti hluti þessa er vegna minni olíunotkunar í sjávarútvegi, eins og sjá má í umfjöllun í hlutanum um olíunotkun. Fiskeldi er talið með í þessum tölum um fiskveiðar, en umsvif þess hafa stóraukist á undanförnum árum. Margir samverkandi þættir skýra árangurinn, en hæst ber fiskveiðistjórnunarkerfið enda gætir áhrifa þess á flesta aðra þætti sem koma við sögu. Kerfið sjálft hefur eflst, fjárfesting í tækjum og búnaði verið mikil, skipum hefur fækkað og eru þau í dag mun öflugri og hagkvæmari í notkun, breytt orkunotkun og almennt meiri og betri vitund um umhverfismál.** Mynd / radarinn.is



Sævar Birgisson.

**Umhverfismál skipta miklu máli í daglegri umræðu. Hvort heldur að hlýnun andrúmsloftsins er náttúruleg eða af mannavöldum þá gildir það einu, við eigum að ganga vel um náttúruna og nýta alla hluti vel.**

Hvert spor í þá átt að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda er því spor í rétta átt. Við erum að menga minna og ganga betur um náttúruna. Mengun er einfaldlega sóðaskapur.

Íslenskur sjávarútvegur hefur dregið saman heildarlosun á $CO_2$ yfir 50% frá 1995 til 2020 (sjá mynd 1).

Þennan árangur má einkum þakka fiskveiðistjórnarkerfinu eins og dr. Stefán B. Gunnlaugsson, dósent við Háskólann á Akureyri, lýsti vel í viðtali í Bændablaðinu í fyrra. Hann fullyrti einfaldlega að íslenska kvótakerfið væri umhverfisvænt og byggði þá fullyrðingu á rannsóknum sínum.

Vissulega hefur kvótakerfið skipt miklu þegar við lítum til baka en hvernig verður framtíðin? Líklega munu tæknibreytingar skipta mestu um frekari samdrátt mengunar frá sjávarútvegi.

Við fengum Sævar Birgisson skipatæknifræðing til að segja okkur frá reynslu sinni og hvernig hann sér framtíðina í sjávarútvegi.

### *Stór hæggeng skrúfa minnkar útblástur*

Sævar Birgisson var hvatamaður þess að Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum og HG á Hnífsdal smíðuðu togarana Breka og Pál Pálsson. Nýjungin við smíðarnar fólst í því að skrúfur skipanna voru mun stærri og hæggengari en þekktust í skipaflota Íslendinga. Bæði skipin komu í stað japanskra togara sem smíðaðir voru upp úr 1970. Skrúfur Breka og Páls voru 4,8 metrar í þvermál í stað skrúfu Japanstogaranna sem voru 3ja metra skrúfu (sjá mynd 2).

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að olíusparnaður yrði 25–30% á hvert veitt kíló fiskjar með stærri skrúfu en raunin er 40–50% sparnaður. Sævar Birgisson féllst á að segja okkur aðeins frá þessari hugmynd sinni.

„Við upphaf vélvæðingar skipa voru skipin oftast með stóra og hæggenga skrúfu, en smám saman, með hraðgengum díselvélum, urðu þær minni og hraðgengari. Ég fór fyrst að velta þessu fyrir mér á árunum milli 1970 og 1980 en þá komu margir togarar til landsins. Flestir voru smíðaðir í Noregi en einnig í Frakklandi og á Spáni. Norsksmíðuðu togararnir voru með tveggja metra skrúfu, sem hentaði norsku Wichmann-vélunum sem snerust 375 sn/mín, en þeir frönsku voru með 2,6 metra skrúfu, sem snerist 260 sn/min. Frönsku skipin voru með franskar vélar af Crepelle-gerð. Menn töluðu mikið um hvað þessar Crepelle-vélar væru sparneytnar samanborið við norska Wichmanninn, en þessi sparneytni frönsku togaranna hafði að sjálfsögðu ekkert með aðalvélina að gera, það vara bara þessi 60 sentimetra mismunur á stærð skrúfunnar sem gerði gæfumuninn. Upp úr olíukreppunni 1973 fóru menn að skipta út þessum hraðgengu 2 m skrúfum, fyrir 3 m hæggengari skrúfur og spöruðu á þann hátt 25–30% orku miðað við 2 m skrúfurnar,“ segir Sævar.




**Mynd 2. Hér sjáum við 3ja metra skrúfu sem var undir gamla Páli Pálssyni (smíðuðum í Japan 1972) og 4,7 metra skrúfu undir nýja Páli Pálssyni, smíðuðum í Kína 2018. Maðurinn á myndinni er 1,8 metrar.**

*-En hvers vegna notar stór hæggeng skrúfa minni orku en sú minni og hraðgengari?*

„Það er í rauninni skíteinföld eðlisfræði,“ segir Sævar. „Það er miklu árangursríkara að hraða upp miklu magni af vatni lítið í stað þess að hraða litlu magni af vatni mikið. Skipsskrúfa er ekkert öðruvísi en vængur á vindmyllu eða flugvél.

Og það er þannig að besti vængurinn er óendanlega þunnur og óendanlega langur.“

### *Tvö troll minnka veiðiálag*

„Við útreikning á olíunotkun reiknuðum við ekki með þeirri miklu veiðiaukningu sem varð við að nota tvö troll. Það kom okkur í opna skjöldu. Aukin veiðigeta fólst í því að togspyrnan var meiri og geta skipanna til að draga tvö troll

---

## Úttekt á ástandi nytjastofna og ráðgjöf fyrir komandi fiskveiðiár:

# Ráðlagt aflamark þorsks lækkað

**Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiárið 2022/2023 leggur til 6% lækkun á aflamarki þorsks og að ráðlagður heildarafli fari úr 222.373 í 208.844 tonn.**

Lækkun er rakin til lækkunar á mati á viðmiðunarstofni og sveiflujöfnunar í aflareglu.

Samkvæmt ráðgjöfinni er gert ráð fyrir að viðmiðunarstofn þorsks fari hægt vaxandi næstu tvö til þrjú ár þegar árgangarnir frá 2019 og 2020 koma inn þar sem þeir eru nú metnir yfir meðallagi.

### *Aukin ýsa en minni af ufsa*

Samkvæmt aflareglu verður aflamark ýsu 62.219 tonn sem er 23% hækkun frá yfirstandandi fiskveiðiári. Áætlað er að viðmiðunarstofninn muni stækka næstu tvö árin vegna góðrar nýliðunar frá 2019 og 2020.

Ráðgjöf fyrir ufsa samkvæmt aflareglu lækkar um 8% frá yfirstandandi fiskveiðiári og er alls 71.300 tonn.

### *Gullkarfa nálgast aðgerðamörk*

Nýliðun gullkarfa hefur verið mjög slök undanfarinn áratug og hrygningarstofn minnkað umtalsvert og mælist við aðgerðamörk. Fyrirséð er að stofninn fari minnkandi á komandi árum og að draga þurfi verulega úr sókn. Samkvæmt aflareglu verður heildaraflamark gullkarfa 25.545 tonn og 20% lægra en á yfirstandandi fiskveiðiári.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ráðgjöf fyrir grálúðu stendur í stað frá fyrra ári og er 26.710 tonn.

### *Minni sókn í íslensku sumargotssíldina*

Samkvæmt úttekt Hafrannsóknastofnunar hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar farið vaxandi. Árgangar 2017 og 2018 eru metnir talsvert stærri en undangengnir árgangar og eru nú meginuppistaðan í viðmiðunarstofninum.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar gerir ráð fyrir 66.195 tonna afla fiskveiðiárið 2022/2023 en samkvæmt aflareglu stjórnvalda er hann 72.239 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. /VH

| Stofn *Stock* | Ráðgjöf 2022/2023 *Recommended TAC 2022/2023* | Ráðgjöf 2021/2022 *Recommended TAC 2021/2022* | % Breyting *% Change* | Aflamark 2021/2022 *National TAC 2021/2022* |
|---|---|---|---|---|
| Þorskur (*Cod*) | 208 846 | 222 373 | -6 | 222 373 |
| Ýsa (*Haddock*) | 62 219 | 50 429 | 23 | 41 229 |
| Ufsi (*Saithe*) | 71 300 | 77 561 | -8 | 77 561 |
| Gullkarfi (*Golden redfish*)* | 25 545 | 31 855 | -20 | 31 855 (28 205) |
| Djúpkarfi (*Dem. beaked redfish*) | 6 336 | 7 926 | -20 | 7 926 |
| Litli karfi (*Norway redfish*) | 585 | 609 | -4 | 609 |
| Grálúða (*Greenland halibut*)* | 26 710 | 26 650 | 0 | 26 650 (15 031) |
| Skarkoli (*Plaice*) | 7 663 | 7 805 | -2 | 7 805 |
| Þykkvalúra (*Lemon sole*) | 1 137 | 1 288 | -12 | 1 288 |
| Langlúra (*Witch*) | 1 230 | 1 025 | 20 | 1 025 |
| Sandkoli (*Dab*) | 301 | 313 | -4 | 313 |
| Stórkjafta (*Megrim*) | 132 | 206 | -36 | - |
| Steinbítur (*Atlantic wolffish*) | 8 107 | 8 933 | -9 | 8 933 |
| Hlýri (*Spotted wolffish*) | 334 | 377 | -11 | 377 |
| Langa (*Ling*)* | 6 098 | 4 735 | 29 | 4 735 (3 525) |
| Blálanga (*Blue ling*) | 259 | 334 | -22 | 334 |
| Keila (*Tusk*)* | 4 464 | 2 172 | 106 | 2 172 (1 532) |
| Lýsa (*Whiting*) | 1 091 | 1 137 | -4 | - |
| Skötuselur (*Anglerfish*) | 258 | 402 | -36 | 402 |
| Tindaskata (*Starry ray*) | 1 105 | 921 | 20 | - |
| Sumargotssíld (*Herring*) | 66 195 | 72 239 | -8 | 72 239 |
| Gulllax (*Greater silver smelt*) | 11 520 | 9 244 | 25 | 9 244 |
| Beitukóngur (*Common whelk*) | 254 | 264 | -4 | 264 |
| Sæbjúga (*Sea cucumber*) | 2 617 | 2 307 | 13 | 2 307 |
| Ígulker (*Sea urchin*) | 188 | 196 | -4 | 188 |
| Hörpudiskur (*Iceland scallop*) | 93 | 93 | 0 | 93 |

* Samanlagt heildaraflamark allra veiðiþjóða og aflamark fyrir Ísland í sviga. – *Total TAC and TAC for Iceland within parentheses.*

**Tillögur um hámarksafla fiskveiðiárið 2022/2023 ásamt tillögum og aflamarki stjórnvalda fyrir fiskveiðiárið 2021/2022.** Mynd / Hafrannsóknastofnun.

á djúpu vatni jók veiðiafköstin mun meira en við bjuggumst við því þau gátu dregið tvö troll. Við það að geta dregið tvö troll við erfiðar aðstæður tvöfaldaðist aflinn en olíunotkunin jókst einungis um þrjátíu prósent," segir Sævar.

Drætti tveggja trolla má líkja við slátt túna nú og í upphafi vélvæðingar. Þá voru litlar dráttarvélar með sláttugreiður sem náðu kannski hátt í tvo metra til hliðar við slátt. Sama átti við þegar hey var þurrkað. Litlar dráttarvélar drógu rakstrarvélar sem sneru heyinu en síðar komu heytætlur til sögunnar og stjörnum þeirra fjölgaði. Stærri tæki þurftu meira afl. Í dag eru tún slegin með stórum aflmiklum dráttarvélum og sláttuhaf þeirra er um 10 metrar eða meira. Það segir sig sjálft að álag á túnin er mun minna með stórum afkastamiklum dráttarvélum heldur en þeim litlu. Það eru miklu færri ferðir farnar yfir túnin.

***Lög koma í veg fyrir framþróun***

Lög um landhelgi Íslands koma í veg fyrir að togbátar sem mega fara upp að 3–4 mílum verði endurnýjaðir með tilliti til umhverfissjónarmiða og að olíunotkun þeirra minnki.

Lögin kveða á um svokallaðan aflvísi en í þeim felst m.a. að lögfest að hver stærð skrúfu megi vera á 29 metra (3ja mílna) togbátum og 42 metra (4ra mílna) togbátum. Í skýrslu um græn skref í sjávarútvegi sem gefin var út af fjármála- og efnahagsráðuneytinu stendur að „regluverk má ekki standa í vegi fyrir árangri í loftslagsmálum.

Þar er aflvísir skýrasta dæmið". Þá segir í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 2018 um heildarendurskoðun á notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæði á Íslandsmiðum:

„Ákvæði þessi (m.a um aflvísi) byggist hvorki á fiskifræðilegum né vistfræðilegum forsendum." Og enn fremur að „of miklar stærðartakmarkanir stjórnvalda á veiðiskipum geti hamlað framþróun s.s. til bættrar aflameðferðar, aðbúnaðar áhafnar og öryggismála."

Þá lagði starfshópurinn áherslu á að „stærðarmörk veiðiskipa séu endurskoðuð með reglubundnum hætti".



Mynd 3. Togari að draga tvö troll.

Það er því afar mikilvægt að lög standi ekki í vegi fyrir því að tækniframfarir verði nýttar til minnkunar mengunar.

*- En hver er framtíðin í orkuskiptum?*

„Ég er satt best að segja pínu týndur í þessu öllu. Það er engin ein lausn á borðinu. Vélaframleiðendur tala einn daginn um ammoníak og svo um eitthvað annað næsta dag. Það er einfaldlega mikil þróun og deigla í gangi. Því verða orkuskiptin að eiga sér stað í skrefum.

Í dag sjáum við möguleika á að vera með vélar sem ganga að helmingi fyrir díselolíu og hinum helmingi fyrir metanóli. Vélaframleiðendur segja okkur að þeir séu klárir með þá aðferð. Gallin við metanól er að við fáum ekki hreinan útblástur með því að nota það. Við erum hins vegar að endurnýta mengun sem er vissulega áfangi," segir Sævar.

„Það sem við viljum sjá er auðvitað hreinan orkugjafa. Eini almennilegi hreini orkugjafinn er vetni og svo auðvitað rafmagn."

*Höfundur viðtalsins er framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar en Vinnslustöðin á Breka. Á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar lýsti stjórnarformaður félagsins því yfir að félagið vildi smíða ný 3 og 4 mílna skip sem gætu brennt metanóli til helminga á móti díselolíu. Athygli lesenda er því vakin á að höfundur á hagsmuna að gæta með greinarskrifum þessum.*



# Enn skerðingin í þorski

**Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, segir að meðalafli í róðri hjá strandveiðibátum hafi farið vaxandi á undanförnum árum og ekkert lát sé á því í ár.**

„Í ráðgjöf Hafró kemur fram að stofnunin leggur til að þorskafli verði minnkaður um 13.527 tonn, sem svarar til 6,1% skerðingar og er það þriðja árið í röð sem stofnunin leggur til skerðingu, en samanlagt nemur sú skerðing 63 þúsund tonnum eða rúmum 23%.

Skerðingar undanfarinna ára eru ekki í neinu samræmi við upplifun sjómanna um hvernig veiðar ganga. Meðalafli í róðri hjá strandveiðibátum hafi farið vaxandi á undanförnum árum og ekkert lát á því í ár. /VH


YARA

## Gróffóðurkeppni Yara 2022
### Kynning á keppendum



## Syðri-Gróf 2
Axel Páll Einarsson og Elísabet Thorsteinson

1. 20 km austur af Selfossi við bakka Þjórsár.
2. Jörðin er rúmir 200 hektarar og þar af ræktað land 73 hektarar.
3. Blandað bú með 32 kýr í gamaldags básafjósi, 130 veturfóðraðar ær, 20 hesta, hænur, geitur og angórukanínur.
4. Að gleyma sér ekki á sófanum, á við um margt annað líka.
5. Vallarfoxgras með 15% vallarsveif.
6. Nei aldrei.
7. Fyrir utan búskapinn er hestamennskan fyrirferðamikil en annars erum við með fjölbreytt áhugamál. Stangveiði, skotveiði, bílar og jeppar ásamt smíði og handavinnu ýmiskonar. Svo horfum við mikið saman á íþróttir.



## Ölkelda
Jón Svavar, Kristján, Þórður og fjölskyldur

1. Staðarsveit í Snæfellsbæ.
2. 500 hektarar, þar af 120 ha ræktað land (50 ha á leigulandi).
3. 90 mjólkurkýr og tilheyrandi kvíguhjörð/nautaeldi og 30 ær (til leiðinda).
4. Íslenska veðráttan.
5. Grasfræblandan Beit og heyfengur frá Fóðurblöndunni.
6. Já með skeljasandi. 10 tonn/ha síðustu tvö vor.
7. Ýmislegt, misgáfuleg þó...

### Spurningalistinn
1. Hvar er bærinn?
2. Stærð jarðar og þar af ræktað land?
3. Gerð bús?
4. Hvað telur þú vera stærstu áskorunina í keppninni?
5. Hvert er sáðgresi keppnisspildunnar?
6. Hefur keppnisspildan verið kölkuð? Ef svo er þá með hvaða kalkgjafa og hve mikið?
7. Áhugamál?




Sláturfélag Suðurlands svf. | Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000 | yara@yara.is | www.yara.is

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS



# Innflutningur og verðþróun á hráefnum til fóðurframleiðslu

**Árið 2021 voru flutt inn um 88 þús. tonn af hráefnum til fóðurframleiðslu sem var um 5% minna magn en árið áður.**

Stærstu vöruflokkarnir eru hveiti, maís og soja (kaka). Árið 2021 voru flutt inn 25,7 þús. tonn af hveiti, 19,2 þús. tonn af maís og 13,2 þús. tonn af soja (köku).

Þá voru árið 2021 flutt inn um 78,8 þús. tonn af tilbúnu fóðri, þar af 61,7 þús. tonn af fiskifóðri og 17,1 þús. tonn af öðru fóðri. Hér fyrir neðan má sjá hlutfallslega verðþróun innflutnings eftir mánuðum fyrir hveiti, maís og soja (blá lína) upplýsingar eru fengnar frá Hagstofu Íslands.

Til samanburðar er hér þróun á heimsmarkaði (rauð lína) – gögn fengin frá Alþjóðabankanum (Worldbank) umreiknuð í íslenskar krónur. Gröfin að neðanverðu sýna hlutfallslega verðþróun á einingaverði innfluttra hráefna til fóðurframleiðslu síðustu 12 mánuði. /USS

## Hveiti

Hveitiverð helst áfram hátt. Áfram ríkir óvissa um uppskeru og viðskipti með hveiti frá Úkraínu og Rússlandi. Útflutningsbann á hveiti frá Indlandi hefur leitt til hækkunar á verði. Ásamt því að leiðandi framleiðslulönd hafa gefið upp áætlun um samdrátt í uppskeru.

| 1 mán | 12 mán |
|---|---|
| - 3,8% | +36,5% |




## Maís

Verð á maís hefur farið hækkandi að undanförnu. Rússland og Úkraína eru umfangsmiklir útflytjendur á maís og staðan þar veldur óvissu á markaði. Þá eru Kínverjar í samningaviðræðum um viðskipti með maís, við Brasilíu, sem mun hafa áhrif á framboð á markaði.

| 1 mán | 12 mán |
|---|---|
| +14,6% | +30,6% |




## Soja

Verð á soja hefur hækkað mikið að undanförnu. Hitar í Bandaríkjunum ógna uppskeru þar á sama tíma og eftirspurn á heimsvísu eykst og framleiðsla dregst saman. Hátt áburðarverð hefur dregið úr ræktun í S-Ameríku.

| 1 mán | 12 mán |
|---|---|
| +16,8% | +38,9% |




Innflutt — Heimsmarkaður




## Verðþróun matvæla á heimsvísu

Matvælaverðsvísitala FAO (FFPI) er mælikvarði á mánaðarlegar breytingar á alþjóðlegu verði á matarkörfu. Það samanstendur af meðaltali fimm vöruflokkaverðsvísitalna sem vegið er með meðalútflutningshlutdeild hvers flokks á árunum 2014-2016.

Matvælaverðsvísitala FAO (FFPI) var að meðaltali 157,4 stig í maí 2022, sem er 0,9 stig (0,6 prósent) lækkun frá apríl, sem markar aðra mánaðarlega lækkunina í röð, þó enn 29,2 stigum (22,8 prósent) yfir gildi hennar í samsvarandi mánuði í fyrra. Lækkunin í maí stafaði af lækkunum á jurtaolíu- og mjólkurverðsvísitölum, en sykurvísitalan lækkaði einnig í minna mæli. Á sama tíma hækkuðu verðvísitölur fyrir korn og kjöt.

| 1 mán | 12 mán |
|---|---|
| - 0,6% | +22,8% |


vfs.is
Milwaukee
ALVÖRU VERKFÆRI
Á ALVÖRU TILBOÐUM TIL 30. JÚNÍ 2022
KAUPAUKAR
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
HAPPDRÆTTI
STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!
Kauptu Milwaukee aukahluti fyrir 14.900 kr. og fáðu VERKFÆRATÖSKU
PEYSA eða BOLUR
Fylgja völdum vörum meðan birgðir endast!
Milwaukee
BÍLLINN
Á ferðinni um landið.
Prufaðu allt það nýjasta þegar hann er nálægt þér.
Sjáðu dagskrána á vfs.is
TILBOÐS-BÆKLINGUR
Komdu í verslanir okkar og náðu þér í eintak.
DERHÚFA
Fylgir öllum kaupum meðan birgðir endast!
HAPPDRÆTTI
Verslaðu Milwaukee vöru dagana 31. maí til 30. júní og þú ferð í pott.
Stórglæsilegir vinningar!
3 heppnir geta unnið glæsilegan uppblásinn Milwaukee heita pott.
Sjáðu öll tilboðin á vfs.is
VERKFÆRA SALAN
Nothing but HEAVY DUTY
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


Komum hlutunum á hreyfingu
Við bjóðum hagstæðar leiðir til að fjármagna ný og notuð atvinnutæki og bíla sem henta rekstrinum þínum.
JCB
LANDSBANKINN.IS

FRÉTTASKÝRING

## Efnahagslegt hlutverk íslenska hestsins:

# Hvert er umfangið?

### – Þörf er á gagngerri heildarkortlagningu á eðli og veltu í fjölbreyttri starfsemi hestamennsku á landsvísu

**Efnahagslegt hlutverk íslenska hestsins hefur breyst töluvert á undanförnum tuttugu árum. Hesturinn er forsenda fjölbreyttrar starfsemi bæði hérlendis og erlendis. Heildræn yfirsýn á umfangi greinarinnar í heild er hins vegar ekki til staðar. Vægi atvinnugreinar byggir á upplýsingum um áhrif og arðsemi hennar og því er hagsmunaaðilum hestamennsku vandi búinn þegar vinna á að framgangi starfseminnar á einn eða annan hátt.**





Úr stóðréttum. Tölur sýna að útflutningstekjur vegna sölu íslenskra reiðhrossa eru á pari við tekjur annarra útflutningsafurða hrossa, þ.e. þegar tekin eru saman verðmæti hins umdeilda PMSG og kjöts. Árið 2021 voru tekjur vegna útflutnings reiðhrossa um 2,25 milljarðar króna. Meðaltal á uppgefnu söluverði þeirra var um 690.000 krónur. Á meðan voru útflutningstekjur vegna afurða hrossa, sem ekki eru nýtt sem reiðhross, um 2 milljarðar króna. Mynd / ghp

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Í skýrslu starfshóps matvælaráðherra um blóðtöku úr fylfullum hryssum eru efnahagsleg sjónarmið greind sem eitt af meginsjónarmiðum þeirra hagaðila sem fengu að koma á framfæri sinni afstöðu í nefndinni. Meðal aðila voru ráð og félög sem vinna að framgangi reiðhestsins, s.s. fagráð í hrossarækt, Alþjóðasamband Íslandshestafélaga (FEIF), Félag tamningamanna og Landssamband hestamannafélaga. Skýr afstaða meðal þeirra var að banna ætti blóðmerahald á forsendum ímyndar greinarinnar, ræktunarsjónarmiða og efnahagslegra sjónarmiða.

Í umfjöllun nefndarinnar um efnahagsleg áhrif kemur fram að engin bein neikvæð efnahagsleg sjónarmið liggi fyrir. Erfitt sé að mæla eða sýna fram á þessi áhrif með beinum hætti og engin úttekt liggi fyrir á efnahagslegum áhrifum hestatengdrar starfsemi í heild. Niðurstaða hópsins er sú að ekki sé hægt að banna blóðmerabúskap á grundvelli óbeinna efnahagslegra hagsmuna, s.s. ímyndar og hugsanlegra áhrifa.

Óhjákvæmilegt væri að mæla og sýna fram á slík áhrif.

*Fjölbreytt starfsemi*

Atvinnugreinin hestamennska er marglaga. Hún felur m.a. í sér ræktun hrossa, útgerð stóðhesta, tamningu og þjálfun hrossa, hrossasölu innanlands sem utan, hestaferðamennsku og reiðkennslu. Þá er sá þáttur sem tengist minna reiðhestinum, eins og kjötframleiðsla og blóðframleiðsla, einnig þættir sem velta töluverðum fjárhæðum ár hvert. Einnig er þá ótalið afleidd starfsemi, s.s. framleiðsla reiðtygja og annars búnaðar, hestasýningar, íþróttamót og aðrir viðburðir, dýralæknaþjónusta, hestaflutningar og ótal margt fleira.

Í grein í *Skrínu, riti um auðlinda-, landbúnaðar- og umhverfisvísindi*, frá árinu 2015, skrifa Ingibjörg Sigurðardóttir og Runólfur Smári Steinþórsson um rannsókn sína á þróun hestatengdra klasa á Norðurlandi vestra. Klasafræðin snúast um að greina tengsl og virkni skilgreindra þátta. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um fjölbreytta starfsemi sem tengjast hestum í öllum þáttum virðiskeðjunnar, allt frá frumframleiðslu til sérhæfðar þjónustu.

„Starfsemin hefur þróast á löngum tíma og fjöldi og fjölbreytileiki hestatengdra fyrirtækja á svæðinu gefur vísbendingu um aukið samspil sem skilar virðisauka og meiri styrk innan greinarinnar sem síðan laðar að sér frekari starfsemi á þessu sviði," segir í greininni.

Helstu annmarkar rannsóknarinnar fólust í takmörkuðum upplýsingum um ákveðna þætti hestatengdrar starfsemi og skorti á skilgreiningum. „Víða voru mörk milli áhugamáls og atvinnustarfsemi ekki skýr út á við þó að greinarmunur hafi vissulega verið gerður á þeim sem höfðu kennitölu og virðisaukaskattsnúmer á sinni starfsemi og þeim sem stunduðu hestamennsku fyrst og fremst sem áhugamál. Engin skráning var þó til á hestatengdum fyrirtækjum í heild enda er hestatengd starfsemi oft og tíðum hluti af annars konar landbúnaðarrekstri. Því var erfitt að skilgreina hversu stór hluti starfseminnar var hestatengdur eða hver væri fjöldi fyrirtækjanna og eðli þeirra. Sem dæmi um þennan skilgreiningarvanda má nefna að opinberlega hefur ekki verið skilgreint hvað hrossaræktandi er.

Velta má fyrir sér hvort undir þá skilgreiningu falli aðeins þeir sem hafa að hluta eða öllu leyti atvinnu af hrossarækt eða hvort og þá hvenær áhugamenn falla einnig undir þessa skilgreiningu. Hrossabóndi getur átt 30 hryssur í stóði sem fyrst og fremst eru nýttar til kjötframleiðslu á sama tíma og áhugamaður á 2–3 sýndar kynbótahryssur sem skila meiri erfðaframför inn í stofninn," segir einnig í greininni.

*Mikið verk óunnið*

Ingibjörg, sem nú starfar sem lektor við Háskólann á Hólum, hóf vegferð sína í rannsóknum á hestatengdri starfsemi fyrir um tveimur áratugum. Meðal annars hefur hún framkvæmt rannsókn á eðli og umfangi hestamennskunnar sem atvinnugreinar og afmarkaði rannsóknarsvæðið sitt við Norðurland vestra. Ingibjörg segir að þegar skortur á gögnum blasti við hefði hún þurft að taka nokkur skref til baka og breyta upphaflegu uppleggi rannsóknarinnar.

Þannig fékk hún ekki aðgengi að neinum tölum né haldbærum upplýsingum sem gátu veitt henni yfirsýn yfir umfang fjölbreyttrar hestatengdrar starfsemi á Norðurlandi vestra, þar sem 32% allra hesta landsins eru staðsettir. Hún fór því í kortlagningu á hvers konar starfsemi tengd hestum væri á svæðinu. Heimildaöflunin var handvirk og byggði á fyrirliggjandi en brotakenndum gögnum sem og tengslum hennar við svæðið. Rætt var við fjölda heimamanna og greinin kortlögð.

Í rannsókninni veltir hún fyrir sér hvort ástæður þess að heildræn stefnumótun hafi ekki verið unnin kunni að liggja í þeirri staðreynd að heildarsamtök fyrir hestamennsku á landinu séu ekki til staðar. Stefnur hafa aðeins verið markaðar fyrir afmarkaða þætti hestamennskunnar, svo sem fyrir kynbótastarf. Aðrir þættir hestamennsku hafi verið flokkaðir sem landbúnaður á meðan hestaíþróttin er viðurkennd íþróttagrein.

*Alþjóðlegt vandamál*

Veikleikinn er ekki einangraður við hestatengda starfsemi á Íslandi.



Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor við Háskólann á Hólum. Mynd/ Árni Rúnar Hrólfsson

Ingibjörg segir að í reynd sé þessi skortur á tölfræðiupplýsingum vandamál víða um heim og vísar til nokkurra erlendra rannsókna í þeim efnum.

Rannsóknarniðurstöður um samsetningu og eðli hestamennsku séu samhljóma varðandi ákveðin sérkenni greinarinnar. Fjölbreytileiki er áberandi og vísar Ingibjörg í breska rannsókn þar sem því er haldið fram að hestamennska sé fjölþættari en nokkur önnur grein þar í landi.

„Í Bandaríkjunum hefur verið bent á að hestamennska sé efnahagslega mikilvæg, bæði á landsvísu og fyrir tiltekin svæði, enda feli hún í sér fjölbreytta starfsemi á sviði landbúnaðar, viðskipta, íþrótta og afþreyingar," segir í rannsókn Ingibjargar frá 2011.

Einnig er bent á takmarkaðan áhuga á rekstrarþáttum kringum starfsemina. Fyrirtæki í hestamennsku hafi oftar orðið til vegna áhuga stofnenda á hestinum og hestamennsku og leggi því meiri áherslu á þætti sem snerta hestinn sjálfan en peninga og viðskipti.

Í íslenskri rannsókn, sem Ingibjörg vísar í, kemur fram að rekstraraðilar í hestaferðaþjónustu á Íslandi leggi litla áherslu á rekstrarlega þætti og virðast betur að sér hvað varðar ræktun, tamningar, þjálfun og reiðmennsku en fjárhags- og rekstrarleg málefni. Þetta sé þó breytilegt milli rekstraraðila.






**Myndin sýnir frumgerð af klasakorti hestatengdrar starfsemi á Norðurlandi vestra úr rannsókn Ingibjargar Sigurðardóttur og Runólfs Smára Steinþórssonar. Fyrir miðju er sú starfsemi sem þau flokka sem kjarnann í hinni hestatengdu starfsemi; ræktun lífhrossa og sláturhrossa. Út frá því skapast svo fjölbreytt hestatengd starfsemi, allt frá afurðavinnslu til sérhæfðrar þjónustu.**



**Frá verðlaunaafhendingu kynbótahryssa á Landsmóti 2016. Margt hefur áunnist í rekstri og rekstrarskilyrðum hestamennskunnar á tuttugu árum. Fagmenn og fyrirtæki styðjast allra jafna við rafrænt bókhald og greiðslumóral viðskiptavina hefur breyst töluvert. Virðisaukaskatturinn er hins vegar sá þáttur sem enn stríðir gegn gegnsæi og heildaryfirsýn bókhaldsins.** Mynd /ghp

### *Skilgreiningarvandinn*

Einn stór þáttur vandamálsins liggur í loðnum skilgreiningum. Sumir eru ræktendur með enga atvinnustarfsemi, meðan aðrir eru rekstraraðilar. Hvenær ertu hrossaræktandi? Áhugamenn mega jú rækta folöld – en geta jafnvel, undir einhverjum kringumstæðum, sett sig í þá stöðu að vera í samkeppni við atvinnurekstur.

Staðreyndin er sú að innlend hrossasala á ekki í djúpstæðu sambandi við skattayfirvöld. Framan af var frekar undantekning en regla að gefa upp hrossakaup. Boðið var á borðið. Gerð voru hrossaskipti. Í dag er þó kominn faglegri bragur á alla starfsemi þó kúrekar finnist enn.

Af þessu leiðir að engar áreiðanlegar tölur er að finna um umfang innanlandssölu hrossa. Markaðurinn gæti verið stór, hann gæti verið lítill.

Viðmælendur Bændablaðsins voru á einu máli um að margt hafi áunnist á tuttugu árum. Ekki sé langt síðan rassvasabókhald hafi verið regla frekar en undantekning og ekkert til sem kalla mætti rekstur.

Í dag sé greiðslumórallinn allt annar, fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hafi allt upp á borðum, styðjast við rafrænt bókhald og viðskiptavinum þyki flestum eðlilegt að borga fyrir bæði þjónustu og vöru. Virðisaukaskatturinn sé hins vegar sá þáttur sem enn stríðir gegn gegnsæi og heildaryfirsýn bókhaldsins.

### *Vaskurinn*

Flestir þeir sem kaupa hross og þjónustu kringum þau stunda hestamennsku í frítíma. Þetta eru einstaklingar sem eru að borga fyrir sína frístund með sínum launum, bæði hérlendis og erlendis. Fæstir eru í rekstri.

Fyrir þetta fólk munar miklu á virðisaukaskatti, hvort um sé að ræða 1 milljón eða 1.250 þúsund krónur fyrir hest, 100.000 eða 125.000 krónur fyrir tamningu, folatoll eða aðra þjónustu, tíu eða tólf þúsund fyrir kennslu eða járningu og svo framvegis. Því þykir það ekki óeðlilegt að athuga hvort ekki sé hægt að greiða fyrir vöru eða þjónustu án þess að gefa hana upp til skatts. Þrýstingurinn, að sögn viðmælenda Bændablaðsins, liggur fyrst og fremst hjá kaupendum, ekki seljendum eða þjónustuaðilum.

Þannig grunar marga af viðmælendum Bændablaðsins að lægri virðisaukaprósenta gæti dregið úr hvatanum til að vanskrá viðskipti.

### *Hvaða tölur eru til?*

Ef tilteknar eru tölur sem hægt er að sækja fyrir árið 2021 kemur eftirfarandi í ljós:

Ísteka flutti út fullunnið efni úr blóði mera fyrir um 1,9 milljarða króna í fyrra. Framleiðsla á hrossakjöti voru rúm 830.000 tonn og voru heildarverðmæti fyrir það rúm 206 milljónir, þar af 132 milljónir í útflutning. Það gera tveggja milljarða króna útflutningstekjur vegna afurða hrossa, sem ekki eru nýtt sem reiðhross.

Samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, skiptu 7.396 hross um eigendur árið 2021, þar sem fyrri eigandi er staðsettur á Íslandi.

Metár var í útflutningi hrossa árið 2021 en 3.341 hross fór utan samkvæmt tölum WorldFengs. Þar af voru 1.395 þeirra með undir 100 í kynbótamati (BLUP).

Eins og fram hefur komið eru engar haldbærar upplýsingar til um veltu vegna hrossasölu innanlands, en hægt er að gera ráð fyrir að fjöldi sala innanlands sé töluverð miðað við fjölda eigendaskipta.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru tekjur vegna útflutnings 3.256 hrossa rúm 2,25 milljarðar króna. Þegar tekjum er deilt niður á fjölda útfluttra hrossa blasir við að meðaltal á uppgefnu söluverði er um 690.000 krónur.

### *Vanstilltar útflutningstekjur*

Eftir því sem Bændablaðið kemst næst þykir krónutalan 690.000, sem meðalverð á útfluttu hrossi, ansi langt frá rauntölum. Mörgum gæti þótt þetta óraunhæf tala. Það ber þó að nefna að margt getur skekkt þessa meðaltölu, m.a. að mörg hrossanna eru ekki að skipta um eigendur þótt þau séu á leið úr landi og því sé uppgefið verð við útflutning ekki verðmæti hrossins. Eins er fjöldi ótaminna tryppa einhver. Þá virðist hafa verið töluverður markaður með ódýrari hross ef marka má fjölda útflutningshrossa með lágt kynbótamat.

Engu að síður voru flestir viðmælendur Bændablaðsins á því að tölur Hagstofunnar stæðust ekki skoðun. Margir beinlínis staðhæfðu að vegna þrýstings frá kaupendum, viðtakendum hrossanna erlendis, væri venjan að gefa upp lægra verð á pappírnum en raunverulegt söluverð hafi verið. Það sé gert til að minnka umfang virðisaukaskatts og innflutningsgjalda þegar hrossið lendir á nýjum heimahögum.

Í Sviss er virðisaukaskattur í lægri kantinum. Þegar eingöngu er litið á meðalverð uppgefinna útfluttra hesta þangað hjá Hagstofunni kemur í ljós að meðalsöluverð er um 1.220 þúsund krónur.

Á meðan er meðalverð hrossa sem fara til Þýskalands, sem hækkuðu virðisaukaskatt sinn úr 6% í 19% fyrir fáeinum árum, 590.000 krónur. Í Svíþjóð er virðisaukinn svipaður og hér heima, þar er uppgefið meðalsöluverð 690.000 kr.

Áhrif undanskota eru þau að vægi atvinnugreinarinnar minnkar. Fyrrnefndar tölur sýna að útflutningstekjur vegna sölu íslenskra reiðhrossa eru á pari við útflutningstekjur annarra útflutningsafurða hrossa, þ.e. þegar tekin eru saman verðmæti hins umdeilda PMSG og kjöts.

### *Beinharðar röksemdir mikilvægar*

Ingibjörg Sigurðardóttir segir skort á yfirsýn yfir hestatengda starfsemi hafa mikil og alvarleg áhrif á greinina í heild.

„Til þess að fá vægi þarf að gefa upp og sýna fram á umfang starfseminnar. Það er einn helsti Akkilesarhæll geirans að hlutirnir eru ekki gefnir upp. Allt sem viðkemur að sækja um einhvers konar fjármagn eða stuðning byggir á að hafa sannfærandi rök fyrir því. Það er mikilvægt að geta sýnt fram á t.d. tekjur, veltu og umfang, hvort sem menn eru að tala við stjórnvöld eða samstarfsaðila erlendis. Í hestatengdri starfsemi vantar þessa röksemd,“ segir hún.

Einnig skortir að hægt sé að aðgreina hestatengda starfsemi frá öðrum rekstri í tölulegum upplýsingum.

### *Þegar stórt er spurt*

Viðmælendur voru spurðir um lausn á þessum rótgróna veikleika í atvinnugreinum tengdum íslenskri hestamennsku. Flestallir hömruðu á þætti virðisaukaskattsins. Ef hann yrði lækkaður myndu raunhæfari tölur sigla upp á yfirborðið atvinnugreininni í heild til bóta.

Mikið verk er enn óunnið við kortlagningu og rannsóknir á umfangi og eðli hestamennsku á landsvísu og Ingibjörg telur að ráðast þurfi í gagngera þverfaglega heildarkortlagningu á atvinnugreininni, til að finna út raunverulegt umfang og veltu allrar starfsemi sem tengist íslenska hestinum.



LANDBÚNAÐARRANNSÓKNIR

### Rannsóknir í jarðrækt:

# Hækkun sýrustigs ræktunarjarðvegs

## – Getur leitt til hagkvæmari áburðarkaupa að nota heimafengin bergefni

**Lögð hefur verið út tilraun á Hvanneyri með það að markmiði að hækka sýrustig ræktunarjarðvegs. Með því að ná sýrustigi sem er hentugt nytjajurtum má bæta uppskeru og nýtingu áburðarefna. Aðföng úr staðbundnu hráefni gætu orðið mikils virði fyrir landbúnað hér á landi. Að auki er unnið að því að fá ný viðmið í notkun á skeljasandi og innfluttum kalkgjöfum í jarðrækt.**

Starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hafa í nokkur ár rannsakað áhrif mismunandi bergefna á sýrustig mýrarjarðvegs í pottatilraun og niðurstöður gáfu til kynna að leggja þyrfti út stóra tilraun í ræktunarskika.


Tilraunin í Bíafra-spildunni á Hvanneyri. Hér er verið að leggja út meðferðarliðina í tilraunareiti.


Snorri Þorsteinsson.

*Jarðræktartilraun í Bíafra*

„Það er spilda hér á Hvanneyri sem gengur undir heitinu Bíafra þar sem langtímatilraunir Jarðræktarmiðstöðvarinnar eru staðsettar, því má vona að tilraunin fái að standa yfir lengri tíma og að svörum um langtímaáhrifum kölkunar geti verið svarað,“ segir Gunnhildur Gísladóttir, nemi í búvísindum hjá LbhÍ og starfsmaður Jarðræktarmiðstöðvarinnar.

Í tilrauninni er verið að bera saman skeljasand, svartan sand úr námu, fjörusand með ögn af skeljabroti, áburðarkalk, dólómítkalk, blöndum af svörtum sandi og áburðarkalki, svörtum sandi og dólómít-kalki og skeljasandi og áburðarkalki. Allt er prófað í þremur skömmtum, eða því sem samsvarar 5, 10 og 15 tonnum á hektara, nema áburðarkalkið sem var borið á í 300, 600 og 1.000 kg á hektara og dólómít-kalkið sem var borið á í 3, 5 og 10 tonnum á hektara.

„Tilraunin er því mjög stór, eða samtals 99 tilraunareitir, hver reitur er 10 fermetrar. Allar meðferðir eru lagðar út í þremur endurtekningum,“ segir Gunnhildur. Skammtastærðir voru ákvarðaðar út frá þekktum viðmiðunum ásamt því að reynt var að horfa til þess að fá prófanir á hagkvæmum blöndum með tilliti til kostnaðar á aðföngum.


Gunnhildur Gísladóttir.


Efnin sem notuð voru í tilrauninni. Eftst til vinstri er svartur sandur úr námi, svo fjörusandur, skeljasandur, dólómít-kalk, áburðarkalk og áburður. Fyrir neðan er sáðið; bygg og vallafoxgras og rauðsmári.

„Niðurstöður pottatilraunarinnar bentu til þess að önnur bergefni en hefðbundinn skeljasandur geta hækkað sýrustig ræktunarjarðvegs,“ segir Snorri Þorsteinsson, jarðræktarráðunautur hjá RML, sem tekur þátt í verkefninu, sem ber heitið „Hækkun sýrustigs ræktunarjarðvegs með innlendum bergefnum“.

Pottatilraunin var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Framhaldsverkefnið sem nú er sett upp á Hvanneyrarbúinu hlaut styrk frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem þróunarverkefni í nautgriparækt. Einnig fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir vinnu Gunnhildar.

*Af hverju þarf að hækka sýrustig?*

Með því að hækka sýrustig erum við í raun að gera jarðveginn minna súran. Sýrustigskvarðinn (pH) sem unnið er með nær frá 0-14 á pH skala. Þar er 7 hlutlaust og undir því er súrt meðan yfir sjö er basískt.

„Þær nytjajurtir sem eru mest ræktaðar hér á landi dafna milli pH 5,5-7,0. Grös hafa til dæmis meiri möguleika til þess að dafna í neðri jaðri þessara viðmiða heldur en til að mynda belgjurtir. Til þess að ná sem bestum árangri viljum við því ekki liggja í lægstu mörkum og erum við því oft að horfa til þess að sýrustig sé um 6 á pH skala. Áburðarnýting flestra næringarefna batnar við það að hækka sýrustig.

Því getur hækkun leitt til hagkvæmari áburðarkaupa ásamt því að gera búrekstur umhverfisvænni. Sérstaklega ef hægt er að vinna með heimafengin aðföng við hækkun sýrustigs,“ segir Snorri.

*Búbót í fleiri bergefnum*

Hingað til hefur skeljasandur, sem dælt er upp af hafsbotni eða mokað úr skeljasandsfjörum, mest verið notaður, en kalkið í skeljasandinum vinnur að því að hækka sýrustig hans.

„Það eru fleiri katjónir en kalk sem geta hækkað sýrustig og því er kannski ekki nauðsynlegt að nota aðeins sand með háu kalkmagni.

Þekkt er að veðrun ýmissa bergefna getur verkað á móti sýrumyndun í jarðvegi. Var það ein af ástæðum þess að farið var af stað í þessar rannsóknir.

Oft er verið að horfa á að bera á 5–10 tonn á hektara af skeljasandi við endurræktun.

Fer magnið eftir jarðvegsgerð og sýrustigsástandi en það er kostnaðarsamt að flytja mikið magn af efni um landið. Það væri mikil búbót ef hægt væri að finna viðmið fyrir fleiri bergefni sem gætu nýst til þess að hækka sýrustig en hefðbundnar lausnir,“ segir Snorri.

*Fyrstu niðurstöður að vænta í sumar*

Fyrstu niðurstaðna tilraunarinnar í spildu Hvanneyrarbúsins er að vænta í sumar.

„Við tókum jarðvegssýni úr hverjum reit og frumniðurstöður sýndu að sýrustigið var um pH 5,2-5,5. Við munum svo mæla sýrustigið aftur í haust og sjá hvort það hefur orðið breyting. Við sáðum vallafoxgrasi og rauðsmára í alla reiti en einnig byggi. Við stefnum svo að uppskeru mæla alla reiti með reitasláttuvél Jarðræktarmiðstöðvarinnar.

Bygg og rauðsmári eru góðar vísiplantöntur í þessa tilraun vegna þess hve illa þær þrífast í súrum jarðvegi og byggið getur orðið fyrir ál-eitrun þar sem blöðin gulna og plantan vex illa. Það getur því komið áhugaverður samanburður strax í ár en vissulega munu áhrif kölkunar koma fram á lengri tíma,“ segir Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri.

Vonir standa til að áfram verði hægt að mæla uppskerutilraunina á næsta ári og fylgjast með sýrustigsbreytingum jarðvegsins ásamt því að efnagreina uppskeru úr hverjum reit.

„Það veltur allt á því að fjármagn fáist í rannsóknirnar,“ segir Hrannar.

*/ghp*



Gríðarmikil spretta í Eyjafirði:

# Allt að helmingi meira magn

**„Það bara gjörsamlega veður upp grasið og magnið sem bændur eru að fá er gríðarlega mikið," segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar.**

Bændur í Eyjafirði eru víða komnir vel áleiðis með fyrri slátt, einkum inni í Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströndinni, en síður út með firðinum.

„Nú þarf eiginlega bara almennilegan þurrk svo hægt sé að heyja."

Hann segir tún yfirleitt falleg og sprettan mjög góð en vætutíð undanfarna daga hefur sett strik í reikninginn. Sem dæmi um góðan heyfeng segir Sigurgeir að ekki sé óalgengt í meðalári að fá um 10 til 12 rúllur af góðum túnum af hektara lands í fyrri slætti. Nú séu bændur að uppskera 15 og upp í 20 rúllur af hektaranum.

Nefnir Sigurgeir að maímánuður síðastliðinn hafi ekki verið hlýr, en það sem skipti sköpum var að engar frostnætur voru þann mánuð. Til samanburðar voru 18 frostnætur í maí í fyrra.

Þá segir hann að úrkoma í nýliðnum maímánuði hafi verið tvöföld á við það sem gerist í meðalári og því hafi jörð verið mjög rök. „Þetta er allt eiginlega bara æðislegt, mikil og hröð spretta og túnin hér um kring sjaldan jafn glæsileg. Rigningartíð síðustu daga setur aðeins strik í reikninginn, ef ekki fer að koma góður þurrkur má gera ráð fyrir að grösin tapi sínu besta," segir hann. */MÞÞ*



**Mikil og góð spretta hefur verið í Eyjafirði framanverðum og heyfengur góður.**
Myndir / Ingvi Guðmundsson



**Sláttur gengur vel á Hríshóli.**

## Sterkur Stöðvarfjörður

**Samstarfsverkefninu Sterkur Stöðvarfjörður hefur verið hrint í framkvæmd.**

Verkefnið er samstarf milli Fjarðabyggðar, Austurbrúar, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Byggðastofnunar, en um er að ræða byggðaþróunarverkefni undir merkjum Brothættra byggða.

Valbjörg Ösp Ánadóttir Warén er ráðin verkefnastjóri og hefur störf síðar í sumar. Nú stendur yfir vinna við mótun áætlunar fyrir verkefnið, en hún byggir á skilaboðum frá íbúaþingi sem haldið var fyrr á árinu, sem og greiningarvinnu verkefnisstjórnar á stöðu byggðarlagsins. Vonir standa til að verkefnaáætlun verði til um miðjan ágúst og verður þá boðið til íbúafundar og hún kynnt. Í kjölfar þess verður opnað fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð Sterks Stöðvarfjarðar. Samningur gerir ráð fyrir að verkefnið standi yfir í fjögur ár. */ MÞÞ*

## Aktu varlega!




**Ný skilti má nú sjá á framkvæmdasvæðum víða um land.**

Vegagerðin, í samstarfi við Samgöngustofu, Ríkislögreglustjóra og verktakafyrirtækin Ístak, Colas Ísland og Borgarverk, hafa efnt til vitundarátaksins, „Aktu varlega! – mamma og pabbi vinna hér." Nýlega var skrifað undir viljayfirlýsingu þess efnis og kynnt ný skilti, sem verða notuð við framkvæmdasvæði á vegum landsins í sumar meðan átakið stendur yfir. */MHH*



# Á döfinni í júní ...

## Austurland & Austfirðir

18.-25. júní Gönguvikan Á fætur í Fjarðabyggð, fjölskylduvænar gönguferðir og afþreying.
25. júní Skógardagurinn mikli í Hallormsstaðarskógi.

## Norðurland & Norðausturland

24.-26. júní Lummudagar! Notaleg fjölskylduhátíð í Skagafirði með fjölbreyttri dagskrá.
24.-25. júní Midnight Sun Whitewater hátíðin verður haldin eftir tveggja ára hlé. Flúðasigling um miðnætti niður Jökulsá Austari, kajaksiglingin Fire and Ice, grill, tónlist og margt fleira.
24.-26. júní Bæjarhátíðin Hofsós heim. Varðeldur, sjósund & markaðir.

## Reykjanes, Suðurland, Suðaustur & Suðvesturland

24.-26. júní Hvalfjarðardagar.
24.-26. júní Humarhátíð á Höfn í Hornafirði þar sem boðið er upp á humarsúpu og fjölbreytta skemmtidagskrá. Sömu helgi er í gangi flughátíð á Hornafjarðarflugvelli, sem fjölskylda Vignis Þorbjörnssonar heldur honum til heiðurs, en hann sinnti flugþjónustu Hornafjarðarflugvallar nánast allt sitt líf.
25. júní Jónsmessuhátíð Eyrarbakka. Varðeldur, markaðir o.fl.
30. júní-3. júlí Goslokahátíð Vestmannaeyja þar sem lokum eldgossins á Heimaey 1973 er fagnað.

## Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

24.-26. júní Hamingjudagar á Hólmavík fyrir alla fjölskylduna.
24.-26. júní Brákarhátíð – Fjölskylduhátíð í Borgarnesi og svo má ekki gleyma Landsmóti UMFÍ fyrir aldurshópinn 50+
24.-26. júní Danskir dagar á Stykkishólmi.
30. júní-2. júlí Markaðshelgin – Fjölskylduhátíð í Bolungarvík.
30. júní-3. júlí Írskir dagar – Bæjarhátíð á Akranesi.

(Svo er nú sjálfsagt eitthvað sem hefur ekki komist á lista, en hér að ofanverðu er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.)


**Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel**



**STÁLGRINDAHÚS**
Fjöldi stærða og gerða í boði




**STURTUVAGNAR**
Burðargeta 7-18 tonn



**Þak og veggstál galvaniserað og litað**
- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði

**H. Hauksson ehf**
Ögurhvarfi 8 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is




Skil milli þess skilvitlega og óskilvitlega eru jafnan óskýr á Jónsmessunni og telja margir að í logunum felist kraftur fyrirheita. Gjarnan má horfa í eldinn og sjá fyrir sér framtíð sína og trúa margir að þær sýnir rætist fremur öðrum.



Á meðan venja er að velta sér upp úr dögginni við dögurð kjósa aðrir að vaða í Hvaleyrarvatni undir miðnætursólinni.



Töfrar brönugrass áttu að leynast í rótinni en menn töldu að hún gæti losta og ástir auk þess að stilla ósamlyndi hjóna ef á henni væri sofið. Best væri að tína hana í fjörum og drekka af henni seyði. Ef átti að ná ástum annarra skyldi lauma rótarbita undir kodda þess sem hugurinn girntist og þá yrði takmarkinu náð.



Talið var að ómennskar skepnur á borð við kýr og annan búfénað fengju málið á Jónsmessunótt og gerðu – og gera ef til vill enn margir sér leik að því að standa við fjósdyrnar og hlera. Ekki er vitað hvort árangur ber erfiði.



Ein þekktasta saga um selinn á rætur sínar að rekja til Jónsmessunætur, en þá er trú að selir fari úr ham sínum. Segir sagan frá selkonu sem missti ham sinn í hendur bónda nokkurs en leist vel á konuna – og áttu þau saman börn og buru. Konan fann þó ham sinn eftir þó nokkur ár og steypti sér í sjóinn en mælti áður: *„Mér er um og ó, ég á sjö börn í sjó og sjö börn á landi."*

## Þegar döggin drýpur og draumarnir rætast:

# Jónsmessuhátíðin

**Samkvæmt bókinni Saga daganna eftir Árna Björnsson kemur fram að Jónsmessan, hátíð álfa og ófrenja, hafi frá fornu fari verið haldin hátíðleg sem miðsumarsnótt í Evrópu, þar sem gleðskapurinn átti það til að fara verulega úr böndunum.**

Nema auðvitað ef brennur, kynsvall og dansleikir undir þema djöflatrúar séu fólki daglegt brauð. Var þetta allt undir þeim yfirskildi að hér væri um töfra náttúrunnar að ræða. Um er að ræða tímabilið 16.-17. öldin þegar farið var að skrá dýrmætar heimildir niður á pappír, en fyrir þann tíma þótti ekki vert að eyða dýrmætu skinni í að festa niður frásagnir af slíkri hegðun.

### *Hjáguðir eða gleðimenn*

Gleðimaðurinn Marteinn Lúther nokkur, þýskur munkur og einn þekktasti siðabótamaður kirkjunnar á þessum tíma, sveiflaðist til og frá í skoðunum sínum er viðkomu þeirri trylltu gleði er Jónsmessan bauð upp á. Framan af ævi sinni virðist hann ekki andvígur slíkum skemmtunum – eða skemmtunum yfir höfuð sem blönduðust ekki saman við helgisiði kirkjunnar, en með aldrinum snerist hann þó gegn gleðskapnum sem slíkum. Tæplega fimmtugum að aldri þótti honum nóg komið en vildi þó halda í Jónsmessuna á þann hátt að hún skyldi verða hátíð predikarans auk þess að hreinsa skyldi hana af allri hjáguðadýrkun. Þessi hugmynd fékk lítinn hljómgrunn og því fordæmdi hann Jónsmessu alfarið.

Þessi skemmtilega hátíð ber því í dag keim af kaþólskri trú, messu Jóhannesar skírara og göldrum hins ærslafulla almennings.

### *Töfranótt*

Aðfaranótt Jónsmessunætur þykir ein fjögurra nátta ársins sem magnaðastar þykja hvað varðar töfra á einhvern hátt – en hinar eru jóla-nýárs- og þrettándanótt.

Þær eiga það sameiginlegt að vera í nánd við sólhvörf, sumars eða vetrar, og á þeim flestum rætast draumar, dýr tala og allir yfirskilvitlegir hæfileikar og máttar koma í ljós, fólki til gleði eða ama.

Óskasteinar, lausnarsteinar, draumagras, lásagras og huliðs-steinar tala til hjörtu trúaðra á Jónsmessunni, svo eitthvað sé nefnt.

### *Döggin*

Svo eru þeir til sem nýta nóttina eða jafnvel daginn til þess að vera frjálslega til klæða – hugsanlega svo auðvelt sé að koma sér úr leppunum og velta sér í dögginni þegar hún birtist. Þóttu slíkar veltur afar heillandi hér áður fyrr og fylgdu ýmsar sögur hvers vegna. Einhverjir vildu meina að döggin lengdi lífið, aðrir trúðu á drauma sína eftir nætursvefn í kjölfarið og enn öðrum fannst gaman að ögra tilverunni með því að verða votir, gætu fengið flensu í kjölfarið og jafnvel látist – en slíkt var ekki óalgengt hér á öldum áður. Sannkallaðir daredevils þessir sem veltu sér úr dögginni semsé.

Réttast er þó víst að allir finni töfrana innra með sjálfum sér og hvað á best við hvern og einn, en eitt er víst að nóg er af þeim í kringum þessa merkilegu hátíð. /SP


Husqvarna®
HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.
• Steinsagir
• Kjarnaborvélar
• Jarðvegsþjöppur
• Sagarblöð
• Kjarnaborar
Husqvarna K7000 Pre Cut Sögunardýpt 14,5 cm
Husqvarna DM230 Kjarnaborvél 150mm Max
Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K3600 Vökvasög Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K4000 Rafmagnssög Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K7000 Ring Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K970 Sögunardýpt 15,5 cm
Þjónustuverkstæði og varahlutir
HÁ VERSLUN
Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is


TIL SÖLU
FYRIRTÆKI Í REKSTRI - MIKLIR MÖGULEIKAR
BHS ehf. bíla- og vélaverkstæði Fossbrún 2, 621 Dalvík
HENTAR VEL FYRIR ÝMISS KONAR REKSTUR
BÍLA OG VÉLAVERKSTÆÐI
MITSUBISHI
Nánari lýsing:
BHS Fyrirtæki
ENOR
Hafnarstræti 53 • 600 Akureyri • 430 1800 • enor@enor.is • www.enor.is/is/vordusteinn



Inga Sigríður Snorradóttir og Óli Finnsson, garðyrkjubændur að Heiðmörk í Bláskógabyggð. Þau rækta mest af salati og steinselju auk tómata og gúrku en nýjasta viðbótin hjá þeim er paprikur og eldpipar. Myndir / Óli Finnsson.

## Laugarás í Bláskógabyggð:

# Eldpipar í Heiðmörk

**Ábúendur Heiðmerkur í Laugarási í Bláskógabyggð, Óli Finnsson, Inga Sigríður Snorradóttir og börnin tvö, fluttu frá höfuð borginni árið 2021 og keyptu garðyrkjustöð í fullum rekstri. Í dag rækta þau grænmeti, salat og ýmiss konar kryddjurtir.**

Óli á að baki feril sem kvikmyndagerðarmaður en Inga var verslunarstjóri í skóbúð í Kringlunni.

„Áhugi minn á garðyrkju kviknaði eftir að ég heyrði í útvarpinu að hægt væri að rækta alls konar fjölbreyttar og framandi plöntur í gróðurhúsum hér á landi, allt frá tómötum og gúrkum yfir í kaffiplöntur og banana. Mér þótti þetta mjög áhugavert og fór í framhaldinu í garðyrkjunám við Garðyrkjuskólann.

Ingu kynntist ég á fyrsta árinu mínu í Garðyrkjuskólanum, en hún var ekki með eina stofuplöntu heima hjá sér þegar við kynntumst.

Smátt og smátt smitaðist áhuginn á ræktuninni yfir á hana, en hún hafði aldrei séð fyrir sér að fara í garðyrkju,“ segir Óli.

*Heiðmörk*

„Hugmyndin um að kaupa garðyrkju-stöð kviknaði í miðju kófinu í janúar 2021. Sumarið áður höfðum við, ásamt tengdafjölskyldunni, reynt fyrir okkur í útirækt á blómkáli og spergilkáli með góðum árangri.

Inga varð heit fyrir hugmyndinni um að vinna við garðyrkju og þegar við sáum Heiðmörk ti sölu þótti okkur það tilvalið að bjóða í og kaupa stöðina og reyna fyrir okkur sem garðyrkjubændur.“

Stöðin er 2.500 fermetrar undir gleri og þar er heilsárslýsing og því möguleikar til að rækta nær hvað sem er. Auk þess er þar pökkunaraðstaða þar sem uppskerunni er pakkað í neytendapakkningar.

Við stöðina er lítið útisvæði sem er um 2.000 fm að stærð og þar ætla þau að rækta blómkál, spergilkál og gulrætur fyrir heimasöluna á Heiðmörk.

*Eldpipar ný viðbót*

Óli segir að þau rækti mest af salati og steinselju. „Við ræktum líka tómata og gúrkur og erum að prófa okkur áfram með eldpipar, eða chili, af ýmsum gerðum og viðbrögðin við honum hafa verið góð.

Eldpipar og paprikur eru nýjast viðbótin hjá okkur og við erum að rækta nokkrar sortir, eins og venjulegar paprikur og smáar og sætar snakkpaprikur sem eru lausar við kapsaisin-bragðefni, sem aftur á móti einkenna eldpiparinn.

Sjálfur er ég spenntur fyrir eldpiparnum og að rækta hann, enda alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt. Í dag erum við að rækta yrki eins og 'Jalapeno', 'Surtsey', 'Habanero' og 'Carolina Reaper', sem er eitt af sterkustu chiliyrkjum í heiminum.

Auk þeirra erum við að prófa okkur áfram með önnur spennandi yrki sem ekki eru komin í almenna sölu en verða fáanleg hjá okkur.“

*Bragðgott augnakonfekt*

Paprikur og eldpipar eiga sér langa ræktunarsögu og eru upprunnin frá Mexíkó, Mið-Ameríku og norðurhluta Suður-Ameríku.

Talið er að Indíánar í Mið- og norður hluta Suður-Ameríku hafi nýtt sér villtar paprikur og chili til matar og lækninga frá því löngu fyrir upphaf okkar tímatals.

Eftir að plönturnar bárust til Evrópu voru paprikur aðallega skrautjurtir í barrokkgörðum og á heimilum aðalsmanna á Spáni, enda er plantan alsett rauðum og gulum aldinum, sannkallað augnakonfekt.

*Styrkleiki eldpipars*

Eins og áhugafólk um sterkt chili veit mælist venjuleg búðarpaprika 0 á Scoville-skala. Hreinir kapsaisinóíðar mælast 16 milljón SHU og er styrkur kapsaisin-óíða mestur í himnunni sem umlykur fræið.

Styrkleiki yrkja er svo mismunandi, til dæmis mælist chili sem kallast 'El-Paso' með 500 til 700 SHU, 'Jalapeno' 2.500 til 8.000, 'Tunga Satans' 125.000 til 325.000 og 'Trinidad sporðdreki' rúmlega 1,4 milljón SHU.

Eftir það fer smátt og smátt að hitna í kolunum þegar kemur að 'Pot Duoglah', þá mælist það aldin 1,85 milljón SHU.

Sterkasta chili í dag, 'Carolina Reaper', mælist 2,2 milljón SHU og getur líklega valdið sjálfsíkveikju við réttar aðstæður, enda ætti fólk alltaf að handleika hann með hönskum.

Að sögn Óla er yrkið 'Surtsey' gult á litinn og líkist 'Cayanne' pipar en er mildari á bragðið.

/VH



*Capsicum chinense* 'Habanero' er bragðgóður en sterkur eldpipar.



*Capsicum chinense* 'Carolina Reaper' er sagður sterkasti eldpipar í heimi samkvæmt heimsmetabók Guinness.



*Capsicum annuum* 'Jalapeno' er bæði hægt að borða grænan og rauðan. Rauður jalapeno er sterkari en grænn.



*Capsicum annuum* 'Surtsey' er millisterkur eldpipar sem hentar vel í matreiðslu.



# KUBOTA HEYVINNUVÉLAR BEINT Í HEYSKAPINN

| Miðjuhengdar diskasláttuvélar | |
|---|---|
| DM3036 | Diskasláttuvél - vbr. 3,6 m - 10 diskar - 3 hnífar per disk. |
| DM3040 | Diskasláttuvél - vbr. 4,0 m - 10 diskar - 3 hnífar per disk. |

| Heyþyrlur | |
|---|---|
| TE6568 | vbr. 6,8 m - 6 stjörnu, 6 arma - lyftutengd |
| TE8590C | vbr. 9,0 m - 8 stjörnu, 6 arma - dragtengd á vagni |

| Framsláttuvélar | |
|---|---|
| DM4032s | vbr. 3,2m, 8 diska, 3 hnífar per disk. Stillanlegur múgi |

| Rakstrarvélar | |
|---|---|
| RA2072 | vbr. 6,2 - 7,2m - 2 stjörnur - miðjurakstur |
| RA2584 | vbr. 7,6 - 8,4m - 2 stjörnur - miðjurakstur |
| RA2590 | vbr. 8,0 - 9,0m - 2 stjörnur - miðjurakstur |

Skannaðu QR kóðann fyrir frekari upplýsingar og verð.

Gæða vélar á **hagstæðu verði.** Nánari upplýsingar veita sölumenn okkar í símum 568-1513 (Rvk.) og 568-1556 (Ak.) eða í tölvupósti, veladeild@thor.is

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500

AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555

Vefsíða og netverslun: www.thor.is

TIL AFGREIÐSLU STRAX



**FJÓLMUNDUR EHF** Á SAUÐÁRKRÓKI ER FYRIRTÆKI SEM HEFUR UM ÁRABIL SMÍÐAÐ ÝMISKONAR KRÓKA OG UPPHENGI FYRIR SLÁTURHÚS. EINNIG VOTTAÐAN HÍFIBÚNAÐ FYRIR FISKIKÖR. SMÍÐUM ÝMSA KRÓKA EFTIR MÁLI. ALLT RYÐFRÍTT!
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR OG PANTANIR Í SÍMA 893-7316. (FJÓLMUNDUR)









FJÓLMUNDUR EHF • LAUGATÚNI 18, 550 SAUÐÁRKRÓKI • S. 4537316, 8937316 • FJÓLMUNDUR EHF Á FACEBOOK

LÍF & STARF



Helstu æðarræktarstaðir á landinu.

## Æðarræktarfélag Íslands:

# Útlitið í greininni gott

**Samkvæmt skráningu Æðarræktarfélags Íslands eru æðarbændur á landinu rúmlega 380 og staðsettir um allt land að söndunum á Suðurlandi undanskildum.**

Margrét Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, segist ekki hafa heyrt annað en að útlitið í greininni sé gott. „Ég hef hvergi heyrt annað en að varpið líti vel út og að fuglinn hafi skilað sér vel alls staðar og ég hef ekki heyrt um fuglaflensu í æðarfugli.“

### *Verð hækkað*

„Dúnn lækkaði töluvert í verði fyrir þremur eða fjórum árum og það seldist lítið af honum og bændur sátu uppi með birgðir en salan fór aftur að glæðast á síðasta ári og verðið hefur hækkað aftur og þegar það var sem hæst fór kílóið á rúmar tvö hundruð þúsund krónur.“

Margrétt segir að markaður fyrir dún sé víða í heiminum. „Til dæmis Japan og Þýskaland, en svo eru sífellt fleiri einstaklingar og fyrirtæki farin að selja fullunnar vörur eins og kodda, sængur og fatnað, sem eru markaðssettar á netinu og því um talsverða þróun í markaðsmálum æðarbænda að ræða.“



Margrét Rögnvaldsdóttir, formaður Æðarræktarfélags Íslands, hreinsar dún.

### *Markmiðið að efla æðarrækt*

Æðarræktarfélag Íslands var stofnað árið 1969 og félagar eru þeir sem njóta hlunninda af æðarvarpi og þeir sem hafa áhuga fyrir æðarrækt og stofnun nýrra varpstöðva.

Á heimasíðu Æðarræktarfélags Íslands segir að félagið vinni að því að efla æðarrækt, meðal annars með því að stuðla að rannsóknum, fræðslu og leiðbeiningum um atvinnugreinina og leita leiða til að draga úr tjóni í æðarvörpum af völdum vargs. Auk þess sem félagið fylgist með sölu á æðardúni og styður við markaðsmál, með útgáfu kynningarefnis. /VH



Kolla við hreiður. Myndir / Æðarræktarfélag Íslands.



Dún safnað í Árnesey í Árneshreppi. Mynd / Hrefna Þorvaldsdóttir.

## Árnesey í Árneshreppi:

# Fuglinn skilaði sér seint

**Valgeir Benediktsson, ábúandi í Árnesi í Árneshreppi, segir að æðarfugl hafi skilað sér mjög seint í vor miðað við í meðalári og að vætutíð sé að spilla dúntekjunni.**

„Fuglinn hefur stundum verið byrjaður að setjast upp í Árnesey í endaðan apríl en í ár fórum við út í eyju í byrjun maí og þá sást lítið af fugli í henni og kringum hana og enginn fugl farinn að verpa. Eina skýringin sem ég hef á þessu er að fuglinn hafi verið einhvers staðar í æti og tafist.

Við fórum aftur út í eyju um 20. maí og þá var varp minna en í meðalári en svo var fuglinn farinn að sjást talsvert á fjörum í kringum mánaðamótin maí og júní.“



Fuglinn hefur stundum verið byrjaður að setjast upp í Árnesey í apríl. Mynd / Þórdís Una Gunnarsdóttir

### *Vætutíð spillir dún*

Eftir að vera búinn að fara þrisvar yfir eyjuna segir Valgeir að hann telji hana vera orðna fullorpna þrátt fyrir að hann telji fugla í eyjunni vera færri í ár en oft áður.

„Það er allt of snemmt að segja hver endanleg tekja verður í ár því að við erum ekki búin að tína allt enn. Veðrið hefur verið óhagstætt og mikið rignt þannig að ég veit ekki hvað kemur til með að skila sér að lokum. Nýting á dún sem hefur blotnað er verri en í þurrkatíð. Ég á því ekki von á neinni mettekju í ár.

Vorið í fyrra var þurrt sem gerði varpinu og tínslunni mjög gott, enda þurrt vor það sem skiptir mestu til að fá góðan dún. Í langverandi rigningu eins og í ár geta kollurnar illa hlíft eggjunum fyrir bleytu og þó að það rigni ekki í mitt hreiðrið síast alltaf bleyta í dúninn og eggin og slíkt spillir varpinu.“

### *Talsvert af dauðum máfi í fjörunum*

Þegar Valgeir er spurður hvort hann hafi nokkuð orðið var við mikið af dauðum fugli í vor og vísað er til fuglaflensu segir hann alltaf finnast eitthvað af dauðum fuglum á hverju vori.

„Fjöldi dauðra æðarfugla í eyjunni er svipaður og undanfarin ár og ég hef ekki tengt það sérstaklega við fuglaflensu. Mér finnst aftur á móti vera meira af dauðum máfi í fjörunum en hef haldið mig frá hræjunum og ekki verið að skoða þau neitt sérstaklega.“

### *Refur í fyrsta sinn vargur í Árnesey*

Að sögn Valgeirs var refur í fyrsta sinn vargur í Árnesey í fyrravor að hans viti. „Í fyrravor urðum við vör við mikið af eggjum sem voru grafin í sand víða í eyjunni eins og refir gera. Auk þess sem það er óvanalegt að refur syndi langar leiðir.

Í þessu tilfelli var um að ræða stekk á greni í landi sem hafði greinilega synt margar ferðir út í eyju til að komast í æti fyrir yrðlingana en fékk að lokum óblíðar viðtökur og var felldur,“ segir Valgeir Benediktsson æðarbóndi. /VH

ÆÐARBÆNDUR!

Hreinsun er komin í fullan gang!

Getum bætt við okkur æðardúni í hreinsun og sölu.

Greiðum flutningskostnað.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369 & erla@kingeider.is

ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Dúnhreinsun - Nesvegur 13 - 340 Stykkishólmi


MHG VERSLUN
Husqvarna á Íslandi
Husqvarna FS400
Gólfsög - Sögunardýpt 16,2cm
Husqvarna 545RX
Sláttuorf - 3 hestöfl
Husqvarna 535RX
Sláttuorf - 2,2 hestöfl
Husqvarna Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
Husqvarna LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG
Husqvarna K770
Steinsög - Sögunardýpt 12,5cm
Husqvarna K970
Steinsög - Sögunardýpt 15,5cm
Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm
Husqvarna K7000 Ring
Steinsög - Sögunardýpt 27 & 32cm
Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m2 - 40% halli
Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m2 - 40%halli
Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m2 - 45% halli
Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m2 - 45% halli
Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m2 - 40% halli
MHG VERSLUN | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | Sími 544 4656 | www.mhg.is


SG HÚSEININGAR TIL FLUTNINGS.
2*80 fm.
Nr. 4
350 fm.
Verð 9.9 m. + vsk.
2*80 fm.
Nr. 1
248 fm.
Verð 5.9 m. + vsk.
2*80 fm.
Nr. 3
250 fm.
Verð 6.9 m. + vsk.
2*36 fm. 1.6 m. + vsk. stk.
2*70 fm. 3.6 m. + vsk. stk.
Nr. 7
283 fm.
Verð 9.5 m. + vsk.
www.efnisveitan.is - S: 8981000 & 8631970
efnisveitan@efnisveitan.is



Dúnn þurrkaður á grindum. Myndir / Helga María Jóhannsdóttir.



Ungar í hreiðri.



Pása í Fagurey.



Hildigunnur Jóhannsdóttir skyggnir æðaregg.



Gúmmítúttan Fagurey með hóp af fólki á leið í leitir.

Skáleyjar:

# Dúntekja svipuð og í meðalári

**„Varp og tínsla hefur gengið vel það sem af er og ég er ekki frá því að fuglarnir séu ívið fleiri hjá okkur en í fyrra,“ segir Helga María Jóhannesdóttir, æðarbóndi í Skáleyjum, og bætir við að tíðin hafi líka verið þeim hagfelld.**

„Við erum með varp í mörgum eyjum og hólmum og hreiðrin sem við heimsækjum yfir fjögur þúsund og það tekur rúma viku að fara yfir allt varpið.

Fuglarnir kjósa að vera nálægt sjó og því eru oft fleiri hreiður á minni hólmum en á stærri eyjum og því fer talsverður tími í að fara á milli varpstöðvanna.“

Helga María segir að þar sem ekki sé búið að fara yfir allt varpið nema einu sinni sé fullsnemmt að segja hvert endanlegt magn af dúni fáist í ár en hún telji að tekjan verði svipuð og í meðalári.

„Það hefur verið þurrt í vor og í slíkri tíð er hægara að tína og vinna dúninn og hann verður líka bæði betri og verðmætari.

Eftirspurn og verð fyrir dún sveiflast talsvert á milli ára og það kemur fyrir að við sitjum uppi með tekjuna á milli ára.

Á síðasta ári seldum við til dæmis tveggja ára birgðir sem við vorum með í geymslu þannig að afkoman af varpinu er ekki alltaf örugg.“

/VH






Útflutningur á æðardún:

# Mest flutt út til Þýskalands og Japan

**Mest af þeim dúni sem safnað er og unninn hér á landi er flutt út. Árið 2021 voru alls flutt út 3.839 kíló af dúni fyrir 637.931.570 krónur, eða að meðaltali 166.171 krónur fyrir kílóið.**

Verð á dúni er sveiflukennt. Árið 2013 voru útflutningstekjur af honum tæpar 600 milljónir króna og salan góð næstu ár þar á eftir en síðan dróst salan saman og verðið lækkaði. Eftirspurn jókst aftur á síðasta ári og verð hefur verið að hækka og horfur á sölu góðar árið 2022, samkvæmt heimildum Bændablaðsins.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt út 1.166 kíló af hreinsuðum en óþvegnum æðardúni árið 2021 fyrir 205.7440.26 krónur á fob-verði, eða 176.453 krónur að meðaltali kílóið.



Dúnmikil æðarfuglshreiður gefa vel af sér. Mynd / Helga María Jóhannsdóttir.

Sama ár voru flutt út 2.673 kíló af hreinsuðum og þvegnum dúni fyrir 432.187.542 krónur á fob-verði, eða 161.686 krónur að meðaltali kílóið.

Dúnninn er fluttur til margra landa en Japan og Þýskaland eru langstærstu kaupendurnir og voru flutt um 6,4 tonn af dúni til Þýskalands og tæp 1,4 tonn til Japans árið 2021.

/VH

# STARFSEMI Á ÁRINU 2021

**45 milljarðar króna í hreinni eign**
**1.925 milljónir króna í lífeyrisgreiðslur**
**15,1% nafnávöxtun**
**9,4% hrein raunávöxtun**



BREYTING Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS

| *í milljónum króna* | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 790 | 837 |
| Lífeyrir | -1.925 | -1.804 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 6.005 | 4.243 |
| Rekstrarkostnaður | -139 | -139 |
| Breyting á hreinni eign | 4.730 | 3.137 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 40.378 | 37.241 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 45.108 | 40.378 |

| KENNITÖLUR | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 15,1% | 11,6% |
| Hrein raunávöxtun | 9,4% | 8,3% |
| - 5 ára meðaltal | 8,0% | 4,8% |
| - 10 ára meðaltal | 5,9% | 5,1% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 1.989 | 2.115 |
| Fjöldi sjóðfélaga með réttindi | 10.829 | 10.945 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 4.039 | 4.005 |
| Tryggingafræðileg staða | 0,8% | (1,2%) |

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

| *í milljónum króna* | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 21.283 | 17.779 |
| Skuldabréf | 22.937 | 21.874 |
| Skammtímakröfur o.fl. | 186 | 177 |
| Handbært fé | 729 | 572 |
| Eignir alls | 45.136 | 40.402 |
| Skuldir | 28 | 24 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 45.108 | 40.378 |

STJÓRN

Skúli Bjarnason, formaður stjórnar
Guðrún Lárusdóttir, varaformaður
Erna Bjarnadóttir
Guðbjörg Jónsdóttir
Örn Bergsson

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Ólafur K. Ólafs

Lífeyrissjóður bænda er opinn öllum launþegum og sjálfstætt starfandi rekstraraðilum

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - STÓRHÖFÐA 23 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 563 1300 - LSB@LSB.IS - WWW.LSB.IS



# Ný sending frá CP Metal

VERKFÆRI EHF

Vorum að taka upp nýja sendingu af skóflum, Gaffalstykkjum og Ripperum frá CP Metal. S30 -150, S40

**S30**

| | |
|---|---|
| T2 20 cm skófla S30-150 | 60.000 + vsk |
| T2 40 cm skófla S30-150 | 75.000 + vsk |
| T2 60 cm skófla S30-150 | 90.000 + vsk |
| T2 100 cm skófla S30-150 | 105.000 + vsk |
| T2 100 cm tilt-skófla S30-150 | 292.000 + vsk |
| T2 Ripper 85cm S30-150 | 126.000 + vsk |
| T2 Ripper 70cm S30-150 | 66.000 + vsk |

**S40**

| | |
|---|---|
| T3 30 cm skófla - S40 | 93.000 + vsk |
| T3 60 cm skófla - S40 | 129.000 + vsk |
| T4 30 cm skófla - S40 | 99.000 + vsk |
| T4 60 cm skófla - S40 | 141.000 + vsk |
| T5 40 cm skófla - S40 | 118.000 + vsk |
| T5 80 cm skófla - S40 | 211.000 + vsk |
| T3 100 cm skófla - S40 | 177.000 + vsk |
| T3 120 cm skófla - S40 | 186.000 + vsk |
| T4 130 cm skófla - S40 | 219.000 + vsk |
| T5 180 cm skófla - S40 | 312.000 + vsk |
| T3 120 cm tilt-skófla - S40 | 375.000 + vsk |
| T4 Ripper S40 | 118.000 + vsk |
| T5 Ripper S40 | 118.000 + vsk |
| Gaffalstikki S40 2,5 T 120 cm | 350.000 + vsk |

**S45**

| | |
|---|---|
| T6 40 cm skófla S45 | 168.000 + vsk |
| T6 80 cm skófla S45 | 214.000 + vsk |
| T6 200 cm skófla S45 | 378.000 + vsk |
| Gaffalstikki S45 2,5 T 120 cm | 370.000 + vsk |
| T6 Ripper 85cm Heavy duty S45 | 208.000 + vsk |



www.verkfaeriehf.is S. 544-4210 sale@verkfaeriehf.is Tónahvarfi 3, 203 Kópavogi

## Sveitarfélög og stjórnmál:

# Nýir sveitarstjórar kringum landið

**Niðurstöður sveitarstjórnarkosninganna urðu til þess að mörg sveitarfélög eru í þann mund að bjóða nýtt fólk velkomið í brúna.**

Allnokkur sveitarfélög hafa ákveðið að fá inn fagráðinn sveitarstjóra og hafa mörg þeirra auglýst eftir slíkum, þar á meðal Dalabyggð, Fjallabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Húnabyggð, Hveragerðisbær, Mosfellsbær, Norðurþing, Rangárþing ytra, Svalbarðsströnd og Sveitarfélagið Vogar. Nokkrir nýir sveitar- og bæjarstjórar hafa þegar verið kynntir sem munu taka til starfa á árinu. Bændablaðið hleraði fjóra þeirra. */ghp*

## Einar Freyr Elínarson:

# Húsnæðisuppbygging fram undan

### – Mýrdalshreppur

**Einar Freyr Elínarson tekur við af Þorbjörgu Gísladóttur eftir sigur B-lista Framsóknar og óháðra í hreppnum.**

„Ég er ótrúlega spenntur fyrir starfinu og þakklátur fyrir stuðninginn sem við hlutum í kosningunum. Það eru mikil forréttindi að fá tækifæri til þess að gera að aðalstarfi það sem maður virkilega brennur fyrir, sem er að byggja upp samfélagið. Mitt fyrsta verk sem sveitarstjóri verður að hefjast handa við undirbúning fjárhagsáætlunar næsta árs sem tekur mið af stefnumálum okkar. Við ætlum að ráðast í mikla húsnæðisuppbyggingu, uppbyggingu á skólasvæðinu og koma upp glæsilegri líkamsræktaraðstöðu. Það krefst þess að vandað sé til verka við áætlanagerð. Við ætlum að sjá til þess að ríkið standi við gefin loforð um uppbyggingu í heilbrigðisþjónustu og vinna að auknu samstarfi við ríkið um uppbyggingu innviða í ferðaþjónustu.

Okkar helstu styrkleikar liggja í ótrúlegri náttúrufegurð, sem er ástæða þess að við fáum til okkar þennan mikla fjölda af ferðamönnum. Það væri þó ekki raunin ef við værum ekki svo heppin að hér býr dugmikið fólk sem hefur byggt upp glæsileg fyrirtæki og margir sem hyggja á enn meiri uppbyggingu.

Helstu áskoranirnar eru þær að gríðarleg fólksfjölgun hefur myndað mikinn þrýsting á



Einar Freyr Elínarson.

húsnæðismarkaði. Erfitt er að finna íbúðarhúsnæði og nær ekkert framboð er af leiguhúsnæði á almennum markaði. Það jákvæða er þó það að margir sjá sér hag í því að byggja og ég er bjartsýnn á að við munum sjá markaðinn þróast í jákvæða átt á næstu árum. Mikil fjölgun hefur orðið í hópi erlendra íbúa sem margir hafa kosið að skjóta hér rótum. Við höfum unnið að því að virkja erlenda íbúa betur og ákváðum m.a. að setja á fót enskumælandi ráð á vegum sveitarfélagsins til þess að skoðanir allra íbúa fengju hljómgrunn,“ segir Einar Freyr.

*Mýrdalshreppur er 755 ferkílómetrar að stærð, sem er fremur landlítið sveitarfélag, miðað við mörg önnur á Suðurlandinu að sögn Einars. Íbúar eru nú um 840 manns og því fer nærri að hann hafi tvöfaldast á 10 árum. Flestir starfa við ferðaþjónustu.*







## Arna Lára Jónsdóttir:

# Íbúum fjölgar aftur

### – Ísafjarðarbær




**Arna Lára Jónsdóttir tók til starfa sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar í byrjun mánaðarins.**

Áður gegndi Birgir Gunnarsson starfinu. Arna hefur verið bæjarfulltrúi síðan árið 2006. Hennar fyrsta verk í starfi var að taka á móti forsetahjónunum sem komu í sína fyrstu opinberu heimsókn til Ísafjarðarbæjar.

„Ég hefði ekki getað valið mér betra upphaf. Þetta er mikill heiður fyrir mig að fá að sinna þessu ábyrgðarmikla starfi í umboði bæjarbúa. Þetta er í senn spennandi og krefjandi en ég er full tilhlökkunar fyrir starfinu.

Það er mikil uppbygging fram undan í Ísafjarðarbæ og íbúum farið að fjölga aftur. Það kallar á að skipulagsmálin verði ofarlega á blaði. Finna þarf lóðir og undirbúa byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, en mikil þörf er á slíku. Við þurfum fleira fólk hingað vestur, þar sem atvinnulífið er í miklum vexti. Sveitarfélagið þarf að styðja við og liðka til við hinar ýmsu framkvæmdir sem einstaklingar og fyrirtæki eru að ráðast í. Það liggur einnig fyrir að við þurfum að huga að fleiri leikskólaplássum og svo er farið að þrengja að grunnskólanum á Ísafirði. Við erum að klára lengingu á Sundabakka og þar skapast



Arna Lára Jónsdóttir.

mikil tækifæri fyrir höfnina og hafnartengda starfsemi. Þannig það eru bjartir tímar í Ísafjarðarbæ og mikið undir að við spilum vel úr þeim aðstæðum sem hér eru fyrir hendi.

Helstu styrkleikar sveitarfélagsins liggja í samfélaginu og í fólkinu sem hér býr. Það er mikil gróska, drifkraftur og seigla sem einkennir þetta samfélag. Gjöful fiskimið og falleg náttúra skapa okkur eftirsóknarverða sérstöðu.

Helstu áskoranir Ísafjarðarbæjar og annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum er að verulega skortir upp á að ríkið hafi sinnt skyldu sinni við að byggja upp innviði samfélagsins. Hér vísa ég í raforkuöryggi sem er ófullnægjandi og samgöngur eru ekki boðlegar samfélagi á 21. öldinni. Það vantar nokkur jarðgöng og almennilega vegi sem uppfylla nútímakröfur svo fólk komist öruggt á milli byggðarlaga, auk þess sem við þurfum að koma afurðum okkar á markað.

Ísafjarðarbær er í mikilli þörf fyrir auknar tekjur til að standa undir þeim vexti sem er fram undan og við horfum til þess að fá stærri hluta af auðlindagjöldum af fiskeldi til sveitarfélagsins,“ segir Arna Lára.

*Ísafjarðarbær varð til 1. júní 1996 þegar Ísafjörður, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri sameinuðust, en áður hafði Hnífsdalur sameinast Ísafirði. Stærð sveitafélagsins er 2.379 ferkílómetrar. Íbúafjöldinn er 3.840 manns. Atvinnulíf á Vestfjörðum byggir á frumframleiðslugreinum og þá fyrst og fremst á sjávarútvegi, en það er sú grein sem skilar mestu tekjum á svæðinu. Fiskeldi er sú atvinnugrein sem vex hraðast á í sveitarfélaginu.*

## Sigurjón Andrésson:

# Kraftur og sjálfsbjargarviðleitni

### – Sveitarfélagið Hornafjörður

**Sigurjón Andrésson hefur verið ráðinn bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og hefur störf þann 1. júlí nk.**

Hann hefur starfað sem ráðgjafi og verkefnastjóri hjá Sveitarfélaginu Ölfusi.

„Eins og gefur að skilja stend ég auðmjúkur frammi fyrir því trausti sem mér er sýnt með því að vera ráðinn í þetta starf. Ég hlakka til að flytja á Höfn og starfið leggst mjög vel í mig. Ég er geysilega spenntur fyrir nýjum áskorunum. Það eru metnaðarfull markmið sem koma fram í nýjum málefnasamningi og ég veit að það eru mikil tækifæri fram undan hjá sveitarfélaginu.

Fyrir utan það að kynnast nýjum vinnustað, rekstrinum og samfélaginu betur, þá munum við fara strax í að brjóta nýjan málefnasamning upp og forgangsraða verkefnum. Það verður mikilvægt að gera hlutina í réttri röð á næstu misserum og á hraða sem sveitarfélagið ræður við.

Það er af nægu að taka hvað varðar stór og mikilvæg verkefni hjá okkur á næstu misserum. Eitt af þeim verkefnum er að taka á móti höfuðstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs til Hornafjarðar. Flutningurinn er rökrétt og góð ákvörðun hjá núverandi stjórnvöldum og skiptir okkur sem búum og störfum í mestu nábýli við jökulinn miklu máli.

Styrkleikar sveitarfélagsins Hornafjarðar eru íbúarnir. Samfélagið einkennist af krafti og sjálfsbjargarviðleitni. Fólk hefur



Sigurjón Andrésson.

alla tíð þurft að bjarga sér sjálft og það býr í fólki mikið frumkvæði til einmitt þess. Öflugt atvinnulíf til sjávar og sveita ásamt blómlegu mannlífi hefur ekki komið að sjálfu sér og við horfum björtum augum til framtíðar og þeirra verkefna sem bíða okkar.

Okkar áskoranir felast meðal annars í að styrkja innviði og efla grunnþjónustu sveitarfélagsins.

Við viljum eiga lifandi samtal við íbúa og munum stórefla upplýsingagjöf til þeirra. Við ætlum að vaxa og dafna, en á sama tíma tryggja að reksturinn standi undir sér og sé áfram ábyrgur.

Að okkar mati þarf einnig að skilgreina betur hver ber ábyrgð af kostnaði sem stefnumarkandi ákvarðanir ríkisins hafa haft í för með sér á fjárhag sveitarfélaga. Okkur er sniðinn mun þrengri stakkur í öflun tekna en ríkinu og samtal um þetta mun verða fyrirferðarmikið hjá sveitarfélögunum á næstu árum að okkar mati,“ segir Sigurjón.

*Sveitarfélagið nær frá Skeiðarársandi í vestri að Hvalnesskriðum í austri og þar búa um 2.500 manns. Höfn í Hornafirði er eini þéttbýliskjarninn. Í sveitarfélaginu er fjölbreytt atvinnulíf en undirstöðuatvinnugreinarnar eru sjávarútvegur, ferðaþjónusta og landbúnaður.*



## Aldís Hafsteinsdóttir:

# Mikil matarkista

## – Hrunamannahreppur

**Aldís Hafsteinsdóttir tekur við af Jóni G. Valgeirssyni.**

Aldís hefur verið bæjarstjóri Hveragerðis í sextán ár og er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Ég hlakka mikið til að taka við starfi sveitarstjóra í Hrunamannahreppi og er bæði auðmjúk og stolt yfir því að ný sveitarstjórn skuli hafa leitað til mín varðandi starfið. Ég þekki auðvitað vel til helstu verkefna sveitarfélaga almennt. Ég er Árnesingur og stolt af þeim uppruna. Í gegnum störf mín undanfarin ár þekki ég afar vel til okkar fjölmörgu sameiginlegu verkefna bæði í sýslunni en einnig á Suðurlandi almennt, þannig að það má kannski segja að þó ég flytji nú um set þá er ég enn á heimavelli. En sveitarfélög eru ólík og því verður það mitt fyrsta verk að fara um sveitarfélagið, kynnast enn betur nýrri sveitarstjórn og íbúum sveitarfélagsins, heimsækja bændur, fyrirtæki og stofnanir og þannig reyna að átta mig enn betur á staðaranda og sérstöðu sveitarfélagsins.

Hrunamannahreppur er um margt einstakt samfélag. Sumir myndu segja að hér slái hjarta Árnessýslu. Mikil matarkista, einstaklega blómlegt landbúnaðarhérað, þar sem fjölbreytt starfsemi er stunduð, bæði hefðbundinn landbúnaður en ekki síður er hér gríðarlega mikil garðyrkja sem mér þykir auðvitað áhugavert, komandi frá Hveragerði. Á sumrin margfaldast íbúatalan þegar allt fyllist af ferðamönnum, sem komnir eru til að njóta veðurs eins og það gerist best á landinu.

Styrkleikar sveitarfélagsins eru sú mikla fjölbreytni sem hér er bæði hvað varðar atvinnulíf en einnig hvað varðar lífsgæði íbúa almennt. Svo má ekki gleyma því að Hrunamenn eiga sína eigin hitaveitu, hér eru ríkir möguleikar til orkuöflunar og uppbyggingar á því sviði. Mér sýnist líka sem


Aldís Hafsteinsdóttir.

hér sé gott og jákvætt samfélag sem ég hlakka svo sannarlega til að kynnast betur.

Tækifæri Hrunamannahrepps felast ekki síst í því að koma þessum gæðum sveitarfélagsins á framfæri bæði við þá sem hafa hug á að reka fyrirtæki en ekki síður við almenning í landinu, sem kannski er ekki alveg nógu vel meðvitaður um að Hrunamannahreppur er ákjósanlegur til búsetu allt árið um kring. Vegbætur á Suðurlandi og þá ekki síst nýr Suðurlandsvegur koma til með að stytta vegalengdir enn frekar.

Gatnagerð og úthlutun lóða í framhaldinu er meðal fyrstu verka nýrrar sveitarstjórnar og að halda áfram að byggja upp góða innviði svo tryggt sé að íbúar og fyrirtæki njóti framúrskarandi þjónustu. Einnig myndi ég vilja fylgja fast eftir nauðsynlegum vegaframkvæmdum í sveitarfélaginu og þá má ekki gleyma að Hrunamannahreppur nær langt inn á hálendið og Kerlingarfjöll eru til dæmis hluti af sveitarfélaginu þar sem nú á sér stað mikil uppbygging,“ segir Aldís.

*Hrunamannahreppur er 1.375 ferkílómetrar. Þar búa nú um 820 íbúar. Um 450 manns búa á Flúðum þar sem grunn- og leikskóli er staðsettur, íþróttamannvirki og önnur þjónusta. Meginatvinnuvegir sveitarfélagsins eru landbúnaður, þ.m.t. garðyrkja, iðnaður og ferðaþjónusta.*








HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

**Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.**

**Gerðu kröfur -** hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.




**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR




Wendel
Stofnað 1957

ÖFLUG VERKFÆRI FYRIR FAGMANNINN

STEINSAGIR
KJARNABORVÉLAR
STEINSAGARBLÖÐ
KJARNABORAR

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is


Saga þurfti niður tré í garðinum eftir að það skemmdist vegna snjóþunga. Einn búturinn varð að andliti þessarar fínu ævintýrakonu. Tannburstar nýtast hér vel, bæði sem axlapúðar og skraut á pilsi.


Piltur og stúlka eru á meðal þeirra sem prýða garðinn.


Hér er Hreinn með Öskubusku og prinsinum. Myndir / MÞÞ

## Hreinn Halldórsson, alþýðulistamaður á Akureyri:

# Gestum boðið í ævintýragarð

**Hreinn Halldórsson, alþýðulistamaður á Akureyri, hefur undanfarinn rúman áratug verið iðinn við að skapa persónur í öllum helstu sígildu ævintýrunum auk fleiri þekktra sem óþekktra í styttuformi.**

Þeim hefur hann komið fyrir úti í garði við hús sitt í Oddeyrargötu 17 á Akureyri. Mikil ásókn hefur verið meðal ferðamanna að líta inn í garðinn og tók Hreinn skrefið nú í byrjun sumars og opnaði aðgengi að garði sínum. Garðurinn verður opinn í allt sumar frá kl. 10–21 og gefst áhugasömum kostur á að ganga um þetta forvitnilega einkagallerí. Aðgangur er ókeypis og fólki er velkomið að mynda verkin að vild.

„Ég ákvað að taka skrefið til fulls núna í sumar og hafa garðinn bara opinn fyrir alla sem vilja skoða,“ segir Hreinn. Fararstjórar sem voru á ferðinni með hópa sína um bæinn höfðu gjarnan samband og óskuðu eftir að koma í garðinn. „Þetta var orðið nokkuð mikið og fór vaxandi þannig að ég hef bara opnað garðinn fyrir gesti og gangandi.“

Í garðinum eru styttur af hinum ýmsu ævintýrapersónum, íslenskum jafnt sem erlendum. Helstu persónur úr sígildu ævintýrunum eins og Mjallhvíti og dvergana sjö er þar að finna sem og Þyrnirós og prinsinn, Rauðhettu og úlfinn, Gosa, pabba hans og köttinn þeirra, Hróa Hött og eyfirsku hjónakornin Helga magra og Þórunni hyrnu. Fyrstu stytturnar sem Hreinn gerði, Guðrún frá Lundi og Sigurður, sem áður var garðyrkjumaður en uppfærðist í sýslumann eftir fataskipti, eiga sinn skjólgóða reit undir hávöxnu tré í garðinum. Þá má líka finna Lagarfljótsorminn og ein furðuvera varð til þegar fella þurfti tré í garðinum vegna snjóþunga og einn búturinn var að sögn Hreins upplagður til að útbúa höfuð úr. Við öll verkin er stuttur texti á íslensku og ensku.

### *Ótrúlega gaman og gefandi*

Hreinn segist hafa verið við þessa iðju undanfarin 12 til 13 ár. Hann bjó í Reykjavík í 26 ár en flutti norður árið 2006.

„Ég byrjaði á að gera upp húsið og síðan garðinn. Eftir það gafst tóm til að sinna sköpunarþörfinni og ég byrjað eiginlega fljótlega á fullu við að smíða þessar ævintýrastyttur, mála þær og skreyta. Ætli megi ekki segja að þetta sé uppsöfnuð þörf, ég hafði enga aðstöðu fyrir sunnan til að sinna verkefnum af þessu tagi og þegar ég hafði bæði góða aðstöðu og tíma hófst ég handa,“ segir hann. „Þetta er ótrúlega gaman og gefandi, mikil vinna við hverja styttu, enda er ég oft upptekinn við allra handa smáatriði í skreytingunum.“

Hreinn lét af störfum nú nýverið og sér fram á aukin afköst við smíðavinnuna. „Ég mun eiga margar góðar stundir við smíðavinnuna og sé fram á að bæta enn við í garðinn,“ segir hann og veltir í gamni fyrir sér hvort hann þurfi ekki fljótlega að leggja undir sig næstu garða. „Það gefur mér mikið að sjá gleði gestanna sem fara hér um, þeir staldra við hjá styttunum, rifja gjarnan upp ævintýri og upplifa augnablik úr bernsku sinni þegar ævintýrin voru lesin,“ segir hann.

### *Oft bíður poki á húninum*

Hreinn leitar fanga víða, finnur oft ýmsa dýrgripi í verslun Hertex á Akureyri sem og í Fjölsmiðjunni en einnig hefur hann gengið fjörur og ævinlega komið heim með heilmikinn feng úr þeim ferðum. Þannig geta netadræsur orðið að hári þegar búið er að lita og setja upp á fagran koll. Hann segir að talsvert sé um að fólk gauki að sér dóti sem fái ævinlega eitthvert hlutverk í smíðaeða skreytivinnu hans. „Það kemur oft fyrir að bíði mín poki með dóti þegar ég kem heim og ég veit ekkert hver hefur hengt hann á húninn.

Ég finn fyrir miklum velvilja og er þakklátur fyrir hann. Þegar fólk hefur komið í garðinn og skoðað verkin mín sér það að ég get nýtt nánast allt,“ segir Hreinn. /MÞÞ

SS Síðan 1907
Hrossabændur – Hestamenn!
Vantar hross til slátrunar á næstu vikum.
HÆKKAÐ VERÐ
Í haust munu verða langir biðlistar forðumst þá
Sláturpantanir í síma 480 4100
Sláturfélag Suðurlands
Selfossi


Guðrún Bjarnadóttir með Flóru- og blómaspilið. Mynd / Aðsend

## Flóruspilið með 13 nýjum tegundum:

# Grasnytjar og þjóðtrú

**Á síðasta ári gaf Guðrún Bjarnadóttir, eigandi Hespuhússins í Ölfusi, út Flóruspilið sem er stokkur með myndum og texta sem spila má með veiðimann.**

Hugmyndin með spilinu er að auka plöntuþekkingu þjóðarinnar.

Guðrún segir að móttökur á spilinu hafi farið fram úr væntingum og að hún hafi því ákveðið að gefa spilið út aftur með þrettán nýjum tegundum. „Með Flóruspilinu er hugmyndin að fólk geti fræðst um grasnytjar og þjóðtrú jurtanna í leiðinni.

Hugmyndin er að gefa út stokk á ári um flóruna í eitt til tvö ár í viðbót og halda svo jafnvel áfram með fræðsluspil í öðrum flokkum. Satt best að segja eru möguleikarnir óendanlegir.“

Blómaspilið er einföld barnaútgáfa af Flóruspilinu þar sem spilað er samstæðuspil með jurtunum.

Að sögn Guðrúnar eru ung börn mjög móttækileg fyrir upplýsingum og eru fljót að læra tegundaheitin út frá myndunum. Blómaspilið er á íslensku, ensku og pólsku í sama stokki en Flóruspilið er á þessum tungumálum í aðskildum stokkum. Spilið og stokkinn skreytir falleg mynd eftir listamanninn Eggert Pétursson. /VH

Einkanámskeið á Holti í Þistilfirði:

# Ítalskir ostar á morgunverðarborðið

**Ostagerðarmaðurinn Savino Izzi frá Puglia á Ítalíu leit við í heimsókn á bæinn Holt í Þistilfirði í liðinni viku.**

Hann staldraði við í nokkra daga og kenndi Hildi Stefánsdóttur, sem þar býr, að búa til nokkra af frægustu ostum Ítalíu, svo sem Canestrato, ricotta, burata og mozarella.

Á Holti reka Hildur og maður hennar, Sigurður Þór Guðmundsson, sauðfjárbú og einnig gistiheimilið Grástein guesthouse.

Savino kom að sögn Hildar með Norrænu til Seyðisfjarðar, en vinur hans, Stefano, hefur starfað sem leiðsögumaður hér á landi um 20 ára skeið. Hvatti hann Savino til að sækja landið heim og útbreiða þar boðskapinn um ítölsku ostana. Skoða aðstæður í landbúnaði hér á landi og vöruframboð auk þess að miðla Íslendingum af sinni þekkingu.

Fjölskylda hans rekur ostagerð í heimalandinu og hefur Savino starfað við fagið um langt skeið. „Hann hefur ástríðu fyrir ostagerðinni og líka að kynna hana fyrir öllum þeim sem áhuga hafa,“ segir Hildur.

Hún rak augun í auglýsingu á Facebook um að Savino yrði með kynningu á Vopnafirði og gerði sér lítið fyrir og ók þangað til að fylgjast með. Hún varð mjög hrifin af því sem fram kom á kynningunni og bauð Savino að koma heim að Holti og kenna sér að búa til ítalska osta.

Hann þáði boðið og stoppaði í nokkra daga á bænum og fór yfir helstu atriði sem hafa þarf á hreinu við ostagerðina.

„Áður en hann kom sannfærði hann okkur um að reka inn nokkrar lambær, stía lömbunum frá næturlangt og mjólka að morgni,“ segir Hildur, en einnig fengu þau senda kúamjólk úr Eyjafirði til að vinna með.

Hildur segir að Savino ætli að dvelja hér á landi í nokkra mánuði, fara um, hitta bændur og alla þá sem áhuga hafa á að læra nýjar aðferðir og nýta sem best allar sínar afurðir.

„Við bjóðum upp á heimabakað brauð með morgunmatnum og það verður ekki ónýtt að geta líka lagt ítalska osta á borðið. Við höfum farið yfir þetta allt saman skref fyrir skref og það hefur verið mjög fróðlegt og skemmtilegt,“ segir hún.

*/MÞÞ*



Savino Izzi frá Puglia á Ítalíu og Hildur Stefánsdóttir í Holti í Þistilfirði önnum kafin við ítölsku ostagerðina.

VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi

KUHN



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

KRONE heyvinnuvélar

til afgreiðslu fyrir heyskap

HESJA nánari upplýsingar á hesja.is

Kópavogur: 546 0415 Akureyri: 415 6415









**Swadro TC880 Plus**
Miðjurakstrarvél
Vinnslubreidd 7.6-8.8 m.
**4.699.000 + vsk.**

**KW 7.92/8**
Lyftutengd snúningsvél
Vinnslubreidd 7.9 m.
**2.399.000 + vsk.**

**EasyCut F320 M**
Framsláttuvél
Vinnslubreidd 3.16 m.
**1.999.000 + vsk.**

**ActiveMow R320**
Hliðartengd sláttuvél
Vinnslubreidd 3.22 m.
**1.799.000 + vsk.**

## Halldóra Kristín Hauksdóttir, stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands og eggjabóndi hjá Grænegg:

# Áskoranir skapa tækifæri

## – „Sameiginleg samtök bænda hafa sterkari rödd og meira vægi, sem skilar sér í auknum framförum og hagsæld fyrir íslenskan landbúnað“



Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



Halldóra Kristín Hauksdóttir situr í stjórn Bændasamtaka Íslands, hún er lögfræðingur hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar og rekur í félagi við systur sína og mág eggjabúið Grænegg í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd.

**„Það eru blikur á lofti, því er ekki að neita. Allir stórir liðir í rekstrarkostnaði bænda hafa verið og eru enn að hækka gríðarlega. Tvöföldun hefur orðið á áburðarverði á einu ári, kjarnfóðurverð fer stighækkandi og allt eins líklegt að það hækki enn meira.**

Ekkert lát er á olíuverðshækkunum en olía er stór liður í rekstri bænda og við sjáum í raun ekki fram á annað en hækkanir áfram. Það dynja yfir hækkanir á öllum sviðum, en vissulega má líka segja að í öllum aðstæðum, sama hversu slæmar þær eru, felist líka tækifæri.

Ég sé fyrir mér að fólk skynji betur en áður hversu mikilvægt er að stunda öflugan landbúnað hér á landi. Reynslan undanfarin ár kennir okkur að meta hann betur. Eftir efnahagshrunið 2008 hefur landbúnaður, ef svo má segja, fengið uppreist æru. Nýafstaðinn heimsfaraldur og stríð í Úkraínu með margvíslegum neikvæðum áhrifum hefur opnað augu manna fyrir því að stefna ætti að því að hafa sjálfsnægtarhlutfall sem hæst hjá hverri þjóð. Við Íslendingar gætum sem dæmi aukið grænmetis- og kornframleiðslu okkar, en til að bændur geti farið í aukna kornrækt er nauðsynlegt að komið verði upp kornhlöðum sem tækju á móti korni,“ segir Halldóra Kristín Hauksdóttir, sem sæti á í stjórn Bændasamtaka Íslands. Hún er lögmaður hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar og eggjabóndi hjá Grænegg í Sveinbjarnargerði sem hún rekur ásamt systur sinni og mági og þá er hún varaformaður stjórnar Byggðastofnunar.

Halldóra er fædd og uppalin á Svalbarðsströnd, en bjó í vesturbæ Reykjavíkur yfir vetrarmánuðina og gekk í Melaskóla og Hagaskóla. Hún tók stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri og lauk lögfræðiprófi frá Háskólanum á Akureyri árið 2008. Eftir nám starfaði hún hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum, en öðlaðist málflutningsréttindi árið 2013 og hóf þá störf á lögmannsstofu á Akureyri sem hún síðar varð meðeigandi að. Þá hóf hún MBA nám haustið 2017 samhliða sínum störfum, hún brautskráðist úr því árið 2019 og hóf í millitíðinni störf hjá Akureyrarbæ.

### *Félagsmálin heilluðu*

„Ég var mjög ung þegar ég ákvað að verða lögfræðingur,“ segir hún en dreymdi þó fyrst um að verða rannsóknarlögga. Áhrifin telur hún að rekja megi beint til dálætis hennar á sjónvarpsþáttunum Derrick og Matlock. Halldóra hefur um ævina verið mikil félagsvera og tekið virkan þátt í ýmiss konar félagsstarfi. Lögfræðimenntun nýtist vel í alls konar störfum.

„Félagsmál hafa alltaf heillað mig, þessi áhugi er mér örugglega í blóð borinn. Pabbi minn, Haukur Halldórsson, var félagsmálatröll og að alast upp á slíku heimili hefur mikil áhrif, endalausar umræður um samfélagsmál, fólk að skiptast á skoðunum og allir hafa brennandi áhuga á að gera samfélagið okkar betra.“

### *Systur tóku við eggjabúskapnum*

Halldóra hefur um árabil tekið þátt í rekstri eggjabúsins Grænegg í Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd. Það rekur hún nú með systur sinni og mági, Heiðu Hauksdóttur og Pétri Jónatan Kelley. Faðir systranna hafði rekið eggjabúið Gerði og þar kom að hann komst á aldur og ætlaði að hætta.

„Þá kom þessi hrökkva eða stökkva-tilfinning upp hjá okkur systrum. Húsin voru komin á tíma og miklar endurbætur fram undan ef halda ætti rekstri áfram. Ég bjó í Vestmannaeyjum og Heiða í Noregi,“ segir Halldóra, svo það lá kannski ekki beinast við að taka við rekstrinum.

Sú varð þó raunin, systurnar fluttu norður ásamt fjölskyldum og hófu eggjaframleiðslu, stofnuðu félagið Grænegg sem tók við eggjaframleiðslu Gerðis um haustið árið 2012.

„Við byrjuðum strax á miklum framkvæmdum, það þurfti að aðlaga allt að breyttu regluverki, en við tókum við bústofni og fengum endurnýjaðar heimildir til framleiðslu, sölu og dreifingar á eggjum,“ segir hún.

Í kjölfar þess að horfið var frá búreldi og farið í vistvæna framleiðslu var varpfugli tímabundið fækkað úr 10 þúsund fuglum í 4 þúsund. Vistvæna framleiðslan, eins og hún var nefnd í þá daga, krafðist þrisvar sinnum meiri gólfflatar.

Sýn fjölskyldunnar hefur ávallt verið sú að gera aðbúnað hænsnanna sem bestan á hverjum tíma og að lágmarka alla mengun fyrir umhverfið sem kostur er.

### *Varphænum fjölgað eftir stækkun*

Halldóra segir að hún hafi að mestu verið á hliðarlínunni í búskapnum allt til ársins 2018 þegar hún og maður hennar skildu og hún keypti hann út úr rekstrinum. Þá hafi hún komið sterkar inn. Pétur, mágur hennar, sér um daglegan rekstur en hann er smiður og liðtækur í öllum verkum sem til falla. Halldóra er meira í því sem er út á við, sinnir viðskiptasamböndum, samskiptum, starfsmannamálum og fleiru slíku.

Helgarvinnunni skipta þau á milli sín og börnin eru dugleg að hjálpa til, auk þess sem núverandi sambýlismaður hennar, Eggert Sæmundsson, hefur einnig komið að rekstri búsins.

Eggjabúið var stækkað árið 2018, m.a. var byggt nýtt varphús og varphænum fjölgað úr 7.500 í rúmlega 11 þúsund. Hver varphæna verpir um það bil 18 til 20 kg á ári. Allar hænur hafa frjálsan aðgang að fóðri og vatni allan sólarhringinn.

„Þegar framkvæmdum við stækkun lauk hófumst við handa við að endurbæta hús sem tekið hafði verið úr notkun, en við sáum hagræði í því að ala okkar fugla upp sjálf, þ.e. að fá þá eins dags gamla til okkar frá stofnbúunum og hafa inni á gólfi hjá okkur frá fyrsta degi. Við byrjuðum á því fyrirkomulagi í mars árið 2020 og það hefur gengið ótrúlega vel,“ segir Halldóra.

### *Neytandinn er besta eftirlitið*

Halldóra segir stærð búsins henta vel fyrir tvær fjölskyldur.

„Þetta er lítið fjölskyldubú og við viljum halda í þá ímynd,“ segir hún. Grænegg hafa það fyrirkomulag að bjóða fólk velkomið að skoða.

„Við höfum lengi sagt, sérstaklega eftir „Brúneggjamálið“, að neytandinn sé besta eftirlitið. Í lokinu á eggjabökkunum okkar er hálfgerður boðsmiði í heimsókn og margir hafa nýtt sér þennan möguleika og haft gaman af. Við erum með aðstöðu þar sem fólk getur horft á hænurnar í gegnum gler og séð hvernig fer um þær,“ segir Halldóra og bætir við að gott sé auðvitað að láta vita af sér áður svo einhver sé heima við.

Halldóra segir að hjá Grænegg sé hugsað í lausnum þegar kemur að því að kolefnisjafna búskapinn. Búið er að skipuleggja reit á jörðinni þar sem til stendur að planta trjám, en það sé einn liður af mörgum.

Næsta verkefni sem þau ætli sér að takast á við, sem vonandi verði sem fyrst að veruleika, er að nýta skítinn sem til fellur með öðrum hætti en að bera hann á túnin.

Hún segir að þær systur hafi verið saman í MBA námi og skrifað sameiginlega lokaritgerð sem bar heitið: *Er úrgangur auðlind?*

„Þar settum við fram viðskiptahugmynd um að hefja framleiðslu á lífrænum áburði fyrir innlendan markað. Niðurstaðan úr okkar rannsókn var að gríðarleg sóknarfæri eru á þeim vettvangi, svo það er spurning hvernig mál þróast, hvað úr verður.“

### *Stolt af þeim félagsanda sem ríkir meðal bænda*

Halldóra hefur starfað í stjórn Bændasamtaka Íslands frá árinu 2020, en hún var fulltrúi eggjabænda á Búnaðarþingi það ár og var skorað á hana að gefa kost á sér. Á því þingi stóð til að fara í breytingar á félagskerfi bænda og í því hafi falist mikil áskorun sem hún var tilbúin að taka þátt í.

„Mín upplifun var sú að Bændasamtökin væru að veikjast og mér fannst ákveðin tímamót þarna til að gera eitthvað, því ég trúi því að sameiginleg samtök bænda hafi sterkari rödd og meira vægi, sem skilar sér í auknum framförum og hagsæld fyrir íslenskan landbúnað,“ segir hún. Þá hafði hún áhyggjur af hvert stefndi með fjárhag Hótel Sögu og Bændahallarinnar, en kórónuveirufaraldurinn lagðist yfir



Varphænur vappa um húsakynni sín í Sveinbjarnargerði.



Horfið var frá búreldi og farið í vistvæna framleiðslu til að aðlaga starfsemina breyttu regluverki. Hænurnar í Sveinbjarnargerði verpa 18-20 kg af eggjum á ári og hafa aðgang að fóðri og vatni allan sólarhringinn.



Halldóra og synir hennar, Hrafn og Haukur, með nýfædda hænuunga.

og gerði útslagið að því hvernig fór. Það hafi verið sárt að missa hótelið, en þýði samt ekki að tapa þurfi gleðinni. „Við verðum bara að draga lærdóm af þessu,“ segir hún.

Halldóra segir að stjórn BÍ fari reglulega yfir stöðuna í landbúnaði og reyni að bregðist við aðstæðum á hverjum tíma.

Breytingin á félagskerfi bænda hefur verið krefjandi, en spennandi verkefni og nú undanfarið hafi tími farið í að aðlaga sig að nýju kerfi.

„Ég er ótrúlega stolt af félagsmönnum BÍ, í þessum breytingum sá maður sanna samvinnu og samhug þar sem markmið allra var að láta hlutina ganga upp.

Mér fannst breytingin hafa lukkast vel þannig að ég ákvað að gefa kost á mér aftur til að fylgja þessum breytingum eftir. Við stöndum frammi fyrir miklum áskorunum næstu árin en í nýrri og öðruvísi stöðu skapast alltaf tækifæri.“

***Þurfum að endurskoða samkeppnislögin***

Hún segir stöðuna miserfiða eftir búgreinum, sauðfjárrækt eigi erfitt uppdráttar og sömuleiðis nautakjötsframleiðsla.

„Við verðum að horfast í augu við að sauðfjárræktin þarf bæði beinan og óbeinan stuðing og rekstrarumhverfið þarf að vera með þeim hætti að bændur geti unnið saman að sínum afurðasölumálum án þess að Samkeppnisstofnun þrengi óeðlilega að þeim möguleikum sem felast í hagræðingu.

Því er það mitt mat að við þurfum að endurskoða samkeppnislögin hvað íslenskan landbúnað varðar. Landbúnaður er mjög sérstakur og um hann verða að gilda aðrar reglur en þær sem gilda um hreina iðnaðarvöruframleiðslu. Það er viðurkennt í flestum okkar nágrannalöndum.

Slíkt skipulag getur dregið úr bæði matarsóun og óþarfa flutningum,“ segir Halldóra að lokum.


LOKSINS · LOKSINS · LOKSINS

Vorsendingin okkar er loksins komin í hús

Nú eigum við öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - Takmarkað magn

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU

www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

VH/21-02

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

MasterCard Staðgreiðslulán · VISA Lán



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is



Í fjarska má sjá bílastæðin, þar næst innganginn og loks bróðurpart smábásasvæðisins.

Myndir / Hlynur Gauti Sigurðsson

## Skógræktarsýningin Elmia Wood:

# Alltaf stuð í skóginum

**Skógtæknisýningin Elmia Wood, er haldin fjórða hvert ár í sveitahéraðinu Vaggeryd í Svíþjóð. Hlynur Gauti Sigurðsson, sérfræðingur hjá Bændasamtökum, var á staðnum og gerir hér hátíðinni skil.**

Á rólegheitadegi tekur um hálfa klukkustund að keyra þangað frá borginni Jönköping. Í þeirri borg er gata sem heitir Elmia-vegur en betra er að rugla þeirri götu ekki saman við sýninguna, þó svo að hún eigi gatnamót við Húskvarnaveg (Íslendingar þekkja Husqvarna vörumerkið vegna keðjusaga og saumavéla).

Sýningartími Elmia Wood er venjulega í byrjun júní og stendur yfir í þrjá daga frá fimmtudegi fram á laugardag. Í ár var hún 2.–4. júní.

Þessa vikuna hafði hópur íslenskra, danskra og sænskra nema í viðarvinnslu í verkefninu TreProX verið í Smálöndum Svíþjóðar. Hópurinn mætti á föstudeginum og tvístraðist í allar áttir yfir 200 hektara sýningarsvæði og blönduðust við hina 30.000 gestina þann daginn.

Skipta mátti svæðinu gróflega upp í þrjú svæði. Sýningarsvæðið við innganginn er ævinlega erilsamt enda sýningarbásar þar smáir og margir. Stór hringur er um skóginn þar sem stóru græjurnar er að sjá. Á síðasta sértæka svæðinu voru skógarhöggsvélar að grisja skóga.

Það er kúnstugt að gera risastórri alþjóðlegri sýningu sem Elmia Wood skil. Allt er svo stórt og svo mikið er um að vera. Hér nefni ég það sem mér þótti áhugaverðast, af því sem ég náði að kynna mér, og hef jafnframt til hliðsjónar það sem gagnast gæti lítilli skógarþjóð sem Ísland er.

### *Tæknilegar lausnir einkennandi*

Það sem einkenndi sýninguna í ár voru tæknilegar lausnir til að ná náttúruvænni orkuhagkvæmni, svo sem batterí framtíðarinnar.

Daniel Källström hjá Cramer sagði frá ofur rafhleðslum sem verkfærin þeirra eru drifin á. Í stuttu máli gengur þeirra tækni út á að hlaða rafhlöður með volt-stundum en ekki amper-stundum. Þannig má ná fram meiri krafti og úthaldi í minni hýsingu, en það er það sem markaðurinn biður um.

Nokkur vörumerki lítilla skógarhöggsvéla eru á markaðnum í dag en Malva hefur komið nýrri vél á markað sem gæti hugsanlega verið sniðin fyrir íslenska skóga. Um er að ræða litla skógarhöggsvél sem er alfarið knúin rafmagni. Hún er mjög umhverfisvæn og hljóðlát. Meira að segja glussavökvinn í henni er náttúruvænn.

Í nokkur ár hefur Portablewinch verið með lítil útdráttarspil á markaði. Þau henta t.d. einyrkjum í skógarhöggi vel við að draga út efni í girðingarstaura í einum drætti. Hingað til hafa spilin verið bensínknúin en nú eru rafmótorarnir að koma sterkir inn.

Stubbatætarar verða sífellt vinsælli um heim allan. Eistneska fyrirtækið Dipperfox kynnti afkastamiklar gerðir af stubbatæturum fyrir gröfur. Meðaltæting á venjulegum (stórum á íslenskan mælikvarða) stubbi eru 20 sekúndur.

Tom Fox hjá Logosol er mikill Íslandsvinur. Af mörgum ágætum merkjum stórviðarsaga er Logosol eitt það útbreiddasta um veröld alla með umboðsaðila í 62 löndum og í öllum ríkjum Bandaríkjanna.

BioVarme selur viðarkyndara af ýmsum gerðum. Svona kyndarar henta bæði stórum fyrirtækjum sem smærri heimilum. Þeir hafa selt þúsundir kyndara til bænda í Svíþjóð enda skilvirkar græjur sem nýta orku viðarins mjög vel.

Þegar kom að nýjustu tækni í heimi landmælinga og skógmælinga var fátt nýtt að frétta hvað varðar hugbúnaðarlausnir. Helstu nýjungar í heimi dróna eru endingarbetri batterí og nákvæmari mælingar en það er framvinda sem eiginlega var fyrirséð. Þetta voru örlítil vonbrigði fyrir greinarhöfund en vonandi verður eitthvað nýtt næst.

### *Arboristar áberandi*

Aldrei hafa trjáklifrarar (arboristar) verið eins áberandi og nú en Husqvarna var með mjög tilkomumikinn bás þar sem fólk ferðaðist upp og niður tré og virtist ekkert hafa fyrir því. Þarna var á ferðinni þjálfað fólk í trjáklifri en svona iðja er alls ekkert grín. Það má ekkert út af bregða.



Arboristar hjá Husqvarna klifra upp í tré eins og íkornar.

Södra var með stóran og huggulegan bás þar sem fólk staldraði við, fékk sér kaffi og naut augnabliksins. Södra er í eigu skógarbænda í Suður-Svíþjóð og hefur haft veg og vanda af því að aðstoða skógarbændur með allt sem viðkemur skógrækt, svo sem að grisja fyrir þá og koma timbrinu í verð svo allir uni glaðir við sitt.

Þó nokkrir plöntuframleiðendur voru að kynna sitt starf og sínar lausnir. Þeir gera sér algerlega grein fyrir mikilvægi þess að hafa nægt framboð plantna og sagði hinn finnski Timo Salminen hjá FinForelia að plöntueftirspurn væri að aukast allt í kringum Finnland. Á öllum fjórum gróðrarstöðvum þeirra voru þeir að auka framleiðsluna, líka hjá jólasveininum í Lapplandi.



Rafmagnsknúin skógarhöggsvél frá Malva.






Rafhlöðurnar í Cramer verkfærunum eru með þeim bestu á markaðinum, að sögn Daniel Källström.



Flettisagir eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Þessi Logosol sög er í stærra lagi.



Rafknúið spil frá Portablewinch.

Það má alveg reyna að gera stórri sýningu sem Elmia Wood skil í máli og myndum en það verður seint hægt að segja frá öllu í stuttu máli.

Það er því um að gera fyrir þá sem hafa áhuga á skógrækt, og sér í lagi tækjum tengdum henni, að gefa sér tíma til að mæta á svona sýningu. Elmia Wood er nærtækasta stóra skógræktarsýningin fyrir Íslendinga að fara á.

Á sama sýningarsvæði er haldin önnur sýning sem heitir Skogs-Elmia eftir tvör ár. Hún er haldin á fjögurra ára fresti eins og Elmia Wood. Þarna eru því sýningar á tveggja ára fresti – ein stór og önnur risastór.

Vonandi hafa einhverjir haft gagn og jafnvel gaman af því að lesa þennan útdrátt en það jafnast ekkert á við að kynnast sýningunni af eigin raun. */HGS*










UTAN ÚR HEIMI



Rannsókn steingervinga:

# Risaeðla með hósta

**Jarðfræðingum og vísindamönnum fornleifa og steingervinga hefur löngum þótt forvitnilegur lífsferill risaeðlanna, allt frá fæðingu til dauða.**

Matarsmekkur, hegðun og jafnvel sjúkdómar. Nú þegar hafa rannsóknir sýnt að þær hafi meðal annars bæði þjáðst af slitgigt og krabbameini – en nýlega, samkvæmt vefsíðu New Scientist, fundust vísbendingar um dýr sem þjáðist af öndunarfærasýkingu. Voru bein einnar risaeðlu athuguð sérstaklega og leiddi sú rannsókn í ljós að hún hefði þjáðst af afar slæmum hósta sem var greinanlegur í beinunum.

Samkvæmt vísindamönnum hefði hún einnig haft hita og dáið ótímabærum dauða. Í raun er þetta afar áhugaverð uppgötvun, bæði vegna þess að hægt er að greina sýkingu í 150 milljón ára gömlum beinum og líka það að risaeðlur þjáðust af kvefi og öndunarfærapestum.

Risaeðlan, sem um ræðir, gengur undir nafninu Dolly og hefur verið rannsóknarefni vísindamanna síðan hún fannst árið 1990 í Montana. Um ræðir plöntuætu með fræðinafnið Diplodocus (Freyseðla eða Þórseðlubróðir) sem er auðkennanlegt vegna langs háls síns og stærðar. Þetta dýr var ungt, tæpir tuttugu metrar, en þessi tegund getur orðið allt að 30 metra löng, lifað í 30 ár og vegið allt að 20 tonn.

Eftir sneiðmyndatökur á sérkennilegum beinvexti í hálsi risaeðlunnar kom í ljós að hann hefði myndast vegna slæmrar sýkingar í hálsi og talið er að Dolly hafi þjáðst af hálsbólgu og öndunarfærasýkingu vegna myglusveppsins víðfræga Aspergillus flavus.

Þess má geta að áðurnefndur öndunarfærasjúkdómur getur m.a. reynst fólki banvænn ef meðferð í formi sýklalyfja er ekki notuð. Líklegt er að Dolly, sem lést um 15 ára aldur, hefði haft einkenni svipuð og við lesendur þekkjum þegar við höfum kvef, flensu eða lungnabólgu: hnerra, hósta, nefrennsli og hita.

Til viðbótar við öndunarfærasjúkdóminn má finna ýmislegt fróðlegt í skýrslu Umhverfisstofnunar undir yfirskriftinni „Inniloft, raki og mygla í híbýlum“ .

Þar kemur fram að rannsóknir bendi til þess að myglueitur í nægjanlega miklu magni geti haft áhrif á dýr og menn og að sum myglueitur geti verið hugsanlegir krabbameinsvaldar, t.d. aflatoxin sem áðurnefndur Aspergillus flavus og svo Aspergillus parasiticus mynda. Það er því best að hafa varann á er kemur að sveppamyndun og myglu, hvort sem er í húsakynnum eða öðrum vistarverum – en þó getur myglueitur fundist í litlu magni í innilofti án þess að það hafi neikvæð áhrif á íbúa. /SP



Dýravernd og landbúnaður:

# Streymi frá dönsku kjúklingabúi sló í gegn

## – Deilt um notkun á erfðabreyttu tegundinni Ross 308

**Í ársbyrjun hétu alþjóðleg dýraverndarsamtök milljónum króna þeim dönsku kjúklingabændum sem tilbúnir væru að opna starfsstöðvar sínar og veita samtökunum innsýn inn í framleiðslu á kjúklingum. Þegar bóndi svaraði kallinu, og gott betur, fékk hún varla krónu fyrir.**

Dýravelferð og búfjárhald eru samofin fyrirbæri. Á meðan bændur eiga að róa að því öllum árum að hlúa sem best að dýrum sínum veita dýraverndarsamtök þeim aðhald í þeim efnum.

Dýraverndarsamtök hafa barist gegn notkun á tegundinni Ross 308 í kjúklingaframleiðslu. Tegundin, sem hefur fengið viðurnefnið Frankenkjúklingurinn (e. Frankenchicken), er erfðabreytt tegund sem hefur verið ræktuð þannig að fuglinn þarfnist styttri tíma til að ná fullum vexti fyrir slátrun. Ross 308 er í reynd ein farsælasta vara í sögu ræktunarfyrirtækisins Aviagen sem auglýsir hana sem hagstæða vöru fyrir bændur, afkastamikla tegund með frábærum vaxtarhraða og framúrskarandi einsleitni. Tegundin er ein ástæða þess að verð á kjúklingakjöti hefur hríðfallið, enda hefur framleiðslukostnaður minnkað og framboð aukist verulega.

Ádeila dýraverndarsamtaka á framleiðslu Ross 308 snýr að þeim áhrifum sem óeðlilegur vöxtur fuglanna gæti haft á þá og velferð þeirra sé því virt að vettugi.



**Ádeila dýraverndarsamtaka á framleiðslu Ross 308 snýr meðal annars að þeim áhrifum sem óeðlilegur vöxtur fuglanna gæti haft á þá.**

### *Sólveig sýndi starfsemina*

Átak dýraverndarsamtakanna Anima í Danmörku var að þrýsta á gagnsæi í framleiðslu á kjúklingum og bauð því þeim bændum sem tilbúnir væru til að gefa samtökunum aðgang að búum sínum, til að taka myndir og afla gagna, 500.000 danskar krónur, sem jafngildir rúmum níu milljónum króna.

Sólveig nokkur kjúklingabóndi á búinu Nørmarks gård í Vestur-Jótlandi ákvað að svara kallinu.

Í samstarfi við danska landbúnaðar- og matvælaráðið bauð hún upp á lifandi streymi frá starfseminni stanslaust í 35 daga, nánar tiltekið frá 8. febrúar til 14. mars sl., eða sem nemur vaxtartíma kjúklinga inni á búinu og þar til þeir eru fjarlægðir til slátrunar.

Í gegnum vefsíðuna kyllingestald.dk, á Youtube og Facebook var hægt að fylgjast með lífi um 32.000 kjúklinga af gerðinni Ross 308 sem uxu og döfnuðu í beinni útsendingu, ásamt því að sækja gögn um hitastig, fóðrun og vatnsnotkun og fleira á hverri stundu.

Með því vildu Sólveig og dönsku landbúnaðar- og matvælasamtökin gefa innsýn og auka þekkingu á danskri kjúklingaframleiðslu sem þau sögðu að leggi megináherslu á dýravelferð, matvælaöryggi og lágt kolefnisspor.



„Markmiðið er að sýna af eins mikilli hreinskilni og hægt er raunsæjar aðstæður í fuglahúsi svo Danir geti fengið raunverulega mynd af dönsku kjúklingaframleiðslunni. Við viljum að umræðan um danska kjúklingaframleiðslu fari fram á upplýstum grunni,“ segir á vefsíðu verkefnisins.

### *Leita nú til Norðmanna*

Streymið sló í gegn en yfir 18.000 gestir sóttu búið heim, rafrænt, meðan á útsendingu stóð. Útsendingin náði til yfir 800.000 notenda og tæp 3 milljónir notenda samfélagsmiðla litu inn með slíkum leiðum. Virkir í athugasemdum urðu um 1.600 talsins og þó einhverjir væru neikvæðir í garð framleiðslunnar var yfirgnæfandi meirihluti þakklátur fyrir innsýnina.

Eftir uppátækið hafði Sólveig samband við dýraverndarsamtökin Anima til að kalla inn þá fjármuni sem samtökin höfðu heitið. Varð þá lítið um svör.

Fyrir stuttu barst ákall frá Anima á norskri grund þar sem þau heita á þarlenda kjúklingabændur að opna stöðvar sínar. Þeir lofa þeim fjármunum fyrir. /ghp

Náttúruhamfarir í kjölfar hlýnandi veðurs:

# Brestur í mangóuppskeru Norður-Indlands



**Óvenjusnemmbær hitabylgja hefur dunið yfir fylkinu Bihar í Norður-Indlandi vikum fyrr en venjulega með þeim afleiðingum að mangóuppskera hefur gjöreyðilagst að mestu.**

Bihar er þekkt fyrir afar fjölbreytt úrval af mangóum og því er viðurværi þeirra þúsunda smábænda ógnað sem rækta ávextina. Að auki hefur uppskerubresturinn mikil áhrif á þær milljónir manna til viðbótar sem neyta þeirra, en talið er að 65–70% uppskerunnar sé ónýt í fylkinu Bihar í Indlandi.

### *Uppskerubrestur*

Samkvæmt fréttamiðlinum www.hindustantimes.com, kemur fram að vísindamenn landbúnaðarháskólans á staðnum telji allt hafa farið miður sem getað kunni, síðan mangóin höfu að þroskast nú í mars síðastliðnum.

Snemma fór að sumra þetta árið og lítið var um rigningu sem olli því að blóm mangósins og ávextir þroskuðust seint og illa, en þau sem náðu sér eitthvað á strik voru afar smágerð. Það sem gerði slæmt verra voru svokallaðir mangómaðkar, rauðleitir kálormar sem lögðu lið sitt við að skemma það sem bitastætt var.

Hár hiti gerði einnig kálormunum auðveldara fyrir við vöxt stofnsins og eins og staðan er núna herja þeir enn á þá litlu uppskeru sem eftir er.

### *Alvarlegt ástand vegna loftslagsbreytinga*

Bihar, sem er í fjórða sæti á lista yfir framleiðsluríki Indlands þegar kemur að mangóræktun, framleiðir meira en 15 tonn af ávextinum við venjuleg veðurskilyrði, en þarna er greinilega um áhrif loftslagsbreytinga að ræða að mati vísindamanna landbúnaðarháskólans.

Forstöðumaður vísindadeildarinnar segir að aldrei áður hafi mangóframleiðsla verið jafn lítil í ríkinu – að minnsta kosti ekki síðastliðin 50 ár. Þetta sé grafalvarlegt ástand enda haldi virði uppskerunnar fjölskyldum þeirra uppi allt árið.

Á vefsíðu Hindustan Times kemur fram að Amarendra Pratap Singh landbúnaðarráðherra bendi á að auk uppskerubrestsins í mangórækt hafi hitabylgjan í Bihar haft svipuð áhrif á aðra ræktun.

Hann tók einnig fram að ástandið félli undir náttúruhamfarir og því sæi hann fyrir sér að reynt yrði að bæta garðyrkjubændum tjónið eftir að gerð yrði skýrsla um ástandið sem svo yrði lögð fyrir stjórnvöld.

Margir bændur telja að hægt sé að bæta tapið með útflutningi á mangói til erlendra landa með flugi, en aðrir telja að þar sem um ræðir varla 30% af heildarframleiðslunni standi það vart undir sér.

/SP



**Mangómaðkur, einn þeirra illvígu rauðleitu kálorma sem eiga stóran hlut í uppskerubresti Norður-Indlands.**



Eftir miklar verðhækkanir undanfarið ár stefnir í verðlækkun 2023. Mynd/Bbl

## Noregur:

# Áburðarverð lækkar

**Í Noregi hefur verið boðuð verðlækkun á áburði sem byrjað er að selja fyrir næsta vor. Þetta kemur fram í frétt frá Bondebladet.**

Ef áburðarverðið sem norskum bændum býðst fyrir árið 2023 er borið saman við áburðarverðið árið 2021 þá verður hækkunin bara tvöföld, ekki þreföld eins og hún var í ár. Yara var þegar búið að boða verðlækkun á hreinum köfnunarefnisáburði í maí og fylgja þau því núna eftir með því að bjóða lægri verð á þrígildum áburði.

Samkvæmt verðlista Felleskjøpet fyrir næsta ár, sem hefur verið birtur norskum bændum, þá hefur verðið á eingildum N27 áburði lækkað um 35% miðað við hæsta verðið í vor og hafa algengustu tegundirnar af þrígildum áburði lækkað um 25-30%. /ÁL


Nýjasta dráttarvélin frá AgXeed getur keyrt án aðstoðar ökumanns.

## Evrópa:

# Sjálfkeyrandi traktorar

**Árið 2021 hóf þýski landbúnaðartækjaframleiðandinn Class samvinnu við hollenska nýsköpunarfyrirtækið AgXeed sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á sjálfkeyrandi landbúnaðartækjum undir heitinu AgBot.**

Með þessu hyggst Claas, sem er risi á sviði landbúnaðartækja, auka fjárfestingar á sviði hinnar sjálfkeyrandi framtíðar og AgXeed hagnast á alþjóðlegu neti sölu- og þjónustuaðila Claas. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Claas sendi frá sér fyrir skemmstu.

Samningurinn hefur í för með sér að frá og með þessu sumri munu nokkrir sölu- og þjónustuaðilar Claas í Þýskalandi og Sviss bjóða bændum upp á vörur frá AgXeed. Bændum verður ekki einungis boðið upp á að kaupa tækin, heldur verður líka boðið upp á að taka tækin á leigu. Með því verður þröskuldurinn á því að komast í tæri við sjálfkeyrandi tæki lægri og AgXeed fær tækifæri til þess að stunda auknar prófanir á sínum tækjum við raunverulegar aðstæður.

AgXeed er þegar búið að setja á markað þrjú sjálfkeyrandi landbúnaðartæki. Fyrst kynntu þau sjálfkeyrandi beltatraktor með 154 hestafla vél árið 2020, síðan komu þau með sérhæft þriggja hjóla tæki fyrir vínrækt árið 2021.

Núna nýlega kynnti AgXeed 74 ha dráttarvél sem ekur um á fjórum hjólum. /ÁL














# Krydd í tilveruna – fyrri hluti

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Þrátt fyrir að aldalöng hefð sé fyrir notkun og ræktun kryddjurta veit enginn fyrir víst hvenær fólk fór fyrst að nota plöntur til að bragðbæta matinn sinn. Villtar jurtir í náttúrunni voru notaðar í súpur og seyði og seinna hófst ábatasöm verslun með krydd milli heimsálfa. Í dag finnst krydd á öllum heimilum á Íslandi og mörgum finnst gaman að rækta sjálfir.**

Arabar stjórnuðu lengi verslun með krydd til Evrópu og fluttu það með úlfaldalestum yfir eyðimerkur Arabíu og eftir Silkileiðinni.

Síðar, eftir landafundina miklu og siglingar Evrópumanna um heimsins höf, fluttist verslunin í hendur stórra evrópskra fyrirtækja og ævintýramanna.

Krydd var dýrt á þeim tíma og því einungis á færi vel stæðra borgara að neyta þess.

### *Rómverjar og pipar*

Eftir að Rómverjar lögðu undir sig Egyptaland um 30 fyrir Krist voru tíðar skipaferðir til Indlands og að sögn rómverska heimspekingsins og kortagerðarmannsins Strabo sigldu allt að 120 kaupskip frá Rauðahafi um Amed- og Arabíuflóa til Indlands, Kína og víðar í Suðaustur-Asíu á hverju ári.

Meðal varnings sem skipin fluttu með sér til Evrópu voru krydd og ekki síst pipar, sem var þyngdar sinnar virði í gulli og stundum kallað svart gull.

Rómverski náttúrufræðingurinn og rithöfundurinn Pliny eldri segir í Naturalis Historia að pund af löngum pipar hafi kostað 15 denarí, pund af hvítum pipar sjö denarí og sama magn af svörtum pipar heil fjögur denarí.

Pliny, sem virðist hafa verið nöldursamur nískupúki, kvartar undan því í ritinu að pipar sé svo eftirsóttur að á hverju ári eyði Rómverjar gríðarlegu fé í að kaupa pipar frá Indlandi og að verðið sé svo hátt að um hreint rán sé að ræða.

### *Leynd og lygasögur*

Mikil leynd hvíldi yfir uppruna margra krydda framan af og ævintýralegar lygasögur spunnust um það.

Sé mark takandi á Grikkjanum Heródótus frá Halíkarnassus, sem titlaður er faðir sagnfræðinnar, þá vissi enginn hvar kanill óx eða var ræktaður en Heródótus vissi samt að kanilsins var gætt af stórum fuglum og að söfnun hans fór fram með furðulegum hætti.

Í íslenskri þýðingu Stefáns Steinssonar á Rannsóknum Heródótusar segir um uppruna og söfnun kanils: „Hvaðan hann kemur og í hvaða landi hann er ræktaður kunna menn ekki skil á.

Þó virðist í orði kveðnu svo sem hann blómgist, segja einhverjir, á lendum þar sem Díonýsus óx úr grasi. Stórir og miklir fuglar eru sagðir bera með sér stöngla þá sem við lærðum af Fönikum að kalla kanil. Fuglarnir bera þá upp í hreiður sem er kleprað með leðju utan á þverhnípta kletta. Þeir eru öldungis ókleifir mönnum.

Við þessu eiga arabar kænskubragð. Þeir bryðja dauða uxa, asna og fleiri burðardýr í gróf spað, flytja á vettvang og leggja nærri klettunum. Sjálfir færa þeir sig langt frá. Fuglarnir fljúga ofan og færa kjötið upp í hreiðrin. Þau valda ekki þvílíkum þunga og falla til jarðar. Í því koma arabarnir og tína þau.

Þannig er kanil safnað og hefur flust með þeim til annarra landa.“

### *Ábótasöm og blóðug verslun*

Fljótlega eftir að siglingar til Austurheims hófust urðu Spánverjar og Portúgalar atkvæðamiklir í verslun með krydd.

Bretar sigldu í kjölfarið og stór hluti breska heimsveldisins byggði á verslun með krydd og aðra nýlenduvörur. Hollendingar gengu ekki síður hart fram og er saga viðskipta þeirra með múskat blóði drifin og ásókn í kryddið og hagnaðurinn sem því fylgdi leiddi til þjóðarmorðs á Banda-eyjum árið 1621. Hollendingar útrýmdu innfæddum til að ná yfirráðum yfir ræktun og verslun með múskat.

Seinna gerðu Hollendingar landaskipti við Breta. Hollendingar fengu eyjuna *Run* í Banda-eyjaklasanum en Bretar Manhattan-eyju í Norður-Ameríku eða Nýju Amsterdam í staðinn.

### *Heimaræktun kryddjurta*

Auðveldara er en margir halda að rækta kryddjurtir til heimilisins og lítið mál að sá þeim eða kaupa forræktaðar plöntur til áframræktunar.

Sumar tegundir eru harðgerðar og lifa veturinn af utandyra og aðrar vaxa villtar.



**Basilíka *(Ocimum basilicum).***
Einær, 20 til 60 sentímetra há. Blöðin egglaga og safarík. Viðkvæm og þolir hvorki kulda né vind. Best að rækta í potti í glugga eða potti sem hægt er að taka inn ef kólnar í veðri. Sáð inni í mars eða apríl og sett út eftir að hætta á næturfrosti er liðin hjá.

Basilíka er til í mörgum afbrigðum, rauð og græn. Hægt er að fá afbrigði með mismunandi bragðkeim, til dæmis með anís-, kanil-, sítrónu- og hefðbundnu basilíkubragði.

Uppruni basilíku er á Indlandi þar sem afbrigði hennar kallast tulsi og tengist Visnú, einum af þremur meginguðum hindúatrúar. Forn-Egyptar notuðu plöntuna til fórna en Grikkir og Rómverjar tengdu hana dauða og sorg.

Á Krít var basilíka tákn um ást í meinum. Basilíka er ágæt við kvefi, höfuðverk og sem flugnafæla en er sjálf afar eftirsótt af flestum tegundum blaðlúsa. Vinsæl í pestó með hvítlauk, olíu og furuhnetum.



**Blóðberg/garðablóðberg/timjan *(Thymus praecox* ssp. *arcticus - Thymus vulgare).***
Báðar tegundir eru skriðulir hálfrunnar, garðablóðbergið nær 10 til 30 sentímetra hæð, en íslenskt blóðberg er jarðlægt og reisir sig sjaldan hærra en 5 sentímetra frá jörðu.

Blómin á garðablóðbergi eru ljós- eða purpurarauð en rósrauð og stundum hvít á því íslenska. Dafnar best á sólríkum stað og í þurrum jarðvegi. Til eru fjölmörg yrki af blóðbergi og eitt þeirra ber sítrónukeim.

Talið er að Súmerar, sem voru uppi 3.500 árum fyrir Krist, hafi notað timjan sem krydd og til lækninga.

Rómverjar töldu plöntuna örva kynhvötina og á miðöldum var timjan tengt ástleitni.

Björn Halldórsson frá Sauðlauksdal segir um blóðberg í Grasnytjum frá 1783:

*„Þessi urt hefur ágætan kraft til að styrkja sinar. Hverslags vín, sem á þessari urt hefur staðið nokkra stund og síðan drukkið, læknar sinadrátt, það sama læknar kvef, hreinsar og styrkir höfuð, þynnir blóð, læknar upp þembing þeirra manna, sem etið hafa mikið af hörðum mati.*

*Það vermir kaldan maga og styrkir hann. Dúkur í þessu vín vættur og við lagður höfuð manns, bætir öngvit og svima, höfuðverk og hettusótt. Seyði af þessari urt, sem te drukkið, er gott við hósta, læknar ölsýki þeirra manna, að morgni drukkið, sem ofdrukkið höfðu vín að kvöldi. Sé þessari urt stráð á gólf, eða reykt með henni í húsum, ellegar hún seydd í vatni og sama vatni dreift um húsið, flýja þaðan flær.“*



**Búrót *(Artemisia vulgaris).***
Fjölær jurt sem vex villt í Evrópu og getur náð allt að tveggja metra hæð. Finnst hér sem slæðingur. Blöðin stór og fjaðurskipt.

Vex í brúskum og gefur frá sér beiskan keim. Fjölgað með skiptingu. Blöðin þurrkuð og mulin þykja góð með kjötréttum, gæsa- og fiskréttum. Var áður notuð til ölgerðar.

Gott þótti að setja blöð af búrót í skóna á löngum ferðalögum til að draga úr þreytu og bægja frá illum öflum og óargadýrum.

Sagt er að Jóhannes skírari hafi vafið búrót um mittið á sér þegar hann fastaði í eyðimörkinni í 40 daga.

Jurtin tengist göldrum og er sögð auðvelda sálnaflakk.



**Dilla *(Anethum graveolens).***
Einær jurt sem getur orðið 60 sentímetra há og best er að sá beint út í maí eða júní. Fremur auðveld í ræktun en þolir illa flutning. Dafnar best í næringarríkum moldarjarðvegi á hlýjum og skjólgóðum stað.

Æskilegt bil á milli plantna er 30 til 40 sentímetrar. Gömul ræktunarjurt sem þykir góð með laxi, skelfiski, lambakjöti og yfir kartöflusalatið. Fræin bragðsterkari en blöðin og eru meðal annars notuð til að krydda súrar agúrkur, graflax og silung.

Jurtin er sögð róandi og voru dillvendir notaðir til að svæfa börn.

Eggert Ólafsson minnist á dill í Lachanologia sem kom út 1774:

*„Dilla er kúmeni nærskylt og svipuð jurt, er hér á landi hefur vaxið, vill hún álíka jörð hafa, og brúkast til að gefa ýmsum matvælum góðan smekk. Fræið dreifir útvortis meinsemdum, gefur svefn, mótstendur hiksta og klígju, temprar holdsins frygð.“*

Nafnið fékk jurtin vegna þess að það þótti gott ráð fyrir mæður með börn á brjósti að þær tygggðu dulítið dilluknippi áður en þær settu börnin á brjóst, væru þau óróleg.

Seyði af dillu er róandi og svæfandi. Einnig gott fyrir konur meðan á tíðahvörfum stendur.

Að dilla barni merkir að róa það og svæfa.



**Einir *(Juniperus communis).***
Lágvaxinn og oft jarðlægur runni sem getur orðið nokkurra metra breiður og er eina barrtréð sem vex villt hér á landi.

Könglarnir eða berin dökkblá. Þurrkuð og mulin eru þau sæt á bragðið og þykja gott krydd með villibráð. Einiber gefa gini, séníver og ýmsum líkjörum sitt sérstaka bragð. Gamalt heiti á eini er eldstré og sagt var að hægt væri að hylja glóð í einivið í marga mánuði án þess að hún kulnaði.

Gömul trú segir einnig að til að afstýra húsbruna sé gott að hafa eini í húsinu. Á Norðurlöndum var einirinn talinn vörn gegn göldrum og tengjast gamalli frjósemisdýrkun.



**Estragon/Fáfnisgras/tarragon *(Artemisia dracunculus).***
Fjölær jurt sem getur orðið rúmur metri á hæð. Dafnar úti á góðum stað á sumrin en er einær nema í gróðurhúsi. Rússnesku estragoni er sáð en frönsku og þýsku fjölgað með skiptingu og græðlingum.

Gengur undir ýmsum nöfnum, franskt, þýskt eða rússneskt tarragon eða estragon. Franskt og þýskt þykir betra en rússneskt sem heitir reyndar *A. dracunculoides* á latínu.

Ómissandi með nautakjöti og í bernaisesósu.

Jurtin er sögð verndandi og róandi og gott að hafa hana á borði til að gestir upplifi sig velkomna á heimilinu.

Heitið estragon er til í bókhaldi Skálholtsstaðar frá tíð Brynjólfs biskups og því gott og gilt en fáfnisgras er verulega góð og falleg þýðing.



**Fennil *(Foenicula vulgare* var *dulce).***
Fjölær jurt sem er ræktuð sem einær hér á landi og getur náð ríflega metra hæð við góðar aðstæður.

Stöngullinn sterklegur, blöðin fínleg og blómin gul. Best er að rækta fennil í pottum en gengur ágætlega í beði á hlýjum og sólríkum stað.

Sáð inni um miðjan apríl og sett út snemma í júní. Þolir illa að þorna og þarf töluvert vatn. Plantan er öll nýtt, blöðin góð í súpur, sósur og salöt. Hnúðarnir flysjaðir og snöggsoðnir. Fræin eru notuð til að krydda sterka drykki eins og Absinth, Fernet Branca og Underberg.

Fennil er upprunnin við Miðjarðarhafið og er gömul lækningajurt. Rómverjar tengdu fennil við sjónina og töldu hana lækna gláku. Fennil var stundum kölluð sígóð í garðyrkjubókum liðinnar aldar.



**Fjörukál *(Cakile maritima* ssp. *arctica).***
Einær safarík planta. Stönglarnir jarðlægir en sveigjast upp á endunum, allt að 30 sentímetra háir. Blöðin kjötkennd og blágræn að lit. Blómin hvít og blómstra í júní.

Algengt í fjörum frá Hornafirði til Dýrafjarðar þar sem fjörukál myndar oft þéttar breiður. Þekkt undir heitunum strandkál, strandlungnajurt, strandbúi eða þykkblöðóttur strandbúi.

Nafnið fjörukál líklega íslenskt alþýðuheiti. Björn Halldórsson kallar jurtina sæarfa í Grasnytjum.

Fjörukál var lítillega notað til manneldis fyrr á öldum. Blöðin þóttu góð í salat en nokkuð sölt og því betri í súpur. Ræturnar þóttu góðar soðnar í mjólk og stappaðar.

Plantan var talin góð við hjarta- og brjóstveiki, einnig sögð græðandi og drepa orma. Björn Halldórsson segir að plantan hafi verið sköpuð af þeirri hæstu forsjón til þess að sjómaður, sem verður að lenda á eyðisandi, hafi þó strax nokkuð sem endurnæri hann.



**Gæsajurt *(Chamaemelum nobile).***
Fjölær jurt en ræktuð sem einær hér. Sáð inni snemma í maí eða úti í júní.

Dafnar best á sólríkum stað. Nær 40 sentímetra hæð, blómin hvít með gulu auga og líkjast baldursbrá. Blöð og blóm þurrkuð fyrir notkun. Góð í te og við svefnleysi. Vex villt í Evrópu og Norður-Ameríku. Seyði jurtarinnar notað til að lýsa hár og sagt gott við innantökum.



**Gulmaðra *(Galium verum).***
Upp af rauðum jarðstöngli vex 15 til 40 sentímetra langur uppréttur stöngull. Blöðin mjó og niðursveigð, 6 til 12 saman, og mynda kransa. Blómin lítil og gul að lit, ilmgóð. Blómgast í júní. Algeng á þurru valllendi um allt land.Þessi jurt hefur verið nefnd nöfnum eins og fegra og fegrujurt, gula maðra, gulmaðra og gullmaðra. Eggert Ólafsson nefnir hana hundagras í dagbókum sínum og Björn Halldórsson möðru með gulu blómstri, en heitið Maríu meyjar sængurhjálmur er dönskuþýðing.

Jurtin er sögð græðandi, blóðstillandi og styrkjandi því gott þótti að leggja blöð hennar við lúna limi og veikar sinar. Maðran var einnig notuð til að hleypa ost og gefa honum gulan lit. Hún er ilmsterk en þykir þægileg í hófi.



**Hjartafró/sítrónumelissa *(Melissa officinalis).***
Fjölær ef hún fær gott vetrarskjól og því best að rækta hana í potti og taka inn yfir veturinn.

Sáð inni í mars, þrífst best í næringarríkum og vel framræstum jarðvegi og nær um 50 sentímetra hæð. Blöðin, sem eru löng og mjó, eru notuð í te og ýmiss konar matseld í Austurlöndum fjær og til að bragðbæta ís.

Líklega upprunnin í Suður-Evrópu og Norður-Afríku en hefur breiðst þaðan um heiminn. Seyði af jurtinni sagt viðhalda heilastarfseminni, róa hugann, gott við kvefi og skalla. Frægur svissneskur læknir á 16. öld taldi plöntuna allra meina bót og gerði menn allt að því ódauðlega.

Sé ferskum blöðum nuddað við húðina eru þau sögð fæla burt moskítóflugur.



**Hjólkróna *(Borago officinalis).***
Einær jurt sem nær 50 til 60 sentímetra hæð. Forræktuð inni eða sáð beint í beð. Kýs rakan jarðveg. Blóm og blöð notuð í drykki, sósur og eftirrétti.

Upprunnin í Mið-Austurlöndum. Keltar tengdu hjólkrónu við hugrekki og drukku mjöð kryddaðan með henni fyrir orrustur. Plantan er sögð auka blóð- streymið og vera hjartastyrkjandi.



**Mynta/hrokkinmynta/piparmynta *(Mentha spicata og Mentha × piperita).***
Fjölærar plöntur og auðveldar í ræktun. Duglegar að dreifa sér með rótarskotum og ná 40 til 50 sentímetra hæð. Í grískri goðafræði er Minta glæsimey sem Hades, guð undir- heimanna, var ástfanginn af, en hann var giftur Persefónu, dóttur Seifs. Góð í kryddsmjör og með lambakjöti.

Notuð í sælgæti og til að hjúpa tannþráð. Piparmyntute er þjóðardrykkur Marokkó.

Mynta er ómissandi í mojito, sem var uppáhaldsdrykkur rithöfundarins Ernests Heming- way. Í góðan mojito þarf klaka, 12 myntulauf, ½ lime sem skorið er í þrjá báta, eina matskeið af hrásykri, 6 sentílítra romm og 12 sentílítra sódavatn með lime-bragði.

Myntulaufið er sett í hátt glas ásamt tveimur lime-bátum og hrásykri og mulið saman.

Því næst er glasið fyllt með muldum klaka og rommi, sódavatninu bætt út í og hrært. Að lokum skal skreyta glasið með myntulaufi og lime-báti. Hrokkinmynta er rammari og bragðsterkari en piparmynta. Piparmynta er blendingstegund sem myndar ekki fræ og því þarf að fjölga henni með skiptingu.

Það er fyrst og fremst piparmyntan sem notuð er í sælgæti. Hrokkinmynta er sú sem kölluð er spearmint á ensku.



**Ísópur *(Hyssopus officnalis).***
Fjölær jurt, 30 til 50 sentímetrar á hæð. Blómin lítil, dökkblá, hvít eða bleik. Ilmsterk. Dafnar best í sól en gerir litlar kröfur til jarðvegs og þykir best að hafa hann þurran og næringarsnauðan. Æskilegt bil á milli plantna er 20 til 30 sentímetrar.

Þekkt kryddjurt í Suður-Evrópu. Greinarnar klipptar af við blómgun og hengdar til þerris. Hafðar í te og til að bragðbæta kjötrétti.



**Kerfill *(Myrrhis odorata).***
Spánarkerfill vex villtur í Evrópu og Asíu en hefur verið ræktaður sem garðjurt hér og dreift sér mikið. Dafnar vel í hálfskugga.

Í Íslenzk garðyrkjubók, sem Móritz gaf út 1883, segir að kerfill dafni vel í Reykjavík og að hann geti þrifist um allt land.

Forn-Grikkir notuðu kerfil sem krydd og Rómverjar borðuðu hann sem grænmeti.



**Kóríander *(Coriandrum sativum).***
Einær jurt sem nær 50 sentímetra hæð. Blómin hvít eða bleik. Fremur viðkvæm og nauðsynlegt að forrækta innandyra. Sáð í apríl. Öll plantan er nýtt. Anískeimur af blöðunum en fræin eru með öðrum keim, sterkum og sætum.

Ævagömul nytjaplanta sem getið er í Biblíunni og egypskum papírushandritum.

Um hálfur lítri af kóríanderfræjum fannst í steingröf egypska faraósins Tutankhamun og þar sem kóríander vex ekki villt í Egyptalandi má reikna með að Egyptar til forna hafi ræktað það.

Á miðöldum þótti kóríander ómissandi í ástardrykki. Mikið notað í sósur og karrírétti.




NYTJAR LANDSINS



Undraefni þörunganna:

# Náttúruauðlindir við Íslandsstrendur



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Heilnæm nýting náttúruafurða landsins okkar hefur gjarnan verið í umræðunni, bæði er kemur að beinni ræktun, en einnig í formi þeirra auðlinda sem eru sjálfsprottnar og skiptast m.a. í fræplöntur, byrkninga, mosa, fléttur, sveppi og þörunga, en um þá síðastnefndu verður fjallað lítillega hér á eftir.**

Undir samheitinu þörungar eru þær plöntur sem lifa helst í vatni, í sjó eða öðru votlendi.

Þörungar hafa löngum verið nýttir til manneldis á Íslandi, þá helst söl, brúnþörungar á borð við marinkjarna auk hrossa og beltisþara ef marka má upplýsingar frá árum áður.

Í dag hafa líftæknifræðingar gert ýmsar jákvæðar rannsóknir sem benda til þess að þörungar innihaldi afar mikið af lífríkum efnum sem hafa jákvæð áhrif á mannslíkamann, þá helst öflugum andoxunarefnum sem geta haft áhrif á krabbamein, minnkað bólgur, sykursýki og lækkað blóðþrýsting svo eitthvað sé nefnt. Þeir eru einnig auðugir af vítamínum á borð við kalk, magnesíum, natríum og sérstaklega af joði.




**Rannsókn FNR leiddi í ljós mikið joðmagn í þörungum.**

### *Þegar vel er að gáð*

Joð er reyndar afar mikilvægt næringarefni sem einnig stuðlar að vexti og þroska, vexti og starfsemi taugakerfis og vöðva og hefur áhrif á efnaskipti líkamans, vefi og liði.

Ójafnvægi á joði getur valdið röskun á starfsemi skjaldkirtilsins og getur valdið afar mörgum heilsufarsvandamálum, en hann er lítill, í raun fiðrildalaga, kirtill framan á neðanverðum hálsi.



**Beltisþari í allri sinni dýrð.** Mynd / Wikipedia-Baralloco

En þá er nú svo áhugavert að við Íslandsstrendur leynast þeir þörungar sem innihalda afar mikið joð og á vefsíðu Matarauðs Íslands má finna allskemmtilegt þörungakort þar sem hægt er að leita að hinum ýmsu tegundum matþörunga með því að haka við það sem manni hugnast.

Samkvæmt þeirri síðu má hérlendis helst finna beltisþara, dvergþang, hrossaþara, marinkjarna, purpurahimnu, fjörugrös, söl og þangskegg.

### *Magn joðs í nærumhverfinu*

Í rannsókn sem gerð var af stofnuninni Food & Nutrition Research (FNR) var meðal annars greint frá magni joðs í þörungum og birtu þeir er að rannsókninni stóðu myndræna skýringu á því eins og sést hér að ofan.

FNR stendur annars fyrir veftímariti sem gegnir hlutverks mikilvægs vettvangs fyrir vísindamenn þar sem þeir geta skipst á nýjustu niðurstöðum rannsókna á næringu manna í heild og matartengdri næringu sérstaklega. *(Fyrir áhugasama: www. foodand nutritionresearch.net)*

Áhugavert er gífurlegt magn joðs í hrossaþara *(Laminaria digitata)* og beltisþara *(L. saccharina e. sugar kelp)* en þeir falla báðir undir brúnþörunga. Hrossaþara má m.a. finna við strendur Íslands, á grjót- eða klapparbotni þar sem skjólsælt er. Hann vex allt niður á 20 m dýpi auk þess að geta myndað þaraskóg neðansjávar.

Beltisþarann má einnig finna í fjörum víða hérlendis, en hann vex á malarbotni, niður á allt að tæplega 30 metra dýpi.

Báðar tegundir vaxa neðst í fjörum og því best að nálgast á háfjöru og stórstraumsfjöru.

### *Þarafóður og hreinsandi smyrsl*

Á vefsíðunni Fjaran og hafið má sjá að mælt er með hæfilegu magni af þara í fóðri, en hann mun hafa áhrif á vöxt húsdýra, nyt í kúm og eggjavarp hænsna.

Þessar upplýsingar má líka finna í fyrsta tölublaði Búnaðarritsins árið 1936, en þar er mælst til þess að gefa húsdýrum þarafóður.

*„... þá fá dýrin joð, sem er afar nauðsynlegt, sé það hæfilega mikið, og er mjólk úr kúm sem gefinn er þari, álitin mjög holl. Einnig er það talið mjög gott að hænsni fái þara, til þess að eggin fái því meira joðinnihald, og segja ýmsir fræðimenn þetta vera þá réttu leið, til að bæta úr þörf þeirri, er menn hafa fyrir joðefni.“*

## Skjaldkirtilseinkenni sem líta skal eftir

**Ofvirkur skjaldkirtill**
**• Þreyta og úthaldsleysi eða mæði. • Kvíði, pirringur – fólk er oft uppstökkt. • Hitaóþol, fólk svitnar oft mikið og klæðir sig lítið miðað við aðra og árstíma. • Skjálfti • Þyngdartap þrátt fyrir mjög góða matarlyst • Hjartsláttarköst • Niðurgangur • Vöðvaslappleiki, þreyta • Útbrot • Bólga á hálsi • Þurr augu sem jafnvel geta á stundum orðið útstæð (exophthalmos).**

**Vanvirkur skjaldkirtill**
**• Þreyta • Kuldatilfinning • Hægðatregða • Bjúgur, meðal annars í andliti • Þyngdaraukning • Þurr húð • Hæsi • Minnisskerðing • Hægur hjartsláttur. • Hjá konum á barneignaaldri eru miklar tíðablæðingar og skert frjósemi algeng. Vanvirkur skjaldkirtill er oftar en ekki einkennalaus og mun algengari í konum en körlum. Oft er um sjálfsofnæmisbólgu að ræða.**

Auk þeirra ágætu eiginleika sem joð hefur á líkamann innbyrðis – sé þess neytt í hófi – hefur það í gegnum tíðina þjónað hlutverki sótthreinsandi og líknandi áburðar.

Í tölublaði Ægis árið 1920 er joð mært sem sótthreinsandi efni.

*„Joðáburður er öflugt sóttkveikjueitur og kemur því að góðu gagni við sáragræðslu.“*

Að sama skapi birtist í „Ráðabálki“ Heimilisblaðsins 1924 að gott sé að bera joð á tannhold ef um veika tönn sé að ræða.

Læknablaðið, gefið út af Læknafjelagi Reykjavíkur árið 1926, kemur þó fram að við sótthreinsun fyrir botnlanga- uppskurð á mjög ungum börnum skuli joð ekki notað, heldur frekar alkóhól, vegna hættu á ofnæmi.

*„Við ungbörn notar höf. ether og alcohol., en ekki joð til hreinsunar hörundsins á undan skurði, vegna hættu á joð-eczema.“*


*Hvað á að vera í lyfjaskápnum?*

Flestir hafa trúlega reynt að slá varnagla við því að stórslys komi fyrir innan veggja heimilisins, stiginn er í lagi, gúmmí undir teppum og mottum, svo ekki skríði og öryggislokur á rafmagnsstungum, ef börn eru á heimilinu.

En enginn getur varizt því, að smáóhöpp komi fyrir og því nauðsynlegt að eiga til einhver hjálpartæki eins og plástra og umbúðir og einnig smyrzl, joð og t. d. höfðuverkjartöflur.

En alla slíka hluti á **að geyma í lyfjaskáp og honum læstum.** Lyfjaskápurinn má ekki vera of lítill. Sé hann of lítill er erfitt að hafa þar allt í röð og reglu. Hann þarf að vera það stór, að nægilegt rými sé fyrir plástra, sárabindi, bómull, vaselín, joð zinkpasta, höfuðverjartöflur, hálstöflur, auk þess öryggisnælur, skæri, hitamæli og svo einhverja bók um fyrstu hjálp. Ekki má gleyma að hafa pláss fyrir þau lyf, sem læknirinn kann að fyrirskipa.

Það á að vera hægt að læsa skápnum og hann á að vera þannig staðsettur, að börn komist ekki auðveldlega að honum. Það kemur of oft fyrir, að komið sé með börn og jafnvel fullorðna upp á

Framhald á bls. 28.

**Samkvæmt 26. tölublaði Fálkans árið 1963 er joð að sjálfsögðu eitt af því sem allt almennilegt fólk hefur í lyfjaskápnum.** Mynd /timarit.is

Tryggvi Ámundsson læknir, sem sat fyrir svörum í Fréttabréfi um heilbrigðismál hálfri öld síðar – í júní 1978, bendir hins vegar á að ekki þyki joðið heppilegt sáravatn.

*„Joðupplausn sótthreinsar að vísu ágætlega húð, en blóð og blóðvatn minnkar að miklu leyti alla sótthreinsandi eiginleika hennar. Auk þess svíður ópyrmilega undan joði þegar það er borið í sár.“*





**Dvergþang.** Mynd / Wikipedia

### *Mengun hefur alvarleg áhrif*

Varast skal þó að innbyrða of mikils magns af joði. Vitað er til þess að sjávargróður geti innihaldið málma á borð við blý, ál og aðra þungmálma ef um mengað umhverfi sjávar er að ræða.

Ýmsar rannsóknir hafa svo bent á að of stór skammtur joðs geti haft alveg öfug áhrif á þá sem eiga við skjaldkirtilsvandamál að stríða og valdið algerri vanvirkni hans.

Upplýsingar frá Apótekum Lyfju greina frá svipuðum upplýsingum, en á vefsíðu þeirra kemur eftirfarandi fram:

*„Þó að joð sé nauðsynlegt í skjaldkirtilshormónum getur mjög stór skammtur af því fyllt skjaldkirtilinn um of og dregið um leið úr eðlilegri virkni hans.*

*Mikil neysla á joði getur valdið vanvirkni skjaldkirtilsins. Ráðlegt er að forðast stóra skammta af náttúrulækningarlyfjum og fæðubótarefnum sem innihalda mikið af joði.“*

### *Allt er gott í hófi*

Í raun má því segja að þarna sé fín lína sem þarf að dansa þegar kemur að inntöku joðs.

Guðrún Bergmann, öflugur talsmaður lífsstíls náttúrulegrar heilsu, greinir frá því á vefsíðu sinni að hafa verið greind með vanvirkan skjaldkirtil, en tekist að leiðrétta virkni hans án þess að fara á skjaldkirtilslyf, þá með joðbætiefninu Red Tiger.


**Söl.** Mynd / Wikipedia

Hvað svo sem hverjum finnst er allt gott í hófi og því ekki úr vegi að fá sér gönguferð meðfram strandlengju einhverri og horfa yfir þarabreiðurnar. Söl hafa löngum kætt bragðlauka Íslendinga, sumir smyrja þau smjörklípu eins og gert er við harðfiskinn á meðan aðrir steyta þau úr hnefa eða tyggja með harðfisknum. Sumir saxa niður hvers kyns þara og bæta út í súpur eða hrísgrjónarétti, aðrir þurrka og mylja niður í þeytinga og enn aðrir nýta þessa auðlind joðsins í andlitsmaska.

### *Að lokum*

Hafa skal í huga varðandi joðneyslu, að rétt er að vera á varðbergi er kemur að skjaldkirtlinum og hika ekki við að biðja heimilislækni að taka blóðsýni ef grunur leikur á truflunum á starfsemi hans.

Tiltölulega auðvelt er að greina slíkt, þá með hormónamælingum í blóði.


**Hrossaþari í sólskinsbaði.** Mynd / Unsplash

**Vandaðar Alzaga kerrur frá Spáni - 39 ára reynsla**







Innifalið í verði er nefhjól, varadekk, öryggiskeðja, geymslukassi.
Stærð kassi 2300x1400x440. 750 kg.
Verð kerra án festinga fyrir hjól 240.000 kr.
Verð kerra með festingum fyrir hjól 270.000
Auðvelt er að taka hjólafestingarnar af og nota kerruna til flutninga.

**Mar Design ehf**
s. 6660632
Álfhellu 4
221 Hafnarfirði

Trésmiðjan Akur

**AKURShús - timbureiningahús**
*Afhent samsett á byggingarstað eða ósamsett í einingum*
**– Við allra hæfi –**







Kannaðu málið á
akur.is
og pantaðu frían húsabækling

Margar stærðir og gerðir frá 93-227m²





Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

**LAUGARDAGS OPNUNAR TILBOÐ**

**25. júní á Selfossi**

Við bætum þjónustuna á Selfossi með því að hafa opið á **laugardögum milli klukkan 10:00 og 14:00.**
Af því tilefni verða ýmis tilboð í verslun Fóðurblöndunnar á Selfossi, Austurvegi 64a, laugardaginn 25. júní.




FB FÓÐURBLANDAN
www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND

LÍF & STARF

# Íslenskt timbur í Svansvottaðar byggingar

**Það var gleðistund fyrir skógræktarmenn í lok maí þegar samþykkt var að íslenskt timbur mætti nota í Svansvottaðar byggingar á Íslandi.**

Þar fór Umhverfisstofnun í fararbroddi með sitt frábæra starfsfólk og ber sérstaklega að nefna Bergþóru Kvaran. Þessara tímamóta verður vonandi minnst og þau skrifuð í sögu skógræktar á Íslandi.

Vottun á timbri gengur út á þrjú meginatriði: 1) að timburtekjan sé sjálfbær 2) að allir sem koma að málum fái sómasamlega þóknun fyrir og 3) að timbrið undirgangist þær kröfur sem til er ætlast af sjálfbæru timbri. Á Íslandi hafa allir nytjaskógar verið gróðursettir í land sem ekki var á skógur áður. Alla jafna er íslenskt skógræktarfólk ánægt með þátttöku sína í skógrækt enda meginverðlaunin andagift og vellíðan yfir uppvexti trjánna. Vöxtur skóga hérlendis er á pari við skóga á norðurslóðum jarðar. Ef staðið er að umhirðu og grisjun skóga eftir fordæmi Skógræktarinnar þarf íslenskt timbur ekki að þurfa naflaskoðun líkt og þekkist í öðrum löndum. Framboð íslensks timburs er enn af skornum skammti en hér eru engu að síður að vaxa nytjaskógar með mestu ágætum.

Ísland var næstum skóglaust land eftir litlu ísöld sem lauk um 1900. Ágætur maður ritaði um þau tímamót „Skógurinn dó en fólkið lifði“. Upp úr 1900 má segja að skógrækt hafi byrjað hér á landi og segja má að straumhvörf hafi orðið um miðja öldina þegar byrjað var að planta af krafti. Afrakstur þessa krafts og áhuga eru trén sem verið er að fella um þessar mundir, aðgerð sem kölluð er fyrsta grisjun.

Frá ómunatíð hefur timbur verið meginafurð skógræktar. Yfirleitt ræður frjósemi á viðkomandi landsvæði þeirri tegund sem þar vex. Með skjóli hvert af öðru ná trén að mynda skóg sem síðar má nýta til gagns. Viður er bæði eftirsótt og ákaflega gagnleg landbúnaðarafurð. Með vaxandi skógarauðlind verða komandi kynslóðir Íslendinga sjálfbærar um timbur en þess má geta að næstum allt timbur sem Íslendingar hafa notað hefur vaxið á erlendri grundu.


Asparhúsið í Vallanesi, Fljótsdalshéraði. Mynd / HGS


Göngubrú yfir Þjórsá inniheldur íslenskt timbur. Mynd / Trausti Jóhannsson

Á tímum loftslagsbreytinga og stríðs í Evrópu er krafan um sjálfbærni þjóða háværar. Það vill enginn vera öðrum háður svo mjög að skaði hljótist af.

Heimsverð á timbri hefur hækkað undanfarin misseri og við það hefur eftirspurn íslensks timburs aukist.

Fjölmargir hafa komið að því að láta draum íslenskra skógræktenda verða að veruleika, þ.e. búa þannig um hnútana að íslenskt timbur sé samkeppnishæft við það innflutta á íslenskum markaði. Við nýbyggingar Svansvottaðra húsa má nú nota íslenskt timbur í burðarvið og annan smíðavið svo fremi sem það standist gæðakröfur.

Stutt saga skógræktar hér á landi gerir það að verkum að við þekkjum nánast hvert einasta tré; hvenær það var gróðursett, af hverjum, hvar og hvernig umhirðan hefur verið. Þetta er nokkuð sem önnur lönd geta ekki státað af. Þegar við fellum tré þá er það gert af umhyggju og þess gætt að sjálfbærnishugsjónin sé í hávegum höfð. Þessi mikla yfirsýn og skráning á íslenskum skógartrjám gegnum tíðina þýðir að ekki er þörf fyrir alþjóðlegar vottanir á borð við FSC og PFSC, en þegar um innflutt timbur er að ræða er full ástæða að gæta að uppruna timbursins með slíkum vottunum. Öll þekking um sjáfbærni okkar skóga er í okkar höndum og er opin bók fyrir þá sem vilja fræðast. Íslenskt skógræktarfólk skrásetur og stjórnar af mikilli kunnáttu, kunnáttu sem sótt hefur verið til færustu landa í skógrækt.

Íslendingar flytja ekki enn út timbur til annarra landa, en þegar að því kemur munu kaupendur vera stoltir af þeim kaupum og veifa íslenska fánanum og hrópa „Íslenskt timbur, já takk“.

Það er því mikill gleðidagur þegar Umhverfisstofnun samþykkti að íslenskt timbur væri leyfilegt til notkunar í Svansvottaðar byggingar.

Að lokum má nefna þrjú frumkvöðlaverkefni íslensks timburiðnaðar á Íslandi á síðustu árum. Fyrst er að nefna veitingahúsið í Vallanesi á Fljótsdalshéraði sem byggt er úr íslenskum viði. Alla jafna gengur það undir nafninu Asparhúsið því burður hússins er úr ösp sem áður óx á jörðinni. Það var sagað og þurrkað af Skógræktinni og flokkað fyrir burð af Trétækniráðgjöf slf.

Næst má nefna límtrésverkefni hjá Límtré/Vírneti sem var unnið í samvinnu við Trétækniráðgjöf slf. og Skógræktina. Gerðar voru tilraunir með fjórar helstu trjátegundir úr íslenskri skógrækt í burðarvið úr límtré.


Eiríkur Þorsteinsson.


Hlynur Gauti Sigurðsson.

Niðurstöðurnar lofa góðu um framhaldið.

Að lokum má nefna nýju 100 metra löngu göngubrúna yfir Þjórsá sem var samvinnuverkefni Landsvirkjunar, Límtrés/Vírnets, Skógræktarinnar og Trétækniráðgjafar slf.

Við erum rétt að byrja.

***Eiríkur Þorsteinsson**,*
*Trétækniráðgjöf slf.*
***Hlynur Gauti Sigurðsson**,*
*Bændasamtökum Íslands.*


Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Hengifoss í Fljótsdal er vinsæll áfangastaður ferðamanna á Austurlandi.
Mynd / Gunnar Gunnarsson

# Sífellt fleiri vilja skoða Hengifoss

## – Útivistarsvæði í Fljótsdal stækkað

**Mikil aukning ferðamanna er um svæðið í kringum Hengifoss í Fljótsdal.**

Þar er teljari sem sýndi að 60% fleiri ferðalangar lögðu leið sína upp að fossinum í maímánuði sl. miðað við sama mánuð árið 2019, fyrir kórónuveirufaraldurinn.

Helgi Gíslason sveitarstjóri í Fljótsdalshreppi, segir að sumarið fyrir faraldur hafi verið eitt hið stærsta í ferðaþjónustu á svæðinu. Sumarið fari vel af stað og margir séu á ferðinni, innlendir og erlendir ferðamenn. Maímánuður var einkar góður, en þá komu um 8.000 manns að Hengifossi skv. teljaranum. Fyrra metið var í maí 2019 þegar um 5.000 ferðalangar voru þar á ferð. Verið er að gera svæðið í kringum Hengifoss betur í stakk búið til að taka við þeim fjölda sem þangað sækir. Helgi segir að á liðnum vetri hafi verið gengið frá einni nýrri göngubrú fyrir Hengifossá, neðst, og að önnur verði sett upp í sumar og verður sú ofar.

„Þá gerum við ráð fyrir að hefja framkvæmdir við nýjan göngustíg Hjarðarbólsmegin, norðan við ána, núna í sumar,“ segir hann en að þeim framkvæmdum loknum verði hægt að ganga beggja vegna ár og yfir eða í hring. „Með þessum framkvæmdum næst að stækka útivistarsvæðið til muna og dreifa umferð betur.“

Verið er að byggja þjónustuhús neðan við fossinn og segir Helgi að stefnt sé að því að ljúka uppsteypu þess á árinu en miðað er við að framkvæmdum ljúki næsta sumar.

*/MHH*

## Bláböjrg Resort á Borgarfirði eystra:

# Stækka hótel og heilsulind

**„Það var komin þörf fyrir stækkun, undanfarin ár hefur mikið verið bókað hjá okkur og fólk biður gjarnan um herbergi með sérbaðherbergjum.**

Við erum með þessum framkvæmdum að bregðast við þörfinni,“ segir Helgi Sigurðsson hjá Blábjörg Resort, sem ásamt Auði Völu Gunnarsdóttur hefur byggt upp öfluga ferðaþjónustu á Borgarfirði eystra. Nú standa yfir framkvæmdir við stækkun á bæði hóteli og heilsulind sem þau reka samhliða.

Helgi segir að allt sé nú á fullu við að byggja 520 fermetra hús á tveimur hæðum og stendur það við hlið Gamla frystihússins. Á efri hæð hússins verða í allt níu lúxusherbergi, en einnig bjóða þau upp á íbúðir og herbergi með sameiginlegri aðstöðu.

Á neðri hæðinni verður rúmgott spa, bjórböð, þaraböð, eimböð og þar verður einnig boðið upp á spa meðferðir. Helgi og Auður Vala hafa rekið Heilsulind á Borgarfirði eystra undanfarinn áratug, en svæðið var á þeim tíma vinsælt sem göngusvæði en engir heitir pottar fyrir hendi til að hvíla lúin bein eftir gönguna. Vinsældirnar hafa vaxið og æ fleiri ganga þar um yfir sumarið.

***Bjórböð, þaraböð og saunaböð***

„Við vorum með tvo heita viðarpotta á útisvæðinu okkar ásamt saunatunnu og inni er einn heitur pottur og innrauð sauna. Það hefur verið mikil ásókn í þessa þjónustu og oft þurft að vísa fólki frá, þannig að við tókum þá ákvörðun að stækka við



**Verið er að byggja 520 fermetra hús á tveimur hæðum við hlið Gamla frystihússins.** Mynd / Aðsend

okkur. Og taka þetta skrefinu lengra í rauninni með því að bjóða upp á bjórböð og þaraböð,“ segir Helgi. Bjórinn sem notaður er í bjórböðin kemur úr eigin brugghúsi, KHB-Brugghús, og þarinn úr firðinum. Þrjár tegundir eimbaða verða í nýja húsinu sem er í byggingu, venjuleg finnsk sauna, innrauð sauna og blaut sauna.

Tjón hefur á stundum orðið á heitu pottunum sem eru utandyra, þeir hafa orðið fyrir verulegum skemmdum eftir óveður að vetrarlagi. Í janúar segir Helgi að enn eitt skiptið hafi gert ofsaveður með þeim afleiðingum að allt útisvæðið eyðilagðist, pottarnir og saunatunnan. „Nú steypum við heita potta og vonum að þeir standi betur gegn veðurhamnum.“

***Endurbyggja gamla kaupfélagshúsið***

Helgi segir að samhliða þessum framkvæmdum hafi þau einnig unnið við endurbyggingu Gamla Kaupfélagsins, en það hús er eitt hið elsta í þorpinu, byggt 1897. Endurbyggingin er unnin í samstarfi við Minjastofnun og segir hann að verið sé að leggja lokahönd á verkið um þessar mundir. Í húsinu starfrækja þau brugghús og framleiða að auki tegundirnar Landa og Gin.

Þá er ölstofa í húsinu. „Landinn hefur fengið góðar viðtökur og er í boði í öllum vínbúðum landsins,“ segir hann. KHB-Ginið keppir á erfiðum markaði en hlaut silfurverðlaun í alþjóðlegri keppni í London nýverið.

„Við erum afskaplega ánægð með þessi verðlaun og þau hvetja okkur til dáða,“ segir hann og bætir við að bjórinn frá brugghúsi þeirra hafi einnig fengið góðar viðtökur neytenda. Sem dæmi hafi páskabjórinn verið sá söluhæsti frá handverksbrugghúsi miðað við dreifingu í Vínbúðunum.

***Flytja inn hús fyrir starfsfólk***

„Það gefur augaleið að við svona stækkun sem við erum að fara út í núna þarf fleira starfsfólk og meira húsnæði. Við erum að flytja inn þrjú tilbúin 52 fermetra hús frá Lettlandi og eru þau væntanleg hingað til okkar í lok júní,“ segir Helgi en húsin eru með tveimur svefnherbergjum og við þau er rúmgóð verönd.

„Þetta er spennandi verkefni og það skiptir miklu að fá húsin alveg fullbúin hingað á staðinn, það á bara eftir að setja þau upp,“ segir hann.

/MÞÞ


Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR




ÍSFELL






NETNÁMSKEIÐ
í meðferð á hífibúnaði

Grunnnámskeið um rétta og örugga meðferð á hífibúnaði.
Nánari upplýsingar og skráning eru á:
**isfell.is/course** eða skannaðu kóðann.

Óseyrarbraut 28
Sími 5200 500

Þekking og þjónusta



Aðall frá Nýjabæ

Aðaleinkunn 8,64
F. Adam frá Meðalfelli
M. Furða frá Nýjabæ

Stóðhesturinn Aðall tekur á móti hryssum í Hjarðarholti, Stafholtstungum í sumar.
Aðall er með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, hefur sannað sig sem kynbótahestur og alltaf fyljað mjög vel.

Aljón frá Nýjabæ



Aðaleinkunn 8,18
F. Fróði frá Staðartungu
M. Furða frá Nýjabæ

Stóðhesturinn Aljón tekur á móti hryssum í Nýjabæ í sumar. Aljón gefur þæg hross, auðveld í tamningu og með góð gangskil.

Upplýsingar gefur Olla og Guðbrandur í síma 435-1233/866-0207, Hrefna (Aðall) í síma 863-7364.

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Garðar og gróður í Slóveníu:

# Iðjagræn fegurð og ævintýraleg tré

**Vilmundur Hansen**
vilmundur@bondi.is



**Ljubljana í Króatíu er falleg borg með mörgum almenningsgörðum og stórum götutrjám. Frægastir eru Tívolí almenningsgarðurinn og grasagarðurinn. Gróðurinn í borginni, ekki síst trén, eru stæðileg og iðjagræn.**

Volčji Potok trjásafnið í Slóveníu nær yfir 85 hektara og er um 20 kílómetra norðaustur af Ljubljana og því þarf að gefa sér góðan tíma til að heimsækja og skoða garðinn. Í garðinum er meðal annars að finna 4.800 tré, 1.200 afbrigði af rósum og um tvær milljónir túlípana.

Auk fjölda afbrigða og yrkja af lyngrósum og vatnaliljum.

### *Kastaníur og linditré*

Tívolí er stærsti almenningsgarðurinn í Ljubljana, um fimm ferkílómetra, og í borginni miðri. Garðurinn var upphaflega margir litlir garðar sem voru sameinaðir árið 1813.Garðurinn er vinsælt útivistarsvæði borgarbúa þar sem gott er að hlaða batteríin og njóta veðurblíðunnar sem einkenndi borgina flesta dagana sem ég dvaldi þar í lok maí.

Kastaníur eru einkennistré garðsins og reyndar helsta götutré Ljubljana, þrátt fyrir að Slóvenar líti á lind sem sitt þjóðartré. Í garðinum eru göngu- og hjólastígar og líka litrík blómabeð, gosbrunnar og styttur af frægum körlum.

### *Elsta vísindastofnun landsins*

Grasagarðurinn í Ljubljana var formlega stofnaður 1810 og var þá 33 hektarar að stærð og kallaðist Þjóðarflórugarðurinn þegar fyrsta linditréð var gróðursett þar. Linditréð stendur enn og er garðurinn elsta samfellt starfandi vísinda- og menntastofnun í Slóveníu og einn elsti grasagarður í Suðaustur-Evrópu. Árið 1991 var garðurinn friðaður með sérstökum lögum.

Markmiðið með garðinum, er líkt og annarra grasagarða vísast í heiminum, að safna á einn stað innlendum og erlendum plöntum til rannsókna og fræðslu og á sama tíma varðveita sjaldgæfar plöntur í útrýmingarhættu og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni fyrir komandi kynslóðir.

Þrátt fyrir að garðurinn sé ekki nema tveir hektarar að stærð í dag er hann fjölbreytilegur Þar er meðal annars glæsilegt hitabeltisgróðurhús, þjónustu- og upplýsingamiðstöð, uppeldisaðstaða fyrir gróður, notalegt kaffihús og hátt í fimm þúsund tegundir af plöntum víðs vegar að úr veröldinni og af þeim eru um þriðjungur upprunnar í Slóveníu.

Gróðrinum í garðinum, sem í dag kallast formlega Háskólagrasagarðurinn í Ljubljana, er raðað upp eftir skyldleika og náttúrulegri þörf hans og þar er einnig að finna safn nytjaplantna og lækningajurta.

Hitabeltishúsið var byggt og opnað árið 2010 í tilefni af 200 ára afmæli garðsins.



Pottaplöntur í gamla uppeldishúsinu. Myndir / VH

### *Notaleg óreiða*

Býflugnaeldi á sér langa sögu í Slóveníu og í Ljubljana er að finna um 4.500 manngerð býflugnabú sem er ætlað að gera flugunum lífið auðveldara og safna hunangi.

Eitt það fyrsta sem ég tók eftir þegar ég kom í grasagarðinn var hversu beðunum í honum er mátulega haldið við. Beðin eru notalega illa hirt án þess að vera vanhirt. Ástæðan fyrir þessu er að grasagarðurinn er hluti af því sem kallað er býflugnaleiðin sem liggur í gegnum garða í Ljubljana og er viðleitni í því að vernda býflugur og gefa þeim færi á að komast í villt blóm sem víðast í borginni.

### *Hitabeltið í Slóveníu*

Hitabeltisgróðurhúsið er sérhannað, 533 fermetrar að flatarmáli og fimm þúsund rúmmetrar að stærð og þar er að finna hátt í 400 tegundir plantna frá hitabelti Suður-Ameríku, Eyjaálfunni, Ástralíu, Afríku og Asíu sem þrífast við hátt hita- og rakastig. Plöntur frá Afríku eru hafðar syðst í húsinu til að tryggja að þær fái sem mest af sól.

Gengið er inn í gróðurhúsið frá lítilli fræðslu- og upplýsingamiðstöð garðsins og þrátt fyrir að hitastigið í Ljubljana hafi verið hátt á íslenskan mælikvarða var eins og að ganga á rakan vegg að stíga inn í húsið. Um húsið eru göngustígar meðfram beðunum sem eru án botns og teygja rætur sumra trjánna sig undir húsið og út í garðinn í kringum það.



Grein af linditré, *Tilia cordata.*

Sumar tegundirnar eru þekktar potta- eða nytjaplöntur en aðrar framandi og nýstárlegar. Til dæmis bananaplöntur, sagó- og kögurpálmar og trjáburknar, brómelíur og burknar, svo og begóníur og engifer sem undirgróður.

Hæstu trén og klifurplönturnar ná allt að tólf metra hæð þar sem húsið er hæst og verulega gaman að ganga eftir fimm metra hárri loftbrú hússins sem liggur eftir því miðju og horfa niður á og niður eftir plöntunum. Innan um eru svo lægri plöntur og tjörn með nílarsefi, Victoriu-vatnalilju og öðrum vatnagróðri. Eitt af því sem vakti athygli mína í húsinu er hversu hátt rifblaðka, eða monstera, getur vaxið hafi hún góð skilyrði og hve stór blöð mánagulls eru þar sem vel fer um það.



Oddabjörk, *Betula alnoides.*



Mánagull.



*Partinaca sativa* L. var *fleischmanni.*

Frá hitabelti Suður-Ameríku eru í húsinu meðal annars kakótré, ananas, avakadó og margar tegundir af klifurplöntum, eins og passíublóm og vanilluorkidea sem vaxa upp eftir uppistöðum hússins eftir uppgöngu og handriði loftbrúarinnar. Af tegundum upprunnum í Asíu má nefna margs konar fíkusa eins og benjamín- og fiðlufíkus, glithala, havaí- og sólroðablóm. Afríkutegundir eru meðal annarra kaffitré, blóm paradísarfuglsins, blossatré, papírus og blóðlilja.

### *Gamla uppeldishúsið*

Sambyggt í fræðslu- og upplýsingamiðstöðina, við hliðina á hitabeltishúsinu er gamalt uppeldisgróðurhús garðsins sem í dag geymir ýmsar pottaplöntur eins og orkideur, gyðinginn gangandi, kaktusa og annað finerí. Sumar plönturnar, margar mjólkurjurtir, kaktusar og paradísartré, eru fluttar út snemma í maí og hafðar úti þar til um miðjan eða lok október og fara vel á stéttinni framan við upplýsingamiðstöðina.

### *Heilagt tré*

Slóvenar líta á lind sem heilagt tré frá fornu fari og þjóðartré sitt enda það sagt vera lífstréð, tré visku og réttlætis og veita fjölskyldum sem bjuggu í nálægð við það vernd og velsæld. Víða um landið eru linditré staðsett í miðju þorpa og við kirkjur sem voru byggðar nálægt gömlum



Hitabeltisgróðurhúsið í grasagarðinum í Ljubljana.



Slegið í sólinni.


Rætur beykis, *Fagus sylvatica*.

trjám áberandi í slóvensku landslagi enda geta evrópsk linditré orðið yfir tíu alda gömul.

Í eina tíð voru trén bæði samkomu- og helgistaður þar sem fólk safnaðist saman undir greinum þess til að hlýða á dóma, taka sameiginlegar ákvarðanir, dansa, syngja, smella kossum og gleðjast.

Í heiðni og frumkristni var til siðs að hengja fórnir á greinar linditrjáa og enn í dag er til siðs að strjúka stofni trésins þegar gengið er framhjá því til að auka á gæfu sína.

Trén eru sögð vernda hús fyrir eldingum sem eru nokkuð tíðar í landinu og greinar sem settar voru í eða við glugga sagðar bægja frá nornum og illum öndum en bjóða hið góða velkomið í húsið.

Þjóðsögur herma að víða í Slóveníu sé að finna falda fjársjóði sem féheldnir nískupúkar hafa grafið í jörð og gróðursett lindi- eða perutré ofan á gullinu til að merkja staðinn.

Samkvæmt gamalli þjóðtrú gat linditré leitt saman tilvonandi brúðhjón. Ógift heimasæta í leit að eiginmanni gat á aðfangadag jóla farið að næsta linditré, faðmað stofninn og síðan brotið af því grein sem hún brenndi, því næst drakk hún öskuna í vatni um leið og hún bað tréð að finna fyrir sig álitlegan ektamann.

Sagt er að öskulögurinn hafi gert rjóðar heimasætur enn glæsilegri en vanalega í augum karlkynsins.

Viður linditrjáa er léttur og mjúkur og því góður í minni nytja- og listmuni, greinarnar má tága í körfur og skikkjur. Blóm og blöð voru notuð í lækningaskyni.

### *Partinaca sativa L. var fleischmanni*

Í grasagarðinum og í hlíðunum við kastalann í Ljubljana finnst nípuafbrigði sem kallast Partinaca sativa L. var fleischmanni. Afbrigðið er sérstakt að því leyti að það hefur ekki fundist villt annars staðar í heiminum. Plantan er tvíær og nær um eins metra hæð, blöðin eru fjaðurlaga og sérstök að því leyti að þau eru þykkari og dekkri en almennt gerist hjá nípum.

Afbrigðið er nefnt í höfuðið á grasafræðingnum Andrej Fleischmann sem uppgötvaði tegundina í hlíðum kastalans um 1820 og flutti eintak af henni í grasagarðinn. Nokkrum áratugum eftir að Fleischmann flutti plöntuna í grasagarðinn fannst hún ekki lengur í hlíðunum umhverfis kastalann og úrskurðuð útdauð í náttúrunni. Ástæða þess er meðal annars sögð vera ásókn grasafræðinga og plöntusafnara í eintak af plöntunni, að þeir hafi hreinlega eyðilagt vaxtarsvæði hennar.

Fyrr á þessari öld var tegundinni plantað aftur í kastalahlíðinni og í Tívolí almenningsgarðinum þar sem hún dafnar ágætlega. Fyrir þann tíma hafði plantan lifað af í um 200 ár í umsjá garðyrkjumanna í grasagarðinum án þess að vekja teljandi athygli.


Stæðileg rifblaðka.


Nílarsef.


Kaktusar og aðrir þykkblöðungar framan við þjónustu- og upplýsingamiðstöð grasagarðsins.










## Vorsýningar hrossa og úrtökur:

# Loksins Landsmót

## – Sterkir hestar í yngri flokkum og á stöðulistum fyrir gæðingakeppni



**Hulda Finnsdóttir**
hulda@bondi.is

**Minna en tvær vikur eru í Landsmót, mótið sem hestamenn hafa beðið óþreyjufullir eftir. Úrtökur hafa farið fram víða um land, ásamt íþróttamótum og kynbótasýningum.**

Í fyrsta sinn verður keppt í öllum greinum íþróttakeppninnar ásamt gæðingakeppni og kynbótahrossin verða auðvitað á sínum stað. Sitt sýnist hverjum um þá ákvörðun að bæta við íþróttakeppninni en fróðlegt verður að sjá hvernig mótshöldurum mun ganga með framkvæmd mótsins.

Mótið hefst á sunnudegi 3. júlí á forkeppni í barnaflokki og unglingaflokki en kynbótadómar hefjast einnig á sunnudeginum. Kristín Eir Hauksdóttir Holaker á Þyt frá Skáney hefur vakið verðskuldaða athygli í vor en þau koma efst inn á mótið í barnaflokki með glæsilega einkunn, 8,97. Næstar á eftir henni eru þær Kristín Birta Daníelsdóttir og Fríða Hildur Steinarsdóttir.

Efst inn á mót í unglingaflokki er Hekla Rán Hannesdóttir á Grím frá Skógskoti en Grím þekkja orðið eflaust margir en hann hefur verið að gera það gott í keppni undir stjórn Hönnu Rúnar Ingibergsdóttur. Rétt á eftir Heklu Rán eru þær Þórgunnur Þórarinsdóttir og Elva Rún og Guðný Dís Jónsdætur.

Keppni í ungmennaflokki hefst á mánudeginum en efstur á stöðulista þar er Benedikt Ólafsson á Biskupi frá Ólafshaga. Það er ekki þeirra fyrsta Landsmót saman en þeir sigruðu unglingaflokkinn á síðasta Landsmóti. Rétt á eftir þeim Benedikt og Biskupi eru þau Hákon Dan Ólafsson, Kristján Árni Birgisson og Stefanía Sigfúsdóttir.

### *Kanónur í gæðingakeppninni*

Goði frá Bjarnarhöfn er efstur á stöðulista inn á Landsmót með 8,79 í einkunn en það er Daníel Jónsson sem situr hann. Kjörið tækifæri fyrir Daníel að sigra aftur A flokk á Landsmóti en síðast vann hann flokkinn á Hellu 1994 á Dalvari frá Hrappsstöðum.

Það verður þó ekki auðvelt verk fyrir Goða og Daníel en engir smáhestar eru á stöðulistanum. Fyrrum heimsmetshafinn Þráinn frá Flagbjarnarholti er næstur með 8,77, knapi Þórarinn Eymundsson, á eftir honum eru þeir jafnir Glúmur frá Dallandi, knapi Sigurður V. Matthíasson, og Leynir frá Garðshorni á Þelamörk, knapi Eyrún Ýr Pálsdóttir, með 8,74 í einkunn.

Það stefnir í mikla veislu í b flokknum ef úrtökur vorsins og gæðingamót gefa eitthvað til kynna. Ljósvaki frá Valstrýtu kemur efstur á stöðulista inn á mót, knapi Árni Björn Pálsson, en Ljósvaki og Safír frá Mosfellsbæ fóru báðir yfir 9,00 í einkunn í úrslitum á gæðingamóti Fáks. Knapi á Safír er Sigurður Vignir Matthíasson.

Þeir tveir þykja sigurstranglegir en ekki má gleyma sigurvegara b flokksins á fjórðungsmótinu síðastliðið sumar, Adrían frá Garðshorni á Þelamörk, sem er þriðji á stöðulistanum, jafn Ísaki frá Þjórsárbakka, sem er að stíga sín fyrstu skref í greininni. Knapi á Adrían var Daníel Jónsson og á Ísaki Teitur Árnason.

Margir aðrir gríðarsterkir hestar eru á báðum þessum stöðulistum og hér aðeins taldir upp þrír efstu en eitt er víst að þetta stefnir í alvöru gæðingaveislu á Rangárbökkum í byrjun júlí.


Lýdía frá Eystri-Hól er hæst dæmda klárhryssa heims með 8,67 í aðaleinkunn. Hún hlaut m.a. 10 fyrir samstarfsvilja. Sýnandi: Árni Björn Pálsson.
Myndir / Nicki Pfau

### *Heimsmetin féllu á vorsýningum*

Það má með sanni segja að kynbótaárið 2022 hafi byrjað með látum en þrjú heimsmet hafa verið felld, hæsta aðaleinkunn kynbótahrossa frá upphafi, hæsta aðaleinkunn sem klárhryssa hefur hlotið og hæsta hross á hæð á herðakamb.

Alls 853 hross voru sýnd á ellefu vorsýningum. Sýnt var á Gaddstaðaflötum á Hellu (4 sýningar), í Spretti í Kópavogi (1), Sörlastöðum í Hafnarfirði (2), Brávöllum Selfossi (1) og Hólum í Hjaltadal (3) en stærstu sýningarnar voru á Hellu og í Hafnarfirði.

Eins og áður kom fram voru þrjú heimsmet felld en Viðar frá Skör felldi eitt þeirra þegar Helga Una Björnsdóttir sýndi hann í 9,04 í aðaleinkunn og varð hann hæst dæmda íslenski hrossið frá upphafi. Hann hlaut fyrir sköpulag 8,89 og fyrir hæfileika 9,12. Viðar er átta vetra undan Hrannari frá Flugumýri II og Vár frá Auðsholtshjáleigu sem er undan Spuna frá Miðsitju og Vordísi frá Auðsholtshjáleigu. Það er Karl Áki Sigurðsson sem er ræktandi hestsins og eigendur eru þau Flemming Fast og Gitte Fast Lambertsen en þau eru einnig eigendur Kveiks frá Stangarlæk 1a sem er hæst dæmdi klárhesturinn.

Annað metið settið Gandi frá Rauðalæk þegar hann mældist 157 cm á hæð á herðakamb. Hann sló sitt eigið met frá árinu áður en þá mældist hann 156 cm á hæð á herðakamb. Sýnandi Ganda var Guðmundur F. Björgvinsson en Gandi hlaut fyrir sköpulag 8,84 og fyrir hæfileika 8,65 sem gerir 8,72 í aðaleinkunn. Gandi er sjö vetra og er sem stendur fjórði hæsti stóðhesturinn í flokki 7 vetra og eldri stóðhesta. Gandi er undan Konsert frá Hofi og Garúnu frá Árbæ sem er undan Aroni frá Strandarhöfði og Glás frá Votmúla 1. Ræktandi og eigandi Ganda er Elisabet Norderup Michelson.

Lýdía frá Eystri-Hól sló heimsmet Kötlu frá Ketilsstöðum þegar hún hlaut 10,0 fyrir samstarfsvilja á yfirliti í Hafnarfirði. Lýdía hlaut þá í aðaleinkunn 8,67 og varð hæst dæmda klárhryssan frá upphafi. Lýdía var sýnd af Árna Birni Pálssyni en hún hlaut fyrir sköpulag 8,81 og fyrir hæfileika 8,59. Ræktandi Lýdíu er Hestar ehf. og eigendur eru Anja Egger-Meier og Kronshof GbR. Lýdía er sjö vetra og undan Lexusi frá Vatnsleysu og Oktavíu frá Feti sem er undan Burkna frá Feti og Ófelíu frá Gerðum. Lýdía er önnur í flokki sjö vetra hryssna en efst er Álfamær frá Prestsbæ sem er hæst dæmda hryssan það sem af er ári.

Álfamær hlaut í aðaleinkunn 8,87 en fyrir sköpulag hlaut hún 8,57 og fyrir hæfileika 9,02. Það var Árni Björn Pálsson sem sýndi Álfameyju en hann er jafnframt annar eigandi hennar ásamt Önju Egger-Meier. Ræktendur eru þau Inga og Ingar Jensen en Álfamær er undan Spuna frá Vesturkoti og Þóru frá Prestsbæ sem


Sólfaxi frá Herríðarhóli hlaut 10 fyrir hægt tölt og tölt, knapi er Árni Björn Pálsson.


Álfamær frá Prestsbæ er hæst dæmda hryssan það sem af er ári með 8,87 í aðaleinkunn.


Viðar frá Skör á skeiði. Knapi er Helga Una Björnsdóttir.



Leynir frá Garðshorni á Þelamörk og knapi hans Eyrún Ýr Pálsdóttir þykja sigurstrangleg í A flokki á Landsmóti hestamanna í byrjun júlí.



Gandi er mældur 157 cm á hæð á herðakamb en ekkert íslenskt hross hefur verið mælt svo hátt áður.

Mynd / Aðsend

er undan Orra frá Þúfu í Landeyjum og Þoku frá Hólum.

### *Þrettán tíur*

Nokkrar tíur litu dagsins ljós á kynbótabrautinni en fyrir utan tíuna sem Lýdía hlaut fyrir samstarfsvilja hlaut Álfamær 10 fyrir skeið og Sólfaxi frá Herríðarhóli hlaut 10 fyrir tölt og hægt tölt. Hann er einn af þremur hrossum sem hefur hlotið 10 fyrir þessa eiginleika í sama dómi og eini núlifandi stóðhesturinn, en hin hrossin eru Katla frá Ketilsstöðum og Arion frá Eystra-Fróðholti. Sólfaxi er sex vetra undan Óskasteini frá Íbishóli og Hyllingu frá Herríðarhóli sem er undan Herkúles og Hamingju, bæði frá Herríðarhóli.

Það var Árni Björn sem sýndi Sólfaxa en hann hlaut fyrir sköpulag 8,69 og fyrir hæfileika 8,41 sem gerir 8,51 í aðaleinkunn. Ræktandi Sólfaxa er Ólafur Arnar Jónsson en eigandi er Grunur ehf. og Anja Egger-Meier. Níu hross hafa hlotið 10 fyrir eiginleika í sköpulagi, ein fyrir höfuð, Valdís frá Auðsholtshjáleigu og átta fyrir prúðleika; Sindri frá Lækjamóti, Spennandi frá Fitjum, Kórall frá Hofi á Höfðaströnd, Teningur frá Víðivöllum fremri, Grettir frá Ásbrú, Lína frá Efra-Hvoli, Blesi frá Heysholti og Léttir frá Þóroddsstöðum.

### *Hæst dæmdi klárhestur landsins*

Mette Mannseth sýndi Hannibal frá Þúfum í byrjun júní og hlaut hann fyrir sköpulag 8,66 og fyrir hæfileika 8,69 en það gerir 8,68 í aðaleinkunn. Hannibal er því hæst dæmdi klárhesturinn staðsettur á Íslandi. Hann er þriðji hæst dæmdi klárhestur í heimi á eftir þeim Kveik frá Stangarlæk 1 (8,76) og Arthúri frá Baldurshaga (8,69) en bæði Arthúr og Kveikur eru nú í Danmörku.

### *Konsert með flest sýnd afkvæmi*

Konsert frá Hofi á flest sýnd afkvæmi það sem af er ári, eða 43 afkvæmi, sem hlotið hafa fullnaðardóm á árinu, ef skoðuð eru bara þau hross sem sýnd hafa verið á Íslandi eru þau 39 talsins. Þegar skoðuð er sýningarskrá fyrir Landsmót inn á WorldFeng standa þar efst afkvæmi Konserts í flokki 6 vetra stóðhesta, Magni frá Stuðlum, og í flokki 6 vetra hryssna, Díva frá Austurási. Díva hlaut í aðaleinkunn 8,77 en það var Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir sem sýndi Dívu og Magni hlaut 8,56 í aðaleinkunn en það var Árni Björn Pálsson sem sýndi hann. Næstir í röðinni hvað varðar fjölda sýndra afkvæma eru þeir Skýr frá Skálakoti með 38 afkvæmi (36 á Íslandi) og Spuni frá Vesturkoti með 36 afkvæmi (30 á Íslandi).

### *Ótrúlegur árangur hjá Garðshorni á Þelamörk*

Birna Tryggvadóttir Thorlacius og Agnar Þór Magnússon eru á bakvið ræktunina á Garðshorni á Þelamörk. Þó það sé erfitt að draga eitt ræktunarbú út eftir árangur vorsins þá verða þau að fá smá úttekt þar sem efstu hrossin í 4 vetra flokki hryssna og 4 vetra flokki stóðhesta er ræktuð af þeim og þeir Adrían og Leynir eru báðir í mikilli sókn að vinna Landsmót, hvor í sínum gæðingaflokknum.





**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík






**STRANDSVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA**

Fyrir liggur tillaga að Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 sem kynnt er samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Í skipulagstillögunni er sett fram stefna um nýtingu svæðis sem nær yfir firði og flóa frá Bjargtöngum í suðri að Straumnesi í norðri.

Skipulagstillagan ásamt umhverfismati er aðgengileg á **www.hafskipulag.is** og liggur jafnframt frammi hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík og á skrifstofum Vesturbyggðar, Tálknafjarðarhrepps, Ísafjarðarbæjar, Bolungavíkurkaupstaðar, Súðavíkurhrepps og Strandabyggðar.

Kynningarfundir um skipulagstillöguna verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

Félagsheimilinu Baldurshaga Bíldudal 21. júní kl. 16:30-18:30
Félagsheimilinu Bolungarvík 22. júní kl. 16:30-18:30
Hnyðju í Þróunarsetrinu Hólmavík 23. júní kl. 16:30-18:30

Frekari kynningarfundir verða auglýstir síðar.

Allir sem vilja sig láta varða skipulag svæðisins eru hvattir til að kynna sér skipulagstillöguna. Allir sem þess óska geta komið á framfæri ábendingum og gert athugasemdir við skipulagstillöguna og umhverfismat hennar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri er til **15. september 2022**.

Athugasemdum skal skilað bréflega til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík, með tölvupósti á netfangið **hafskipulag@skipulag.is** eða um athugasemdagátt á **www.hafskipulag.is**.

**Svæðisráð Vestfjarða**

Nánari upplýsingar má nálgast á hafskipulag.is.
Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík

LESENDARÝNI

# Loftslagsmál: Umræða á villigötum

**Ýmislegt vantar upp á til að Ísland uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til okkar vegna loftslagsmála. Þetta á sérstaklega við varðandi kröfur tengdar landnýtingarhluta Parísarsamningsins.**

Vegna þessa hleypti umhverfis- og auðlindaráðuneyti af stað umbótaáætlun árið 2021 þar sem lagðar eru fram markvissar aðgerðir til að bæta úr þessari stöðu og gera okkur kleift að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru vegna samvinnu Íslands við Evrópusambandið í loftslagsmálum.

Í umbótaáætluninni er þeim aðgerðum forgangsraðað sem eru taldar brýnastar en aðrar látnar bíða vegna umfangs verkefnisins. Megináhersla er lögð á tvær landgerðir, mólendi og votlendi, sem samanlagt þekja tæplega 70% landgerða skv. þeim skilgreiningum sem notaðar eru í loftslagsbókhaldinu. Þessar tvær landgerðir eru jafnframt ábyrgar fyrir tæplega 85% losunar miðað við stöðuna í dag. Landgerðin ræktarland tekur einungis til um 1% af heildarflatarmáli landgerða sem falla undir landnýtingarhluta loftslagssamningsins, þess vegna var henni ekki forgangsraðað hærra í umbótaáætlun UAR.

Hluti verkefna umbótaáætlunarinnar felur í sér mat á útbreiðslu mismunandi jarðvegs innan hverrar landgerðar. Þetta stafar af því að jarðvegur er mjög fjölbreytilegur og mikilvægt að sá breytileiki sé endurspeglaður. Þannig er Landgræðslan í dag með tæplega 650 virk mælisvæði dreifð um allt land bara til að meta loftslagsáhrif vegna nýtingar mólendisflokksins. Landgræðslan er einnig að safna jarðvegssýnum til kolefnismælinga í GróLindarverkefninu og stefnt er að því að leggja út mælinet 1.500 reita á næstu árum til að fylgjast með ástandi og breytingum á ástandi lands. Skógræktin er í dag með tæplega 1.300 mælisvæði um allt land til að fylgjast með loftslagsáhrifum skógræktar. Rannsóknahópur innan Landbúnaðarháskóla Íslands vinnur að mati á kolefnisforða úthaga og í því verkefni eru yfir 2000 mælireitir.



**Hamraendar á Snæfellsnesi, endurheimt votlendi.** Mynd/ Iðunn Hauksdóttir



**Gasmælingar snemma vors.** Mynd/ Sunna Áskelsdóttir



**Árni Bragason.**

Þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að meta breytileika jarðvegs til notkunar í loftslagsbókhaldi Íslands LULUCF (landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt) kallar einfaldlega á stórt sýnaúrtak og gríðarlega mikla vinnu – hjá því verður ekki komist.

Nýlega var til umfjöllunar í Bændablaðinu skýrsla annars rannsóknahóps innan Landbúnaðarháskóla Íslands, *„Langtímatap kolefnis í framræstu ræktarlandi“*.

Rannsóknamarkmið hópsins voru þrjú:

1. Að greina breytileika í langtíma kolefnislosun framræsts lands eftir jarðvegsgerðum.
2. Að þróa viðurkennda íslenska losunarstuðla fyrir framræst ræktarland.
3. Að greina mögulegan breytileika í kolefnisbúskap eftir öðrum umhverfisþáttum og ræktunaraðferðum.

Hér þarf fyrst að draga fram að votlendisjarðvegur á Íslandi skiptist í þrjá meginflokka og hver þessara meginflokka er mismunandi að eiginleikum og ef gera á marktæka rannsókn til að varpa ljósi á þessa eiginleika, þá verður að miða fjölda sýnatökusvæða við það, þ.e. sýnafjöldi þarf að vera í tugum talið úr hverri landgerð.

Í fyrrnefndri rannsókn Landbúnaðarháskólans eru aðeins borin saman tvö svæði innan sama landshluta sem hvort um sig eru afar ólík, bæði hvað varðar ræktun sem og landnýtingu. Ekki er heldur ljóst um hvers konar votlendisjarðveg er að ræða sem hefur í upphafi verið ræstur fram, svæðin tvö eru því ósamanburðarhæf. Þetta atriði eitt og sér veldur því að útilokað er að draga einhverjar ályktanir af þessum niðurstöðum sem væri hægt að nýta til að áætla núverandi loftslagsáhrif vegna ræktunar. Til viðbótar reyndist ekki unnt að mæla jarðvegsþykkt framræsta landsins og einnig kom í ljós að jarðvegur hafði verið fluttur inn á annað rannsóknasvæðið. Niðurstöður rannsóknarinnar og ályktanir byggðar á þeim eru því vafasamar, í besta falli.

Í stuttu máli þá nær þessi rannsókn tæplega neinu þriggja meginmarkmiða sinna: Hún gefur engar upplýsingar um breytileika í langtímakolefnislosun, niðurstöðurnar er ekki hægt að nota til að reikna viðurkennda losunarstuðla, og hún gefur ekki neinar upplýsingar sem má nota til að meta breytileika eftir öðrum umhverfisþáttum.

Umfjöllun Bændablaðsins og mistúlkun horfir algjörlega framhjá fyrirvörum sem skýrsluhöfundar settu fram í skýrslunni. Látið var að því liggja að þarna væru komnar tímamótaniðurstöður sem eigi að nota til að endurskoða loftslagsáhrif sem fylgja nýtingu á framræstu landi, og að þau séu nú ofmetin. Umfjöllunin hratt af stað umræðu á samfélagsmiðlum og í öðrum fjölmiðlum sem átu upp mistúlkunina og hömpuðu skýrslunni sem mikilvægu innleggi og að það væri bara bull að endurheimta framræst votlendi. Allt sett fram að því er virtist án þess að kynna sér efni skýrslunnar eða önnur gögn.

Það voru mikil vonbrigði að Landbúnaðarháskólinn skyldi ekki leiðrétta þær mistúlkanir sem fram komu í Bændablaðinu og teknar voru upp í sama blaði af þingkonu nokkru síðar.

Það er því miður enn talvert langt í land með að ljúka nauðsynlegum rannsóknum sem tengjast landnýtingarhluta loftslagsbókhaldsins.

Við vinnum eftir vel skilgreindum áætlunum, þar sem takmörkuðum fjármunum er forgangsraðað. Ísland notar bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni og við munum ekki fá neinn afslátt þegar kemur að gæðum gagna og vísindalegum aðferðum loftslagsbókhaldsins, úttektaraðilar eru fljótir að sjá í gegnum óvönduð vinnubrögð.

*Árni Bragason,*
*landgræðslustjóri.*

RML

# Ný og endurbætt spenaeinkunn

**Á síðastliðnu búgreinaþingi Deildar kúabænda var því beint til fagráðs í nautgriparækt að stefna að því að spenar á mjólkurkúm verði hvorki styttri né grennri en orðið er.**

Kynbótamat er reiknað fyrir spenalengd, spenaþykkt og spenastöðu og er einkunnir á línulegum skala (1-9) úr kúaskoðunum notaðar til grundvallar. Inn í heildarspenaeinkunn gildir kynbótamat fyrir spenalengd 30%, spenaþykkt 30% og spenastöðu 40%. Fram til þessa hafa því gripir sem gefa fyrirheit um stutta, granna og þétta spena fengið hæstu heildareinkunn fyrir spena. (Einkunn fyrir spenaþykkt er snúið við í heildareinkunn og því er valið fyrir grönnum spenum).

Nýtt kynbótamat var reiknað í júní og við birtingu þess var í fyrsta skipti tekin í notkun ný heildarspenaeinkunn sem þróuð var af Þórdísi Þórarinsdóttur RML, Agli Gautasyni doktorsnema og Jóni Hjalta Eiríkssyni doktorsnema. Ný einkunn miðast við að kjörgildi spenalengdar sé 5,5, kjörgildi spenaþykktar sé 5 og kjörgildi spenastöðu sé 5. Gripir sem sýna sem minnst frávik frá þessum kjörgildum í kynbótamati fá hæstu einkunnirnar í nýrri heildarspenaeinkunn og gripir sem sýna frávik frá kjörgildum fá lægri einkunn. Þetta verður kannski best skýrt með dæmum.

Jarfi 16016 er gott dæmi. Þar er á ferðinni naut sem gefur hæfilega spena hvað lengd varðar, vel setta en granna. Í síðustu prentuðu nautaskrá var hann með 102 fyrir spenalengd, 43 fyrir spenaþykkt og 130 fyrir spenastöðu. Samsett spenaeinkunn reiknaðist þá 130 og má glöggt sjá á því að eldri spenaeinkunn hampaði stuttum og grönnum spenum. Í kynbótamatinu sem keyrt var núna í júní með nýrri spenaeinkunn er Jarfi með 101 fyrir spenalengd, 45 fyrir spenaþykkt og 133 fyrir spenastöðu. Ný spenaeinkunn reiknast 97. Þarna má sjá að Jarfi nýtur hæfilegra spena að lengd og góðrar spenastöðu en er nú refsað fyrir granna spena.

Annað dæmi er Ýmir 13051 sem er nú með hæstu spenaeinkunnina. Hann var áður með 109 fyrir spenalengd, 97 fyrir spenaþykkt og 137 fyrir spenastöðu. Spenaeinkunn reiknaðist þá 118. Í matinu nú er Ýmir 13051 með 110 fyrir spenalengd, 101 fyrir spenaþykkt og 132 fyrir spenastöðu, m.ö.o. hæfilega langa og þykka spena og vel setta. Ný spenaeinkunn reiknast nú 138 sem sýnir að nýja einkunnin hampar þeim nautum sem gefa hæfilega spena betur en fyrri einkunn gerði.

Þetta má einnig sjá mjög vel hjá Bamba 08049 sem var með 121 fyrir spenalengd, 76 fyrir spenaþykkt og 104 fyrir spenastöðu, sem sagt frekar stutta og granna spena. Spenaeinkunn reiknaðist þá 115. Bambi er nú með 121 fyrir spenalengd, 76 fyrir spenaþykkt og 104 fyrir spenastöðu, það er hann hefur ekkert breyst í einkunnum enda dætrafjöldi orðinn slíkur að ekki var von á því. Ný spenaeinkunn reiknast hins vegar nú 97 og sýnir vel áhrif þess að refsa fyrir frávik frá kjörgildum. Dætur Bamba eru, eins og áður sagði, með frekar stutta og granna spena og nýja einkunnin tekur betur tillit til þess.

Það er von okkar hjá RML og fagráðs í nautgriparækt að með breytingum á spenaeinkunn náum við að snúa við þeirri þróun að minnka spenana um of. Markmiðið er að sjálfsögðu að spenar kúnna séu hæfilega langir/stuttir og hæfilega þykkir/grannir og vel settir. Nýja spenaeinkunnin lýsir því markmiði betur og ætti því að gagnast okkur vel í vali nautanna.

*Guðmundur Jóhannesson og Þórdís Þórarinsdóttir, ráðunautar RML.*




**Spenaeinkunnir Jarfa 16016, Ýmis 13051 og Bamba 08049 fyrir og eftir breytingu á spenaeinkunn, fyrir breytingu að ofan, eftir breytingu að neðan.**

## Vígslubiskup í Hólastifti:

# Kosningar nálgast

**Hver kannast ekki við þá unaðstilfinningu þegar póstkassinn er opnaður og mitt á meðal gluggabréfanna blasir Bændablaðið við?**

Jú, þetta verður góður dagur. Eftir hádegismatinn verður hellt upp á gott kaffi og síðan rennt í fyrstu ferð í gegnum blaðið. Oft byrjað aftan frá, því þar eru auglýsingarnar. Það vantar jú alltaf eitthvað í sveitina.

Í næstu umferð eru föstu liðirnir teknir fyrir eins og bíladómarnir. Alltaf er ég jafn hissa á því að umboðin láti vanbúna bíla í hendur Hjartar L. Jónssonar hjá Bændablaðinu til prufuaksturs. Þá á ég við bíla sem engin alvöru varadekk fylgja, eða kveikja þarf sérstaklega á afturljósunum, dekkin á of stórum felgum eða hávæðamælingin yfir 70 db. Engum sem les Bændablaðið dettur í hug að kaupa slíka bíla.

Greinar Vilmundar Hansen um ýmsar nytjajurtir og plöntur svo og fljótandi efni eins og romm, hunang og edik, svo eitthvað sé nefnt, eru einnig fastir lestrarliðir. Þar er stórmerk sagan gjarnan rakin allt aftur til Forngrikkja og Rómverja og ef getið er um umfjöllunarefnið í Biblíunni þá fylgir það einnig með.

Flestir lesa einnig þáttinn *Líf og lyst – Bærinn okkar*. Þar er fjölskylda sem býr í sveit kynnt og svarar nokkrum stöðluðum spurningum. Einnig fylgir gjarnan með mynd af bænum og fjölskyldunni. Ég hef tekið eftir því að fjölskyldumyndin er oft tekin í sóknarkirkjunni, þar sem fjölskyldan hefur safnast saman við gleðilega og hátíðlega athöfn, svo sem skírn eða fermingu. Þetta finnst mér eftirtektarvert.


Gísli Gunnarsson.

Þó að ég nefni þetta hér er ég þó ekki að alhæfa neitt í þessu sambandi. Bendi aðeins á það að ég hef tekið eftir þessu.

Margir tala um það að vægi kirkjunnar fari sífellt minnkandi í nútímaþjóðfélagi. Reyndar hefur verið talað um það í marga áratugi. En er það svo í raun og veru? Er ekki kirkjan enn mikilvæg í hverju samfélagi? Ég er ekki í nokkrum vafa um að svo sé. Það þekkjum við ekki hvað síst á landsbyggðinni.

Orðið kirkja er bæði notað um söfnuðinn, þ.e. fólkið sem tilheyrir kirkjunni svo og um húsið sem þessi söfnuður á og safnast saman í, á stundum gleði og sorgar.

Oft eru þessi hús gömul, ekki síst í sveitum landsins og mörg friðuð samkvæmt lögum, enda menningarverðmæti. Ábyrgð á varðveislu þeirra er á höndum safnaðanna og fólksins sem valið er í sóknarnefndir.

Störfin eru unnin í sjálfboðavinnu, bæði þau er varða eftirlit með viðhaldi húsanna svo og þau er snerta beint hið innra safnaðarstarf. Fólk hefur metnað til þess að hugsa vel um kirkju sína og safnaðarstarfið, hvort sem er í bæ eða sveit. Það er mín reynsla.

Dagana 19.–24. maí fór fram tilnefning til kosningu vígslubiskups í Hólastifti. Ég er þakklátur fyrir að hafa hlotið þar flestar tilnefningar og tek því þátt í kjörinu, sem brátt fer í hönd, dagana 23.–28. júní nk.

Þau sem kosningarétt hafa eru aðal- og varamenn í sóknarnefndum Hólastiftis auk kjörmanna prestakalla sem sóknarnefndarfólk hefur valið. Einnig vígðir þjónar Hólastiftis og nokkrir aðrir, svo sem kirkjuþingsfólk.

Nú er það í höndum kjörmanna að ákveða hver verður næsti vígslubiskup Hólastiftis. Ég býð fram krafta mína. Góðar stundir og Guð blessi þig, kæri lesandi.

*Gísli Gunnarsson,*
*sóknarprestur*
*í Glaumbæ í Skagafirði.*


EYJALIND Komatsu Varahlutir



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Límtré-Timbureiningar



STRÚKTÚR
Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
Sláttuvélar & sláttuorf



40 ár á Íslandi



Snjóblásarar



Sláttutraktorar
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is VETRARSÓL



Allar almennar bílaviðgerðir
Viðurkenndur þjónustuaðili
BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 68, Kópavogi | S. 587 1350 | bifreidaverkstaedi.is

RANDEX
RANDEX - VAGNAR
AF VÖNDUÐUSTU GERÐ
• Við bjóðum margar stærðir og útfærslur af **RANDEX** vögnum
• **Hardox 450** stál með allt að **80% meiri endingu**
• **Hagstætt verð**



**Gerðu kröfur -** hafðu samband við Snorra Árnason í síma **590 5130** og kynntu þér þína möguleika
**KLETTUR** / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is
KLETTUR

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

# Sprett úr spori


Svandís Svavarsdóttir.

**Í síðustu viku skilaði spretthópur af sér tillögum til að mæta hækkunum á aðfangaverði til landbúnaðar.**

Ég gerði tillögur hópsins að mínum og voru þær samþykktar í ríkisstjórn. 2,5 milljörðum kr. verður varið í stuðning við landbúnað á þessu ári til viðbótar við þær 650 milljónir kr. sem greiddar voru út fyrr á árinu til þess að mæta hækkunum á áburðarverði. Ég hef staðið og mun standa með bændum og innlendum landbúnaði. Við höfum allar forsendur til þess að landbúnaðurinn verði í sókn á næstu árum og áratugum. Við höfum mannauð, landnæði, orku og vatn. Landbúnaðurinn er of mikilvægur til að vera í vörn.

### *Ég stend með bændum*

Þegar ég kom í ráðuneytið undir lok síðasta árs voru blikur á lofti í landbúnaðinum og höfðu verið um nokkurt skeið. Orkuverðshækkanir í heiminum höfðu leitt af sér miklar verðhækkanir á áburði ásamt því sem loftslagsbreytingar halda áfram að leiða af sér vályndari veður víða um heim. Þannig tók Indland u-beygju á þessu ári, frá því að ætla sér að flytja út milljónir tonna af hveiti í það að setja útflutningshömlur á hveiti vegna mikillar hitabylgju og þurrka sem talið er að hafi spillt allt að fjórðungi af uppskerunni þar í landi. Síðan hafa aðstæður orðið alvarlegri, vaxandi dýrtíð er í heiminum öllum og allflestir seðlabankar heims hafið vaxtahækkunarferli. Verðbólga hefur ekki verið hærri í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu um áratugaskeið. Hér á Íslandi þurfum við að horfa aftur til efnahagshrunsins til þess að sjá sömu verðbólgutölur.

### *Fæðuöryggi er á dagskrá*

Vegna innrásar Rússa í Úkraínu er raunverulegt útlit fyrir að hungursneyð blasi við fátækari löndum, sem reiða sig á innflutta kornvöru frá sléttum Úkraínu og Rússlands. En vegna hafnarbanns Rússa í Svartahafi er ekki korn flutt út frá þeim höfnum Úkraínu sem enn eru frjálsar. Þessir heimssögulegu atburðir eru vendipunktur í alþjóðastjórnmálunum og eðlilega er umræða um fæðuöryggi með öðrum hætti en áður. Þar hefur staðan verið greind ágætlega á Íslandi, með skýrslu frá Landbúnaðarháskólanum á síðasta ári og tillögum um aðgerðir til að efla fæðuöryggi frá því í vor. Unnið er að mati á neyðarbirgðaþörf á vettvangi þjóðaröryggisráðs og verkefnið tekið föstum tökum í stjórnkerfinu.

### *Afkoma bænda forsenda fæðuöryggis*

Það sem ég tel að sé mest aðkallandi þessi misserin og snýr beint að mínu ráðuneyti er tvennt. Það er annars vegar afkoma bænda, sem öðru fremur er forsenda fæðuöryggis. Hins vegar er það efling á kornrækt á Íslandi, en kornvara er forsenda fyrir þeim framleiðsluháttum sem við byggjum stóran hluta af kjöt- og mjólkurframleiðslu okkar á. Við framleiðum einn hundraðasta af þessum grundvallar aðföngum sjálf. Afleiðingar þessa sjáum við nú þegar að miklar hækkanir á kornvöru kippa rekstrargrundvellinum undan mörgum búum. Þeir íslensku bændur sem rækta sitt korn sjálfir hafa hins vegar verið í skjóli fyrir hluta þessara hækkana.

### *Ræðum um grundvallaratriði*

Bæði þessi atriði tel ég að þurfi að skoða í samhengi við þá umgjörð sem stjórnvöld hafa mótað landbúnaðinum síðustu ár og áratugi, búvörusamninga.

Búvörusamningarnir útdeila rúmum 15 milljörðum kr., bróðurparti er varið í sambland af stuðningi beint við framleiðslu og við ræktun.

Hluti þessa stuðnings gengur kaupum og sölum og hefur gert lengi. Í sauðfjárrækt er þessi stuðningur aftengdur framleiðslustýringu en í mjólkurframleiðslu er gefinn út mjólkurkvóti á hverju ári sem þarf að framleiða upp í til þess að fá stuðninginn en til viðbótar er óheimilt að selja mjólk á innanlandsmarkaði sem ekki er framleidd innan greiðslumarks, nema það sé sérstaklega heimilað vegna skorts.

Ég tel að markaðurinn geti verið ágætis þjónn en sé afleitur húsbóndi. Færa má góð rök fyrir því að það að þessi viðskipti með stuðningi hins opinbera séu að verða dragbítur á þróun landbúnaðar. Landbúnaður verður sífellt fjármagnsfrekari atvinnugrein, vegna mikillar tæknivæðingar og stækkunar búa. Það er því að mínu viti óæskilegt að stór hluti af þeim stuðningi sem veitt er til bænda fari til fjármálastofnana, í formi vaxta, og þeirra sem hætta búskap.

Þá er það einnig umhugsunarefni hversu lítill stuðningur fer í ræktun á korni, en á korni hvílir stór hluti af fæðuöryggi okkar. Þessir þættir og fleiri þarfnast umræðu í aðdraganda endurskoðunar búvörusamninga.

*Svandís Svavarsdóttir*
*matvælaráðherra.*

JOBMAN WORKWEAR Nýjar vörur!
Frábærar buxur frá Jobman!
Durability at work since 1975
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!


Vefverslun: Khvinnufot.is
Öryggi: Fyrst og fremst
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

LESENDARÝNI


Mynd / Úr safni MS

# Árangur hefur náðst í bættri tollaframkvæmd


Erna Bjarnadóttir.

**Fyrir röskum tveimur árum hófst umfangsmikið starf á vegum mjólkuriðnaðarins sem beindist að skoðun á innflutningi landbúnaðarvara, eftirfylgni viðskiptasamninga og fleiri þáttum sem varða starfsumhverfi framleiðslufyrirtækja í greininni.**

Þann 21. febrúar sl. birti Ríkisendurskoðun úttekt á starfsemi Skattsins við framkvæmd tollalaga. Í henni kemur fram viðamikil gagnrýni á tollaframkvæmd Skattsins og er það álit Ríkisendurskoðunar að dregið hafi úr getu endurskoðunardeildar Skattsins til að fást við stærri og flóknari mál, sem hefur hindrað að tollyfirvöld geti með forvirkum hætti rækt hlutverk sitt sem skyldi.

Ríkisendurskoðun telur því að endurskipuleggja þurfi og efla tollasvið Skattsins. Um tollframkvæmd landbúnaðarvara segir svo: „Í ljósi þess hvernig tollvernd er háttað á Íslandi telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að strangar kröfur séu gerðar til tollframkvæmdar jafnt af hálfu innflytjenda og opinberra tollyfirvalda og að áhættumat Skattsins þurfi í meira mæli að taka mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem gilda um landbúnaðarafurðir og innflutning matvæla, sem eru þær einu vörur í tollskránni sem bera toll. Efnainnihald og aðvinnsla getur t.d. skorið úr um hvort matvæli – sem að uppistöðu geta verið landbúnaðarvörur sem framleiddar eru á Íslandi og njóta tollverndar og jafnvel framleiðslustuðnings – færist í tollflokka þar sem tollar eru lágir eða engir. Skiptir þá miklu að þeirri tollvernd sem er til staðar í þágu íslensks landbúnaðar sé beitt eins og mælt er fyrir um í lögum og að hún sé hvorki sniðgengin fyrir mistök eða ásetning.“

Segja má að hér sé tekið undir sjónarmið sem samtök bænda hafa um árabil barist fyrir að koma á framfæri. Ríkisendurskoðun tekur raunar fram í skýrslu sinni að gagnrýnivert væri „… með hvaða hætti Skatturinn brást við athugasemdum hagsmunaaðila um tollflokkun svokallaðs jurtaosts á fyrri hluta ársins 2020, þá sérstaklega í ljósi þess bindandi álits sem Skatturinn hafði gefið út um tollflokkun vörunnar. Í framhaldinu voru athafnir Skattsins í málinu þversagnakenndar og til þess fallnar að skapa tortryggni gagnvart tollframkvæmd.“

### *Dómsmál um tollflokkun*

Í febrúar síðastliðnum, um svipað leyti og fyrrnefnd skýrsla kom út, staðfesti Landsréttur dóm héraðsdóms um tollflokkun svokallaðs „jurtaosts“. Umrædd vara skyldi tollflokkast sem ostur og bera tolla samkvæmt því. Innflutningsfyrirtækið, sem tapaði málinu fyrir Landsrétti, sótti um leyfi til áfrýjunar málsins til Hæstaréttar en því var synjað.

Í Viðskiptablaðinu þann 12. maí sl. var síðan greint frá því að Skatturinn hefur nú sent innflutningsfyrirtæki endurákvörðun vegna innflutnings á „jurtaosti“ á árunum 2019-2020 að fjárhæð 151 milljónar króna að viðbættu 50% álagi og dráttarvöxtum. Ekki liggur fyrir hvort innflutningsfyrirtækið hyggst greiða rétt aðflutningsgjöld eftir endurákvörðun Skattsins.

Þann 10. júní sl. dæmdi svo Landsréttur í máli þar sem tekist var á um hvort gera skyldi refsingu fyrir að gefa upp ranga tollflokkun á beinlausu nautakjöti. Í málinu var starfsmaður fyrirtækis og svo fyrirtækið sjálft ákært fyrir að gefa upp rangt tollskrárnúmer við innflutning nautakjöts í því augnamiði að komast hjá greiðslu tolla. Héraðsdómur hafði áður sýknað í málinu en Landsréttur sneri við dómi héraðsdóms í máli starfsmannsins (ákæruvaldið féll frá áfrýjun varðandi fyrirtækið). Var starfsmaðurinn sakfelldur fyrir brot gegn tollalögum með því að hafa komið því til leiðar að tollmiðlari tilgreindi kjötið sem kjöt með beini, þegar það var í raun beinlaust. Starfsmaðurinn var dæmdur til að greiða 39,1 milljón vegna málsins, tvöfalda þá upphæð sem reyndist vera mismunurinn á aðflutningsgjöldum beinlausa kjötsins og kjötsins með beini. Dómurinn er þó skilorðsbundinn m.a. vegna þess hve langan tíma rannsókn og meðferð málsins tók. Einnig skal starfsmaðurinn greiða sakarkostnað málsins, alls 2,6 milljónir króna.

### *Bindandi álit um tollflokkun vara*

Í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar kom fram að á síðustu þremur árum hafa verið gefin út 114 bindandi álit um tollflokkun vara úr landbúnaðarköflum tollskrár.

Í skriflegu svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi um þetta efni þann 24. maí sl. kom fram að tollyfirvöld hafi litið svo á að almennar upplýsingar sem koma fram í ákvörðunum um bindandi álit falli undir aðgang almennings að gögnum, sbr. upplýsingalög, nr. 140/2012. Tollayfirvöld hafa hins vegar synjað aðgangi að upplýsingum sem fram koma í ákvörðunum, t.d. nafni fyrirspyrjanda, heimilisfangi, undirskrift og upplýsingum um viðskiptalegt auðkenni. Í svarinu kom einnig fram að stefnt sé að því að birta allar ákvarðanir um bindandi álit á heimasíðu og í veftollskrá á árinu 2024.

Í þessu sambandi ber að benda á að ESB og Noregur birta á opinberu vefsvæði öll bindandi álit um tollflokkun enda verður að teljast skýlaus skylda yfirvalda að birta slík álit jafnóðum og þau eru gefin út. Vísast þar meðal annars til skuldbindinga sem leiða af GATT-samkomulaginu og aðild Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO.

Rétt er að það komi fram að það kostaði nokkra eftirgangsmuni og atbeina úrskurðarnefndar um upplýsingamál að fá afrit af þessum 114 álitum, þar sem ofangreind atriði höfðu verið máð út. Svörin bárust þann 29. apríl sl. Í framhaldinu hefur frekari fyrirspurnum verið beint til Skattsins. Rétt er að taka fram að sú vinna sem hefur farið fram hefur fyrst og fremst beinst að mjólkurafurðum en eins og nýlegur dómur Landsréttar staðfestir, þá er einnig pottur brotinn varðandi aðrar landbúnaðarvörur.

### *Minni innflutningur unninna kjötvara en flutt er út frá ESB*

Þegar litið er til kjötvara kemur t.d. í ljós að árin 2020 og 2021 voru flutt inn yfir 1.000 tonn af unnum kjötvörum, hvort ár (í kafla 1602 í tollskrá) frá ESB inn til Íslands. Aftur á móti nam innflutningur samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands 430,5 tonnum árið 2020 og 534 tonnum árið 2021. Tollfrjáls kvóti fyrir unnar kjötvörur í tollskrárnúmeri 1602 samkvæmt viðskiptasamningi milli Íslands og ESB nemur 400 tonnum fyrir þennan vöruflokk. Á þetta misræmi var reyndar þegar bent árið 2020 en árið 2019 sást viðlíka munur á þessum upplýsingum, eða 645 tonnum meira flutt út frá ESB en inn til Íslands af unnum kjötvörum.

Af þessu má telja líklegt að verulegt „svigrúm til umbóta“ sé einnig til staðar fyrir ýmsar aðrar búvörur. Það er því enn verk að vinna í eftirfylgni með viðskiptasamningum og tollaframkvæmd. Dæmin sanna að virk hagsmunagæsla skiptir grundvallarmáli í því sambandi.

*Erna Bjarnadóttir*
*hagfræðingur hjá MS.*

# Hlutverk stoðkerfis landbúnaðarins

**Á vordögum skipaði þá nýkjörin stjórn Bændasamtaka Íslands nýja stjórn fyrir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Hin nýja stjórn RML hefur nú komið tvisvar saman og er enn á fullu að átta sig á starfsemi og umfangi RML.**


Björn Halldórsson.

Eins og eflaust flestir vita, a.m.k. þeir sem eru starfandi í landbúnaði, þá er RML að fullu í eigu BÍ. Samkvæmt samþykktum fyrir fyrirtækið er hlutverk þess að veita ráðgjöf í landbúnaði og stuðla að fræðslu í greininni. Eðlilegt er því að ætla fyrirtækinu að vinna þétt við hlið BÍ að framförum í landbúnaði og aðstoða bændur á sem flestum sviðum við að bæta sinn búrekstur. Jafnframt er eðlilegt að BÍ nýti þá miklu þekkingu sem er innan fyrirtækisins við störf sín við hagsmunagæslu hvers konar. Auk framangreindra meginverkefna er eðlilegt að gera kröfu til RML að fyrirtækið sé leiðandi í að koma ýmiss konar nýjungum í landbúnaði á framfæri og styðji frumkvöðla á því sviði á sinni vegferð.

Allt þetta og margt fleira hafa verið verkefni RML frá stofnun fyrirtækisins árið 2013. Ljóst er að oft hefur verið í mörg horn að líta hjá starfsmönnum og stjórnendum samhliða því að byggja innviði starfseminnar upp. Margar og misumfangsmiklar áskoranir hafa orðið á vegferðinni til dagsins í dag. Mörg verkefnin hefur tekist vel til við að leysa og önnur misvel. Þannig hlýtur það alltaf verða þegar um svo fjölbreytta starfsemi er að ræða og hér um getur með nokkru sanni held ég að segja megi að sú staða sem landbúnaðurinn á Íslandi stendur nú frammi fyrir sé að mörgu leyti flóknari og meira krefjandi en oft áður.

Nægir í því sambandi að nefna að ýmsar afleiðingar af Covid eru enn að gera greininni lífið leitt, gríðarlegar hækkanir á flestum ef ekki öllum aðföngum (orka, áburður, fóður, varahlutir o.m.fl.) og stríð í Evrópu sem margfaldar öll vandamál sem fyrir eru. Ofan á allt koma svo loftslagsmálin – stærsta áskorun mannkynsins næstu áratugina/framtíðarinnar.

Með því sem hér er sagt og upp talið er ekki verið að gera lítið úr verkefnum greinarinnar á undangengnum árum og áratugum. Núverandi staða held ég að sé flestum ef ekki öllum bændum nokkuð ljós – og raunar er talsverður hluti almennings einnig vel meðvitaður um a.m.k. hluta þeirra áskorana sem fram undan eru hjá landbúnaðinum og vonandi stjórnvöld líka.

Til að leysa þær áskoranir sem við okkur blasa verður að virkja, að fullu, og styrkja allt stoðkerfi landbúnaðarins. Í þessu samhengi er alveg ljóst að öflugt hlutlaust ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda er ein verðmætasta gullgæs greinarinnar. Þessi staða er mjög krefjandi fyrir RML en þó ekki nærri eins krefjandi og hún er fyrir marga bændur. Besta og líklega eina raunhæfa leiðin í gegnum verkefnin er samstaða bænda og traustur aðgangur að góðri þekkingu og ráðgjöf. Þá ráðgjöf vill og mun RML bjóða upp á og veita þeim sem eftir henni leita. Þar á ekki að skipta máli hvaða ráðgjafar er leitað. Hvers konar matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar auk margvíslegrar annarrar landnotkunar og rekstrar getum við aðstoðað með.

Vert er einnig að leggja áherslu á að RML getur og mun sinna leiðbeiningum viðkomandi loftslagsmálum þar sem þau tengjast landbúnaði og landnotkun. Þarna er líklega mikilvægasti hornsteinn að framtíð landbúnaðar og búsetu í dreifðum byggðum landsins. Innan örfárra ára eru allar líkur á því að hinn almenni bóndi verði bæði matvælaframleiðandi og kolefnisfangari/loftslagsbóndi.

Það er von stjórnar RML að bændur nýti sem best þá þekkingu og þann mannauð sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða. Jafnframt óskum við eftir uppbyggilegum ábendingum frá bændum, til skemmri og lengri tíma, um hvað megi betur fara varðandi þjónustu og rekstur þessa mikilvæga hluta stoðkerfis landbúnaðarins.

*F.h. stjórnar RML,*
***Björn Halldórsson**,*
*stjórnarformaður RML.*


# Bændasamtök Íslands
## starfa í þágu landbúnaðarins í heild !

➜ Bændur eru hvattir til þess að skrá veltu samkvæmt framtali síðasta árs hið fyrsta inni á Bændatorginu.

➜ Veltuskráning þessi er forsenda fyrir félagsaðild í samtökin skv. samþykktum á síðasta Búnaðarþingi.

**Það borgar sig að vera í Bændasamtökunum**
**Snúum bökum saman og stöndum vörð um íslenskan landbúnað**

Fulltrúar BÍ svara fyrirspurnum í síma 563-0300 á skrifstofutíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á gudrunbirna@bondi.is.






## BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS LEITA AÐ ÖFLUGUM HAGFRÆÐINGI

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði og úthald í áhugaverðum verkefnum. Hagfræðingur er lykilstarfsmaður hjá samtökunum. Hagfræðingur heyrir undir framkvæmdastjóra og starfar náið með honum sem og formanni og öðru starfsfólki BÍ, félagsmönnum og aðildarfélögum þess.

Hagfræðingur BÍ annast greiningar, safnar saman og tryggir gott aðgengi að upplýsingum um landbúnaðarframleiðsluna á Íslandi, birgðir og framleiðsluspár.

**Hagfræðingur BÍ ber m.a. ábyrgð á:**
- Umsýslu og umsjón hagtalna sem snerta framleiðslu landbúnaðar.
- Hagrænum greiningum sem tengjast m.a. loftlagsmálum og fæðuöryggi.
- Gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Gagnagrunni BÍ, uppfærslu hans og öðrum tölfræðikerfum.
- Að veita aðildarfélögum BÍ upplýsingar og greiningar á stöðu og framvindu efnahagsmála.
- Almenn og fræðslutengd ráðgjöf.
- Gerð umsagna um þingmál á sínu sérsviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða skyldum greinum.
- Meistarapróf í hagfræði er skilyrði.
- Marktæk reynsla af hagfræðistörfum.
- Þekking á starfsemi félagasamtaka.
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Góð þekking á töflureikni og reynsla af vinnslu gagnagrunna.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Færni til að vinna í hópi og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

**FRAMSÝNN LANDBÚNAÐUR**

**Bændasamtök Íslands** eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Samtökin fylgjast með afkomu greinarinnar, miðla upplýsingum til félagsmanna og sinna fræðslu í þágu landbúnaðarins í samstarfi við fyrirtæki og félög í eigu samtakanna ásamt því að vera í góðum tengslum við þá aðila sem tengjast hagsmunum atvinnugreinarinnar.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferils- skrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi í starfið.

***Umsóknir, merktar Umsókn um starf hagfræðings, berist eigi síðar en 30. júní nk. á netfangið vigdis@bondi.is***

Upplýsingar um starfið veitir Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, vigdis@bondi.is

Vakin er athygli á því að starfsstöð er á höfuðborgarsvæðinu.

Starfið hentar öllum kynjum og áhugasöm eru hvött til að sækja um starfið.




LESENDARÝNI

# Lög um fiskeldi og heilbrigðis- og skipulagsmál

**Fyrir nokkrum árum síðan bentu erlendir sérfræðingar á að Íslendingar væru í öfundsverðri stöðu að skipuleggja sitt laxeldi.**

Aftur á móti voru þau vinnubrögð viðhöfð hjá starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi á árinu 2017 og síðan við setningu laga um fiskeldi árið 2019 að ekkert var tekið á heilbrigðis- og skipulagsmálum, sem er hvorki til hagsbóta fyrir Íslendinga eða íslenska náttúru.

*Dreifing á ISA veirunni*

Undanfarið hefur komið fram í fjölmiðlum að það hafi myndast meinvirkt afbrigði af ISA veirunni við stökkbreytingu og smitað eldislax í sjókvíum hjá Fiskeldi Austfjarða í Reyðarfirði og hafi síðan flust með búnaði í Berufjörð.

Það sem virðist hafa gerst er að sýktur eldislax var fluttur með brunnbát frá Reyðarfirði yfir í Berufjörð til slátrunar. Í sömu höfn voru síðan bátar sem þjónustuðu sjókvíar í Berufirði sem líklega hafa borið smitið með sér í eldislax í sjókvíum í firðinum.

Samgangur virðist því hafa verið það mikill að veiran barst auðveldlega á milli eldissvæða.

Þegar þessi grein er skrifuð er ekki vitað til að smit hafi einnig borist í eldislax í Fáskrúðsfirði, og þá þannig að ISA veiran sé komin í öll eldissvæði á Austfjörðum.



Sjókvíaeldisstöð á Vestfjörðum. Í grein sinni segir Valdimar Ingi Gunnarsson meðal annars: „Laxeldisfyrirtæki eru í meirihlutaeigu Norðmanna og af hverju eru ekki sömu reglur hér á landi og í Noregi?“ Mynd / Aðsend

*Lærum ekki af mistökum annarra*

Hér hefur Fiskeldi Austfjarða líklega orðið fyrir milljarða tjóni. Íslendingar eru að gera sömu mistök og gerð voru í Færeyjum og Síle þar sem átti sér stað algjört hrun í framleiðslu á eldislaxi vegna ISA veirunnar um miðjan fyrsta áratug þessarar aldar.

Af hverju getum við ekkert lært af öðrum við uppbyggingu laxeldis á Íslandi? Svarið er eflaust að Fiskeldi Austfjarða með Guðmund Gíslason sem stjórnarformann og Kjartan Ólafsson, stjórnarformann Arnarlax, voru leiðandi aðilar í starfshópi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun fyrir fiskeldi.

Ekkert var fjallað um heilbrigðismál í stefnumótunarskýrslunni. Það sem í raun gerðist var að umhverfismálunum var ýtt til hliðar til að halda kostnaði í lágmarki og í staðinn var öll áhersla lögð á að gera það mögulegt að fara með fyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað og ná þannig miklum fjárhagslegum ávinningi.

*Skipulagsmál og heilbrigðismál*

Undirritaður vann umhverfismat fyrir íslenskt fyrirtæki og var frummatsskýrslu skilað inn á árinu 2016. Þar voru tillögur gerðar um mótvægisaðgerðir til að lágmarka líkur á að smit bærist á milli svæða:

- *Skilgreining svæða:* Skilgreind verði framleiðslusvæði þar sem samgangur á búnaði og eldisfiski verði ekki á milli svæða.
- *Flutningur seiða:* Flutningur á seiðum verði framkvæmdur í lokuðum brunnbátum.
- *Flutningur sláturfisks:* Laxfiskar úr sjókvíum til slátrunar verði ekki fluttir á milli framleiðslusvæða.

Sérfræðingar frá Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun lásu yfir frummatsskýrslu en tóku ekki undir þessar tillögur. Í áliti Skipulagsstofnunar er ekkert minnst á heilbrigðis- og skipulagsmál, þrátt fyrir að lagt væri til það sem best þekkist erlendis á þeim tíma.

*Stofnanir heimsóttar*

Í byrjun ársins 2017 var ljóst í hvert stefndi, að það átti að ýta umhverfismálunum til hliðar. Undirritaður ásamt öðrum aðila ákvað því að kynna tillögur íslensks félags í umhverfismálum, m.a. er varðar heilbrigðis- og skipulagsmál, fyrir stjórnmálamönnum og sérfræðingum stofnananna á árinu 2017:

- Hinn 18. apríl var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimsótt.
- Hinn 24. apríl voru sérfræðingar Umhverfisstofnunar heimsóttir.
- Hinn 4. maí voru sérfræðingar umhverfis- og auðlindaráðuneytis heimsóttir.
- Hinn 8. maí voru sérfræðingar Matvælastofnunar, Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar heimsóttir.

Jafnframt voru haldnar nokkrar kynningar með stjórnmálamönnum úr öllum flokkum á Alþingi.

*Athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið*

Í athugasemdum undirritaðs við fiskeldisfrumvarpið á vorþingi 2019 er bent á að *„heilbrigðismál eru vart nefnd á nafn í frumvarpinu þó svo að það sé stærsta viðfangsefni sjókvíaeldis í nágrannalöndum.*

*Eins og staðan er í dag eru ekki smitþröskuldar á milli fiskeldissvæða og því engar skýrar reglur um flutning á búnaði eða lifandi fisk milli svæða sem getur borið með sér sjúkdóma.*

*Í frumvarpinu er ekki minnst á smitþröskulda heldur tekið sérstaklega fram í greinargerð að ekki sé ástæða til þess að setja slíka þröskulda.“* Smitþröskuldum má líkja við sauðfjárvarnargirðingar í landbúnaði. Í athugasemdunum við fiskeldisfrumvarpið var aftur ítrekað mikilvægi mótvægisaðgerða, sem kynntar voru fyrir sérfræðingum stofnana og stjórnmálamönnum á árinu 2017.

*Engir smitþröskuldar*

Í greinargerð með fiskeldisfrumvarpinu var fjallað sérstaklega um smitþröskulda en þar kemur fram: *„Við undirbúning frumvarpsins komu fram sjónarmið um að nauðsynlegt gæti verið, til að fyrirbyggja smit, að heimila uppsetningu svonefndra smitþröskulda í fiskeldi milli landsvæða. Með því væru t.d. reistar takmarkanir við flutningi hrogna eða seiða milli framleiðslusvæða.*

*Ekki þótti rétt að leggja þetta til með frumvarpinu, að höfðu samráði við Matvælastofnun, en til þess er að líta að dýralæknir fisksjúkdóma nýtur þegar ríkra heimilda til að grípa til aðgerða, telja hann á því þörf, auk þess að fiskeldi á Íslandi hefur byggst upp landfræðilega með þeim hætti að óraunhæft er að setja fyrirmæli um þetta í löggjöfina.“*



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Af einhverjum ástæðum er ekki fjallað um sláturfisk sem mesta hætta er að smit berist með.

Við vinnu stefnumótunarhópsins og síðan við skrif á frumvarpinu voru mótvægisaðgerðir, hvort sem um var að ræða heilbrigðis- og skipulagsmál eða annað, ekki í hávegum höfð.

*Greinargerðir til alþingismanna*

Hinn 20. maí 2019 var sendur tölvupóstur til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis og allir alþingismenn fengu afrit.

Þar var óskað eftir að gerð væri opinber rannsókn vegna alvarlegra annmarka á vinnubrögðum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi. Með tölvupóstinum fylgdu ítarlegar greinargerðir:

- Stefnumótunarskýrslan og vinnubrögðin
- Athugasemdir við Áhættumat erfðablöndunar og tillögur að öðrum lausnum

Í greinargerðunum var að finna ítarlegri útskýringar á tillögum um heilbrigðis- og skipulagsmál. Lög um fiskeldi voru samþykkt frá Alþingi 20. júní 2019 og hefði e.t.v. ekkert komið í veg fyrir það, enda mjög öflugir íslenskir leppar sem stóðu hagsmunavörsluna með erlenda fjárfesta að bakhjarli.

*Að lokum*

Ef settar hefðu verið reglur eins og best þekkjast erlendis hefði eflaust verið hægt að koma í veg fyrir að smit bærist frá Reyðarfirði yfir í Berufjörð. Í framhaldi af tjóni vegna ISA veirunnar á Austfjörðum skipaði ráðherra starfshóp vegna smitvarna og sjúkdóma í laxeldi.

Það er e.t.v. ákveðin kaldhæðni í því að fulltrúar frá sömu stofnunum verða skipaðir í starfshópinn, sem tóku ekki undir tillögur sem kynntar voru á árunum 2017–2019. Nú er spurning hvort þessir aðilar leggi í það að taka á skipulagsóreiðunni og komi þannig í veg fyrir að það sama endurtaki sig á Vestfjörðum? Laxeldisfyrirtæki eru í meirihlutaeigu Norðmanna og af hverju eru ekki sömu reglur hér á landi og í Noregi?

***Valdimar Ingi Gunnarsson***
*Sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.*



# Bændur og Landgræðslan

**Umræður um beitarmál og landgræðslu eru oft og tíðum harðvítugar og sitt sýnist hverjum um ágæti þess sem verið er að gera.**

Samstarf bænda og Landgræðslunnar á sér langa og farsæla sögu og margþættur ávinningur náðst við landgræðslu. Það má segja að kannski það mikilvægasta sem hefur komið út úr þessu áratuga samstarfi er þekking, þekking bænda og Landgræðslunnar hefur stóraukist á síðustu áratugum og landgræðsluaðgerðir eru vítt og breitt um landið orðnar að sjálfsögðum bústörfum hjá bændum. Víða eru bændur og Landgræðslan að vinna saman að því að bæta heimalönd bænda í gegnum verkefnið Bændur græða landið.

Eins er það að á mörgum afréttum er unnið að landbótum með stuðningi Landbótasjóðs Landgræðslunnar og eru þau verkefni mörg unnin til að uppfylla gildandi landbótaáætlanir.

Margt hefur áunnist á síðustu áratugum. Bændur hafa friðað 8.500 ferkílómetra af hnignuðu landi í gegnum landbótaáætlanir í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt. Frá árinu 1990 hafa bændur unnið að uppgræðslu 900 ferkílómetra landsvæðis í samstarfi við Landgræðsluna. Beitartími fjár á afréttum hefur verið styttur til muna og beit stýrt með mun markvissari hætti nú en á árum áður. Þá hefur fé fækkað nokkuð síðustu ár og er því ljóst að beitarálag hefur minnkað umtalsvert. Samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar, GróLind, eykur


Árni Bragason.


Trausti Hjálmarsson.

þekkingu á ástandi landsins og verkefnið mun auðvelda sjálfbæra landnýtingu í framtíðinni.

Bændur hafa sýnt það að þeir hafa vilja og getu til þess að auka verulega landbótastarf. Í könnun sem var gerð árið 2021 af Maskínu fyrir atvinnuvegaráðuneytið meðal sauðfjárbænda kom fram að þriðjungur sauðfjárbænda hafi mjög mikinn og fremur mikinn áhuga á því að vinna að verkefnum sem tengjast loftslags- og umhverfismálum. Einnig kom fram í þessari könnun að 90% svarenda höfðu mestan áhuga á landgræðslu sem verkefni tengt aðgerðum í loftslags- og umhverfismálum.

Við getum séð fyrir okkur að nýta enn betur verkefni eins og Bændur græða landið, Endurheimt votlendis, Landbótasjóð, endurheimt birkiskóga og aukna nýtingu lífræns áburðar til að vinna að loftslagsmarkmiðum Íslands. Árlega taka yfir fjögur þúsund manns þátt í þessum verkefnum og þau skila margþættum ávinningi eins og auknum nýtingarmöguleikum, bættri vatnsmiðlun, vernd líffræðilegs fjölbreytileika, auk loftslagsávinningsins. Þau lönd sem bændur græða í samstarfi við Landgræðsluna teljast nefnilega þjóðinni allri til tekna þegar þau eru sett inn í loftslagsbókhald landsins. Með samstilltu átaki bænda og Landgræðslunnar er hægt að auka enn frekar endurheimt landgæða á Íslandi.

Samstarf bænda og Landgræðslunnar hefur gefist vel og þar sameinast allt sem þarf, þekking, mannafli, tæki og vilji.

***Trausti Hjálmarsson**, formaður sauðfjárbænda*
***Árni Bragason** landgræðslustjóri.*


Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.





KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484

Við sendum í einum grænum
Harðskafi

Rúllubindivél
Fyrir smárúllur 700mm
Kr 992.000 m. vsk
Kr 800.000 án vsk

Kurlari PTO RPM1000
fyrir 25cm sver tré
Kr 1.388.800 m. vsk
Kr 1.120.000 án vsk

Smágrafa 1,0 tonn
Diesel 12hp
Kr 1.984.000 m. vsk
Kr 1,600.000 án vsk

Nýtt blað
Fáðu blaðið sent

Hnífatætari 180cm
fyrir traktora 40-50hp
Kr 452.600 m. vsk
Kr 365,000 án vsk

Plógur
einskeri
Kr 167.400 m. vsk
Kr 135.000 án vsk

Slóðadragi
120cm
Kr 117.800 m. vsk
Kr 95.000 án vsk

Sláttuvél PTO
STANDARD 175cm
Kr 396.800 m. vsk
Kr 320.000 án vsk

Flutningskassi 2mtr
opna og sturta
Kr 241.800 m. vsk
Kr 195.000 án vsk

Rakstrarvél
2,5 metrar
Kr 496.000 m. vsk
Kr 400.000 án vsk

Kurlari max 8cm
Bensín 6,5hp
Kr 217.000 m. vsk
Kr 175.000 án vsk

Stubbatætari
Bensín 15hp
Kr 291.400 m. vsk
Kr 235.000 án vsk

Sláttuvél 160cm
24hp EL fyrir fjórhjól
Kr 799.800 m. vsk
Kr 645.000 án vsk

Sláttuvél 120cm
15hp EL fyrir fjórhjól
Kr 496.000 m. vsk
Kr 400.000 án vsk

Sturtuvagn 2 tonna
Kúlutengi + traktorstengi
Kr 570.400 m. vsk
Kr 460.000 án vsk

Smágrafa 1,4 tonn
3-cyl dieselvél vatnskæld
Kr 3,707.600 m. vsk
Kr 2,990.000 án vsk

Rafbörur 4x4
Drif á öllum og búkollubeygja
Kr 545.600 m. vsk
Kr 440.000 án vsk

Dreifari
Fyrir áburð, salt eða sand
Kr 29.760 m. vsk
Kr 24.000 án vsk

www.hardskafi.is Júní 2022 Sími 555 6520 sala@hardskafi.is





STRANDSVÆÐISSKIPULAG AUSTFJARÐA

Fyrir liggur tillaga að Strandsvæðisskipulagi Austfjarða 2022 sem kynnt er samkvæmt 12. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018. Í skipulagstillögunni er sett fram stefna um nýtingu svæðis sem nær yfir firði og flóa frá Almenningsfles í norðri að Hvítingum í suðri.

Skipulagstillagan ásamt umhverfismati er aðgengileg á **www.hafskipulag.is** og liggur jafnframt frammi hjá Skipulagsstofnun í Reykjavík og á skrifstofum Múlaþings og Fjarðabyggðar.

Kynningarfundir um skipulagstillöguna verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar 27. júní kl. 16:30-18:30
Herðubreið á Seyðisfirði 28. júní kl. 16:30-18:30

Frekari kynningarfundir verða auglýstir síðar.

Allir sem vilja sig láta varða skipulag svæðisins eru hvattir til að kynna sér skipulagstillöguna. Allir sem þess óska geta komið á framfæri ábendingum og gert athugasemdir við skipulagstillöguna og umhverfismat hennar. Frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri er til **15. september 2022**.

Athugasemdum skal skilað bréflega til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík, með tölvupósti á netfangið **hafskipulag@skipulag.is** eða um athugasemdagátt á **www.hafskipulag.is**.

**Svæðisráð Austfjarða**

Nánari upplýsingar má nálgast á hafskipulag.is.
Skipulagsstofnun - Borgartúni 7b - 105 Reykjavík

SKÓGRÆKT



Haustlitir á reyniviði geta verið mjög fjölbreytilegir og nokkuð misjafnt hvenær einstök tré klæðast haustlitum. Þetta getur skapað mikla litadýrð þar sem mörg reynitré standa í nágrenni hvert við annað.
Myndir /Pétur Halldórsson

# Reyniviður

**Reyniviður, *Sorbus aucuparia*, er um margt sérstætt tré. Til dæmis myndar reyniviður hvergi samfellda skóga þótt hann hafi verið á Íslandi frá því löngu fyrir landnám.**



Reyniviður blómstrar í lok maí eða í júnímánuði eftir aðstæðum og árferði. Blómklasarnir eru til mikillar prýði á trjánum og blómin ægifögur í návígi einnig.

Sú tilgáta er ekki rétt að reyninn skorti sambýli við jarðvegsörverur og því þurfi hann að lauma sér milli annarra trjáa til að þrífast vel. Hjá reynivið og mörgum öðrum lauftrjám eru þessar örverur inni í rótunum frekar en utan á. Líklegra er að þetta tengist dreifingarmáta hans með fuglum eða sjúkdómum á borð við reyniátu, sem geta magnast upp í köldum árum þar sem reynitré vaxa þétt saman.

Reyniviður þroskar ber sem eru heldur beisk og ókræsileg í munni mannfólks en þeim mun eftirsóttari hjá þeim fuglum sem hafa ávexti að eftirlætisfæðu, sérstaklega skógarþrestinum og þeim frændum hans sem nú fjölgar í landinu, svartþresti og gráþresti. Þessum fuglum er helst að þakka aukin útbreiðsla reyniviðar á Íslandi ásamt lengri sumrum og minnkandi beit. Ræktaðir skógar eru kjörin svæði fyrir fræ úr reyniberjum að spíra og vaxa upp. Þangað sækja fuglarnir og losa sig við fræin með driti sínu. Latneska tegundarheitið aucuparia er dregið af orðunum avis sem þýðir fugl og capere sem þýðir að fanga. Reyniviður hlaðinn berjum þótti veiðimönnum upplagður til að laða að fugla og fanga á haustin.

Reyniviður er oftast fremur smávaxið tré, en nær allt að 15 metra hæð hérlendis. Vaxtarlagið er fjölbreytilegt, allt frá margstofna runna upp í beinvaxin, einstofna tré með mjög misbreiða krónu. Mismunandi vaxtarlag getur stafað af erfðum en líka þeim aðstæðum sem tréð vex upp við, hvort það verður fyrir áföllum og greinist í marga stofna eða fær frið til að vaxa beint upp í loftið. Í skógi vex ungur reyniviður gjarnan hratt og beint upp til að teygja sig í ljósið.

Reyniviður þakkar vel fyrir sig ef hann fær að vaxa í frjósömum jarðvegi. Hann fer snemma að blómstra, gjarnan um tíu ára aldur, en þar með dregur úr vexti hans því blóm á greinaendum taka fyrir vöxt úr viðkomandi sprota. Vaxtarþrótturinn geldur fyrir orkuna sem fer í að þroska blóm og aldin. Jafnframt ýtir blómgunin undir að greinar skipti sér og tréð þéttist.

Reyniviður vex um allt land en þar sem hann er af rósaætt þykir beitardýrum hann afar gómsætur. Tegundin var því sárasjaldgæf á Íslandi um aldir en tórði helst þar sem skepnur náðu ekki til, í gilskorningum, á klettasnösum og í stórgrýttum urðum. Frægur er reyniviðurinn í Nauthúsagili undir Eyjafjöllum og sömuleiðis reynirinn í Möðrufellshrauni í Eyjafirði sem mikil helgi var á í katólskum sið. Hugsanlegt er að þessar tvær hríslur hafi verið einu reyniviðirnir á Suður- og Norðurlandi í byrjun 19. aldar og að önnur reynitré hafi einungis leynst í kjarrinu á Vestfjörðum og Austurlandi. Möðrufellsreynirinn var einhvers staðar sagður formóðir flestra reynitrjáa norðanlands og reynitré af þeirri ætt eru sögð hafa verið gróðursett við Alþingishúsið. Sunnanlands eiga mörg tré í görðum ættir að rekja í Nauthúsagil.

Reyniviður hefur verið ræktaður í görðum hérlendis frá 1824 en á upphafsárum skógræktar á Íslandi kringum aldamótin 1900 var talsvert flutt inn af dönskum og norskum reyniviði. Þetta eykur á erfðafjölbreytni tegundarinnar, sem var takmörkuð fyrir, vegna fárra trjáa sem eftir tórðu í náttúrunni. Ekki er að sjá að danski og norski reyniviðurinn sé frábrugðinn þeim íslenska í aðlögun, enda uppruninn sá sami, þ.e. fræ frá norðurhluta Skandinavíu sem þrestir bera með sér suður á bóginn í fari sínu að hausti. Þótt farið stefni nokkurn veginn beint suður, flækjast fuglar oft til Íslands, t.d. allstórir hópar gráþrasta flest haust.

Styrkleikar reyniviðar eru margir. Hann þolir vel vind og frost, hefur talsvert þol fyrir salti og til styrkleika verður líka að telja blómin snemmsumars og berin og litadýrðina á haustin. Viðurinn er harður en tiltölulega léttur, hefur sérstæðan lit og er góður til smíða þótt ekki hafi að ráði verið hugað að því að rækta beinvaxin og uppkvistuð reynitré á Íslandi til að uppskera alvöru smíðavið.

Helsti veikleiki reyniviðar er áðurnefnd reyniáta sem tegundin er útsett fyrir, ekki síst þegar trén taka að feyskjast og eldast. Vert er að klippa ekki reynivið frá síðsumri og fram á vetur heldur síðla vetrar eða snemma vors til að hindra smit.

Úr reyniberjum og eplum til helminga má búa til hlaup sem er gott meðlæti með hátíðarmat.

***Skógræktin.***

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Fagþing nautgriparæktarinnar í Danmörku – Fyrsti hluti



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

**Nýverið var haldið hið árlega Fagþing Nautgriparæktarinnar í Danmörku, eða „Kvægkongres“, en þeir sem til þekkja vita að þetta er einn helsti vettvangur þekkingarmiðlunar varðandi nautgriparækt í norðanverðri Evrópu.**

Á fagþinginu koma ávallt fram margs konar gagnlegar upplýsingar, aðallega fyrir bændur, ráðunauta og dýralækna, sem vert er að gefa gaum. Venju samkvæmt voru þar flutt mörg áhugaverð og framsækin erindi og þó svo að mörg þeirra lúti sér í lagi að danskri nautgriparækt og eigi þar með ekki beint erindi til íslenskra bænda og fræðafólks, þá eru alltaf margir fyrirlestrar sem eiga ekki síður erindi við alla þá sem stunda nautgriparækt hér á landi.

Alls voru flutt 70 erindi að þessu sinni í 11 málstofum og verður hér gerð grein fyrir nokkrum af þeim fróðlegu erindum sem flutt voru í einni málstofunni.



Per Aagaard Nielsen er með 130 kúa lífrænt vottað kúabú.

### *Kraftmikill rekstur – fyrsta málstofa*

Öll erindin 10 í þessari málstofu, sem var langumsvifamest á þessu fagþingi, fjölluðu um rekstur kúabúa með einum eða öðrum hætti. Í Danmörku, og reyndar öllu Evrópusambandinu, er nú gríðarlega mikil áhersla lögð á umhverfismál og að landbúnaðurinn sé starfræktur í sátt við þjóðina og því hafa verið sett af stað nokkur verkefni sem taka á þessum þáttum.

Þetta verkefni tengist beint við ESG skýrslugerð búa en skammstöfunin stendur fyrir Environmental, Social and Governance þ.e. Umhverfis-, félags- og stjórnskipulagsmál en í fáum orðum snýst verkefnið um það að hver rekstraraðili útbýr skýrslu sem fjallar um þessi þrjú meginatriði. Hingað til hafa það fyrst og fremst verið stórfyrirtæki sem hafa verið að gera svona skýrslur fyrir rekstur sinn en nú eru bæði stærri og minni búin í Danmörku farin að gera svona skýrslu um rekstur sinn.

Þetta er ekki enn orðin krafa fyrir bú í Danmörku en flestir gera ráð fyrir því að svo verði innan fárra ára.

### *Erfitt að breyta hefðum*

Það þarf mikið til að breyta venjum og hefðum í landbúnaði, það hefur m.a. komið í ljós að margir danskir bændur virðast eiga erfitt með að breyta sínum háttum hvað varðar umhverfismálin.

Þannig hafa margir danskra bænda bara helst viljað halda sínu striki með sama hætti og gert hefur verið jafnvel í áratugi á viðkomandi búi. Til þess að ná tökum á þessu eru því nú í gangi margs konar verkefni til þess að vekja danska bændur til meðvitundar um mikilvægi þess að horfa í auknum mæli til umhverfisins þegar búskapur er annars vegar. Að því koma stjórnvöld, félagasamtök, bankar og fleiri fagaðilar og var m.a. komið inn á þetta áhugaverða samstarf í þessari málstofu

Þannig hafa t.d. fjármálastofnanir stutt við þróunarvinnu við umhverfisreiknilíkön og stutt við námskeiðahald svo bændurnir geti endurmenntað sig á þessu sviði og fræðst um það hvernig breyta megi á búunum án þess að það bitni á afkomunni.

Þá er áhugavert hvernig fjármálastofnanir eru einnig að mennta sitt eigið starfsfólk í umhverfismálum og sjálfbærni í þeim eina tilgangi að gera það betur hæft í því að meta rekstrarforsendur búa í dönskum landbúnaði.

Þá hefur danska lánastofnunin Nykredit ákveðið að fyrir árslok næsta árs þá muni stofnunin reikna út sótspor allra lántakenda og birta með ársuppgjöri sínu, en Poul Erik Jørgensen, framkvæmdastjóri landbúnaðardeildarinnar, flutti einmitt erindi í málstofunni!

### *ESG skýrslugerð*

Eins og oft er með opinberar kröfur, og mögulega sérstaklega þegar gerð er krafa um skýrslugerð, þá hafa margir bændur sett sig upp á móti þessari þróun í átt að ESG skýrslugerð búa. Það eru þó ekki allir sem það hafa gert og sumir bændur hafa tekið ESG skýrslugerðina föstum tökum og fagnað henni.

Kúabóndinn Per Aagaard Nielsen er einn þeirra. Hann greindi frá því hvernig hann lítur á verkefnið fyrst og fremst sem tæki til að efla búskapinn með því að fara í alvarlega skoðun á því hvernig hann rekur búið og stýrir því.

Hann fékk ráðgjafarfyrirtækið SEGES í lið með sér og útbjó fyrstu ESG skýrslu kúabús síns og sagði í erindi sínu að skýrslan væri mjög góður grunnur fyrir framtíðina, því með því að gera hana árlega fæst yfirsýn yfir stöðu mála eins og t.d. ætlað sótspor við framleiðsluna sem hjá Per eru 1,11 kg $CO_2$ ígilda á hvert framleitt kíló mjólkur og 7,50 kg $CO_2$ ígilda á hvert framleitt kíló af kjöti. Þá gefur skýrslan einnig yfirlit yfir uppgufun ammoníaks frá ábornum ökrum og fjósunum og hver fosfórstaða búsins er.

Margt annað áhugavert er í þessari skýrslu, eins og yfirlit um dauðfædda gripi, neyðarslátrun, bráðadauða, nýgengi júgurbólusmita og margt fleira mætti nefna.

Greinarhöfundur, sem þekkir allvel til mála í Danmörku, getur fullyrt að þetta er í fyrsta skipti sem danskir kúabændur hafa getað fengið jafn gott yfirlit yfir bú sín og nú með þessari skýrslu sem leið gefur afar mikilvægar upplýsingar um m.a. umhverfismál.

Ekki þarf að koma á óvart að gerð verði svipuð krafa á Íslandi á komandi tímum þ.e. að allir sem stunda landbúnað þurfi að gera svona ESG-skýrslu árlega.

### *Hópfjármögnun kúabúa?*

Af annars mörgum fínum erindum í þessari málstofu var erindið um hópfjármögnun (e. crowd funding) kúabúa einkar áhugavert.

Það hafa líklega margir Íslendingar heyrt um hópfjármögnun en vita mögulega ekki alveg hvernig hún virkar. Þetta er í raun leið fyrir einkafjárfesta til þess að lána fjármagn í samkeppni við banka og fjármálastofnanir!

Nú hefur verið komið upp sérstakri leið til hópfjármögnunar í dönskum landbúnaði og það er danska þróunarfyrirtækið SEGES sem stendur fyrir þessu. Vettvangurinn heitir InGreen og er hægt að skoða nánar á vefsvæðinu ingreen.dk. Þar geta einstaklingar einfaldlega farið inn og lánað




InGreen er sérstök heimasíða fyrir hópfjármögnun í landbúnaði.

peninga eða óskað eftir láni og er fyrirfram gefið hve mikla vexti hægt er að fá fyrir peningana, eftir áhættunni sem felst í láninu.

Sé lánað með minnstri áhættu fást 1-3% í vexti en svo hækka þeir jafnt og þétt eftir áhættunni og fara mest í 7-10%! Að sama skapi borgar lántakinn lága vexti ef lánið tengist ekki mikilli áhættu en eftir því sem óvissan eykst hækka vextirnir. Einkar áhugavert í alla staði.

### *Lítil aukning heimsframleiðslu mjólkur*

Enn eitt áhugavert erindi í málstofunni var flutt af fulltrúum greiningardeildar hollenska landbúnaðarbankans Rabobank.

Þar kom m.a. fram að bankinn spáir einungis lítilli aukningu á heimsframleiðslu mjólkur á þessu ári, nokkuð sem hefur ekki gerst áður. Skýringin felst fyrst og fremst í óhagstæðri þróun veðurs í Eyjaálfu sem hefur haft bein áhrif á mjólkurframleiðsluna í Nýja-Sjálandi og Ástralíu en bæði lönd vega þungt þegar horft er til heimsframleiðslu mjólkur.

Þá hafa kúabú í Bandaríkjunum einnig dregið saman seglin og þrátt fyrir að afurðastöðvaverð hafi aldrei verið hærra í flestum löndum Evrópu þá hefur hækkandi verð á aðföngum haft þau áhrif að bændur í löndum Evrópusambandsins hafa einnig haldið aftur af framleiðslunni.

Það eru sérstaklega Frakkland, Þýskaland, Belgía og Holland sem draga niður meðaltal Evrópu en tölur frá öllum þessum löndum framan af þessu ári benda til samdráttar og þau vega þungt vegna umsvifa sinna þegar kemur að mjólkurframleiðslu. Önnur lönd annaðhvort standa í stað eða auka aðeins við sig en ekki nóg til að vega upp á móti samdrættinum í fyrrnefndum löndum.

### *Spá meiri verðhækkunum*

Það kom einnig fram í erindinu frá Rabobank að óvíða í heiminum séu raunveruleg áhrif af hækkun aðfanga komin fram í verðlagi til neytenda.

Það skýrist m.a. af því að uppskera þessa árs, sem hafi fengið miklu dýrari tilbúinn áburð en í fyrra, sé fyrst að koma í hús nú í sumar og fari ekki á markað fyrr en í haust.

Sama má segja um kjötið en raunhækkun sé varla komin fram nema í kjúklingum og hugsanlega svínum þar sem eldistíminn er stuttur. Raunhækkun nautakjöts eigi t.d. eftir að koma fram síðar.

Þannig er í spá Rabobank, sem fullyrða má að sé ein virtasta stofnun heims þegar kemur að fjármálum í landbúnaði, gert ráð fyrir hækkun afurðastöðvaverðs á helstu framleiðslueiningum í landbúnaði síðar á þessu ári!

### *Spá Rabobank*

Lokaorðin hjá fulltrúum Rabobank voru sérlega áhugaverð og viðeigandi að enda þessa stuttu yfirferð um þessa málstofu á þeim.

„Búist er við þessu:
- Verðbólga mun haldast há
- Orkuverð mun haldast hátt
- Matarverð mun haldast hátt
- Flutningskostnaður mun haldast hár
- Órói á vinnumarkaði mun aukast
- Popúlismi mun aukast
- Spenna á milli landa mun aukast
- Aukin áhersla verður á framleiðslu og sölu innan hvers lands og gengi ólíkra gjaldmiðla mun breyta neysluhegðun.“

*Í næsta Bændablaði verður haldið áfram umfjöllun um þetta áhugaverða fagþing en þess má geta að hægt er að skoða og hlaða niður öllum erindum af fagþinginu með því að nota eftirfarandi hlekk: https://www.tilmeld.dk/kvaegkongres2022/praesentationer*



**Mynd frá Rabobank sem sýnir með appelsínugulu þau lönd þar sem mjólkurframleiðslan er að dragast saman í löndum Evrópusambandsins, gráu þar sem hún stendur í stað og með grænu þar sem hún er aukast.**








## Hreinræktaðir Aberdeen Angus gripir til sölu í júní 2022 – tilboð óskast !!

Sæðistaka er að hefjast úr þeim nautum sem fæddust sumarið 2021 en ekki verður tekið sæði úr þeim öllum. Nautin og kvígurnar eru gæf og meðfærileg. Þau eru boðin til sölu og er lýsing á þeim á heimasíðu Búnaðarsambandsins og í Bændablaðinu sem kemur út 23. júní 2022. Nautin sem sæði verður tekið úr verða ekki afhent nýjum eigendum sínum fyrr en nægjanlegu magni af sæði hefur verið safnað úr þeim. Aðrir gripir verða afhentir strax að lokinni sölu.

**Söluferli gripanna**
Ákveðið var að styðjast við sömu útboðsreglur og í fyrra en nú eru kvígur líka til sölu. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði.

**Hverjir mega bjóða í gripina?**
Rekstraraðilar í nautgriparækt - bæði einstaklingar og lögaðilar - geta sent inn tilboð uppfylli þeir eftirfarandi skilyrði:

1. Séu skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis og með lögheimili á Íslandi.
2. Stundi nautgriparækt og reki nautgripabú á lögbýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra falli undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.
3. Séu þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands og hafi sinnt fullnægjandi skilum á skýrslum fyrir framleiðsluárið 2021, sbr 4 gr. reglugerðar nr 348/2022

**Tilboðsferli**
Tilboð verða að berast á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.

Á eyðublaðinu er tilgreint í hvaða grip eða gripi er verið að gera tilboð en bjóða má í eins marga gripi og hver vill, en tilgreina skal hversu hátt er boðið í hvern þeirra.

Ef sami aðili sendir inn fleiri en eitt tilboð gildir nýjasta tilboðið, en hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut og sömuleiðis eitt gilt tilboð í hverja kvígu en sami aðili má kaupa eitt naut og eina kvígu. Lágmarksboð í nautin og kelfdu kvígurnar er 800.000 kr – áttahundruð þúsund kr - án vsk. Lágmarksboð í kvígurnar sem eru fæddar 2021 er 500.000 kr – án vsk og verða lægri tilboð ekki tekin gild.

Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti merkt:

**Tilboð í nautgripi**
**Nautgriparæktarmiðstöð Íslands**
**Austurvegi 1 800 Selfoss**

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi miðvikudaginn 29. júní 2022 en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim þriðjudaginn 5. júlí 2022 og hefst kl. 10:00. Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð og eða fylgjast með á teams fundi og fá sendan hlekk á fundinn til sín.

**Ráðstöfun gripanna eftir opnun tilboða**
1. Fyrst skal ganga úr skugga um að tilboð sem borist hafa séu gild þ.e. þau uppfylli öll þau skilyrði sem sett hafa verið.
2. Komi jöfn hæstu tilboð í einhvern grip frá tveimur eða fleiri aðilum skal hlutkesti ráða í hvaða röð tilboðin raðast.
3. Gengið skal frá sölunni á þann hátt að fyrst er tekin fyrir sá gripur sem hæst er boðið í, þá sá sem næst hæst er boðið í og svo koll af kolli. Komi jafn hátt boð í tvo eða fleiri gripi skal hlutkesti ráða um röð þeirra nauta við sölu.
4. Hver tilboðsgjafi getur einungis fengið keypt eitt naut og eina kvígu. Ef sami aðili á hæsta boð í fleiri en einn grip af hvoru kyni skal hann velja hvaða tilboði hann vill halda og dettur hann þá út sem tilboðsgjafi í aðra gripi.
5. Kaupandi skal ganga frá greiðslu fyrir gripina inn á bankareikning Nautís í síðasta lagi 8. júlí. Litið er á greiðslu á þessum tímapunkti sem fyrirframgreiðslu en nautin verða áfram í eigu og á ábyrgð Nautís fram að afhendingardegi.
6. Sé ekki greitt inn á banka á réttum tíma fellur tilboðið úr gildi og sá sem átti næst hæsta boð í viðkomandi grip fær kaupréttinn. Hafi sá aðili þegar fengið keyptan annan grip getur hann valið hvorn gripinn hann vill taka. Við svona breytingar á einum grip getur því kaupréttur breyst á fleiri gripum.
7. Ef gripur stenst ekki dýralæknisskoðun varðandi almennt heilsufar eða sæðisgæði að lokinni sæðistöku fellur sá gripur út úr sölumeðferð og fær kaupandi þá endurgreitt kaupverð. Þetta hefur þó ekki áhrif á röð tilboða eða kauprétt á öðrum nautum.
8. Berist ekki gilt tilboð í einn eða fleiri af gripunum mun stjórn Nautís ehf ákveða hvernig með þá gripi verður farið í framhaldinu.

Fh. hönd Nautís ehf
**Sveinn Sigurmundsson**
Framkvæmdastjóri

# Angus-holdanaut frá NautÍs fædd 2021

**Hér er nú kynntur fjórði árgangur Angus-holdanauta frá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti. Þessir gripir eru tilkomnir með sæðingu hreinræktaðra Angus-kúa með sæði úr Jens av Grani NO74061 og því um að ræða sérvalda úrvalsgripi. Ekki þarf að fjölyrða um þær miklu og ströngu kröfur sem gerðar eru á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti hvað smitvarnir varðar. Þessir gripir hafa nú lokið einangrun og fengið grænt ljós hvað snertir sæðistöku og dreifingu þess. Auk þessa er hérna einnig kynntur Skugga-Sveinn -ET 1662741-1585 sem fæddur er á Tilraunabúinu á Stóra-Ármóti eftir uppsetningu fósturvísis þar. Hann var keyptur á Nautastöðina á Hesti þar sem hann neitaði því miður að stökkva á önnur naut.**

Guðmundur Jóhannesson
ráðunautur
í nautgriparækt
mundi@rml.is



Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð. Það hentar því vel í t.d. blendingsrækt þar sem burðarerfiðleikar eru fremur fátíðir.

Nautgriparæktarmiðstöð Íslands (NautÍs) hefur frá upphafi lagt sérstaka áherslu á góða dætraeiginleika þeirra nauta sem notuð hafa verið þar til uppbyggingar á Angusholdagripastofni hérlendis. Má þar nefna létta burði og kjötgæði að ógleymdum mæðraeiginleikum.

Á árinu 2018 fæddust kálfar undan Li's Great Tigre NO74039 og First Boyd fra Li NO74033 og á árinu 2019 var um að ræða gripi undan Hovin Hauk NO74043 og Horgen Erie NO74029.

Á árinu 2020 var eingöngu um að ræða kálfa undan Emil av Lillebakken NO74028. Allt eru þetta naut sem gefa góðar mæður. Á árinu 2021 litu dagsins ljós kálfar undan Emil av Lillebakken sem og Jens av Grani NO74061.

Hins vegar brá svo við að undan Emil komu bara kvígur og allir nautkálfarnir því undan Jens. Jens av Grani, f. 21. janúar 2014, hjá Kirsti Mæland og Harald Dahl í Holter í Nannestad í Akershus sem útleggja mætti á íslensku sem að Jens væri frá Holtum í Nönnustað í Akurhúsum.

Faðir Jens er HIOE8 Ayrvale Bartel E8 frá Ástralíu og móðirin Evy av Grani undan Hovin Velixir NO74011 sem var aftur undan Ankonian Elixir frá Bandaríkjunum.

Jens er gott alhliða kynbótanaut sem gefur léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, auk góðra kjötgæða- og mæðraeiginleika. Fæðingarþungi kálfa er undir meðallagi en vaxtar- hraði góður.

Því eru fallþungatölur afkvæma Jens mjög góðar en holdflokkun um meðallag og gripirnir í feitari kantinum.

Að þessu sinni er kynning nautanna aðeins ítarlegri en áður en birtar eru tölur úr línulegu mati sem Kristian Heggelund, ræktunarráðgjafi hjá TYR í Noregi, framkvæmdi nú í lok maí sl.

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum nýlega hafin og því liggur ekki fyrir hver árangur úr henni verður.

Vegna innbyrðis skyldleika þessara nauta var ákveðið að þeir muni ekki allir koma til sæðistöku.

Ekki verður tekið sæði úr Janusi 1662742-0033 þar sem hann hefur ekki til að bera jafnmikil lærahold og hin nautin þó þau séu með þeim hætti að hann sómir sér vel sem þarfanaut.



**Skugga-Sveinn -ET (1662741-1585)**
Fæddur 2. nóvember 2020 á Tilraunabúinu á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Draumur -ET 18402
M. Birna-ET IS1662742-0007
Ff. First-Boyd fra Li NO74033
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Lita av Høystad NO49747
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. US15347911 Boyd Next Day
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. NO29125
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Horgen Erie NO74029
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. Høystad NO32325
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með miklar og vel holdfylltar herðar. Hásinn er stuttur, sver og vöðvamikill. Bakið breitt og hold- gróið, malir langar og breiðar og holdfylltar. Lærvöðvinn er mikill, djúpur og vel kúptur. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Skugga-Sveinn er vel gerður, langvaxinn og gerðarlegur gripur.

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 1. október 2021 vóg Skugga-Sveinn 446 kg og hafði því vaxið um 1.225 g/dag frá fæðingu. Skugga-Sveinn hefur alla tíð sýnt mikla og góða vaxtargetu.



**Jeremías 21401 (1662742-0031)**
Fæddur 24. febrúar 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Birna-ET IS1662742-0007
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. NO30796
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með miklar og vel holdfylltar herðar. Hásinn er stuttur, sver og vöðvamikill. Bakið breitt og holdmikið, malir mjög langar, breiðar og holdfylltar. Holdfylling í lærum gríðarmikil og lærvöðvinn djúpur og vel kúptur. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Jeremías er ákaflega vel gerður, holdmikill og glæsilegur gripur.

## Línulegt mat: Jeremías

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 7 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 8 | 8 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 8 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 8 | |

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 35 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jeremías 621 kg og hafði því vaxið um 1.395 g/dag frá fæðingu. Jeremías hefur alla tíð sýnt mjög mikla vaxtargetu.



**Janus 1662742-0033**
Fæddur 5. mars 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Steina-ET IS1662742-0003
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. NO30796
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögugóður, hálsinn stuttur sver og vöðvaður. Holdfylling um herðar góð. Bakið er breitt og vel holdfyllt. Malirnar langar, breiðar og holdmiklar. Góður lærvöðvi. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Vel gerður gripur með mikla holdfyllingu.

## Línulegt mat: Janus

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 6 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 5 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 6 | 6 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 6- | |

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 42 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Janus 568 kg og hafði því vaxið um 1.280 g/dag frá fæðingu. Janus hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.



**Jóakim 21403 (1662742-0034)**
Fæddur 13. mars 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Vísa-ET IS1662742-0006
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Lara av Høystad NO49943
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Ivar fra Li NO74047
Fmm. NO30796
Mmm. Helle av Høystad NO34418

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og feikilega útlögumikill með stuttan, sveran og holdugan háls. Mikil holdfylling í breiðu bakinu. Malirnar eru breiðar og vel holdugar. Mikil og góð lærahold. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Breiðvaxinn, holdmikill og fallegur gripur.

## Línulegt mat: Jóakim

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 7 |

## Línulegt mat: Jóakim frh.

| | Lærabreidd | Innralæri |
|---|---|---|
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 7 |
| | LæradýptLærahold | |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 7 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 7 | |

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 28 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jóakim 552 kg og hafði því vaxið um 1.300 g/dag frá fæðingu. Jóakim hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.



**Janssen 21404 (1662742-0039)**
Fæddur 3. maí 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Sveina-ET IS1662742-0004
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Letti av Nordstu NO100514
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Dunder av Bognes NO74025
Fmm. NO30796
Mmm. Janne av Nordstu NO39302

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með stuttan, sveran og holdugan háls. Mikil holdfylling í breiðu bakinu. Malirnar eru ákaflega langar, breiðar og sérlega vel holdugar. Mikill og kúptur lærvöðvi. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Breiðvaxinn, holdmikill og fallegur gripur.

## Línulegt mat: Janssen

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 8 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 8- | |

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 30 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Janssen 474 kg og hafði því vaxið um 1.261 g/dag frá fæðingu. Janssen hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu



**Jenni 21405 (1662742-0040)**
Fæddur 16. júní 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Vænting-ET IS1662742-0021
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Horgen Erie NO74029
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Maiken av Grani NO102576
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. Horgen Bror NO55754
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Horgen Soria NO27377
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. First-Boyd fra Li NO74033
Fmm. NO30796
Mmm. Kari av Grani NO100428

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og feikilega útlögumikill með stuttan, sveran og holdugan háls. Mikil holdfylling í breiðu bakinu. Malirnar eru langar, ákaflega breiðar og sérlega vel holdugar. Mikill, vel lagaður og kúptur lærvöðvi. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Breiðvaxinn, holdmikill og glæsilegur gripur.

## Línulegt mat: Jenni

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 8 | 8 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 8 | 7 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 7 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 7 | |

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 31 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jenni 399 kg og hafði því vaxið um 1.195 g/dag frá fæðingu. Jenni hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.



**Jöfur 21406 (1662742-0045)**
Fæddur 29. ágúst 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Assa-ET IS1662742-0018
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Hovin Hauk NO74043
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Mose av Grani NO102588
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. AUTMB1 Te Mania Berkley B1
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Hovin Victoria NO23868
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. First-Boyd fra Li NO74033
Fmm. NO30796
Mmm. Kaja av Grani NO0794

**Lýsing:**
Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með stuttan, sveran og holdugan háls. Mikil holdfylling í breiðu bakinu. Malirnar eru langar, ákaflega breiðar og sérlega vel holdugar. Mikill og góður lærvöðvi. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Breiðvaxinn, holdmikill og falllegur gripur.

## Línulegt mat: Jöfur

| | Boldýpt | Herðabreidd |
|---|---|---|
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 6 |
| | Malalengd | Malabreidd |
| Best | 9 | 8 |
| Mat | 9 | 8 |
| | Lærabreidd | Innralæri |
| Best | 8 | 9 |
| Mat | 7 | 6 |
| | Læradýpt | Lærahold |
| Best | 9 | 9 |
| Mat | 7 | 6 |
| | Heildarmat | |
| Best | 9 | |
| Mat | 7 | |

**Umsögn:**
Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jöfur 382 kg og hafði því vaxið um 1.464 g/dag frá fæðingu. Jöfur hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu.

# Kvígur frá NautÍs

**Uppbygging hreinræktaðrar Angus-hjarðar hjá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti hefur gengið vel og nú er svo komið að hægt er að selja hreinræktaðar Angus-kvígur frá stöðinni. Hér á eftir fer örstutt kynning á þeim kvígum sem standa til boða núna sumarið 2022. Um er að ræða fimm kvígur sem eru dætur þeirra Emil av Lillebakken og Jens av Grani, hvort tveggja naut sem eru þekkt að því að gefa góðar kýr til undaneldis.**



**Endurbót -ET 1662742-0025**
Fædd 20. júní 2020 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Emil av Lillebakken NO74028
M. Nanne av Høystad NO104656
Ff. Betong av Dagrød NO74017
Mf. Lord Rossiter av Høystad NO62302
Fm. Mairin NO24738
Mm. Kira av Høystad NO48643
Fff. Arctic's Samson NO74001
Mff. Donaumoos King Rossiter DE0985921182
Ffm. Erin av Holthe NO21886
Mfm. Hermine av Høystad NO36330
Fmf. Kincaid ET av Dagrød NO53755
Mmf. Ilir av Høystad NO60252
Fmm. NO17799
Mmm. Beate av Teigen NO19157

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 15. júní 2021 vóg Endurbót 449 kg og hafði því vaxið um 1.142 g/dag frá fæðingu.

**Staða:** Fengin, sædd 3. febrúar 2022 með Eiríki -ET 19403 og á því tal 16. nóvember 2022.



**Etna -ET 1662742-0026**
Fædd 20. júní 2020 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Emil av Lillebakken NO74028
M. Nanne av Høystad NO104656
Ff. Betong av Dagrød NO74017
Mf. Lord Rossiter av Høystad NO62302
Fm. Mairin NO24738
Mm. Kira av Høystad NO48643
Fff. Arctic's Samson NO74001
Mff. Donaumoos King Rossiter DE0985921182
Ffm. Erin av Holthe NO21886
Mfm. Hermine av Høystad NO36330
Fmf. Kincaid ET av Dagrød NO53755
Mmf. Ilir av Høystad NO60252
Fmm. NO17799
Mmm. Beate av Teigen NO19157

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 42 kg. Við vigtun 15. júní 2021 vóg Etna 455 kg og hafði því vaxið um 1.147 g/dag frá fæðingu.

**Staða:** Fengin, sædd 24. janúar 2022 með Eiríki -ET 19403 og á því tal 6. nóvember 2022.



**Jensey 1662742-0030**
Fædd 23. febrúar 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Silla-ET IS1662742-0005
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Lara av Høystad NO49943
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Ivar fra Li NO74047
Fmm. NO30796
Mmm. Helle av Høystad NO34418

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jensey 494 kg og hafði því vaxið um 1.083 g/dag frá fæðingu.

**Staða:** Ófengin, fer í fósturvísaskolun.



**Jara 1662742-0032**
Fædd 27. febrúar 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Fóstra-ET IS1662742-0008
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Lara av Høystad NO49943
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Ivar fra Li NO74047
Fmm. NO30796
Mmm. Helle av Høystad NO34418

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 26 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jara 382 kg og hafði því vaxið um 854 g/dag frá fæðingu.

**Staða:** Ófengin, fer í fósturvísaskolun.



**Jafna 1662742-0042**
Fædd 2. júlí 2021 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

**Ætt:**
F. Jens av Grani NO74061
M. Lára-ET IS16627420015
Ff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Mf. Li's Great Tigre NO74039
Fm. Evy av Grani NO30798
Mm. Lara av Høystad NO49943
Fff. AUVTMB219 Te Mania B.
Mff. CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm. AUBVVB32 E Jedda B32
Mfm. Else fra Li NO30822
Fmf. Hovin Velixir NO74011
Mmf. Ivar fra Li NO74047
Fmm. NO30796
Mmm. Helle av Høystad NO34418

**Lýsing:** Af Aberdeen Angus kyni. Svört, kollótt. Holdmikil og vel gerð kvíga.

**Umsögn:** Fæðingarþungi var 31 kg. Við vigtun 20. apríl 2022 vóg Jafna 329 kg og hafði því vaxið um 1.021 g/dag frá fæðingu.

**Staða:** Ófengin.

VÉLABÁSINN

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



# Stílhreinn & sterklegur pallbíll



D-Max í sínu eðlilega umhverfi. Isuzu D-Max er einn smekklegasti pallbíllinn á markaðnum í dag og er kostum gæddur. Bíll með dráttargetu eins og best gerist. Myndir / ÁL

**Að þessu sinni var pallbíllinn Isuzu D-Max Lux, sem BL selur, tekinn í reynsluakstur.**

Þessi bíll myndi teljast til stærðarflokks meðalstórra pallbíla, rétt eins og Toyota Hilux og Nissan Navara. D-Max veitir áðurnefndum pallbílum öfluga samkeppni og ætti hver sá sem er að leita sér að meðalstórum pallbíl ekki að líta fram hjá þessum.

D-Max kemur í Basic, Pro og Lux útgáfum, en bíllinn sem ég prufukeyrði var 4 dyra í Lux útgáfu, sem er dýrasta týpan. Að auki við þann búnað sem Lux útgáfan fær skv. verðlista þá var umræddur bíll með 33 tommu breytingu frá Arctic Trucks, heithúðun á palli og dráttarbeisli. Án allra aukahluta kostar Lux útgáfan 8.690.000 kr. með vsk.

### *Fyrstu kynni*

Það fyrsta sem ég tók eftir var stílhrein hönnun bílsins að utan sem innan. Því miður hafa pallbílar oft verið óspennandi í útliti gegnum tíðina og voru bílarnir frá Isuzu gott dæmi þess. Hönnuðir fyrri gerða D-Max hafa líklegast ekki haft kjark til þess að hanna bíl sem myndi vekja tilfinningar hjá nokkrum manni, heldur hafa þeir bara horft til þess að gera hagstætt, en jafnframt álappalegt vinnutæki. Núna hafa hönnuðirnir frá Isuzu hins vegar hitt naglann á höfuðið og er D-Max afar fallegur bíll, sérstaklega að utan. Allar línur og hlutföll bílsins vekja áhuga manns og það er ekki hægt að lýsa honum öðruvísi en töff.

### *Innréttingin*

Það sést um leið og sest er upp í bílinn hversu þétt og vel saman skrúfuð innréttingin er. Það er mjög greinilegt að hún er hönnuð til þess að þola mikið álag og endast. Eins og áður segir var bíllinn í þessum prufuakstri af svokallaðri Lux útgáfu. Sá bíll er með leðurklædd sæti, stýri og leður á mælaborðinu. Það þarf þó ekki að leita lengi til þess að sjá að þetta er vinnutæki, ekki lúxusbíll, því hér og þar má finna ódýrara plast og skarpar brúnir.

Hirslur má finna hér og þar í bílnum, t.a.m. stórir hurðavasar í öllum hurðum og lítil hirsla á miðju mælaborðinu. Einnig eru tvö hanskahólf, en smæðin á þeim veldur miklum vonbrigðum. Stærra hanskahólfið er það smátt að eigendahandbókin kemst varla fyrir.

Ökumannssætið er rafdrifið og er hægt að stilla það á ýmsa vegu ásamt því að bíllinn er með velti- og aðdráttarstýri. Flestir ættu því að geta komið sér þægilega fyrir í þessum bíl – nema hávaxnir ökumenn. Sjálfur er ég 191 sentímetra hár og sætið fór ekki nógu aftarlega til þess að ég gæti verið í nógu afslappaðri stöðu.

### *Margmiðlunarkerfi*

Þessi bíll er með níu tommu snertiskjá sem er einungis fáanlegur í Lux útgáfunni. Pro útgáfan kemur líka með snertiskjá, en hann er sjö tommu.



Rúmgóður pallur.



D-Max kemst auðveldlega út fyrir malbikið.

Stýrikerfið er einfalt og fannst mér það að flestu leyti vera notendavænt. Bakkmyndavélin, sem er staðalbúnaður í Pro og Lux útgáfunum, er til að mynda mikill kostur á stórum bíl sem þessum.

Ég byrjaði á því að tengja símann minn við kerfið í gegnum Bluetooth sem tók nokkrar tilraunir en tókst fyrir rest. Ég prufaði að hringja nokkur símtöl og voru engin vandamál við að eiga eðlilegar og afslappaðar samræður. Það sem mér fannst hins vegar mikill galli er að það er ekki hægt að stimpla inn símanúmer eða fletta í símaskrá símans í gegnum margmiðlunarskjáinn í akstri. Þessi takmörkun verður auðvitað til þess að ökumenn sem þurfa að hringja á ferðinni neyðast til þess að taka upp símann til þess að slá inn númer.

### *Aksturseiginleikar*

Isuzu D-Max er nokkuð þægilegur og lipur í akstri. Hann er tiltölulega hljóðlátur þó svo að dísilvélin láti alltaf heyra í sér; sérstaklega þegar gefið er í. Seint er hægt að segja að þetta sé kraftmikill bíll, en hann er bara 163 hestöfl og uppgefin heildarþyngd er 3,1 tonn. Hann nær því ekki upp í 100 km hraða fyrr en eftir dúk og disk.

Fjöðrunin er eins og við er að búast af pallbíl, en hann er nokkuð stífur þegar ekið er yfir hraðahindranir og aðrar ójöfnur.

Hann er hins vegar mjög stöðugur á þjóðvegum og á malarvegum; það er ekkert mál að aka greitt á grófum malarvegi þegar maður er búinn að setja í fjórhjóladrifið.

Uppgefin burðargeta D-Max með sjálfskiptingu er 1.090 kg og má hann draga allt að 3.500 kg vagn með hemlum. Skv. bæklingi er blönduð eyðsla 9,2 l/100 km og stóðst það nokkurn veginn í þessum prufuakstri.

### *Samantekt*

Isuzu D-Max er einn stílhreinasti pallbíll sem völ er á í dag og er hann sérstaklega smekklegur þegar búið er að breyta honum fyrir 33 eða 35 tommu dekk. Hann er lipur í akstri með góða burðargetu og dráttargetu eins og best gerist.

Það er auðveldlega hægt að mæla með þessum bíl fyrir hvern þann sem þarf pallbíl í vinnu þar sem nauðsynlegt er að ferðast utan vega og/eða draga kerrur. Isuzu hafa almennt verið áreiðanlegir bílar og koma þeir með 5 ára ábyrgð.

Þetta er hins vegar mjög takmarkaður bíll ef hann er hugsaður sem fjölskyldubíll því pallurinn hentar ekki til þess að geyma viðkvæman farangur. Auk þess er næstum ekkert geymslupláss inni í bílnum.



Aftursæti með tvö IsoFix tengi fyrir barnabílstóla.



Leðurklædd rafmagnssæti. Ekki fyrir mjög hávaxna.



Nútímalegt mælaborð m/ stórum margmiðlunarskjá.



Hanskahólfið er allt of lítið.

BÆKUR & MENNING

## Garðyrkjuritið og Skógræktarritið:

# Græn og læsileg rit

**Um þessar mundir eru áskrifendur að fá í hús Garðyrkjuritið og Skógræktarritið.**





Bæði ritin eru að vanda með mikið af áhugaverðu lesefni og ætti því allt áhugafólk um ræktun að finna þar eitt og annað áhugavert.

Garðyrkjuritið, árbók Garðyrkjufélags Íslands, er farið í dreifingu til félagsmanna ásamt afsláttarvoldugu félagsskírteini. Ritstjóri ritsins er Björk Þorleifsdóttir. Meðal efnis í Garðyrkjuritinu að þessu sinni má finna upplýsingar um rósarræktun, vetrarskýlingu, blásólir, japanska garða, villigarða og „no-dig“ aðferðafræðina svo ekki sé minnst á græna fingur æskunnar í Aldingarði Reykjanesbæjar.

Auk margs konar fræðslu, reynslusagna og fallegra mynda.

Skógræktarritið er eina tímaritið um skógrækt á Íslandi og aðalvettvangur skrifa íslenskra skógfræðinga og annarra sem áhuga hafa á hinum ýmsu hliðum skógræktar.

Efni ritsins er fjölbreytt og víðtækt. Að þessu sinni eru meðal annars greinar um villisveppi, stöðu lerkis og framtíðarhorfur í skógrækt, notkun belgjurta og áburðaráhrif þeirra, áhrif skógræktar á kolefnisbúskap á Fljótsdalshéraði og umfjöllun um tré og runna sem bæta má í uppvaxna skóga til að auka fjölbreytni þeirra.

/VH

## Bækur:

# Arfleifð óttans

**Unnur Sólrún Bragadóttir hefur sent frá sér sína fyrstu skáldsögu sem kallast Arfleifð óttans.**




Sagan segir frá ári í ævi fátækrar verkamannafjölskyldu á sjötta áratug síðustu aldar.

Unnur Sólrún, sem hefur sent frá sér nokkrar ljóðabækur, er fædd á Vopnafirði en ólst upp á Eskifirði frá unga aldri og hefur lengst af alið manninn í Svíþjóð.

Í bókinni er grennslast fyrir um liðinn tíma og lýst dugnaði fólks sem lagði allt undir til að sjá sér og sínum farborða og öðlast betra líf. Aðalpersóna bókarinnar er yngsta barn fjölskyldunnar, Hanna.

Í bókinni er einnig að finna neðanmálsgreinar sem meðal annars vitna í fjölmiðla og veita innsýn í tíðaranda á þeim tíma sem sagan gerist. Útgefandi er Kulturebolaget Odukat AB.

/VH









# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




**Bændablaðið**
**kemur næst út 7. júlí**
**Smáauglýsingar 56-30-300**

## LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

**Hjónin Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson sitja fyrir svörum en þau búa á bænum Bakka á Kjalarnesi. Ásthildur og Birgir tóku við búinu á Bakka af ömmubræðrum hennar, en sama ættin hefur setið hér síðan 1863.**






**Býli:** Bakki

**Staðsetning:** Bakki er í Reykjavík.

**Ábúendur:** Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson og erum við orðin tvö í kotinu.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Afkomendur eru 6 dætur, 6 tengdabörn og barnabörn 11+. Svo er það tíkin Panda sem er í miklu uppáhaldi og kötturinn Depla.

**Stærð jarðar?** Jörðin er um 240 ha og nær á milli fjalls og fjöru.

**Gerð bús?** Mjólkurframleiðsla.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Það eru um 50 mjólkurkýr, 40 kvígur á öllum aldri og svo Hjartagosi, eina nautið undan Ými 13051 og Klemmu Mikkadóttur. Einnig eru til 3 hross, 1 hani og 8 hænur.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Allir dagar ársins byrja eins, þ.e. farið í fjósið og svo taka við allavega störf eftir árstíðum.





**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það er alltaf gaman þegar vel gengur, en inn á milli koma upp aðstæður sem geta reynt á.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við sjáum það fyrir okkur að vera hætt í mjólkurframleiðslu eftir fimm árin enda nýbúin að ná löglegum eftirlaunaaldri. En mjög líklega í einhverju landbúnaðartengdu eins og skógrækt.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Tækifærin eru endalaus í íslenskum landbúnaði, það er bara spurning hvernig búið verður að bændum og hvernig þeim verði gert kleift að lifa mannsæmandi lífi af sínu búi án þess að þurfa að sækja endalaust vinnu annars staðar.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Ef ekki er til ostur þá er ekkert til!

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Slátur hjá öllum kynslóðum ...

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það stendur upp úr þegar kýrnar voru leystar af básunum og fóru í lausagöngu og mjólkaðar í mjaltabás. Þá var eins og við værum komin í nýja vinnu.

## MATARKRÓKURINN

# Grillaður grísahnakki fyrir fjóra

Hafliði & Halldór
hafllidi@icelandiclamb.is



**Við stefnum að því að gefa lesendum blaðsins hugmyndir að einföldum og bragðgóðum mat með íslensk hráefni í öndvegi en erum líka óhræddir við að sækja innblástur í erlend eldhús.**

Við munum fylgja árstíðunum af fremsta megni og minna á hátíðir og hefðir í bland við afslappaðan heimilismat. Í júní er samt augljóst hvar okkur ber fyrst niður.

Sumarið er tíminn fyrir allt mögulegt grillað, hvort sem það er heima eða í útilegum á landinu fagra. Kjöt, fisk og gómsætt grænmeti má grilla með ýmsum hætti og á grillinu má líka baka brauð og jafnvel kökur. Sumt hráefni er snöggeldað á háum hita, þegar annað nýtur sín betur á lægri hita og einnig er hægt að nota grillið á líkan hátt og ofn. Þá er notast við óbeinan hita, þ.e. að ekki logi á grillinu beint undir hráefninu.

Margir spyrja um eldunartíma á hráefnum á grilli, hvort eigi að láta einhvern bita vera 2 mín. á hvorri hlið eða kannski 3-4 mín.? Í sannleika sagt þá er ekki til gott svar við þessu vegna þess að það er svo mörgu ósvarað um aðstæður á nákvæmlega ykkar grilli, stað og stund. Hitastig grillsins, útihitastig, vindur, þykkt og þyngd hráefna.

Þess vegna er lykilatriði við eldun á steikum að notast við kjöthitamæli sem við mælumst til að allir temji sér að nota. Með því að fylgjast með hitastiginu vinnst þrennt, að útkoman verði í samræmi við væntingar og grillarinn fái sitt verðskuldaða hrós frá matargestunum. Í öðru lagi er hreinn sparnaður í því að nota kjöthitamæli, því það er óskemmtilegt að fara illa með gott og dýrt hráefni. Í þriðja lagi er öryggi í því að tryggja að hráefnin séu nægjanlega elduð, en það vilja fæstir hálfhráan kjúkling svo dæmi sé tekið.



Grillaður grísahnakki með grilluðum maís, heimalagaðri BBQ sósu, bökuðum rauðlauk og kartöflubátum.

Íslenskt grísakjöt, ferskt og gott er í eldlínunni í okkar fyrsta pistli, við veljum safaríkan grísahnakka sem inniheldur næga fitu til að vera afbragðs grillsteik. Best er að velja þykkar sneiðar og marinera í 1-2 tíma fyrir eldun.

### *Grillaður grísahnakki með rósmarín og chili*

800 g grísahnakki
50 ml sólblómaolía
2 kvistar ferskt íslenskt rósmarín, rifið af stilknum
½ tsk. þurrkaðar chiliflögur (má nota duft)

Byrjið á að marinera kjötið í olíu með rósmarín og þurrkuðum chili í 1-2 klst. á meðan þið lagið meðlæti og sósu. Þerrið fyrir eldun, saltið ríkulega og látið standa í nokkrar mín. Grillið á meðalhita þar til kjarnhiti nær 70°C.

Látið hvíla í 10-15 mín. áður en steikin er skorin.

### *Bakaðir kartöflubátar*

2-3 bökunarkartöflur
3 msk. sólblómaolía

Þvoið og þerrið kartöflur og skerið í grófa báta og setjið í eldfast mót, veltið upp úr olíu, saltið og eldið í eldföstu móti á grillinu eða í ofni í um það bil 30 mín., eða þar til þær eru eldaðar í gegn. Piprið með nýmulnum svörtum pipar.

### *Bakaður rauðlaukur*

2 heilir rauðlaukar

Það er hreinasta svindl hvað þetta er auðvelt og gott, við eldunina verður laukurinn sætur og góður, hýðið tryggir að allur safinn helst í lauknum.

Setjið heila lauka í hýðinu á grillið t.d. í bakka með kartöflunum og eldið þar til laukurinn er mjúkur í gegn. Skerið í tvennt og berið fram.

### *Grillaðir maískólfar*

2-3 maískólfar
1 msk. sólblómaolía
30 g smjör

Maískólfa er stundum hægt að fá ferska, þá með hýðinu, og taka um 20 mín. í eldun á heitu grilli. Algengara er að nota frosna maískólfa, sem er tilvalið að taka í tvennt, pensla með olíu og grilla í 2-3 mín. og smyrja svo með ögn af smjöri og saltaðir áður en þeir eru bornir fram.

### *Heimalöguð BBQ sósa*

2 msk. sólblómaolía
1 laukur saxaður fínt
3 hvítlauksgeirar, kramdir
500 ml tómatsósa
100 ml Worcestershire sósa
75 ml sítrónusafi
2 msk. púðursykur
1 msk. malt edik
(eða annað dökkt edik)
2 msk. Dijon sinnep
1 tsk. chili flögur
1 tsk. Tabasco sósa
1 tsk. þurrkað timían

Þið munið tæpast kaupa BBQ sósu í búð eftir að hafa prófað að gera ykkar eigin sósu, sem er mjög auðvelt og geymist nánast endalaust í kæli.

Of oft eru BBQ sósur alltof sætar fyrir okkar smekk en því má stjórna með því að leika sér með magnið af sykri og ediki.

Mýkið lauk í olíu í potti á meðalhita í 3-4 mín., bætið öllu út í og sjóðið í 20 mínútur, hrærið reglulega og passið að brenni ekki. Maukið í blandara eða með töfrasprota.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Mía María

## – Lopapeysa á Yorkshire terrier hunda og aðra smáhunda





### Hönnun: Ingibjörg Sveinsdóttir

**Garn:** 65 g Hulduband frá Uppspuna, 100% íslensk ull (130 m).

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr. 4,5 eða 80 cm hringprjónn fyrir töfralykkju aðferð.

**Stærð:** Peysan passar á Yorkshire terrier hunda eða aðra álíka stóra hunda. Ummál um miðjan búk er 36-40 cm. Lengd peysu er 35 cm. Lengd erma er 3 cm.

**Prjónafesta:** 18 L x 40 umf = 10x10 cm.

**Skýringar:**

S = prjónið slétt B = prjónið brugðið
Umf = Umferð L = lykkja

- Peysan er prjónuð frá hálsi og niður.

**Uppfit og stroff**

Fitjið upp 40 L og tengið í hring. Umferð byrjar framan á hálsi. Setjið merki í byrjun umferðar. Prjónið stroff 15 umf, 1S, 1B.

**Háls**

Prjónið eina umf S.

Prjónið næstu umf S en aukið út um eina L í byrjun umf og aðra L í enda umf. Útaukningin verður framan á hálsinum.

Endurtakið þessar tvær umf. Alls er aukið út 8 sinnum = 56 L. Hér er gott að máta peysuna á hundinn, hvort þú vilt hafa hana víðari eða þrengri, styttri eða örlítið lengri.

Prjónið 2 umf S án útaukningar.

**Ermagöt fyrir framfætur**

Prjónið 2S. Prjónið næstu 10L með bandi í öðrum lit (sem verður svo tekið úr til að prjóna ermarnar). Færið lykkjurnar 10 aftur á hægri prjóninn og prjónið venjulega. Prjónið S þar til 12L eru eftir af umf. Prjónið næstu 10L með bandi í öðrum lit (gat fyrir hina ermina). Færið lykkjurnar 10 aftur á hægri prjón og prjónið venjulega út umf.

**Búkur**

Prjónið 25 umf S í hring, eða þar til peysan nær nánast að afturfótum hundsins.

Nú er prjónað stroff undir kviðnum og slétt á hliðunum og bakinu. Prjónið stroff, 1S, 1B fyrstu 8L af umf og síðustu 8L af umf. Prónað er slétt þar á milli. Prjónið 6 umf á þennan hátt. Í seinustu umferðinni eru allar stroff lykkjurnar felldar af (sjá útskýringu á affellingu).

Prjónað er stroff, (1S, 1B) fram og til baka yfir þær 40L sem eftir eru á hliðunum og bakinu. Prjónið 20 umf, eða eins og passar fyrir þinn hund þannig að peysan nái aftur að skotti. Fellið laust af (sjá útskýringu á affellingu).

**Ermar fyrir framfætur**

Rekið upp böndin sem prjónuð voru fyrir ermagötin og setjið lykkjurnar á prjóna. Umferð byrjar innanfótar. Ef kemur gat á samskeytum erma og búks takið þá upp band þar á milli og prjónið með lykkjunum sem eru beggja vegna.

Prjónið 10 umf S og því næst 6 umf stroff, 1S, 1B. Fellið laust af (sjá útskýringu á affellingu).

Prjónið hina ermina eins.

**Affelling**

Takið fyrstu lykkjuna framaf eins og hún sé prjónuð brugðin, 1S, *prjónið þessar tvær lykkjur saman með því að setja vinstri prjóninn inn í lykkjurnar að framanverðu og prjóna þær saman að aftanverðu með hægri prjóninum, prjónið næstu lykkju*.

Endurtakið þar til allar lykkjur hafa verið prjónaðar saman á þennan hátt. Slítið bandið frá og dragið í gegnum síðustu lykkjuna.

**Frágangur**

Gangið frá endum, þvoið peysuna í volgu vatni, kreystið vatnið úr, leggið til þerris.

Fleiri uppskriftir eftir hönnuð er að finna á Ravelry:

https://www.ravelry.com/designers/ingibjorg-sveinsdottir

**Hulduband**

er framleitt í **Uppspuna** fjölskyldurekinni smáspunaverksmiðju í Lækjartúni.
Ullin sem notuð er í **hulduband** er 100% íslensk og kemur af kindunum okkar og kindum nágranna okkar. Við einbeitum okkur að sauðalitunum eins og kindurnar gefa okkur, en litum aðeins líka. **Hulduband** má nota í margskonar verkefni og heppileg prjónastærð er 3,5 - 4,5mm. **Hulduband** má kaupa hjá okkur í Uppspuna,
á www.uppspuni.is,
á netfanginu hulda@uppspuni.is eða í síma 846-7199







# SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | 3 | | 9 | | 4 |
| 5 | 1 | | | | | 6 | | 2 |
| | | | 7 | 1 | | 3 | 8 | |
| | | 2 | 8 | | | | | 7 |
| 4 | 8 | | 3 | | 1 | | 6 | 9 |
| 9 | | | | | 4 | 5 | | |
| | 4 | 6 | | 5 | 7 | | | |
| 8 | | 7 | | | | | 5 | 1 |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | 4 | | 7 | |
| 4 | | | | | | | | 3 |
| | | 2 | 9 | | 6 | 4 | | |
| 5 | | | 3 | 4 | 9 | | | 1 |
| | | 6 | | | | 8 | | |
| 1 | | | 5 | 6 | 8 | | | 9 |
| | | 9 | 4 | | 5 | 3 | | |
| 2 | | | | | | | | 7 |
| | 5 | | 1 | | 7 | | 6 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| 1 | 8 | | | | 6 | | 3 | |
| | 3 | | | | | 9 | | 4 |
| | | | 6 | | | | | 1 |
| | | 5 | | | | 2 | | |
| 8 | | | | | 5 | | | |
| 3 | | 9 | | | | | 7 | |
| | 4 | | 7 | | | | 8 | 2 |
| 2 | | | 1 | | | 6 | | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | | | | 3 | 9 | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 7 | | | | | 4 | | | 6 |
| | | | 2 | | | | | |
| | 3 | 9 | | | | 1 | 8 | |
| | | | | | 8 | | | |
| 9 | | | 7 | | | | | 3 |
| | | 1 | | | | | | |
| | | 4 | 6 | | | | 7 | 9 |

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Á leið til Svíþjóðar



**Valgerður Karin Eyjólfsdóttir elskar dýr og finnst skemmtilegast að vera með vinum sínum**

**Nafn:** Valgerður Karin
**Aldur:** Tíu ára
**Stjörnumerki:** Naut
**Búseta:** Hofsstaðir, Borgarbyggð
**Skóli:** Kleppjárnsreykjaskóli
**Skemmtilegast að læra?** Stærðfræði og íþróttir
**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hundur
**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari
**Uppáhaldshljómsveit:** Veit ekki
**Uppáhaldsmynd:** Descendants 3
**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Já, píanó og sund
**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Leikari og búðarkona
**Hvað ætlarðu að gera skemmtilegt í sumar?** Fara til Svíþjóðar

→ **Ég skora næst á:** Þórdísi Ingu Bjarnadóttur, eina af bestu vinkonum mínum.

## FUGLINN: SVARTÞRÖSTUR



Svartþröstur er orðinn algengur varpfugl á Suðvesturlandi, einna helst í þéttbýli. Karlfuglinn er alsvartur með skærgulan gogg og augnhring. Kvenfuglinn er hins vegar dökkbrúnn, með ljósar rákir á bringu. Fyrir síðustu aldamót var svartþröstur fremur sjaldgæfur varpfugl og þekktist einna helst sem haust- og vetrargestur. Upp úr aldamótum byrjaði honum að fjölga talsvert. Nú er áætlað að hér séu nokkur þúsund varppör og hefur hann hægt og rólega verið að dreifa sér um landið. Svartþrestir eru einstaklega duglegir varpfuglar en fyrstu karlfuglana má heyra syngja seinni hluta febrúar. Varpið byrjar síðan í mars og er ekki óalgengt að svartþrestir nái að verpa þrisvar jafnvel fjórum sinnum yfir sumarið. Ófleygir ungar hafa fundist alveg fram í september, þetta er því langur tími og getur afkastageta þeirra verið nokkuð góð. Svartþrastarungar líkt og aðrir spörfuglsungar fara fljótlega úr hreiðrinu að kanna heiminn. Það er ekki óalgengt að sjá ófleyga unga sitja á jörðinni eða á trjágreinum. Þeir virðast kannski vera umkomulausir en foreldrar þeirra þurfa kannski að sinna 3-4 ungum á mismunandi stöðum í einu. Það er því mikilvægt að fjarlægja ekki unga þótt foreldrarnir séu ekki sjáanlegir. Þetta er hluti af þeirra uppeldi svo þeir verði hæfastir í að komast af á eigin spýtur.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## UMHVERFISMÁL - TÍSKA

### Endursala eldri tískufatnaðar:

# Vintage Valentino, Gucci, Ganni ...

**Heyrst hefur bak við tjöld tískuunnenda að lúxusveldið Valentino hafi haft það fyrir augum að endurselja nokkuð af þeim fatnaði sem hefur verið að hringsóla um jörðina undir þeirra merki.**

Vouge Business staðfesti orðróminn á dögunum og mun veldi Valentino bjóða til sölu vintage fatnað í fjórum útibúum sínum nú í mánuðinum, en vilja forsvarsmenn fyrirtækisins stíga skref samhliða þeirri umhverfisvænu stefnu sem nú er við lýði.

*Valentino Vintage*

Hugmyndin kviknaði fyrir ári, en síðastliðið haust setti fyrirtæki Valentino í gang söfnun undir nafninu Valentino Vintage þar sem eigendur vintage vara voru beðnir um að endurselja þá til vörumerkisins í skiptum fyrir inneign í verslun.

Núna eru þessir hlutir til sölu yfir tveggja vikna tímabil í júní, en veldi Valentino mun taka yfir búðirnar Madame Pauline Vintage í Mílanó, The Vintage Dress í Tókýó, New York Vintage og Resurrection Vintage í Los Angeles til þess.







Klassískur rauður kjóll úr smiðju Valentino til vinstri, „Feathery Dress“ Ganna og Chanel taska frá vefsíðu nytjavarnings.

*Gucci Vault*

Með þessa stefnu í huga eru þó fleiri. Til dæmis má nefna hugmyndafræðina á bak við Gucci Vault þar sem gömlum fatnaði og fylgihlutum er gert hátt undir höfði. Um ræðir vefverslun sem býður upp á afar sjaldgæfa muni fortíðarinnar, vandlega innpakkaða – en á pakkningunni má finna auðkennisnúmer hlutarins auk klútar til varnar ryki. (Fyrir forvitna, sjá https://vault.gucci.com)

*Ganni einu skrefi framar*

Danska tískumerkið Ganni sem hefur oftar en einu sinni sýnt lit þegar kemur að umhverfisvernd, setti upp síðu á þessum nótum árið 2019 undir nafninu Ganni Repeat. Þar er lögð áhersla á endursölu og viðgerðir, í viðleitni til að vinna innan hringrásarhagkerfisins.

Nýlega hleypti fyrirtækið svo af stokkunum endursöluvettvangi sem gefur fólki aðgang til að kaupa og selja notaðan fatnað undir merkjum þess. Seljendur nýta sér svo tækni Reflaunt til þess að ákvarða verðlagninguna – fyrirtækis sem brúar bilið milli lúxusmerkja við markaðstorg nytjavarnings – sem skilar sér svo aftur í hringlaga hagkerfi auk þess að opna augu neytenda fyrir langvarandi gildi vandaðrar tísku (reflaunt.com).

Þegar eigur þeirra eru seldar er í boði að velja milli bankamillifærslu eða kaupinneignar með 20% aukaverðmæti, til að eyða á vefsíðunni www.GANNI.com.

*Nytjavarningur lúxusmerkja*

Fyrir þá sem vilja annars gera góð kaup á vefsíðum sem bjóða upp á nytjavarning lúxusmerkja er einna helst hægt að líta á hewi (hardlyeverwornit.com).

Þar má finna vörur eftir hönnuði Prada, Chanel, Loewe, The Row, Gucci auk annarra, en einnig má selja sínar eigin notuðu eða lítt notuðu merkjavörur.

What Goes Around Comes Around er svo önnur síða, ekki síður skemmtileg og upplagt að renna yfir hana með morgunkaffinu. (www.whatgoesaroundnyc.com)

Einnig eru til ógrynni vefsíðna sem selja nytjavörur sem ekki eru endilega undir merkjum lúxus en engu að síðar endingargóðar – og eða skemmtilegar – og um að gera að finna sér eitthvað til að bjarga heiminum frá endalausum hrúgum fatnaðar sem fara á haugana beint úr verksmiðjunum. */ SP*

**Svampur.is**

Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

# Smáauglýsingar

**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.600 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.200 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.









Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Ertu að drukkna í verkefnum? Vantar þig aðstoð? Ekkert stress – vertu hress. Ég er alvanur búskap og kann fullkomlega allt og til allra verka. Ég hef nægan tíma og býð fram aðstoð mína. Hafðu samband og við komumst að samkomulagi. Sanngjörn verðlagning. Frekari upplýsingar hjá Guðmundi stórbónda að Hríshóli í Eyjafjarðarsveit í s. 894-5759. Ekki hika við að hafa samband.



Trjágreip frá Metal Fach. Verð kr. 188.184 +vsk. Búvís Akureyri, s. 465-1332 - buvis@buvis.is



SsangYong Tivoli DLX, árg. 2019, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 79 þ.km. Verð kr. 2.790.000. www.notadir.benni.is – s. 590-2035.



Sjálfsogandi dælur frá Japan(Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

VALLARBRAUT

Vallarbraut ehf. óskar eftir að ráða laghentan einstakling í tækjasamsetningar o.fl. Uppl. í s. 454-0050 og á vallarbraut@vallarbraut.is



SsangYong Korando DLX, árg. 2018, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 58.000 km. Verð kr. 3.290.000. notadir.benni.is s. 590-2035.



Óska eftir nothæfu sexhjóli í sveitina. Má þarfnast einhvers minni háttar viðhalds, skoða allt, en heppilegast væri að finna svona á Norðausturlandi. Ágúst Johannsson98@hotmail.com s. 849-0016. Vinsamlegast sendið sms ef ég svara ekki vegna vinnu.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor- 12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf/SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is

## Saumastofan Íris er til sölu

Um er að ræða rótgróið fyrirtæki á Skagaströnd sem framleiðir starfsmannafatnað fyrir stofnanir og fyrirtæki og hefur annast ýmis verkefni fyrir innlenda framleiðendur á gjafavörumarkaði.

Í fyrirtækinu eru nú 2-3 stöðugildi. Verkefnastaða hefur alla tíð verið góð en af persónulegum ástæðum er saumastofan nú til sölu.

Saumastofan er vel tækjum búinn til þeirra verkefna sem hún hefur sinnt og á mikið af hönnun og sniðum sem hafa verið þróuð miðað við þarfir markaðarins.

Rekstur fyrirtækisins hefur verið stöðugur og hefur töluverð tækifæri til vaxtar. Saumastofan er í leiguhúsnæði að Einbúastíg 2 á Skagaströnd og bjóðast hagstæð leigukjör nýjum eigendum ef áhugi er fyrir því.

Nánari upplýsingar veitir Magnús B. Jónsson í síma 899 4719
eða í póstfangi mbjorn@simnet.is




**Bændablaðið**
*Kemur næst út*
**7. júlí**

















Glæsilegt lyklaklárt 20 fm frístundahús. Fullklárað. Sturta, wc, hitakútur, gólfefni, lagnir. Aðeins 1 hús. Afhending. Verð kr. 6.200.000 Uppl- modularhus@gmail.com



Trjáfellingaþjónustan sérhæfir sig í trjáfellingum og klippingum á stærri trjám. Erum með tækjabúnað og reynslu til að fella tré við erfiðar aðstæður. trjafellingar@trjafellingar.com s. 862-5777.


Gámarampar á lager: Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf, hak@hak.is s. 892-4163.


Lambheldu hliðargrindurnar. Breidd420 cm x hæð 110 cm. Möskvar 10 x15. Verð frá kr. 24.900 +vsk. Sett með lömum og loku aðeins kr. 3.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 669-1336 og 899-1776.


Er með 250 fm af 60x60 steingráum flísum (flottar á gólf og veggi). Selst í pakkatali. Verð kr. 2.400 fm. Upplýsingar hjá Jóhönnu s. 862-8116.



Frostfríir drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður. Allar upplýsingar í s. 562-800 & info@formax.is


Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Einföldu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Stærð - breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 +vsk. Aurasel ehf. Pantanir og upplýsingar í s. 899-1776 og 669-1336.


5 radda rafmagnsorgel með fótspili til sölu. Gott sem kirkjuorgel eða æfingahljóðfæri. Notað aðeins af einum aðila. Frekari upplýsingar í s. 861-1136.


Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Fyrstur kemur fyrstur fær. Plastbátur 7m x 2m. Búið að vinna plastvinnu fyrir kr. 2.000.000 sem unnið var af fagmönnum. Gott efni í strandveiðibát. Verð kr. 500.000. Uppl. S. 891-6647.


Slöngubátar fyrir alhliða veiði, á lager. Litir- Woodland camo, Leaf camo. Lengd- 4,5 m. Breidd- 1,92 m. Álgólf, gúmmílistar undir túbum. Þyngd- 100 kg, burðargeta- 1.100 kg. Max stærð af mótor- 30 hö. CE vottaðir og merktir. 3 þóftur, 3 stangahaldarar, 3 stór geymsluhólf. Vindsegl að framan og geymsluhólf. Nánari uppl. og myndir sendar eftir óskum. Verð kr. 348.000 m/vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is


Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.



Eigum til á lager Sailski slöngubáta í stærðum 270-500 cm. Verð frá kr. 149.000. Sendum um allt land. Veiðiportið - Grandagarður 3 – s. 552-9940 - www.veidiportid.is


Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 8924163.


Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Gömlu góðu bússurnar (klofstígvél) fást í Veiðiportinu. Verð aðeins kr. 10.900. Koma í stærðum 37-48. Sendum frítt um allt land. Veiðiportið - Grandagarður 3 – s. 552-9940 - www.veidiportid.is


Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is/www.hak.is



Sterkar og vandaðar PVC vöðlur, frábærar í veiði og alls kyns útivinnu. Verð aðeins kr. 15.900. Koma í stærðum 39-48. Sendum frítt um allt land. Veiðiportið - Grandagarður 3 – s. 552-9940 - www.veidiportid.isGúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð, L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 Tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is






Vökvunarbúnaður fyrir stór og lítil ræktunarsvæði á lager. Dælur-traktorsdrifnar, glussadrifnar, rafdrifnar, bensín, dísel. Slöngubúnaður í mörgum stærðum og lengdum. Vatnsúðarar (sprinklerar) í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is www.hak.is



Gullmoli til sölu! Toyota Prius Hybrid. Fór á götuna í sept. 2017, ekinn 39.000 km. Einn eigandi. Verðhugm. Kr. 4.300.000. Uppl. í s. 849-4860.



Til sölu Zetor 93435 S1678, allar upplýsingar í s. 841-0700.



Metal Fach taðklær, 1,2m - verð kr. 249.900 +vsk, 1,5m - verð kr. 329.900 +vsk, 1,8m - verð kr. 359.900 +vsk. Búvís Akureyri, s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Geymsla/gestahús 7,9m² til flutnings. Húsið er staðsett í Skorradal. Vandað sterkbyggt smáhýsi, fullbúið, einangrað og klætt að innan. Málaðar spónaplötur á útveggjum og hvíttaður panill í lofti, parket á gólfi. Rafmagnstafla og nokkrir tenglar, vegghengdur rafmagnsofn. Innrétting með vaski. Ásett verð kr. 890.000. Nánari upplýsingar í s. 822-9961.



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°.Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta-1500 kg, 2500 kg, 3000 kg og 5000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is



Er með þessa öflugu 80 cm skóflu frá Skóflur.is Óslitin. Kemur af Cat 323. Verð kr. 700.000 +vsk. Staðsett í Reykjavík. Frekari upplýsingar, Einar s. 892-1301.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Metal Fach lyftaragafflar með Euro tengi. Verð kr. 149.000 +vsk. Búvís Akureyri, s. 465-1332 - buvis@buvis.is.



Til sölu 40 feta kæligámur. Verð, tilboð. Hægt að skoða í Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogi mán-fim milli 9-17 og fös milli 9-16. Nánari upplýsingar veittar á staðnum eða í s. 821-0016 (Ingibjörg).



Condor kerra með uppákeyrslu brautum og ál skjólborðum. 2700 kg, Innanmál- 330 x 180 x 35 cm, Tilboðsverð kr. 828.000. info@bilxtra.is, s. 837-7750.



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Bilxtra – Atlas kerra er alhliða kerra sem er hönnuð til að flytja ökutæki og vörur. Mál- 4m x 2,1 m, 3500 kg. Verð kr. 1.140.000 m/vsk og skráningu. S. 837-7750.



Bilxtra Bílakerra Mars – 4,5 m, 2700 kg, innanmál- 450 x 200 cm. Grindin er heitgalvaniseruð, styrktur stálrammi, uppákeyrslubrautar, handvirk spil. Verð kr. 960.000. S. 837-7750.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf, www.hak.is s. 892-4163.Netfang-hak@hak.is



Majstry - bilxtra, bremsuð. Sterk, soðin grind, heitgalvaniseruð, opnanlegir hlerar, 4 festingar. Verð kr. 600.000 m/vsk og skráningu. 1300 kg, 300x150x44 cm. S. 837-7750.


Donaldson®
FILTRATION SOLUTIONS




REKI

REKI EHF ER STOLTUR UMBOÐSAÐILI DONALDSON Á ÍSLANDI. EIGUM MIKIÐ ÚRVAL AF SÍUM Á LAGER.

Reki ehf Skemmuvegur 46 200 Kópavogur

Sími: 562 2950 www.reki.is

Netfang: elfar@reki.is, kristinn@reki.is, tryggvi@reki.is




*Trésmíðaverkstæði á Akranesi sem er að hætta störfum vantar að losna við timbur og plötulager (mest afsag en einnig heilar plötur og fjalir).*

- *Lagerinn fæst gefins gegn því að vera sóttur (allt eða ekkert).*
- *Lagerinn er til sýnis miðvikudaginn 29.júní milli kl 12 – 15.*

*Nánari upplýsingar í síma 899 7540.*


Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík
Sími 5868000 www.roggi.is
verslun@roggi.is
Þjónusta við Iðnaðinn



Lofpressur,trésmíðavélar,sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borvélar og fl .

















VÍKURVAGNAR EHF.

ÚRVAL AF KERRUM OG KERRUVARAHLUTUM

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík*
*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*



Metal Fach traktorsskóflur. 1,2 m -1,8 m - 2,0m - 2,2 m og 2,4 m. Verð frá kr. 148.556 +vsk. Búvís Akureyri, s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Til sölu steypustöð með pokasíló, framleidd 2005, mikið endurnýjuð 2019. Hliðarhækkun fylgir. Hefur verið geymd innandyra síðan 2015. Áhugasamir sendi fyrirspurnir í tölvupósti 2th@eyjar.is



University of Veterinary Medicine and Pharmacy í Košice Slóvakíu heldur online inntökupróf 18 ágúst Umsóknarfrestur til 28. júlí. www.uvlf.sk/en, s. 820-1071, kaldasel@islandia.is



Til sölu Claas stórbaggavél og pökkunarvél. Lítur mjög vel út og hefur alltaf verið geymd inni. Upplýsingar í s. 663-2712.



Stórviðarsög á braut. Aflgjafar- 3 fasa rafmótor 5,5 KW eða Kohler bensínmótor 14 Hö. Lengd á braut-3,8 m, hægt að lengja um 1,52 meða meira. Mesta þykkt á trjábol- 66 cm Framleitt í Póllandi. CE merktur og vottaður búnaður. Hentar í alla stórviðarsögun. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



SP380 málningarsprauta til sölu. Tilvalin í þakmálningu. Keypt í málningu í fyrra. Í mjög góðu standi. Eins árs gömul. Uppl. í s. 694-1748.



Suzuki Grand Vitara 2009, ekinn 180.315 km, í góðu lagi nema þarf að ryðbæta sílsa. Nýleg heilsársdekk, álfelgur. Ásett verð kr. 400.000. Uppl. í s. 897-9254.



Bátakerrur frá Póllandi. Heitgalf.stál, mjög vandaðar. Heildarþyngd báts-575 kg. Þýskar hásingar, vatnsheldar legur. Taka báta frá 3,8 m til 5 m. Spil, nefhjól og losanleg ljósabretti fylgja. Hákonarson ehf. s. 892-4163 hak@hak.is og www.hak.is



Hyundai Terracan 2,9 dísel jeppi til sölu, nýtt í bremsum að framan, ný kúpling og flaywheel, ný vatnsdæla, 4 nagladekk á felgum. Uppl. í s. 895-7631.




Land Rover Range Rover EvoqueSe, árg. 2017, dísel, sjálfskiptur, ekinn 94.000 km. Verð kr. 5.890.000. notadir.bennis.is s. 590-2035.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager-230 V, 24 V og 12 V. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Til sölu er notuð Ziegler HR671-DH heyþyrla árgerð 2008. Verð kr. 590.000 +vsk. Búvís Akureyri – s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Taðklær, lagerhreinsun. Breiddir- 1,2 m og 1,8 m Eurofestingar og slöngur fylgja. Mjög öflugar klær, stutt á milli tinda. Eigum einnig taðkvíslar 1,4 m með Euro festingum. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is, www.hak.is

**OPEL**

**Orginal varahlutir á 35% afslætti!**

Varahlutir á lager framleiddir af Opel á 35% afslætti í þjónustumiðstöð okkar. Fyrir nánari upplýsingar getur þú haft samband við varahlutir@benni.is, í s. 590-2000 eða mætt í þjónustumiðstöð okkar að Tangarhöfða 8-12.



Metal Fach taðdreifari, 6 tonn með bremsum. Verð kr. 3.387.000 +vsk. Búvís Akureyri, s. 465-1332 - buvis@buvis.is



Solis á lager. Verð frá kr. 1.250.000 +vsk. Solis rúlluvél verð kr. 980.000 +vsk. Vallarbraut.is. S. 454-0050.



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu heldur inntökupróf í læknisfræði online 9. júlí. Umsóknarfrestur til 27. júní. Uppl. S. 820-1071 og kaldasel@islandia.is



Nýsmíði glugga, glugga- og glerskipti. Við komum á staðinn, mælum og gerum þér tilboð. Upplýsingar á www.gluggasmidur.is eða í s. 868-1158 - Benni gluggasmiður.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm.Þyngd-21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta - 10 tonn. Hákonarson ehf, s. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is, s. 820-8096.

Ódýrar trjáplöntur til sölu. Heimaræktaðar trjáplöntur til sölu í 2ja lítra pottum. Birki, ilmreynir, silfurreynir ribs, kvistir o.fl. Allar plöntur á sama verði, aðeins kr. 800 stk. Frábært tækifæri fyrir sumarbústaðarlandið. Uppl. í s. 857-7363 (Er í Reykjavík).

Mánaðarstell til sölu. Verð kr. 60.000. Upplýsingar í síma 699-4349.

Sláttuvél og stjörnumúgvél. Uppl. í s. 897-1866.

Djúpvatnsdæla til sölu. Dæla fyrir kalt vatn ásamt 60 m rafmagnskapli. Upplýsingar í s. 899-3957.

## Óska eftir

Óska eftir hlutum sem tengjast gömlum sjoppum og vídeóleigum. Er að leita að auglýsingaskiltum, spólum, plakötum, rekkum, skreytingum og hverju sem tengist rekstri vídeóleiga. Ágúst, s. 847-7873

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og gamlar græjur og stundum CD-diska líka. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Óska eftir brettagaffli með Euro festingum eða gerðum fyrir Multi-one liðlétting. Skúli s. 899-7013 eða skulig@islandia.is

Ungbændur á Skógarströnd óska eftir notaðri ruddasláttuvél fyrir fjórhjól og/eða notaðri smágröfu. Skoðum öll tilboð. Svanur s. 690-8244/855-7700.

## Jarðir

Til sölu 23 ha land í Kjós. Nánari uppl. á visir.is & mbl.is Götuheiti-Sandslundur.

## Húsnæði

Húsasmíðameistari óskar eftir húsnæði til leigu í eða við nágrenni Borgar í Grímsnesi, í að lágmarki 1 ár frá 1. ágúst nk. Allt kemur til greina, íbúð, sérbýli, sumarhús. Páll s. 691-4579.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang einar.g9@gmail.com, Einar G.

Tek að mér uppsetningu á net- og rafgirðingum. Er staðsettur á Suðurlandi. Sendið email á bkgirdingar@gmail.com fyrir frekari upplýsingar.




**ERU SAMFÉLAGSMIÐLAR, STAFRÆN MARKAÐSSETNING, HUGMYNDAVINNA OG EFNISGERÐ ÞÍNAR ÆR OG KÝR?**

**Bændasamtök Íslands** leita að öflugum einstaklingi í hópinn til að sinna fjölbreyttum verkefnum á nýstofnuðu sviði markaðsmála



**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsstarfi
- Þekking og reynsla af vefumsjón, stafrænni markaðssetningu og samfélagsmiðlum
- Hæfileiki til að vinna í teymi og færni í samskiptum
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt
- Brennandi áhugi á landbúnaðarmálum
- Góð íslensku og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Þekking á Google Ads auglýsingakerfinu
- Þekking á Google Analytics
- Þekking á Facebook Business Manager
- Reynsla í efnissköpun og grafískri hönnun æskileg og góð þekking á helstu forritum nauðsynleg.

**Starfið felur í sér:**

- Hugmyndavinnu og textagerð
- Framkvæmd markaðsáætlana
- Umsjón og efnisgerð fyrir vef og samfélagsmiðla
- Vefumsjón og leitarvélabestun
- Framkvæmd markaðsgreininga og skýrslugerð
- Verkefnastjórn
- Önnur tilfallandi verkefni

**Umsóknir og nánari upplýsingar um starfið berist fyrir 8. ágúst á vigdis@bondi.is**

## Siglufjörður:

# Líflegt hjá Síldarminjasafninu

## – Síðasta síldartunnan táknræn gjöf

**„Það lítur út fyrir að vertíðin í sumar verði góð, bókanir hafa sjaldan eða aldrei verið fleiri en nú,“ segir Anita Elefsen, safnstjóri Síldarminjasafnsins á Siglufirði. Mikið hefur verið um að vera hjá safninu og því borist góðar gjafir.**

„Mjög gestkvæmt hefur verið hjá okkur og líflegt, þannig að óhætt er að segja að sumarið byrji mjög vel og við sjáum fram á að svo verði áfram,“ segir Anita. Skipulagðar heimsóknir ferðamanna ná allt fram til loka októbermánaðar. „Hvern einasta vikudag frá fyrri hluta maímánaðar og til loka október eru bókaðar leiðsagnir um safnið og önnur þjónusta fyrir gesti, allt frá einum hóp og upp í fimmtán þegar mest er yfir daginn.

Að auki verður sitthvað um viðburði hjá okkur í sumar; tónleikar, listasýningar, kvikmyndasýning svo sitthvað sé nefnt.“

Þá segir Anita að mikið sé um ferðafólk á Siglufirði á eigin vegum sem einnig heimsæki safnið án þess að bóka fyrir fram.

„Það má segja að hér verði eiginleg síldarvertíð hjá okkur í allt sumar, það er búið að bóka um það bil 70 síldarsaltanir, en til samanburðar fóru fram 27 síldarsaltanir síðastliðið sumar, þannig að umfangið hefur aukist til muna.“

Anita nefnir að maímánuður hafi verið sá allra besti í sögu safnsins, safngestir voru þá 33% fleiri en í sama mánuði fyrir kórónuveirufaraldur. Bæði var mikil aukning meðal gesta í skipulögðum hópum, sem og annarra safngesta. „Erlendir ferðamenn voru í miklum meirihluta í maí, um 80%, þannig að allt útlit er fyrir að ferðaþjónustan sé að taka vel við sér eftir síðustu tvö ár,“ segir hún.



**Það er líf og fjör alla daga á Síldarminjasafninu og stefnir í að alls verði saltað 70 sinnum yfir vertíðina.** Mynd / Aðsend

Stöðugt bætist á safnkost Síldarminjasafnsins en í byrjun sumars komu meðlimir í öldungaráði Landhelgisgæslunnar færandi hendi með togvíraklippur af Ægi meðferðis sem safnið hefur nú til varðveislu. Togvíraklippur voru eitt helsta vopn Íslendinga í þorskastríðunum og var fyrst beitt í byrjun september árið 1972, fyrir hartnær 50 árum. Einn þeirra sem tók þátt í fyrstu klippingunni, Sigurbjörn Svavarsson, var á meðal þeirra sem afhentu togvíraklippurnar. Þá voru í hópnum aðrir sem beittu slíkum klippum meðan á þorskastríðum stóð. Á árabilinu 1972 til 1975 var klippt aftan úr 147 togurum og var áhöfnin á Ægi afkastamest, klippti alls aftur úr 51 togara.

Nýverið fékk safnið einnig að gjöf síðustu síldartunnuna sem svo hefur verið nefnd. Tunna þessi átti upphaflega að koma til landsins fyrir tæpum 40 árum, en féll frá borði skömmu eftir að Suðurlandið lagði úr höfn frá Dale í Noregi og í hendur ævintýramannsins Petters Jonny Rivedal frá Noregi, sem varðveitt hefur hana upp frá því.

Þetta verkefni hefur að sögn Anitu verið í undirbúningi frá árinu 2019, fyrst var stefnt á afhendingu sumarið 2020 en heimsfaraldurinn frestaði ferðalaginu um tvö ár.

„Þessi afhending og öll athöfnin í kringum hana var mjög táknræn fyrir sameiginlega sögu Íslendinga og Norðmanna hvað síldina varðar og var góð áminning um hve stór þáttur Norðmanna er í síldarsögu okkar Íslendinga,“ segir hún.

„Rétt eins og sjálft síldarævintýrið er þessi saga um tunnuna sem féll útbyrðis og rataði í hendur Petters Jonny ævintýraleg og að hann hafi gætt hennar vandlega í nær hálfa öld þar til hún loksins kemst á leiðarenda.“ /MHH




Bændablaðið
Skráðu smáauglýsinguna þína
á bbl.is/smaauglysingar



# Hjartað í íslenskum landbúnaði

Bústólpi



bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is